Stjórnartíðindi
1993 - C-deild - 1. hluti

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar galli á bls. 588.
Gallar á bls. 19-20, 25, 34, 69, 83, 231, 288, 434-438, 562, og 592.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1993

C-DEILD

REYKJAVÍK — 1994
STEINDÓRSPRENT-GUTENBERG HF.

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	4. jan.	Auglýsing um bráðabirgðagildistöku fríverslunarsamninga milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands og Slóvakíu	1
2	12. feb.	Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins vegna skiptingar Tékkóslóvakíu	1–2
3	15. feb.	Auglýsing um bráðabirgðagildistöku samninga við Tékkland og Slóvakíu um viðskipti með landbúnaðarafurðir	3
4	6. apríl	Auglýsing um framlengingu bókunar við viðskiptasamning við Rússland	3
5	21. apríl	Auglýsing um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu	3
6	21. apríl	Auglýsing um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands	3–4
7	20. maí	Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins vegna aðildar Eistlands, Litáens og Slóveníu	4–5
8	23. júní	Auglýsing um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Póllands	5–259
9	23. júní	Auglýsing um samning við Pólland um viðskipti með landbúnaðarafurðir	260–271
10	23. júní	Auglýsing um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Ísraels	271–427
11	23. júní	Auglýsing um samning við Ísrael um viðskipti með landbúnaðarafurðir	427–440
12	28. júní	Auglýsing um samning um fríverslun milli Færeyja og Íslands	441–527
13	28. júní	Auglýsing um samning um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Færeyja og Íslands	528–543
14	28. júní	Auglýsing um rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar	543–570
15	28. júní	Auglýsing um breytingar á Montrealbókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins	571–589
16	2. júlí	Auglýsing um alþjóðasamning um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun og samstarf þar um, 1990	589–604
17	6. júlí	Auglýsing um samning um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu	604–649
18	6. júlí	Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins vegna aðildar Slóvakíu og Tékklands	650

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
19	6. júlí	Auglýsing um breytingar á samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf	651–653
20	13. ágúst	Auglýsing um gildistöku samnings við Slóvakíu um viðskipti með landbúnaðarafurðir	654
21	19. ágúst	Auglýsing um samning um flutning dæmdra manna	654–664
22	19. ágúst	Auglýsing um Evrópusamning um alþjóðlegt gildi refsidóma	665–690
23	8. sept.	Auglýsing um uppsögn bráðabirgða verslunar- og siglingasamnings við Þýskaland	691
24	10. sept.	Auglýsing um gildistöku samnings við Tékkland um viðskipti með landbúnaðarafurðir	691
25	11. okt.	Auglýsing um bráðabirgðagildistöku fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Póllands	691–692
26	11. okt.	Auglýsing um bráðabirgðagildistöku samnings við Pólland um viðskipti með landbúnaðarafurðir	692
27	15. okt.	Auglýsing um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda	692–695
28	20. okt.	Auglýsing um niðurfellingu fyrirvara við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi	695
29	1. des.	Auglýsing um Norðurlandasamning um almannatryggingar	696–703
30	7. des.	Auglýsing um rýmkun Norðurlandasamnings til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár	704
31	20. des.	Auglýsing um samning um Evrópska efnahagssvæðið og bókun um breytingu á samningnum	705–1460
32	20. des.	Auglýsing um samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og bókun um breytingu á samningnum	1461–1587
33	20. des.	Auglýsing um samning um fastanefnd EFTA-ríkjanna og bókun um breytingu á samningnum	1587–1604
34	20. des.	Auglýsing um samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði	1605–1620
35	29. des.	Auglýsing um samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskveiðimál og lífríki hafsins	1621–1626
36	30. des.	Auglýsing um samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna	1626–1633
37	30. des.	Auglýsing um samning um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna og bókun um breytingu á samningnum	1634–1641
38	30. des.	Auglýsing um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls	1641
39	30. des.	Auglýsing um gildistöku rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar	1641
40	30. des.	Auglýsing um gildistöku hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna	1642

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 - 1993

AUGLÝSING

um bráðabirgðagildistöku fríverslunarsamninga milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands og Slóvakíu.

Í framhaldi af yfirlýsingum ríkisstjórna Tékklands og Slóvakíu 8. desember 1992 var ákveðið á fundi ráðherra ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu 10. desember 1992 að fríverslunarsamningur frá 20. mars 1992 milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins myndi gilda til bráðabirgða um Tékkland, annars vegar, og Slóvakíu, hins vegar, frá og með 1. janúar 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. janúar 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

12. febrúar 1993 Nr. 2

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins vegna skiptingar Tékkóslóvakíu.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 var gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins eftir aðild Tékkóslóvakía að ráðinu lauk, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Breyting þessi tók gildi 5. febrúar 1993.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. febrúar 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

C 1

Steindórsprent Gutenberg hf.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Búlgaría	6
Kýpur	3
Danmörk	5
Finnland	5
Frakkland	18
Þýskaland	18
Grikkland	7
Ungverjaland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Liechtenstein	2
Lúxemborg	3
Malta	3
Holland	7
Noregur	5
Pólland	12
Portúgal	7
San Marino	2
Spánn	12
Svíþjóð	6
Sviss	6
Tyrkland	12
Hið sameinað konungsríki Stóra-Bretlands og Norður Írlands	18“

The amended text of Article 26 is worded as follows:

“Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Bulgaria	6
Cyprus	3
Denmark	5
Finland	5
France	18
Germany	18
Greece	7
Hungary	7
Iceland	3
Ireland	4
Italy	18
Liechteinstein	2
Luxembourg	3
Malta	3
Netherlands	7
Norway	5
Poland	12
Portugal	7
San Marino	2
Spain	12
Sweden	6
Switzerland	6
Turkey	12
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18“

Nr. 3 15. febrúar 1993

AUGLÝSING

um bráðabirgðagildistöku samninga við Tékkland og Slóvakíu um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Með orðsendingaskiptum 8. desember 1992 og 12. febrúar 1993 var ákveðið að samningur frá 1. júní 1992 milli Íslands og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins um viðskipti með landbúnaðarafurðir myndi gilda til bráðabirgða um Tékkland frá og með 1. janúar 1993. Með orðsendingaskiptum 8. desember 1992 og 12. febrúar 1993 var ákveðið að samningurinn myndi gilda til bráðabirgða um Slóvakíu frá og með 1. janúar 1993. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. febrúar 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um framlengingu bókunar við viðskiptasamning við Rússland.

Með orðsendingaskiptum í Moskvu 24. mars 1993 var bókun við viðskiptasamning milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sósíalíska ráðstjórnarsambandslýðveldisins frá 4. desember 1991 framlengd til loka ársins 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1991 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. apríl 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

21. apríl 1993 Nr. 5

AUGLÝSING

um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu.

Með bókun sem undirrituð var í Genf 19. apríl 1993 var ákveðið að fríverslunarsamningur frá 20. mars 1992 milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins myndi gilda um Slóvakíu, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, þar sem samningurinn er birtur, og 1/1993 um bráðabirgðagildistöku samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. apríl 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

21. apríl 1993 Nr. 6

AUGLÝSING

um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Með bókun sem undirrituð var í Genf 19. apríl 1993 var ákveðið að fríverslunarsamningur frá 20. mars 1992 milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins

myndi gilda um Tékkland, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, þar sem samningurinn er birtur, og 1/1993 um bráðabirgðagildistöku samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. apríl 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 7 20. maí 1993

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins vegna aðildar Eistlands, Litáens og Slóveníu.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 var við aðild Eistlands, Litáens og Slóveníu að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A- deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að Eistland og Slóvenía skyldu öðlast rétt á þremur þingfulltrúum og Litáen rétt á fjórum. Breyting þessi tók gildi 14. maí 1993.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Búlgaría	6
Kýpur	3
Danmörk	5
Eistland	3
Finnland	5
Frakkland	18
Þýskaland	18

The amended text of Article 26 is worded as follows:

"Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Bulgaria	6
Cyprus	3
Denmark	5
Estonia	3
Finland	5
France	18
Germany	18

Grikkland	7	Greece	7
Ungverjaland	7	Hungary	7
Ísland	3	Iceland	3
Írland	4	Ireland	4
Ítalía	18	Italy	18
Liechtenstein	2	Liechteinstein	2
Litáen	4	Lithuania	4
Lúxemborg	3	Luxembourg	3
Malta	3	Malta	3
Holland	7	Netherlands	7
Noregur	5	Norway	5
Pólland	12	Poland	12
Portúgal	7	Portugal	7
San Marino	2	San Marino	2
Slóvenía	3	Slovenia	3
Spánn	12	Spain	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland	6
Tyrkland	12	Turkey	12
Hið sameinað konungsríki Stóra-Bretlands og Norður Írlands	18“	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18“

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

Hinn 16. júní 1993 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands sem gerður var í Genf 10. desember 1992. Alþingi hafði með ályktun 7. maí 1993 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari, ásamt viðaukum og bókunum sem varða viðskipti Íslands og Póllands. Aðrir viðaukar og bókanir eru ekki birtar hér en hægt er að fá aðgang að texta þeirra í utanríkisráðuneytinu. Í fylgiskjali 2 er birt bókun um samkomulag um samninginn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. júní 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands

Formálsorð

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð, ríkjasambandið Sviss (hér eftir nefnd EFTA-ríkin)

og

lýðveldið Pólland (hér eftir nefnt Pólland),

sem vísa til ásetnings síns um að stuðla á virkan hátt að efnahagssamvinnu í Evrópu og lýsa sig tilbúin til að leita sameiginlegra leiða og aðferða til að styrkja þá marghliða þróun,

með hliðsjón af yfirlýsingu sem undirrituð var af EFTA-ríkjunum og Póllandi í Gautaborg í júní 1990,

sem vísa til skuldbindinga sinna samkvæmt lokaákvörðun ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE) og Parísarsáttmála um hina nýju Evrópu og einkum til grundvallarreglna í lokaskjali RÖSE-ráðstefnunnar í Bonn um efnahagssamvinnu í Evrópu,

eru sannfærð um að fríverslunarsamningur þessi, ásamt samningum sem samningsríki gera við Evrópubandalögin, muni stuðla að því að mynda stærra og samstilltara fríverslunarsvæði í Evrópu og leggja þar með sitt af mörkum til efnahagssamvinna í Evrópu,

með hliðsjón af efnahagslegum og félagslegum mismun þeim sem ríkir milli EFTA-ríkjanna og Póllands, viðurkenna að markmið samningsins náist með beitingu viðeigandi ákvæða hans,

hafa einsett sér að afnema í áföngum allar hindranir á því sem næst öllum viðskiptum sínum í samræmi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti,

lýsa sig reiðubúin til að skoða möguleika á að þróa og efla tengsl sín svo þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsríkin undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum, einkum Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti,

hafa ákveðið, í samræmi við ofangreind markmið, að gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.
Markmið

1. Með hliðsjón af því að Póllandi er þörf á að hraða efnahagsþróun sinni skulu EFTA-ríkin og Pólland, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2001, koma á fríverslunarsvæði stig af stigi, í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Markmið samnings þessa, sem byggist á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa, eru:

a) að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagssamskipta EFTA-ríkjanna og Póllands, og stuðla þannig, bæði í EFTA-ríkjunum og Póllandi, að framþróun efnahagslífs, betri lífskjörum og atvinnuskilyrðum og auknum afköstum og fjárhagslegum stöðugleika;

b) að skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsríkja;

c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að efnahagssamvinnu í Evrópu, samfelldri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.
Gildissvið

Samningurinn tekur til:

a) framleiðsluvara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá, að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í I. viðauka,

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka,
sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Póllandi.

3. gr.

Upprunareglur og samvinna um tollaframkvæmd

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Samningsríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um reglubundna endurskoðun af hálfu sameiginlegu nefndarinnar og stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4.-9., 14. og 23. gr. samningsins og bókunar B séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt og til að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og til að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.

Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríkin afnema alla innflutningstolla á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í Póllandi og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, að undanskildum framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í III. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu afnumin í áföngum í samræmi við ákvæði viðaukans.

3. Frá og með 1. janúar 1995 skal Pólland afnema í fimm jöfnum áföngum alla tolla, og öll gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í EFTA-ríkin, að undanskildum þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í IV. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif skulu afnumin frá og með gildistöku samningsins, og framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í V. viðauka, en tollar á þeim framleiðsluvörum, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, skulu afnumin í áföngum í samræmi við tímaáætlunina sem kveðið er á um í viðaukanum.

5. gr.

Grunntollar

1. Grunntollurinn á framleiðsluvörum sem á að lækka í áföngum samkvæmt samningnum skal samsvara bestu-kjara tollinum sem í gildi var 29. febrúar 1992.

2. Komi almennar tollalækkanir til framkvæmda eftir gildistöku samnings þessa, m.a lækkanir vegna samnings um tolla sem nást munu í Úrúgvæ-viðræðunum um alþjóðaviðskipti, skulu lækkuðu tollarnir koma í staðinn fyrir grunntolla sem um getur í 1. mgr. frá þeim tíma er slíkar tollalækkanir taka gildi.

3. Reikna skal lækkuðu tollana samkvæmt 4. gr. með einum aukastaf eða, þegar um er að ræða sérstaka tolla, með tveimur aukastöfum.

6. gr.

Fjáröflunartollar

1. Ákvæði 1.–3. mgr. 4. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í bókun C.

2. Samningsríki geta lagt á fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls sem er fjáröflunareðlis.

7. gr.

Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1 Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. EFTA-ríkin skulu frá og með gildistöku samningsins afnema alla útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif að öðru leyti en kveðið er á um í VI. viðauka.

3. Pólland skal afnema í áföngum alla útflutningstolla og öll gjöld sem hafa samsvarandi áhrif. Afnema ber alla slíka tolla og öll gjöld eigi síðar en 1. janúar 1997.

8. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á innflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til EFTA-ríkjanna og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í VII. viðauka.

3. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á innflutningi til Póllands og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar í samræmi við ákvæði og tímaáætlun sem kveðið er á um í VIII. viðauka.

9. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi frá EFTA-ríkjunum og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í IX. viðauka.

3. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á útflutningi frá Póllandi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í X. viðauka.

10. gr.

Almennar undantekningar

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna, dýra eða plantna og umhverfisins, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, eða reglur um meðferð á gulli og silfri. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsríkjanna.

11. gr.

Ríkiseinokun

1. Samningsríkin skulu tryggja breytingar á ríkiseinokun í viðskiptum, samanber þó ákvæði bókunar D, þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara EFTA-ríkjanna og Póllands hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsríkjanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsríkja. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

12. gr.

Skipti á upplýsingum um drög að tæknilegum reglugerðum

1. EFTA-ríkjunum og Póllandi ber að tilkynna hvert öðru með eins löngum fyrirvara og gerlegt er og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í XI. viðauka um drög að tæknilegum reglugerðum og breytingar á þeim sem þau hyggjast gefa út.

2. Samningsríki skulu leitast við að fara eftir þessum reglum innan tveggja ára frá gildistöku samningsins. Reynist þetta ekki að öllu leyti gerlegt, skal sameiginlega nefndin lengja þennan frest.

13. gr.

Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsríki lýsa sig reiðubúin, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir, með tilliti til mikilvægis þeirra fyrir efnahag Póllands.

2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Pólland um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Samningsríkjum ber að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

14. gr.

Innlendar álögur

1. Samningsríkjum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innanlands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli framleiðsluvara sem upprunnar eru í EFTA-ríki og sambærilegra framleiðsluvara sem upprunnar eru í Póllandi.

2. Framleiðsluvörur sem fluttar eru út til samningsríkis skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

15. gr.

Greiðslur

1. Engar hömlur má leggja á greiðslur tengdar viðskiptum milli EFTA-ríkis og Póllands eða yfirfærslur á slíkum greiðslum til samningsríkis þar sem kröfuhafi er búsettur.

2. Samningsríkin skulu forðast að takmarka, með höftum á gjaldeyrisviðskipti eða með stjórnsýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðskipta sem íbúi samningsríkis á hlut að.

3. Þangað til gjaldmiðill Póllands er orðinn að fullu skiptanlegur í skilningi VIII. gr. samþykkta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, áskilur Pólland sér rétt til að beita takmörkunum á yfirfærslu gjaldeyris er tengjast veitingu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma, að því marki sem leyfilegt er samkvæmt stöðu Póllands gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og að því tilskildu að þessum takmörkunum sé beitt án mismununar vegna uppruna framleiðsluvaranna og þeim sé ekki einungis beitt gagnvart tilteknum framleiðsluvörum eða tegundum framleiðsluvara.

16. gr.

Opinber innkaup

1. Samningsríkin telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu EFTA-ríkin veita fyrirtækjum frá Póllandi aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987 sem samið var um innan ramma Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti. Pólland skal, með tilliti til endurskipulagningar og þróunar efnahagsmála sinna, veita fyrirtækjum EFTA-ríkjanna smám saman aðgang að útboðsgerð á hinum opinbera innkaupamarkaði á sömu forsendum.

3. Eins skjótt og unnt er eftir gildistöku samningsins ber samningsríkjum stig af stigi að aðlaga reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við að ákveða þátttöku í samningum sem boðnir eru út til að tryggja skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá samningsríkjunum. Eftir undirbúningstímabil, þar sem Pólland skal njóta þverrandi forskots í samskiptum milli ríkjanna, ber að koma á fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga samningsríkjanna eigi síðar en fyrir lok aðlögunartímabils.

4. Sameiginlega nefndin leggur til eða samþykkir, eftir því sem við á, fyrirkomulag þessarar þróunar, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur sem beita skal og tilgreinir stofnanir eða aðila sem gera samninga um opinber innkaup, þ.e. opinberar stofnanir og fyrirtæki og einkafyrirtæki sem njóta sérréttinda eða einkaréttinda.

5. Viðkomandi samningsríki skulu leitast við að fara eftir viðeigandi samningum innan ramma Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

17. gr.

Vernd hugverka

1. Samningsríki skulu veita og tryggja vernd hugverkaréttinda án mismununar, m.a. með því að samþykkja ráðstafanir til að veita þessi réttindi og framfylgja þeim. Auka ber verndina stig af

stigi og fyrir 31. desember 1996 skal hún vera orðin sambærileg við þá vernd sem almennt tíðkast á því svæði sem samningsríkin tilheyra.

2. Samningsríki eru sammála um að fara að efnislegum ákvæðum marghliða samninganna sem tilgreindir eru í XII. viðauka fyrir 31. desember 1996; þau skulu og leggja sig öll fram við að framfylgja þeim og öðrum marghliða samningum sem gerðir eru til að auðvelda samvinnu við að vernda hugverkaréttindi, án þess þó að skerða fullveldisrétt samningsríkja til ákvarðana í því efni.

3. Að því er samning þennan varðar tekur „vernd hugverkaréttar`` einkum til verndar höfundarréttar, þ.m.t. til tölvuforrita og gagnagrunna og skyldra réttinda, vörumerkja, landfræðilegra auðkenna, iðnhönnunar, einkaleyfa, svæðislýsinga smárása og þar að auki til óbirtra upplýsinga um þekkingu.

4. a) Að því er snertir hugverk skulu samningsríki ekki veita ríkisborgurum hvert annars lakari vernd en þá sem veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi á sviði hugverka sem tilkomin er vegna:

i) tvíhliða samninga sem í gildi eru hjá samningsríki við gildistöku samningsins og tilkynntir eru öðrum samningsríkjum í síðasta lagi fyrir 1. janúar 1994,

ii) alþjóðasamninga sem í gildi eru eða verða gerðir á komandi árum, þar á meðal svæðisbundinna samninga um efnahagssamvinnu, sem samningsríki hafa ekki öll gerst aðilar að,

má undanþiggja þessari skuldbindingu, að því tilskildu að slíkt valdi ekki gerræðislegri eða órétttlátri mismunun gegn ríkisborgurum annarra samningsríkja.

b) Tveimur samningsríkjum eða fleiri er heimilt að gera frekari samninga um víðtækari vernd en samkvæmt ákvæðum í samningi þessum, að því tilskildu að öll önnur samningsríki geti gerst aðilar að þeim með sambærilegum skilmálum og að þau séu tilbúin að hefja samningaviðræður í þessu skyni í góðri trú.

5. Samningsríkjum ber einnig að sjá til þess með lagasetningu að lögbundin nytjaleyfi vegna einkaleyfa skuli vera almenn nytjaleyfi, veitt án mismununar og fyrir þóknun sem samsvarar markaðsverði fyrir nytjaleyfið og sem skjóta má til úrskurðar dómsvalda. Gildissvið og -tími slíkra nytjaleyfa skal takmarkast við tilgang veitingar þeirra. Nytjaleyfi vegna vannýtingar skal veita aðeins að því marki sem þarf til þess að fullnægja eftirspurn svæðisbundins markaðar á viðunandi kjörum.

6. Samningsríkjum ber að sjá til þess að reglur um veitingu eða skráningu eða varðveislu hugverkaréttinda og um eftirlit með þeim séu réttlátar og án mismununar. Forðast ber að setja flóknar reglur eða kostnaðarsamar, eða sem fela í sér óþarflega langa tímafresti eða ónauðsynlegar tafir. Í ákvæðum um eftirlit ber einkum að kveða á um lögbannsrétt, fullar bætur fyrir skaða sem rétthafi hefur orðið fyrir og bráðabirgðaráðstafanir, m.a. þegar annar aðili hefur ekki fengið áheyrn (inaudita altera parte).

7. a) Samningsríki skulu koma á skipulagi um tækniaðstoð og samvinnu yfirvalda ríkjanna. Til að ná þessum markmiðum skulu þau hafa samráð við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir eins og Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO) og Einkaleyfastofnun Evrópu (EPO).

b) Samningsríki samþykkja að efna til samráðs með sérfræðingum, fari samningsríki þess á leit, um starfsemi sem tengist gildandi eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um samhæfingu, stjórnun og eftirlit með hugverkarétti og um starfsemi á vegum alþjóðastofnana, t.d. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og Alþjóðahugverkastofnunarinnar, og um samskipti samningsríkja við þriðju lönd um mál sem varða hugverkarétt.

18. gr.

Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem það hefur áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og Póllands:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæðum samningsríkja í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði þessi skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsríki hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, opinber verkefni þeirra.

3. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum greinar þessarar er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana, sem það álítur nauðsynlegar til að mæta þeim alvarlegu vandkvæðum er af athæfinu leiðir, samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

19. gr.

Ríkisaðstoð

1. Sérhver aðstoð sem samningsríki veitir eða felst með einhverju móti í ráðstöfun ríkisfjármuna og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein forréttindi, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Póllands.

2. Meta skal athæfi sem brjóta í bága við 1. mgr. á grundvelli forsenda sem tilgreindar eru í XIII. viðauka.

3. Að því er varðar framkvæmd ákvæða 1. mgr. er Póllandi heimilt til 31. desember 1996 að veita umfangsmeiri aðstoð, en leyfilegt væri að beitt yrði af hálfu EFTA-ríkja samkvæmt þeim forsendum sem tilgreindar eru í XIII. viðauka til að efla efnahagsumbætur og þróun. Sameiginlega nefndin getur, með tilliti til efnahagsástandsins í Póllandi, ákveðið hvort ákvæði þessu verði beitt lengur.

4. Samningsríkin skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XIV. viðauka. Sameiginlega nefndin skal, innan eins árs frá gildistöku samningsins, samþykkja nauðsynlegar reglur til að framfylgja þessari málsgrein.

5. Telji samningsríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem er tilgreind í 25. gr.

20. gr.

Undirboð

Verði EFTA-ríki vart við að beitt sé undirboðum, í skilningi VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í viðskiptum við Pólland eða verði Pólland vart við að beitt sé undirboðum í þessum skilningi í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

21. gr.

Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar framleiðsluvöru

Þegar innflutningur tiltekinnar framleiðsluvöru eykst svo mjög og við slík skilyrði sem valda eða valdið gætu:

a) alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra framleiðsluvara eða samkeppnisvara á landsvæði samningsríkisins sem flytur inn eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga í einstökum landshlutum

er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

22. gr.

Endurskipulagning

1. Póllandi er heimilt, í takmarkaðan tíma, að grípa til sérstakra ráðstafana í formi hækkaðra tolla sem víkja frá ákvæðum 4. gr.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda iðnað á byrjunarstigi eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda mikilvægum félagslegum vandkvæðum.

3. Tollar sem lagðir kunna að vera á innflutning til Póllands frá EFTA-ríkjum með slíkum ráðstöfunum mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti og skulu framleiðsluvörur frá EFTA-ríkjum njóta að einhverju leyti hagstæðari kjara en aðrar. Verðmæti framleiðsluvaranna sem þessar ráðstafanir taka til skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjum samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. og samkvæmt nýjustu fáanlegum tölum.

4. Beita má ráðstöfununum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær falla niður í síðasta lagi í lok aðlögunartímabilsins.

5. Óheimilt er að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart framleiðsluvöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

6. Póllandi ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrirfram um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst grípa til og, að beiðni EFTA-ríkja, hafa samráð um þær og um viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Þegar það grípur til slíkra ráðstafana ber Póllandi að afhenda sameiginlegu nefndinni tímaáætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í tímaáætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum, sem hefjist eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að ákveða aðra tímaáætlun.

23. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

Leiði beiting ákvæðanna í 7. og 9. gr. til þess að:

a) framleiðsluvara verði flutt aftur út til þriðja lands og samningsríkið sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar framleiðsluvöru þangað, eða

b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á framleiðsluvöru sem samningsríki sem flutt er út frá er nauðsynleg

og þar sem ofangreindar ástæður valda, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir samningsríki sem flutt er út frá, er því samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

24. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Lendi EFTA-ríki eða Pólland í alvarlegum erfiðleikum, eða sjái fram á erfiðleika, varðandi greiðslujöfnuð sinn er EFTA-ríki eða Póllandi, eftir því sem við á, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru með Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leiðrétta erfiðleikana vegna greiðslujafnaðar. Ráðstöfunum ber að aflétta stig af stigi eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur. EFTA-ríkinu eða Póllandi ber að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni um ráðstafanir jafnskjótt og gripið er til þeirra og um tímaáætlun um afnám þeirra, verði því við komið.

2. Samningsríkjum ber engu að síður að reyna eftir megni að forðast að grípa til takmarkandi ráðstafana vegna greiðslujafnaðar.

25. gr.

Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari grein skulu samningsríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum samningsríkjum þar um.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. þessarar greinar ber samningsríki, sem íhugar að beita öryggisráðtöfunum, að tilkynna hinum samningsríkjunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. Samningsríki skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríkin geta sætt sig við.

3. a) Að því er varðar 18. og 19. gr. skulu samningsríki sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mót-

mælt hefur verið. Hafi samningsríkið sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til hennar, er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

b) Að því er varðar 20., 21. og 23. gr. skal sameiginlega nefndin rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem samningsríki hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

c) Að því er varðar 31. gr. er hlutaðeigandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana eftir að samráði lýkur eða þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsríkjum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang ráðstafana og gildistími þeirra skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Reynt skal eftir megni að beita raðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir sem Pólland grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða -ríkjum sem hefur orðið fyrir áhrifum af aðgerðum eða aðgerðaleysi Póllands er heimilt að grípa til ráðstafana sem beinast að slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eins fljótt og unnt er eða afnema þær þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi samningsríki, í tilvikum sem um ræðir í 20., 21. og 23. gr. og þegar ríkisaðstoð hefur bein og tafarlaus áhrif á viðskipti milli samningsríkja, gripið strax til varrúðarráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta úr ástandinu. Tilkynna ber um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli samningsríkja innan sameiginlegu nefndarinnar eins fljótt og við verður komið.

26. gr.

Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að samningsríki geri ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar:

a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna í alþjóðamálum ógnar friði.

27. gr.

Sameiginlega nefndin

1. Sameiginlega nefndin, sem sett var á stofn samkvæmt Gautaborgaryfirlýsingunni, skal annast umsjón og stjórnun á framkvæmd samningsins.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsríki skiptast á upplýsingum og efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni að beiðni samningsríkis. Sameiginlega nefndin skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og Póllands.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

28. gr.

Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhverju samningsríki er heimilt að fara þess á leit að fundur verði haldinn.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi samningsríkis í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er kveða á um, m.a., hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

29. gr.

Þróunarákvæði

1. Þegar samningsríki telur það til framdráttar efnahagi samningsríkja að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir það þeim rökstudda beiðni þar um. Samningsríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og leggja fyrir þau tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningsviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðar fullgildingu eða samþykki samningsríkja eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

30. gr.

Þjónusta og fjárfesting

1. Samningsríkin viðurkenna að tilteknar atvinnugreinar, m.a. á sviði þjónustu og fjárfestingar, verða æ mikilvægari. Í viðleitni sinni við að þróa og auka samstarf sitt, einkum með tilliti til samvinnu í Evrópu, skulu þau vinna saman að því markmiði að auka frjálsræði og opna markaði sína fyrir fjárfestingu og þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af viðeigandi vinnu á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

2. EFTA-ríkin og Pólland skulu ræða í sameiginlegu nefndinni möguleika á að láta viðskiptatengsl sín ná til beinna erlendra fjárfestinga og þjónustuviðskipta.

31. gr.

Uppfylling skuldbindinga

1. Samningsríki skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

2. Telji EFTA-ríki að Pólland hafi ekki, eða telji Pólland að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum getur viðkomandi samningsríki gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

32. gr.

Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukum og bókunum A og B.

33. gr.

Viðskipti sem heyra undir aðra samninga

1. Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Póllands hins vegar en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

2. a) Samningurinn milli Finnlands og Póllands um gagnkvæmt afnám viðskiptahindrana, sem

undirritaður var 29. september 1976 með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur Finnsk-pólski-samningurinn), skal gilda áfram á aðlögunartímabili þangað til hagsbætur sem þessi samningur kveður á um hafa komið að fullu í stað gagnkvæmra hagsbóta sem samningur sá færði samningsríkjunum.

Á því stigi skal Finnsk-pólski-samninginn felldur úr gildi með sameiginlegri ákvörðun Finnlands og Póllands. Tilkynna ber öðrum ríkjum sem aðild eiga að samningi þessum um ákvörðunina án tafar.

b) Ákvæði 7., 8., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 22., 23., 29. og 30. gr. samnings þessa gilda að breyttu breytanda um viðskipti milli Finnlands og Póllands samkvæmt Finnsk-pólska-samningnum.

c) Nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar er að finna í XV. og XVI. viðauka við samning þennan.

34. gr.

Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum eða fríverslunarsvæðum eða samkomulagi gert um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna, einkum upprunareglur sem kveðið er á um í samningnum.

35. gr.

Landsvæði þar sem samningur þessi gildir

Samningurinn tekur til landsvæða samningsríkjanna.

36. gr.

Breytingar

Breytingar á samningnum, að öðru leyti en um getur í 3. mgr. 27. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir samningsríkin til samþykkis og öðlast gildi þegar öll ríki hafa samþykkt þær. Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

37. gr.

Aðild

1. Sérhvert ríki sem aðild á að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu hjá vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

38. gr.

Úrsögn og niðurfelling samningsins

1 Sérhvert samningsríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila.

2. Dragi Pólland aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríkin draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

39. gr.

Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. apríl 1993 gagnvart samningsríkjum sem þá hafa komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum til vörsluaðilans, að því tilskildu að Pólland sé meðal þeirra ríkja sem komið hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum í vörslu.

2. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar samninginn og kemur fullgildingar- eða staðfest-

ingarskjali sínu í vörslu eftir 1. apríl 1993 öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið í vörslu hjá vörsluaðila, að því tilskildu að samningurinn öðlist gildi gagnvart Póllandi eigi síðar en þann dag.

3. Ríki sem undirritar samninginn getur þegar við undirritun lýst yfir að geti samningurinn ekki tekið gildi gagnvart því 1. apríl 1993 muni það þó fyrst í stað beita ákvæðum hans til bráðabirgða, að því tilskildu að hann hafi tekið gildi gagnvart Póllandi.

40. gr.

Vörsluaðili

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, tilkynnir öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins eða niðurfellingu hans eða úrsögn samningsríkis.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf, 10. desember 1992, í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og gerast aðilar, staðfest afrit.

I. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í A-LIÐ 2. GR.

Samningurinn tekur ekki til vara sem heyra undir 25. -- 97. kafla í samræmdu tollskránni (ST) þegar þær eru fluttar inn í EFTA-ríki eða Pólland eins og það er tilgreint við hvern vörulið.

ST-númer	Vörulýsing	Undanþegin ef flutt inn til
3501	Kasín, kasínöt og aðrar kasínafleiður; kasínlím:	
3501.10	- Kasín	Liechtensteins, Sviss; Póllands, ef varan er upprunnin í Liechtenstein eða Sviss
úr 3501.90	- Annað: - - Annað en kasínlím	Liechtensteins, Sviss; Póllands, ef varan er upprunnin í Liechtenstein eða Sviss
3502	Albúmín (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysuprótína sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysuprótínum), albúmínöt og aðrar albúmínafleiður:	

úr 3502.10	- Eggjaalbúmín:	
	- - Annað en það sem er, eða verður gert óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkjanna, Póllands
úr 3502.90	- Annað:	
	- - Mjólkuralbúmín (laktoalbúmín), annað en það sem er, eða verður gert óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkjanna, Póllands
13. The EFTA States and Poland agree to hold consultations in the Joint Committee with a view to complement the criteria set out in Annex XIII to Article 19 by the criteria arising from the Agreement between the EFTA States and the European Communities on the European Economic Area, after that Agreement will have entered into force.

14. For the purpose of interpreting Article 19, paragraph 3, the States Parties to this Agreement agree that the term "higher intensity" refers to the level of aid granted by way of measures contained in Annex XIII, paragraph (c), and that the application of normally inconsistent measures under paragraph (d) could be temporarily justified by the restructuring of Poland's economy, provided that these practices are compatible with the rules on state aid in the Agreement establishing an Association between Poland and the European Communities, as implemented by the Parties to that Agreement.

15. With reference to paragraph 3 of Article 22, if there is a disagreement with regard to the actual value of imports of industrial products, international trade statistics such as those of the UN/ECE, GATT and OECD will be used.

16. With reference to Article 26 (b)(i), the expression "to such traffic in other goods, materials and services" refers to products with both a civilian and a military use (so-called "dual use" products).

17. The EFTA States and Poland agree that in case specific safeguard clauses are applied between the EC and Poland in their trade in textiles and ready-made garments, those mechanisms and modalities of their application that are agreed or otherwise used between the EC and Poland in this sector will be used whenever applicable but not for a longer period than they will be in force between Poland and the EC. The access to markets of the States Parties to this Agreement will nevertheless, and without prejudice to Article 22, be not less favourable, as far as duties, quantitative restrictions, charges and measures having equivalent effect are concerned, than at the entry into force of this Agreement.

18. Should the Polish import regime for cars, trucks and buses, in particular in relation to the European Communities, imply a discrimination of EFTA manufacturers, the States Parties will review the matter in order to find an acceptable solution.

19. With regard to goods exported from an EFTA State for processing (outward processing) in Poland and processed there (inward processing),

States Parties to this Agreement declare their readiness to discuss, as soon as possible, arrangements under which

- such goods would be admitted free of customs duties into Poland for processing, subject to re-exportation;

- the products obtained from such processing would be admitted totally or partly free of customs duties and charges having equivalent effect on importation into an EFTA State.

20. The EFTA States and Poland consider that an arbitration procedure could be envisaged for disputes which cannot be settled through consultations between the States Parties concerned or in the Joint Committee. Such a possibility, for instance regarding Article 18, will be further examined in the Joint Committee.

21. The expression used in paragraph 5 of Annex XV "the treatment provided for by virtue of the Agreement EFTA-Poland" is understood to mean that all provisions of that Agreement, inter alia, the rules of origin and duty provisions, shall apply.

22. For the duty-free or preferential admission provided for in paragraph 2 of Annex XV, the customs authorities in Finland and in Poland shall, on a continuous basis, exchange information concerning the lists of the authorized exporters.

DONE at Geneva, this 10th day of December 1992, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatories.

AUGLÝSING

um samning við Pólland um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Með orðsendingaskiptum í Genf 10. desember 1992 var gengið frá samningi milli Íslands og Póllands um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Samningurinn var gerður í tengslum við fríverslunarsamning frá 10. desember 1992 milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. júní 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

a. Bréf fastafulltrúa Íslands til ráðuneytisstjóra lanbúnaðarráðuneytis Póllands.

Genf, 10. desember 1992

Hr. ráðuneytisstjóri

Ég hef þann heiður að staðfesta fyrir hönd Íslands að samningaviðræðum þeim sem fram fóru samtímis því að EFTA-ríkin og lýðveldið Pólland (hér eftir nefnt Pólland) gerðu með sér fríverslunarsamning, sem áritaður var 6. nóvember 1992 í Genf, og í samræmi við framkvæmd 13. gr. samningsins, er lokið með eftirfarandi samkomulagi um viðskipti með landbúnaðarvörur.

Ísland mun einhliða veita Póllandi þær tollalækkanir sem tilgreindar eru í I. viðauka við þetta bréf.

Tollalækkanirnar sem veittar eru Póllandi skulu þó hvorki koma í veg fyrir álagningu innflutningsgjalda til verðjöfnunar né framkvæmd annarra ráðstafana sem niðurstaða Úrúgvæ-viðræðnanna kunna að leiða til eða aðrar ráðstafanir er síðar kunna að koma til framkvæmda á Íslandi vegna innflutnings landbúnaðarafurða. Núverandi viðmiðunarmörk og markaðsaðgangur skal ávallt viðhaldið að undangengnu samráðið við Pólland. Sömu grundvallarreglu skal beitt verði mögulega einhver lækkun á grunntolli í kjölfar Úrúgvæ-viðræðnanna.

Tollalækkanir tilgreindar í I. viðauka við þetta bréf skal beitt frá og með gildistöku ofangreinds fríverslunarsamnings að því tilskildu að aðilar þessa samkomulags hafi skipst á staðfestingar- eða samþykktarskjölum eða frá og með samkomulagi um bráðabirgðagildistöku ofangreinds fríverslunarsamnings milli Íslands og Póllands.

Upprunareglurnar vegna framkvæmdar þessa samkomulags er að finna í II. viðauka við þetta bréf.

I. og II. viðauki eru óaðskiljanlegur hluti þessa samkomulags.

Ísland er enn fremur reiðubúið til að hvetja samvinnu við Pólland á sviði vísinda og tækni í landbúnaði og skyldum greinum á grundvelli gagnkvæmra hagsmuna. Þessi samvinna gæti falist í sameiginlegum verkefnum, skiptum á upplýsingum og skjölum, samstarfi sérfræðinga og sameiginlegri skipulagningu námskeiða á sviði landbúnaðar.

Jafnframt lýsa aðilarnir yfir vilja sínum til að hlúa að, á gagnkvæmum grunni, samræmdri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur innan marka landbúnaðarstefnu þeirra og eru á einu máli um að endurskoða efni þessa samkomulags reglulega.

Samkomulag þetta gildir á meðan aðilar þess eru aðilar að fríverslunarsamningi EFTA-ríkja og Póllands.

Samþykki Pólland ofangreint mun bréf þetta og svarbréf yðar skoðast sem samningur þar um sem öðlast gildi um leið og fríverslunarsamningurinn tekur gildi að því tilskildu að aðilar þessa samkomulags hafi skipst á staðfestingar- eða fullgildingarskjölum þar að lútandi, eða frá og með samkomulagi um bráðabirgðagildistöku fríverslunarsamningsins milli Íslands og Póllands.

Ég votta yður virðingu mína.

Kjartan Jóhannsson
sendiherra
Fastanefnd Íslands í Genf

Hr. Andrzej Gasowski
ráðuneytisstjóri
landbúnaðarráðuneytinu
Varsjá
Lýðveldinu Póllandi

I. viðauki
Landbúnaðarafurðir sem njóta tollfríðinda við innflutning til Íslands

Tollskrárnúmer	*Vörulýsing*
	Náttúrulegt hunang:
0409.0000	– Náttúrulegt hunang
	Laukur, skallottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:
	– Laukur og skallottlaukur:
0703.1001	– – Laukur
0703.1009	– – Skallottlaukur
0703.2000	– Hvítlaukur
	Belgávextir, með eða án hýðis, nýir eða kældir:
0708.1000	– Ertur (Pisum sativum)
0708.2000	– Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)
	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:
0709.2000	– Spergill
0709.7000	– Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka (garðspínat)
	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:
	– Belgávextir, með eða án hýðis:
0710.2100	– – Ertur (Pisum sativum)
0710.2200	– – Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)
0710.2900	– – Aðrir
	Þurrkaðar matjurtir, heilar, skornar, sneiddar, muldar eða steyttar í duft, en ekki frekar unnar:
0712.2000	– Laukur
	Þurrkaðir belgávextir, afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir:
0713.1000	– Ertur (Pisum sativum)
0713.2000	– Hænsnabaunir (garbanzos)
	– Belgbaunir (Vigna spp., Phaseolus spp.):

0713.3100	– – Belgbaunir af tegundinni Vigna mungo (L.) Hepper eða Vigna radiata (L.) Wilczek
0713.4000	– Linsubaunir
0713.5000	– Breiðbaunir (Vicia faba var. major) og hestabaunir (Vicia faba var. equina, Vicia faba var. minor)
	Epli, perur og kveður, nýtt:
0808.1000	– Epli
0808.2000	– Perur og kveður
	Apríkósur, kirsuber, ferskjur (þar með taldar nektarínur), plómur og þyrniplómur, nýtt:
0809.2000	– Kirsuber
0809.4000	– Plómur og þyrniplómur
	Aðrir ávextir, nýir:
0810.1000	– Jarðarber
0810.3000	– Sólber, hvítar og rauðar kúrennur (ribsber) og garðaber (stikilsber)
0810.9000	– Annars
	Ávextir eða hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða vatni, fryst, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:
	– Jarðarber:
0811.1001	– – Með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
0811.1009	– – Önnur
	– Annað:
0811.9001	– – Með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
0811.9009	– – Annars
	Ávextir og hnetur, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:
0812.1000	– Kirsuber
0812.2000	– Jarðarber
0812.9000	– Annað
	Ávextir, þurrkaðir aðrir en í nr. 0801-0806; blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla:
0813.1000	– Apríkósur
0813.2000	– Sveskjur
0813.3000	– Epli
0813.4000	– Aðrir ávextir
0813.5000	– Blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla
	Fræ aníss, badíans, finkuls, sveipjurtar, ostakúmens eða kúmens; einiber:
0909.2000	– Sveipjurtarfræ
0909.3000	– Ostakúmenfræ
0909.4000	– Kúmenfræ
0909.5000	– Finkulfræ; einiber
	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:
úr 2004.9009	– Grænar eða svartar ólívur, grænar baunir og belgaldin

	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:
2005.3000	– Súrkál
2005.4000	– Ertur (Pisum sativum)
	– Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.):
2005.5100	– – Belgaldin, afhýdd
	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:
	– Annað:
úr 2007.9900	– – Annars, kastaníuhnetu- og heslihnotumauk
	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.:
	– Hnetur, jarðhnetur og önnur fræ, einnig blandað saman:
	– – Jarðhnetur:
2008.1101	– – – Hnetusmjör
2008.1109	– – – Aðrar
2008.1900	– – Annað, þar með taldar blöndur
	– Sítrusávextir:
2008.3001	– – Ávaxtasúpur og -grautar
2008.3009	– – Aðrir
	– Apríkósur:
2008.5001	– – Ávaxtasúpur og -grautar
2008.5009	– – Aðrar
	– Kirsuber:
2008.6001	– – Ávaxtasúpur og -grautar
2008.6009	– – Önnur
	– Ferskjur:
2008.7001	– – Ávaxtasúpur og -grautar
2008.7009	– – Aðrar
	– Jarðarber:
2008.8001	– – Ávaxtasúpur og -grautar
2008.8009	– – Önnur
	– Annað, þar með talið blöndur, aðrar en í nr. 2008.19:
	– – Blöndur:
2008.9201	– – – Ávaxtasúpur og -grautar
2008.9202	– – – Að meginstofni úr korni
2008.9209	– – – Aðrar
	– – Annars:
úr 2008.901	– – – Ávaxtasúpur og -grautar
úr 2008.9909	– – – Annað (vínber og plómur)
	Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtarsafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:
	– Appelsínusafi:
	– – Frystur:
2009.1101	– – – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri
2009.1109	– – – Annar
	– – Annar:
2009.1901	– – – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri
2009.1909	– – – Annars
	– Greipaldinsafi:
2009.2001	– – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri

2009.2009	– – Annar
	– Safi úr hvers konar öðrum sítrusávöxtum:
úr 2009.3001	– – Sítrónusafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri
úr 2009.3009	– – Annar sítrónusafi
	– Tómatsafi:
2009.5001	– – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri
2009.5009	– – Annar
	– Þrúgusafi (þar með talið þrúguþykkni):
2009.6001	– – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri
2009.6009	– – Annar
	– Eplasafi:
2009.7001	– – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri
2009.7009	– – Annar
	– Safi úr hvers konar öðrum ávöxtum eða matjurtum:
2009.8001	– – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri
2009.8009	– – Annar
	– Safablöndur:
2009.9001	– – Ógerjaðar og ósykraðar, í 50 kg umbúðum eða stærri
2009.9009	– – Aðrar

II. viðauki
Upprunareglur

(1) Við framkvæmd samningsins telst framleiðsluvara upprunnin í Póllandi ef hún er að öllu leyti fengin þar.

(2) Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í Póllandi:

a) Afurðir úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar.

b) Lifandi dýr sem þar eru borin og alin.

c) Afurðir lifandi dýra sem þar eru alin.

d) Vörur sem framleiddar eru þar eingöngu úr vörum sem lýst er í a- til c-lið.

(3) Umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vöru í, skal ekki talið með þeirri vöru þegar ákveða skal hvort hún sé að öllu leyti fengin þar og ekki þarf að ganga úr skugga um að slíkt umbúðaefni eða ílát til pökkunar sé upprunavara.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skulu vörur, sem tilgreindar eru í 1. og 2. dálki í lista í viðbætinum og fengnar eru í Póllandi og í eru efnivörur sem ekki eru að öllu leyti fengnar þar, einnig teljast upprunnar þar, að því tilskildu að uppfyllt séu skilyrðin um aðvinnslu slíkra efnivara sem kveðið er á um í 3. dálki.

3. (1) Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í samningnum gildir aðeins um framleiðsluvörur sem fluttar eru beint frá Póllandi til Íslands án þess að fara um yfirráðasvæði annars lands. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur sem upprunnar eru í Póllandi í einni óskiptri vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en Ísland eða Pólland með umskipun eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, ef flutningur um yfirráðasvæðið réttlætist af landfræðilegum ástæðum, vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umskipunin eða geymslan á sér stað, þær hafa hvorki verið þar á boðstólum til sölu né afhentar til neyslu og hafa ekki fengið aðra meðferð en uppskipun, útskipun eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

(2) Sannanir fyrir því að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. þessa töluliðar hafi verið fullnægt skulu lagðar fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins í samræmi við 6. mgr. 12. gr. bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

4. Upprunavörur í skilningi þessa samnings skulu njóta hags af samningnum við innflutning til Íslands annað hvort gegn framvísun EUR. 1 flutningsskírteinis eða vörureiknings með yfirlýsingu sem gefin er út eða gerð í samræmi við ákvæði bókunar B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

5. Ákvæðin um endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sönnun uppruna og fyrirkomulag samvinnu á sviði stjórnsýslu sem er að finna í bókun B við samninginn milli EFTA-ríkjanna og Póllands skulu gilda að breyttu breytanda. Samkomulag er um að bann við endurgreiðslu eða undanþágu á tollum, sem um ræðir í þessum ákvæðum, skuli aðeins gilda um þær efnivörur sem samningurinn milli EFTA-ríkjanna og Póllands gildir um.

Viðbætir við II. viðauka
Listi yfir vörur sem um ræðir í 2. tl. og um gilda önnur skilyrði en skilyrðið um að vera fengnar að öllu leyti

Tollskrárnúmer (1)	*Vörulýsing* (2)	*Aðvinnsla efnivara, sem ekki teljast upprunaefnivörur, er veitir upprunaréttindi* (3)
úr 2004	Græn belgaldin og belgaldin unnin eða varin skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar	Framleiðsla úr ertum og belgaldinum úr 7. og 20. kafla sem allt verður þegar að vera upprunavörur
úr 2005	Ertur og belgaldin, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frosið	Framleiðsla úr grænum belgaldinum og aldinum úr 7. og 20. kafla sem öll verða þegar að vera upprunavörur
úr 2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig og ávaxta- eða hnetu pasta, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, þó ekki sítrusaldinum og eplum	Framleiðsla: – úr ávöxtum og hnetum sem allt verður þegar að vera upprunavörur, enda – sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: – úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera að vera upprunavörur, enda – sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2009	Ávaxtasafi samkvæmt lista yfir framleiðsluvörur	Framleiðsla: – úr ávöxtum, hnetum og öðrum ætum plöntuhlutum sem allt verður þegar að vera að öllu leyti fengið, enda – sé verðmæti notaðra efnivara úr 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

b. Svarbréf.

Genf, 10. desember 1992

Hr. sendiherra

Ég leyfi mér að votta móttöku bréfs yðar dags. í dag sem hljóðar svo:

[Sjá bréf hér að framan.]

Ég hef þann heiður að staðfesta fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Póllands að hún samþykkir tillögur bréfs yðar.

Ég votta yður virðingu mína.

Andrzej Gasowski
ráðuneytisstjóri

Hr. Kjartan Jóhannsson
sendiherra
Fastanefnd Íslands
Genf

a. Letter from the Permanent Representative of Iceland to the Director-General of the Ministry of Agriculture and Food Economy of Poland

Geneva, 10 December 1992

Sir,

I have the honour to confirm on behalf of the Republic of Iceland, that as a result of the negotiations which have taken place in the framework of the negotiations on a Free Trade Agreement between the EFTA States and the Republic of Poland (hereinafter called Poland), which was initialled on 6 November 1992 in Geneva, and in implementing Article 13 of that Agreement, the following arrangement concerning trade in agricultural products is concluded.

Iceland shall unilaterally grant to Poland the tariff reductions specified in Annex I to this letter.

The tariff reductions granted to Poland shall not preclude the levying of import duties under the price compensation system nor the application of other measures as a result of the GATT-Uruguay round or any other future change in the Icelandic import regime for agricultural products. Existing preference margins and current access opportunities shall in all cases be maintained after consultations with Poland. The same principle shall apply in case of possible partial reductions of the basic duties resulting from the GATT-Uruguay Round.

The tariff reductions specified in Annex I to this Protocol shall be applied from the date of the entry into force of the said Free Trade Agreement provided that the Parties to this arrangement have exchanged their instruments of acceptance or ratification or from the date of agreement on provisional application of the said Free Trade Agreement in relation to Iceland and Poland.

The rules of origin for the purpose of implementing this arrangement are set out in Annex II to this letter.

Annexes I and II shall constitute an integral part of this arrangement.

Iceland is furthermore ready to promote scientific and technical cooperation with Poland in agriculture and related fields on the basis of mutual interests. This cooperation may consist of joint ventures, exchanges of information and documentation, exchanges of experts as well as joint organization of seminars and agricultural workshops.

Furthermore the Parties declare their readiness to foster, on a reciprocal and mutually beneficial basis, the harmonious development of trade in agricultural products within the framework of their respective agricultural policies, and agree to review the content of this arrangement at regular intervals.

This arrangement shall remain in force as long as the Parties to it remain parties to the Free Trade Agreement between the EFTA States and Poland.

If Poland agrees to the above, this letter and your letter in reply shall constitute an agreement that this arrangement shall be applied from the date of entry into force of the said Free Trade Agreement provided that the Parties to this arrangement have exchanged their instruments of acceptance or ratification from the date of agreement on provisional application of the said Free Trade Agreement in relation to Iceland and Poland.

Please accept, Sir, the assurances of my highest consideration.

Kjartan Jóhannsson
Ambassador
Permanent Delegation of Iceland

Mr. Andrzej Gasowski
Director-General
Ministry of Agriculture and Food Economy
WARSAW
Republic of Poland

Annex I

Products to be exempt from customs duties

HS Tariff Number	*Description*
0409	**Natural Honey**
0409 0000	Natural Honey
0703	**Onions, shallots, garlic, leeks and other alliaceous vegetables, fresh or chilled:**
0703 1000	– Onions and shallots
0703 2000	– Garlic
0708	**Leguminous vegetables, shelled or unshelled, fresh or chilled:**
0708 1000	– Peas (Pisum sativum)
0708 2000	– Beans (Vigna spp., Phaseolus spp)
0709	**Other vegetables, fresh or chilled:**
0709 7000	– Asparagus
0709 7000	– Spinach, New Zealand spinach and orache spinach (garden spinach)
0710	**Vegetables (uncooked or cooked by steaming or boiling in water), frozen:**
	– Leguminous vegetables, shelled or unshelled:
0710 2100	– – Peas (Pisum sativum)
0710 2200	– – Beans (Vigna spp., Phaseolus spp.)
0710 2900	– – Other
0712	**Dried vegetables, whole, cut, sliced, broken or in powder, but not further prepared:**
0712 2000	– Onions
0713	**Dried leguminous vegetables, shelled, whether or not skinned or split:**
0713 1000	– Peas (Pisum sativum)
0713 2000	– Chickpeas (garbanzos)
	– Beans (Vigna spp., Phaseolus spp.)
0713 3100	– – Beans of the species Vigna mungo (L.) Hepper or Vigna radiata (L.) Wilczek
0113 4000	– Lentils
0713 5000	– Broad beans (Vicia faba var. major) and horse beans (Vicia faba var. equina, Vicia faba var. minor)
0808	**Apples, pears and quinces (fresh)**
0808 1000	– Apples
0808 2000	– Pears and quinces
0809	**Apricots, cherries, peaches (including nectarines), plums and sloes, fresh:**
0809 2000	– Cherries
0809 4000	– Plums and sloes
0810	**Other fruit, fresh:**
0810 1000	– Strawberries
0810 3000	– Black, white or red currants and gooseberries
0810 9000	– Other

0811	**Fruit and nuts, uncooked or cooked by steaming or boiling in water, frozen, whether or not containing added sugar or other sweetening matter:**
	– Strawberries:
0811 1001	– – Containing added sugar or other sweetening matters
0811 1009	– – Other
	– Other:
0811 9001	– – Containing added sugar or other sweetening matters
0811 9031	– Cherries
0811 9032	– Plums
0811 9033	– Apricots
0811 9034	– Peaches
0811 9036	– Grapes
0811 9009	– – Other
0812	**Fruit and nuts, provisionally preserved (for example, by sulphur dioxide gas, in brine, in sulphur water or in other preservative solutions), but unsuitable in that state for immediate consumption:**
0812 1000	– Cherries
0812 2000	– Strawberries
0812 9000	– Other
0813	**Fruit, dried, other than that of headings Nos. 0801 to 0806; mixtures of nuts or dried fruits of this Chapter:**
0813 1000	– Apricots
0813 2000	– Prunes
0813 3000	– Apples
0813 4000	– Other fruit
0813 5000	– Mixture of nuts or dried fruits of this Chapter
0909	**Seeds of anise, badian, fennel, coriander, cumin or caraway; juniper berries:**
0909 2000	– Seeds of coriander
0909 3000	– Seeds of cumin
0909 4000	– Seeds of caraway
0909 5000	– Seeds of fennel; juniper berries
2004	**Other vegetables prepared or preserved otherwise than by vinegar or acetic acid, frozen:**
2004 9022	– Green olives
2004 9023	– Black olives
2004 9032	– Green beans
2004 9058	– Beans
2005	**Other vegetables prepared or preserved otherwise than by vinegar or acetic acid, not frozen:**
2005 3000	– Sauerkraut
2005 4000	– Peas (Pisum Sativum)
	– Beans (Vigna spp., Phaseolus spp.)
2005 5100	– – Beans, shelled
2007	**Jams, fruit, jellies, marmalades, fruit or nut puree and fruit or nut pastes, being cooked preparations, whether or not containing added sugar or other sweetening matter:**
2007 9951	– Chestnut puree
2007 9971	– Hazelnut puree

2008	**Fruit, nuts and other edible parts of plants, otherwise prepared or preserved, whether or not containing added sugar or other sweetening matter or spirit, not elsewhere specified or included:**
	– Nuts, ground-nuts and other seeds, whether or not mixed together:
2008 1100	– – Ground-nuts
2008 1900	– – Other
2008 3000	– Citrus fruit
2008 5000	– Apricots
2008 6000	– Cherries
2008 7000	– Peaches
2008 8000	– Strawberries
2008 9200	– Mixtures
2008 9900	– Other (grapes and plums)
2009	**Fruit juices (including grape must) and vegetable juices, unfermented and not containing added spirit, whether or not containing added sugar or other sweetening matter:**
2009 1100	– Orange juice
2009 1900	– – Other
2009 2000	– Grape fruit juice
2009 3000	– Juice of any other single citrus fruit:
2009 3021	– – Lemon juice
2009 5000	– Tomato juice
2009 6000	– Grape juice (including grape must)
2009 7000	– Apple juice
2009 8000	– Juice of any other single fruit or vegetable:
2009 9000	– Mixtures of juices

Annex II

Rules of origin

1. (1) For the purpose of implementing the Agreement, a product shall be considered to be originating in the Republic of Poland if it has been wholly obtained there.

(2) The following shall be considered as wholly obtained in the Republic of Poland:

a) vegetable products harvested there;

b) live animals born and raised there;

c) products from live animals raised there;

d) goods produced there exclusively from products specified in subparagraph (2) a) to c).

(3) Packing materials and packing containers presented with a product therein shall not be included with this product for the purpose of determining whether it has been wholly obtained and it shall not be necessary to establish whether such packing materials or packing containers are originating or not.

2. Notwithstanding paragraph 1, the products mentioned in columns 1 and 2 of the list in the Appendix, obtained in the Republic of Poland and incorporating materials which have not been wholly obtained there, shall also be considered as originating, provided that the conditions set out in column 3 concerning working or processing carried out on such materials have been fulfilled.

3. (1) The preferential treatment provided for under the Agreement applies only to products which are transported directly from the Republic of Poland to Iceland without passing through the territory of another country. However, products originating in the Republic of Poland and constituting one single shipment which is not split up may be transported through territory other than that of Iceland or the Republic of Poland with, should the occasion arise, transshipment or temporary warehousing in such territory, provided that the crossing of the latter territory is justified for geographical reasons, that the products have remained under the surveillance of the customs authorities in the country of transit or of warehousing, that they have not entered in the commerce of such countries or been delivered for

home use there and have not undergone operations other than unloading, reloading or any operations designed to preserve them in good condition.

(2) Evidence that the conditions referred to in subparagraph (1) have been fulfilled shall be supplied to the customs authorities of the importing country in accordance with Article 12 (6) of Protocol B to the Agreement between the EFTA States and the Republic of Poland.

4. Originating products within the meaning of this Agreement shall, on importation into Iceland, benefit from the Agreement upon submission of either a movement certificate EUR.1 or an invoice declaration issued or made out in accordance with the provisions of Protocol B to the Agreement between the EFTA States and the Republic of Poland.

5. The provisions on drawback or exemption of duties, proof of origin and arrangements for administrative cooperation contained in Protocol B to the Agreement between the EFTA States and the Republic of Poland shall apply *mutatis mutandis*. It is understood that the provisions shall apply only in respect of materials which are of the kind to which the Agreement between the EFTA States and the Republic of Poland applies.

Appendix

List of products, referred to in paragraph 2, subject to other conditions than the wholly obtained criterion

HS heading no.	*Description of products*	*Working or processing carried out on non-originating materials that confers originating status*
(1)	(2)	(3)
ex 20.04	Green beans and beans, prepared or preserved otherwise than by vinegar or acetic acid, frozen	Manufacture in which all the peas and beans, of Chapter 7 and 20 must already be originating
ex 20.05	Peas and beans, prepared or preserved otherwise than by vinegar or acetic acid, not frozen	Manufacture in which all the green beans and beans of Chapter 7 and 20 must already be originating
ex 20.07	Jams, fruits, jellies, marmalades, fruit or nut purée and fruit or nut pastes, being cooked preparations, whether or not containing added sugar or other sweetening matter, except of citrus fruit and apple	Manufacture in which: – all the fruits and nuts must already be originating, and – the value of any materials of Chapter 17 used does not exceed 30% of the ex-work price of the product
ex 20.08	Fruit, nuts and other edible parts of plants, as specified in Annex I	Manufacture in which: – all the fruits, nuts and other edible parts of plants must already be originating, and – the value of any materials of Chapter 17 used does not exceed 30% of the ex-work price of the product
ex 20.09	Fruit juices, as specified in the list of product coverage	Manufacture in which: – all the fruits or any material derived from fruits used must be wholly obtained, and – the value of any materials of Chapter 17 used does not exceed 30% of the ex-work price of the product

b. Letter in reply

Geneva, 10 December 1992

Sir,

I have the honour to acknowledge receipt of your letter of today's date which reads as follows:

[See letter above.]

I have the honour to confirm that the Government of the Republic of Poland agrees to the proposals contained in your Letter.

Please accept, Sir, the assurances of my highest consideration.

Andrzej Gasowski
Director-General

H.E. Kjartan Johannsson
Ambassador
Permanent Representative of Iceland
Geneva

23. júní 1993 Nr. 10

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Ísraels.

Hinn 16. júní 1993 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels sem gerður var í Genf 17. september 1992. Alþingi hafði með ályktun 8. maí 1993 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi 1. ágúst 1993.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari, ásamt viðaukum og bókunum sem varða viðskipti Íslands og Ísraels. Aðrir viðaukar og bókanir eru ekki birtar hér en hægt er að fá aðgang að texta þeirra í utanríkisráðuneytinu. Í fylgiskjali 2 er birt bókun um samkomulag um framkvæmd ýmissa þátta samningsins. Í fylgiskjali 3 er birt samkomulag um útflutning frá yfirráðasvæðunum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. júní 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels

Formálsorð

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur, konungsríkið Svíþjóð og ríkjasambandið Sviss (hér eftir nefnd EFTA-ríkin)

og

Ísraelsríki (hér eftir nefnt Ísrael)

með hliðsjón af stofnsáttmála Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA),

með hliðsjón af fríverslunarsamningum og skjölum tengdum þeim milli Ísraels og aðalviðskiptalanda þess,

með hliðsjón af samstarfi sem þróast hefur í kjölfar fyrrnefndra samninga svo og milli einstakra EFTA-ríkja og Ísraels,

lýsa sig reiðubúin til að gera ráðstafanir til að stuðla að samfelldri þróun viðskipta sín á milli og auka og þróa samstarf sitt á fleiri sviðum þar sem þau hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta, þar á meðal sviðum sem samningur þessi nær ekki til, og skapa þar með forsendur og jákvætt umhverfi fyrir samskipti sem byggjast á jafnræði og eru án mismununar,

sem vísa til sameiginlegra hagsmuna EFTA-ríkja og Ísraels í að styrkja við hvert tækifæri marghliða viðskiptakerfi og með tilliti til stöðu þeirra sem samningsaðila að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, en ákvæði þess og skjöl mynda grundvöllinn í utanríkisviðskiptastefnu þeirra,

hafa einsett sér að samþykkja ákvæði er miða að því að afnema í áföngum hindranir á viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels í samræmi við ákvæði þess samnings, einkum þau er varða myndun fríverslunarsvæða,

staðfesta sameiginlegan ætlun EFTA-ríkja og Ísraels við áframhaldandi og samfellda þróun efnahagssamvinnu,

og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi aðildarríki samnings þessa (hér eftir nefnd aðilarnir) undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum,

hafa ákveðið, í samræmi við markmið þessi, að gera með sér eftirfarandi samning:

1. gr.
Markmið

Samningur þessi miðar að því:

a) að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samfellda þróun efnahagssamskipta EFTA-ríkja og Ísraels,

b) að skapa sanngjarnar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsríkja,

c) að stuðla þannig með afnámi viðskiptahafta að samfelldri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum,

d) að auka samstarf EFTA-ríkja og Ísraels.

2. gr.
Gildissvið

1. Samningurinn tekur til:

a) vara sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í I. viðauka,

b) vara sem tilgreindar eru í bókun A, að teknu tilliti til fyrirkomulags þess sem kveðið er á um í þeirri bókun,

c) fisks og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í II. viðauka,
sem upprunnar eru í EFTA-ríki eða Ísrael.

2. Ákvæði um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem falla ekki undir 1. mgr. er að finna í 11. gr.

3. Samningur þessi tekur til viðskipta milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Ísraels hins vegar. Hann tekur ekki til viðskipta milli EFTA-ríkja innbyrðis nema kveðið sé á um annað í samningnum.

3. gr.

Upprunareglur

1. Í bókun B er kveðið á um upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda.

2. Aðilarnir skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal um reglubundna endurskoðun og stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 4.–7., 12. og 21. gr. samningsins séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt, að teknu tilliti til þarfarinnar á að draga svo sem unnt er úr þeim formkröfum, sem gerðar eru í viðskiptum, og til þarfarinnar á að finna lausn á þeim vandamálum sem af framkvæmd ákvæðanna leiðir, þannig að allir geti vel við unað.

4. gr.

Innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir innflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

2. Frá og með gildistöku samnings þessa skulu EFTA-ríki afnema alla innflutningstolla á vörum, sem upprunnar eru í Ísrael, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

3. Frá og með gildistöku samningsins skal Ísrael afnema alla innflutningstolla á vörum sem, upprunnar eru í EFTA-ríki, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

5. gr.

Fjáröflunartollar

1. Ákvæði 1.–3. mgr. 4. gr. gilda þar að auki um fjáröflunartolla að öðru leyti en kveðið er á um í bókun C.

2. Aðilar geta lagt á fjáröflunargjald í stað fjáröflunartolls eða þess hluta tolls sem er fjáröflunareðlis.

6. gr.

Útflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engir nýir útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

2. Frá og með gildistöku samningsins ber að afnema útflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif að öðru leyti en kveðið er á um í III. viðauka.

7. gr.

Magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á inn- eða útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á inn- eða útflutningi til EFTA-ríkja og ráðstafanir, sem hafa samsvarandi áhrif, afnumdar að öðru leyti en kveðið er á um í IV. viðauka.

3. Að því er varðar samning þennan eiga „magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif“ við bönn eða takmarkanir á inn- eða útflutningi til EFTA-ríkis frá Ísrael eða til Ísraels frá EFTA-ríki sem beitt er með kvótum, leyfum til inn- eða útflutnings eða öðrum ráðstöfunum eða skilyrðum stjórnvalda sem takmarka viðskipti.

8. gr.

Takmarkanir vegna annarra ástæðna en efnahagslegra

Samningurinn útilokar ekki að komið sé á banni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar réttlætast af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra, gróður- og umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða verndun hugverka. Slíkum bönnum og takmörkunum má þó engan veginn beita til gerræðislegrar mismununar eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli EFTA-ríkis og Ísraels.

9. gr.

Ríkiseinokun

1. Samningsríkjunum ber að gera ráðstafanir til að tryggja að ríkiseinkokun á einhverju sviði viðskipta verði breytt þannig að hún valdi ekki mismunun milli ríkisborgara EFTA-ríkja og Ísraels að því er varðar innkaup eða markaðssetningu vara.

2. Ákvæði greinar þessarar ná til allra stofnana sem lögbær yfirvöld aðilanna, að lögum eða í raun, beita fyrir sig beint eða óbeint til að hafa eftirlit með eða stjórna inn- eða útflutningi milli aðilanna eða hafa veruleg áhrif á hann. Ákvæðin ná auk þess til einokunar sem ríkið afsalar sér öðrum.

10. gr.

Tæknilegar reglugerðar

1. Aðilarnir viðurkenna mikilvægi samræmdra alþjóðastaðla og tæknilegra reglugerða fyrir þróun viðskipta.

2. Þeir ítreka stuðning sinn við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti að því er varðar tæknilegar viðskiptahindranir og málsmeðferðina sem þar er getið um.

3. Aðilarnir geta haft samráð innan sameiginlegu nefndarinnar telji aðili að annar aðili hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttan hátt, einkum ef aðili telur að annar aðili hafi gert ráðstafanir sem gætu skapað eða hafi skapað hindrun við viðskipti.

4. Aðilar eru sammála um að hefja samningaviðræður um möguleika á aukinni samvinnu á sviði prófunar og vottunar til þess að auðvelda viðskipti enn frekar.

11. gr.

Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Aðilarnir lýsa sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir.

2. Til að ná þessum markmiðum hefur hvert EFTA-ríki gert tvíhliða samning við Ísrael um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Aðilum ber að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

12. gr.

Innlendar álögur

1. Aðilum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og -aðgerðir innanlands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli vara frá EFTA-ríki og sambærilegra vara frá Ísrael.

2. Vörur sem fluttar eru út til landsvæðis aðila skulu ekki njóta hærri endurgreiðslu á innlendum álögum en nemur beinum og óbeinum gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

13. gr.

Greiðslur

1. Engin höft má leggja á greiðslur vegna vöruviðskipta milli EFTA-ríkis og Ísraels eða yfirfærslu á slíkum greiðslum til landsvæðis samningsaðila þar sem kröfuhafi er búsettur.

2. Aðilum ber að forðast að takmarka, með höftum á gjaldeyrisviðskiptum eða með stjórn-

sýsluathöfnum, veitingu, endurgreiðslu eða móttöku lána til skamms eða meðallangs tíma vegna viðakipta sem íbúi samningsríkis á hlut að.

3. Ísrael áskilur sér rétt til að beita takmörkunum á yfirfærslu gjaldeyris er tengjast veitingu eða viðtöku lána til skamms eða meðallangs tíma, að því marki sem leyfilegt er samkvæmt stöðu Ísraels gagnvart Alþjóðagjaldeyrisjóðnum og að því tilskildu að þessum takmörkunum sé beitt án mismununar. Slíkum takmörkunum ber að beita þannig að þær valdi sem minnstri röskun á samningnum. Ísrael ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni tafarlaust þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar og um allar síðari breytingar.

14. gr.

Opinber innkaup

1. Aðilar telja það vera óaðskiljanlegt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu aðilar veita fyrirtækjum frá hinum samningsaðilunum gagnkvæman aðgang að útboðsgerð við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987 sem samið var um á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

3. Með tilliti til reglna og fyrirkomulags sem samþykkt var innan Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og við þriðju lönd á þessu sviði, ætla aðilarnir að auka gildissvið 2. mgr. þessarar greinar eftir gildistöku samningsins í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) Aðilarnir eru sammála um að tryggja skýrleika í gerð samninga og frjálsan aðgang og sjá til þess að koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá samningsaðilunum. Í þeim tilgangi ber aðilum að aðlaga stig af stigi reglur, skilyrði og aðferðir sem þau nota við að ákveða þátttöku í samningum sem boðnir eru út og gerðir af opinberum yfirvöldum og fyrirtækjum, og af einkafyrirtækjum sem njóta sér- eða einkaréttinda.

b) Aðilarnir eru sammála um að heimila sameiginlegu nefndinni að ákveða, eins fljótt og unnt er, fyrirkomulag sem beita skal, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur til að koma á þessum breytingum, með tilliti til þess að viðhalda fullu jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga aðilanna.

4. Eins skjótt og við verður komið eftir gildistöku samningsins ber sameiginlegu nefndinni að hefja viðræður um að bæta í áföngum við listann yfir þau fyrirtæki sem ákvæði samningsins ná til að því er varðar innkaup á vöru og þjónustu umfram hin tilgreindu mörk.

15. gr.

Vernd hugverka

1. Aðilum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda án mismununar, eins og skilgreint er í 1. gr. V. viðauka. Þeir skulu samþykkja nægilegar og árangursríkar ráðstafanir án mismununar til að vernda þessi réttindi gegn brotum, einkum eftirlíkingum og ólöglegri nýtingu. Nánar er getið um skuldbindingar samningsaðila í V. viðauka.

2. Aðilarnir eru sammála um að fara að efnislegum ákvæðum marghliða samninganna sem tilgreindir eru í 2. gr. V. viðauka og leggja sig alla fram við að framfylgja þeim og öðrum marghliða samningum sem gerðir eru til að auðvelda samvinnu við að vernda hugverkaréttindi.

3. Að því er snertir hugverk skulu aðilarnir ekki veita ríkisborgurum hvers annars lakari vernd en þá sem veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Hyglun, vild, forréttindi eða friðhelgi á sviði hugverka sem tilkomin er vegna:

a) tvíhliða samninga sem í gildi eru hjá samningsaðila við gildistöku samningsins og tilkynntir eru öðrum samningsríkjum í síðasta lagi fyrir gildistöku samningsins,

b) alþjóðasamninga sem í gildi eru eða verða gerðir á komandi árum, þar á meðal svæðisbundinna samninga um efnahagssamvinnu, sem aðilarnir hafa ekki allir gerst aðilar að,

má undanþiggja þessari skuldbindingu, að því tilskildu að slíkt valdi ekki gerræðislegri eða óréttlætri mismunun gegn ríkisborgurum annarra aðila.

4. Tveimur aðilum eða fleiri er heimilt að gera frekari samninga um víðtækari vernd en samkvæmt ákvæðum í samningi þessum og V. viðauka, að því tilskildu þó að öll önnur samningsríki geti gerst aðilar að þeim með sambærilegum skilmálum og að aðilarnir séu tilbúnir að hefja samningaviðræður í þessu skyni í góðri trú.

5. Aðilarnir eru sammála um að fylgjast hver hjá öðrum með beitingu ákvæðanna um hugverk með það fyrir augum að auka verndina enn frekar og til að koma í veg fyrir eða lagfæra röskun á viðskipti sem til kemur vegna þeirrar verndar sem hugverka réttindum er veitt.

6. Telji einhver aðili að annar hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og viðauka við hana er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

7. Aðilar skulu samþykkja viðeigandi fyrirkomulag á tæknilegri aðstoð og samvinnu yfirvalda sem í hlut eiga. Í þeim tilgangi skulu þeir hafa samráð og samstarf við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir.

16. gr.

Uppfylling skuldbindinga

1. Aðilarnir skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

2. Telji EFTA-ríki að Ísrael hafi ekki, eða telji Ísrael að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum er aðilanum sem í hlut á heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

17. gr.

Reglur um samkeppni fyrirtækja

1. Eftirfarandi atriði samrýmast ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem þau hafa áhrif á viðskipti EFTA-ríkis og Ísraels:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til þess;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á landsvæðum aðila í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Ákvæði þessi skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er samningsríki hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, opinber verkefni þeirra.

3. Telji aðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum þessarar greinar er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

18. gr.

Ríkisaðstoð

1. Sérhver aðstoð sem samningsaðili veitir eða felst með einhverju móti í ráðstöfun ríkisfjármuna og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita einstökum fyrirtækjum, einstakri framleiðslugrein eða framleiðslu tiltekinna vara forréttindi, samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkis og Ísraels.

2. Meta skal athæfi sem brýtur í bága við 1. mgr. eftir þeim viðmiðunum sem tilgreindar eru í VI. viðauka.

3. Aðilar skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í VII. viðauka. Sameiginlegu nefndinni ber að samþykkja nauðsynlegar starfsreglur vegna framkvæmdar þessarar málsgreinar innan eins árs frá gildistöku samningsins.

4. Telji aðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

19. gr.

Undirboðstollar

Verði aðili var við að beitt sé undirboðum í viðskiptum sem samningurinn tekur til getur viðkomandi gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við VI. grein Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninga tengda þeirri grein samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

20. gr.

Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru

Þegar innflutningur tiltekinnar vöru, sem upprunnin er í EFTA-ríki eða Ísrael, eykst svo mjög eða við slík skilyrði að valdi eða valdið gæti:

a) alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á landsvæði aðilans sem flytur inn, eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga á einstökum landssvæðum,

er viðkomandi samningsríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

21. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

Leiði beiting ákvæðanna í 7. og 9. gr. til:

a) þess að vara sé flutt aftur út til þriðja lands er aðili, sem flutt er út frá, hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif, eða

b) alvarlegs skorts, eða hugsanlegs skorts, á vöru sem aðila, sem flutt er út frá, er nauðsynleg

og ofangreindar ástæður valdi, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir aðila sem flutt er út frá, er viðkomandi aðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr.

22. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. a) Aðila er heimilt að beita bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum þegar hann lendir í eða sér fram á alvarlega erfiðleika vegna greiðslujafnaðar. Aðila er einungis heimilt að koma á bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum til að veita frest þangað til þær breytingar á hagkerfinu, sem miða að því að ráða bót á erfiðleikum vegna greiðslujafnaðar, nái tilætluðum árangri. Óheimilt er að beita bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum, sem heimilaðar eru samkvæmt þessari málsgrein, til að vernda einstakar iðngreinar eða atvinnuveg.

b) Eitt eða fleiri af eftirtöldum atriðum er vísbending um alvarlega erfileika vegna greiðslujafnaðar: umtalsverð rýrnun á viðskipta- eða greiðslustöðu, markverður þrýstingur á gengi gjaldmiðils eða umtalsverð lækkun á gjaldeyrisstöðu er kemur fram annaðhvort sem lækkun á gjaldeyrisvarasjóði eða aukningu á skammtíma skuldum.

2. Heimilt er að beita eftirfarandi bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum samkvæmt 1. mgr.:

a) innflutningsgjaldi í formi innflutningstolls,

b) bundnum innborgunum vegna innflutnings, eða

c) magntakmörkunum.

3. a) Verði því við komið skulu aðilar beita frekar þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í a- og b-lið 2. málsgreinar. Magntakmörkunum má beita þegar ráðstafanir samkvæmt a- og b-lið hefðu ekki nægjanleg áhrif á greiðslujöfnuðinn.

b) Verði því við komið skulu aðilar forðast að beita samtímis gagnvart einstakri framleiðsluvöru fleiri en einni af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 2. málsgrein.

4. Bráðabirgðaráðstöfun í viðskiptum sem beitt er samkvæmt 1. mgr. má gilda í allt að 150 daga hið lengsta nema löggjafarþing viðkomandi aðila framlengi gildistíma hennar í allt að 150 daga. Einungis er heimilt að framlengja gildistíma magntakmarkana einu sinni í 150 daga til viðbótar.

5. Gildistími og umfang bráðabirgðaráðstafana, sem beitt er samkvæmt 1. mgr., skal miða við erfiðleikana sem fyrir hendi eru vegna greiðslujafnaðar aðilans er beitir þeim og skulu afnumdar í áföngum eftir því sem greiðslujafnaðarstaða aðilans batnar.

6. Aðilar skulu, þegar bráðabirgðaráðstöfunum í viðskiptum er beitt, afgreiða innflutning sem upprunninn er hjá öðrum samningsaðila á kjörum sem eru ekki óhagstæðari en þeir veita við afgreiðslu vara sem upprunnar eru í þriðju löndum og skerða ekki þau hlunnindi samanborið við aðra sem hinum samningsaðilanum er veittur samkvæmt þessum samningi.

7. Bráðabirgðaráðstöfunum, eins og tilgreindar eru í a- og b-lið, skal beitt gagnvart öllum innflutningi nema heimilt er að undanþiggja tiltekinn innflutning ef slíkt leiðir til aukinnar virkni ráðstafananna í þeim tilgangi sem lýst er í 1. mgr.

8. Beita skal takmörkunum í viðskiptum eins og kveðið er á um í 1. mgr. samkvæmt aðferðinni sem mælt er fyrir um í 2.–6. mgr. 23. gr. m.a. með það fyrir augum að athuga hvort beita megi öðrum efnahagsráðstöfunum til að ráða bót á vandkvæðum vegna greiðslujafnaðar er gætu leitt til afnáms bráðabirgðaráðstafana fyrr en ella.

Markverð aukning á ráðstöfunum í viðskiptum getur talist ástæða til að halda samráðsfundi milli aðila. Samkomulag er um að tilkynna erfiðleika vegna greiðslujafnaðar að öðru jöfnu eins og kveðið er á um í 6. mgr. 23. gr.

23. gr.

Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari grein skulu aðilarnir leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum aðilum þar um.

2. Án þess að það brjóti í bága við 6. mgr. þessarar greinar ber aðila, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, að tilkynna hinum aðilunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar upplýsingar sem máli skipta. Aðilarnir skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríkin geta sætt sig við.

3. a) Að því er varðar 17. og 18. gr. skulu aðilarnir sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi viðeigandi aðili ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt hefur verið innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til hennar, er hlutaðeigandi aðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að mæta þeim vanda sem af athæfinu hlýst.

b) Að því er varðar 19., 20., 21. og 22. gr. og ii-lið b-liðar í 5. gr. A II. viðauka skal sameiginlega nefndin rannsaka ástandið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem hlutaðeigandi aðili hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi aðila heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta úr ástandinu.

c) Að því er varðar 16. gr. er hlutaðeigandi aðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana eftir að samráði á vegum sameiginlegu nefndarinnar er lokið eða ef þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið.

4. Skylt er að tilkynna öllum samningsríkjum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu ekki ganga lengra en skaði af völdum umrætts athæfis eða erfiðleika gefur tilefni til. Reynt skal eftir megni að beita þeim ráðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir sem Ísrael grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eða afnema þær eins fljótt og unnt er.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi aðili, í tilvikum sem um ræðir í 18., 19., 20., 21. og 22. gr., gripið strax til varrúðarráðstafana sem brýn þörf er á til að ráða bót á ástandinu. Tilkynna ber sameigin-

legu nefndinni um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli aðilanna sem í hlut eiga innan sameiginlegu nefndarinnar.

24. gr.

Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að aðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:

a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum.

25. gr.

Mismunun

Á þeim sviðum sem samningurinn nær til:

a) skal það fyrirkomulag viðskipta, sem Ísrael viðhefur gagnvart EFTA-ríkjum, ekki valda mismunun milli þeirra ríkja, ríkisborgara þeirra, fyrirtækja eða firma,

b) skal það fyrirkomulag viðskipta, sem EFTA-ríkin viðhafa gagnvart Ísrael ekki valda mismunun milli ríkisborgara Ísraels, fyrirtækja eða firma.

26. gr.

Skipun sameiginlegu nefndarinnar

1. Sameiginleg nefnd er hér með sett á stofn sem skipuð er fulltrúum allra aðila. Sameiginlega nefndin er ábyrg fyrir stjórnun og réttri framkvæmd samningsins.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum og efna til samráðs innan sameiginlegu nefndarinnar að beiðni aðila. Sameiginlega nefndin skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og Ísraels.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt, samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 27. gr., að taka ákvarðanir í málum sem svo er kveðið á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

27. gr.

Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman, skipuð á viðeigandi hátt, eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hver aðili getur farið fram á að fundur verði haldinn.

2. Aðgerðir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi aðila í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg eða lagaleg skilyrði, skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er m.a. kveða á um hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

28. gr.

Þróunarákvæði

1. Þegar aðili telur það til framdráttar efnahag aðilanna að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir það þeim rökstudda beiðni þar um.

Aðilarnir geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og gera tillögur þar að lútandi þegar við á.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðir fullgildingu eða samþykki aðilanna eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

29. gr.

Þjónusta og fjárfesting

1. Aðilarnir viðurkenna að tilteknar atvinnugreinar, m.a. á sviði þjónustu og fjárfestingar, verða æ mikilvægari. Í viðleitni sinni við að þróa og auka samstarf sitt skulu þeir vinna saman að því að auka frjálsræði stig af stigi og opna markaði sína fyrir fjárfestingu og þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af viðeigandi vinnu á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti. Þeim ber að leitast við að erlend fyrirtæki njóti jafnhagstæðra kjara og innlend á landsvæði þeirra, enda sé fullt jafnvægi milli réttinda og skuldbindinga aðilanna.

2. Semja ber um fyrirkomulag á þessari samvinnu innan sameiginlegu nefndarinnar. Samningar, sem kunna að verða gerðir með þessu móti þegar þörf er á, eru háðir fullgildingu eða samþykki aðilanna eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra og skulu gilda innan ramma samnings þessa.

30. gr.

Bókanir og viðaukar

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukum og bókunum.

31. gr.

Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum, fríverslunarsvæðum eða samkomulagi um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna, einkum upprunareglur sem kveðið er á um í samningnum.

32. gr.

Landsvæði þar sem samningur þessi gildir

Samningurinn tekur til landsvæða aðilanna.

33. gr.

Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1993 gagnvart þeim ríkjum sem undirritað hafa samninginn og hafa afhent vörsluaðilanum fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín, að því tilskildu að Ísrael sé meðal þeirra ríkja sem afhent hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu.

2. Ef ríki sem undirritað hefur samninginn afhendir vörsluaðilanum fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín eftir 1. janúar 1993 öðlast samningurinn gildi gagnvart því á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið er afhent til vörslu, að því tilskildu að Ísrael sé meðal þeirra ríkja sem afhent hafa fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu.

3. Sérhverju ríki, sem undirritar samninginn, er heimilt að lýsa yfir þegar við undirritun að það muni beita ákvæðum hans til bráðabirgða í fyrstu, enda þótt hann geti ekki tekið gildi gagnvart því ríki hinn 1. janúar 1993, að því tilskildu að samningurinn hafi öðlast gildi gagnvart Ísrael.

34. gr.

Breytingar

Breytingar við samninginn, að öðru leyti en um getur í 30. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir aðilana til fullgildingar eða samþykkis og öðlast gildi þegar allir aðilar hafa fullgilt eða samþykkt þær. Fullgildingar- eða staðfestingarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

35. gr.
Aðild

1. Sérhvert ríki sem aðild á að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum sem tilgreind kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu til vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

36. gr.
Úrsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhver aðili getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum frá þeim degi er hún berst vörsluaðila.

2. Dragi Ísrael aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríki draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningnum sjálfkrafa niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

37. gr.
Vörsluaðili

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, skal tilkynna öllum ríkjum, sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum, um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins, niðurfellingu hans eða úrsögn aðila.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf, 17. september 1992, í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum ríkjum, sem undirrita samninginn eða gerast aðilar að honum, staðfest afrit hans.

I. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í A-LIÐ 1. MGR. 2. GR.

Vörur í köflum 25 til 97 í samræmdri vörulýsingu- og vöruheitaskrá (ST) sem samningur þessi gildir ekki um þegar þær eru fluttar inn til EFTA-ríkja eftir því sem tilgreint er við hverja vöru.

ST-númer	Vöruliður	Vörulýsing	Undanskilin ef flutt inn til
3501		**Kasín, kasínöt og aðrar kasínafleiður; kasínlím:**	
	3501.10	- Kasín	Liechtensteins, Sviss
		- Annað	
	úr 3501.90	- - Annað en kasínlím	Liechtensteins, Sviss
3502		**Albúmín (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysuprótína sem innihalda miðað við þyngd þurrefnismeira en 80% af mysuprótínum), albúmínöt og aðrar albúmínafleiður:**	
	úr 3502.10	- Eggjaalbúmín:	
		- - Annað en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkja
	úr 3502.90	- Annað:	
		- - Mjólkuralbúmín (laktóalbúmín), annað en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkja
3505		**Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:**	
	úr 3505.10	- Dextrín og önnur umbreytt sterkja:	Austurríkis
		- - Annað en esteruð sterkja og esterar sem ekki eru vatnsleysanlegir	
	3505.20	- Lím	Austurríkis
3809		**Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í spuna-, pappírs- eða leðuriðnaði eða skyldum iðnaði, ót.a.:**	
	3809.10	- Að stofni til úr sterkjukenndum efnum	Austurríkis
		- Annað:	
	úr 3809.91	- - Til nota í textíliðnaði eða skyldum iðnaði	
		- - - Innihalda sterkju eða sterkjuafleiður	Austurríkis
	úr 3809.92	- - Til nota í pappírsiðnaði eða skyldum iðnaði	

		- - - Innihalda sterkju eða sterkjuafleiður	Austurríkis
	úr 3809.93	- - Til nota í leðuriðnaði eða skyldum iðnaði	
		- - - Innihalda sterkju eða sterkjuafleiður	Austurríkis
3823		**Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þ.m.t. blöndur úr náttúrulegum efnum), ót.a.:**	
	úr 3823.10	- Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málm steypukjarna:	
		- - að meginstofni úr sterkju eða dextríni	Austurríkis
	úr 3823.90	- Annað:	
		- - Vörur þar sem heildarinnihald sykurs, sterkju, sterkjuafleiða eða vara sem heyra undir nr. 0401 til 0404 er a.m.k. 30% af þyngd	Austurríkis
4501		**Náttúrulegur korkur, óunninn eða aðeins forunninn; korkúrgangur; brotinn, kurlaður eða malaður korkur**	Austurríkis, Íslands, Svíþjóðar
5301		**Hör, óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)**	Austurríkis, Liechtensteins, Svíþjóðar, Sviss
5302		**Hampur (Cannabis sativa L.), óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hampruddi og hampúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)**	Austurríkis, Liechtensteins, Svíþjóðar, Sviss

BÓKUN A
UM VÖRUR SEM UM GETUR Í B-LIÐ 1. MGR. 2. GR. SAMNINGSINS

1. gr.

Ákvæði samningsins taka til vara sem skráðar eru í töflu I.

2. gr.

1. Einstök EFTA-ríki skulu beita gagnvart vörum frá Ísrael sem skráðar eru í töflum II, III, IV, V og VI þeirri meðferð sem tilgreind er í þeim töflum.

2. Meðferð sem beitt skal af hálfu Íslands er sýnd í töflu VII. Í 1. lista er að finna tolla og í 2. lista fjáröflunartolla. Íslandi er þó heimilt að láta aðrar verðjöfnunarálögur koma í stað þessara tolla í samræmi við 4. gr.

3. gr.

Að því er varðar framleiðsluvörur sem skráðar eru í töflu VIII skal Ísrael veita EFTA-ríkjum þá meðferð sem tilgreind er í þeirri töflu.

4. gr.

1. Til þess að taka megi til greina mismunandi kostnað landbúnaðarhráefnis, sem síðan er notað í vörur sem skráðar eru í töflum II til VI og um getur í 2. gr., þar sem meðferðin er breytilegt gjald, og í töflu VIII sem um getur í 3. gr., þar sem meðferðin er annaðhvort tollfrjáls aðgangur eða breytilegt gjald, útilokar samningurinn ekki:

i) að heimilt sé að leggja hlutfallslegt eða fast jöfnunargjald á innflutning eða taka upp aðrar verðjöfnunarálögur;

ii) að beitt sé ráðstöfunum við útflutning.

2. Verðjöfnunarálögur skulu ekki vera hærri en nemur mismuninum á verði landbúnaðarafurða, sem notaðar eru í umræddri vöru, á innlendum markaði og heimsmarkaðsverði þeirra.

5. gr.

1. EFTA-ríkjum og Ísrael ber að tilkynna um allar verðjöfnunarálögur sem beitt er samkvæmt 2., 3. og 4. gr. þessarar bókunar gagnvart vörum sem skráðar eru í meðfylgjandi töflunum.

2. EFTA-ríkjum og Ísrael er heimilt að senda hvert öðru upplýsingar um vandkvæði er tengjast ráðstöfunum til verðjöfnunar. Sérfræðingar frá EFTA-ríki eða -ríkjum sem í hlut eiga og Ísrael skulu ræða þau vandamál án tafar til að koma í veg fyrir röskun á viðskiptum sem leitt gæti af framkvæmd ráðstafana. Fáist ekki niðurstöður, sem báðir aðilar geta sætt sig við, getur ríki sem í hlut á farið fram á að sameiginlega nefndin komi saman.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að skipa vinnuhóp í samræmi við 5. mgr. 26. gr. samningsins til að vera sér til aðstoðar við að leita viðeigandi lausnar við vandamálið. Nefndin skal skipuð sérfræðingum frá samningsríkjum sem fást við mál sem tengjast verðjöfnunarálögum.

6. gr.

EFTA-ríki og Ísrael skulu endurskoða á tveggja ára fresti þróun viðskipta sín á milli með framleiðsluvörur sem falla undir þennan samning. Endurskoðun skal fara fram í fyrsta sinn fyrir lok 1993. Í ljósi endurskoðananna og með hliðsjón af þróun í viðskiptum milli samningsríkja og Efnahagsbandalags Evrópu á þessu sviði og niðurstöðum Úrúgvæ-viðræðnanna um alþjóðaviðskipti skulu EFTA-ríki og Ísrael ákveða hugsanlegar breytingar á vörum sem falla undir bókunina og breytingar á reglum um jöfnunargjöld.

TAFLA I VIÐ BÓKUN A

ST-númer	Vöruliður	Vörulýsing
1404		**Vörur úr jurtaríkinu, ót. a.:**
	1404.20	- Baðmullardúnn (linters)
1516		**Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki frekar unnið:**
	úr 1516.20	- Jurtafeiti og -olíur og þættir þeirra:
		- - Vetnuð laxerolía, sn. „ópalvax"
1518		**Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516; blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis, úr feiti eða olíum úr dýra- eða jurtaríkinu eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þessa kafla ót.a.**
	úr 1518.00	- Línoxyn

TAFLA VII VIÐ BÓKUN A

ÍSLAND

Listi 1

Íslenskt tollskrárnúmer		Vörulýsing	Tollur %
0403		Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig þykkt eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói:	
		- Jógúrt:	
	0403.1001	- - Kakóblandað	40
	0403.1003	- - Drykkjarjógúrt	40
		- Annað:	
	0403.9001	- - Kakóblandað	40
	0403.9003	- - Drykkjarjógúrt	40
1704		Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakóinnihalds:	
	1704.1000	- Tyggigúmmí, einnig sykurhúðað:	40
		- - Annað:	
	1704.9005	- - Framleiðsla úr akasíulími (gum Arabic)	40
	1704.9009	- Annað	40
1806		Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakó:	
		- Önnur framleiðsla í blokkum eða stöngum sem vega meira en 2 kg, eða er lögur, deig, duft, korn eða annað form í umbúð um sem innihalda meira en 2 kg:	
	1806.2009	- - Annað	40
		- Annað, í blokkum, plötum eða stöngum:	
	1806.3100	- - Fyllt	40
		- - Ekki fyllt	
	1806.3201	- - - Bökunarsúkkulaði í blokkum, plötum eða stöngum, sem inniheldur einungis kakóbaunir, sykur og 30% kakósmjör eða minna	40
	1806.3209	- - - Annað	40
		- Annað:	
	1806.9002	- - Fæða sérstaklega tilreidd fyrir sjúka	40
	1806.9003	- - Páskaegg	40
	1806.9009	- - Annað	40

1901		Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 50% miðað við þyngd, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þyngd, ót.a.:	
	úr 1901.9000	- - Annað	
		- - Maltkjarni	20
1905		Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakói; altarisbrauð; lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:	
	1905.1000	- Hrökkbrauð	32
	1905.2000	- Piparkökur og þess háttar	32
		- Sætakex; vöfflur og kexþynnur:	
		- - Húðað eða hjúpað með súkkulaði eða með massa sem inniheldur kakó:	
	1905.3011	- - - Sætakex	32
	1905.3019	- - - Annað	32
		- - Annað:	
	1905.3091	- - - Sætakex	32
	1905.3099	- - - Annað	32
	1905.4000	- Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur	32
2101		Kjarnar, kraftur og seyði úr kaffi, tei og matéi og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei og matéi; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarnar, kraftur og seyði úr þeim:	
	2101.3000	- - Brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarnar, kraftur og seyði úr þeim	28
2102		Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft:	
	2102.1000	- Lifandi ger	32
		- Dautt ger; aðrar einfruma örverur, dauðar:	
	2102.2001	- - Dautt ger	32
	2102.3001	- Unnið bökunarduft	40
	og 2102.3009		
2104		Súpur og seyði og framleiðsla í þau; jafnblönduð samsett matvæli:	
	úr 2104.1004	- Súpur og seyði og framleiðsla í þau, að undanskildu súpudufti	
	og 2104.1009	í 5 kg umbúðum eða stærri	40

2106		Matvæli ót.a:	
		- Annað:	
	2106.9031 og 2106.9039	- - Duft til eftirréttargerðar	40
2202		Vatn, þ.m.t. ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:	
		- Vatn, þ.m.t. ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbæti:	
	2202.1001	- - Kolsýrðar drykkjarvörur	40
	2202.1009	- - Annað:	40
		- Annað:	
	2202.9001	- - Mjólkurvörur blandaðar öðrum efnum, að því tilskildu að mjólkurvörur séu 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða	40
	2202.9009	- - Annað	40
2203		Öl gert úr malti:	
	2203.0001	- Maltöl og annað gerjað öl með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	40
	2203.0009	- Annað	40
3501		Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður, kaseínlím:	
	3501.1000	- Kaseín	12
	3501.9000	- Annað	12
3506		Unnið lím og önnur heftiefni, ót.a.; vörur nothæfar sem lím eða heftiefni, umbúnar til smásölu sem lím eða heftiefni í umbúðum að nettóþyngd 1 kg eða minni:	
	3506.1000	- Vörur nothæfar sem lím eða heftiefni, ót.a., umbúnar til smásölu sem lím eða heftiefni í umbúðum að nettóþyngd 1 kg eða minni:	6
		- Annað:	
	3506.9100	- - Heftiefni að meginstofni til úr gúmmí eða plasti (þar með talið gervikvoðuefni)	12
	3506.9900	- - Annað	12

Listi 2

Íslenskt tollskrárnúmer		Vörulýsing	Tollur %
1702		Annar sykur, að meðtöldum kemískt hreinum laktósa, maltósa, glúkósa og frúktósa, í föstu formi; sykursíróp án bragð- og litarefna; gervihunang, hvort sem það er blandað náttúrulegu hunangi eða ekki; karamel:	
	1702.5000	- Kemískt hreinn frúktósi	18
		- Annað, þ.m.t. einsykrur	
	1702.9004	- - Kemískt hreinn maltósi	18
1901		Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 50% miðað við þyngd, ót. a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þyngd, ót.a.:	
	úr 1901.1000	- Barnamatur, í smásöluumbúðum, að undanskildu maltkjarna og vörum sem heyra undir nr. 0401 til 0404 sem innihalda innan við 10% kakó:	
		- - Matvæli úr vörum sem heyra undir nr. 0401 til 0404 og innihalda ekki kakó	100
		- - Annað	50
	úr 1901.2000	- Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum maltkjarna og vörum sem heyra undir nr. 0401 til 0404 og innihalda innan við 10% kakó:	
		- - Matvæli úr vörum í nr. 0401 til 0404 og innihalda ekki kakó	100
		- - Annað	50
	úr 1901.9000	- Annað, að undanskildum maltkjarna og vörum í nr. 0401 til 0404 og innihalda innan við 10% kakó:	50
		- - Duft til eftirréttargerðar	100
		- - Matvæli úr vörum í nr. 0401 til 0404 og innihalda ekki kakó	100
		- - Annað	50
1902		Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóni; kúskús, einnig unnið:	
		- Ósoðin pasta, hvorki fyllt né unnin á annan hátt:	
	1902.1100	- - Með eggjainnihaldi	60
	1902.1900	- - Annað	60
		- Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:	
	1902.2009	- - Annað	100

	1902.3000	- - Önnur pasta	100
		- Kúskús:	
	1902.4001	- - Soðið	100
	1902.4009	- - Annað	60
1903		Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd:	
	1903.0001	- Í smásöluumbúðum 5 kg eða minni að þyngd	20
	1903.0009	- Annað	20
1904		Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (til dæmis kornflögum); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:	
	1904.1000	- Tilreidd matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum	50
	1904.9000	- Annað	50
2001		Grænmeti, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða edikssýru: -Annað	
	úr 2001.9009	- - Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	60
2005		Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða edikssýru, ófrosnar:	
		- Ertur (Pisum sativum):	
	úr 2005.4000	- - Framleiðsla úr ertum eingöngu	50
		- Belgaldin (Vigna spp., phaseolus spp.):	
	úr 2005.5900	- - Annað:	
		- - - Framleiðsla að stofni til úr baunamjöli eingöngu	50
	2005.8000	- Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	60
		- Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:	
	úr 2005.9000	- - Matjurtablöndur að meginstofni til úr kartöfluflögum	100
	úr 2005.9000	- - Matjurtablöndur að meginstofni til úr matjurtamjöli	50
2008		Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða áfengi, ót.a.:	
		- Annað, að meðtöldum blöndum öðrum en þeim í nr. 2008.19:	
	2008.9100	- - Pálmakjarnar	100
		- - Annað:	
	úr 2008.9909	- - - Aðrir ætir plöntuhlutar, ót.a.:	100
2101		Kjarnar, kraftur og seyði úr kaffi, tei og matéi og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei og matéi; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og	

		kjarnar, kraftur og seyði úr þeim:	
		- Kjarnar, kraftur og seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessu eða að stofni til úr kaffi:	
	2101.1001	- - Kaffiþykkni sem inniheldur blöndur úr möluðu brenndu kaffi, ásamt matjurtafeiti og stundum öðrum efnum	100
		- Kjarnar, kraftur og seyði úr tei eða matéi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða matéi:	
	2101.2001	- - Blöndur úr tilreiddu tei með mjólkurdufti og sykri	100
2103		Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, og unnið sinnep	
		- Annað:	
	2103.9001	- - Matjurtasósur sem aðallega innihalda mjöl, sterkju eða maltkjarna	50
2104		Súpur og seyði og framleiðsla í þau; jafnblönduð samsett matvæli:	
		- Súpur og seyði og framleiðsla í þau:	
	2104.1001	- - Tilræddar matjurtasúpur aðallega úr mjöli, sterkju eða maltkjarna	50
2106		Matvæli ót.a.:	
	2106.1000	- Prótínseyði og textúruð prótínefni	100
		- Annað:	
		- - Ávaxtasafi tilreiddur og blandaður umfram það sem tilgreint er í nr. 2009:	
	2106.9011	- - - Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri	50
	2106.9019	- - - Annað	50
		- - Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	
	2106.9021	- - - Áfengislaus efni (vatnssneyddir kjarnar)	30
	2106.9022	- - - Síróp með bragð- og litarefnum	100
úr	2106.9029	- - - Neyðarmatvæli, að því tilskildu að á umbúðunum sé greint frá séreðli þeirra á skýran hátt	20
úr	2106.9029	- - - Matvæli fyrir sykursjúka, að því tilskildu að á umbúðunum sé greint frá séreðli þeirra á skýran hátt	50
	2106.9029	- - - Annað	100
	2106.9041	- - Sælgæti sem innniheldur hvorki sykur né kakó	100
	2106.9042	- - Ávaxtasúpur og -grautar	100
úr	2204	Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í nr. 2009:	
		- Annað vín; þrúguþykkni sem gerjun hefur verið hindruð eða stöðvuð í með íblöndun alkóhóls:	

		- - Í tveggja lítra umbúðum eða minna:	
	2204.2101	- - - Þrúguþykkni blandað vínanda	20
		- - Annað	
	2204.2901	- - - Þrúguþykkni blandað vínanda	20
2205		Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum:	
	2205.1000	- Í tveggja lítra umbúðum eða minna:	20
	2205.9000	- Annað	20
2208		Ómengað etýlakóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; brennd vín, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:	
		- Áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:	
	2208.1001	- - Sem í er meira en 2,25% af vínanda	20
	2208.1009	- - Annað	20
		- Áfengir drykkir eimaðir úr þrúguvíni eða þrúguhrati:	
	2208.2001	- - Koníak	20
	2208.2009	- - Annað	20
	2208.3000	- Viskí	20
	2208.4000	- Romm og tafía	20
		- Gin og genever:	
	2208.5001	- - Gin	20
	2208.5002	- - Genever	20
		- Annað:	
	2208.9001	- - Sem í er meira en 2,25% af vínanda:	
		- - Ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál	25
		- - Annað	20
	2208.9002	- - Brennivín	20
	2208.9003	- - Vodka	20
	2208.9004	- - Líkjör	20
	2208.9009	- - Annað	20
úr 2520		Gips; anhýdrít; gipsefni (úr brenndu gipsi eða kalsíumsúlfati), einnig litað, með eða án hvata eða lata í litlu magni:	
		- Gipsefni:	
	2520.2001	- - Gipsefni sérstaklega framleitt til tannsmíða eða tannlækninga	50
2839		Siliköt; alkalímálmsiliköt sem verslunarvara:	
	úr 2839.9000	- Annað; að undanskildum alkalímálmsilikötum (litíum-, rúbidíum-, sesíum- og fransíumsilikötum)	50

2905		Raðtengd alkóhól og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
		- Mettuð einhýdrísk alkóhól:	
	2905.1200	- - Própan-1-ól (própýlalkóhól) og própan-2-ól (ísóprópýlalkóhól)	18
	2905.1300	- - Bútan-1-ól (n-bútýlalkóhól)	18
	2905.1400	- - Önnur bútanól	18
	2905.1500	- - Pentanól (amýlalkóhól) og myndbrigði þess	18
	2905.1600	- - Oktanól (oktýlalkóhól) og myndbrigði þess	18
	2905.1700	- - Dódekan-1-ól (lárýlalkóhól), hexadekan-1-ól (setýlalkóhól) og oktadekan-1-ól (sterýlalkóhól)	18
	2905.1900	- - Önnur	18
		- Ómettuð einhýdrísk alkóhól:	
	2905.2100	- - Allýlalkóhól	18
	2905.2200	- - Raðtengd terpenalkóhól	18
	2905.2900	- - Önnur	18
		- Díól:	
	2905.3200	- - Própýlenglýkól (própan-1,2-díól)	18
	2905.3900	- - Önnur	18
		- Önnur fjölhýdrísk alkóhól:	
	2905.4100	- - 2-Etýl-2-(hýdroxýmetýl) própan-1,3-díól (trímetýlólprópan)	18
	2905.4200	- - Pentaerýþrítól	18
	2905.4300	- - Mannitól	18
	2905.4400	- - D-glúkítól (sorbitól)	18
	2905.4900	- - Annað	18
	2905.5000	- Halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður raðtengdra alkóhóla	18
2911	2911.0000	Asetöl og hemiasetöl, einnig með annarri súrefnisvirkni, og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	18
2915		Mettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
		- Maurasýra, sölt hennar og esterar:	
	2915.1200	- - Sölt maurasýru	18
	2915.1300	- - Esterar maurasýru	18
		- Ediksýra og sölt hennar; ísedik (acetic anhydride):	
	2915.2100	- - Ediksýra	18
	2915.2200	- - Natríumasetat	18
	2915.2300	- - Kóbaltasetat	18
	2915.2400	- - Ísedik	18
	2915.2900	- - Annað	18
		- Esterar ediksýru:	
	2915.3100	- - Etýlasetat	18
	2915.3200	- - Vínýlasetat	18

	2915.3300	- - N-bútýlasetat	18
	2915.3400	- - Ísóbútýlasetat	18
	2915.3500	- - 2-Etoxýetýlasetat	18
	2915.3900	- - Annað	18
	2915.4000	- Mónó-, dí-, eða tríklórediksýrur, sölt og esterar þeirra	18
	2915.5000	- Própíonsýra, sölt og esterar hennar	18
	2915.6000	- Bútansýrur (smjörsýrur), valerínsýrur og sölt og esterar þeirra	18
	2915.7000	- Palmitínsýra, sterínsýra, og sölt og estera þeirra	18
	2915.9000	- Annað	18
2916		Ómettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur, hringliða mónókarboxýlsýrur, einnig anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
		- Ómettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
	2916.1100	- - Akrýlsýra og sölt hennar	18
	2916.1200	- - Esterar akrýlsýru	18
	2916.1300	- - Metakrýlsýra og sölt hennar	18
	2916.1400	- - Esterar metakrýlsýru	18
	2916.1500	- - Olíu-, línól- eða línólensýrur, og sölt og esterar þeirra	18
	2916.1900	- - Annað	18
	2916.2000	- Sýklan-, sýklen- eða sýklóterpenmónókarboxýlsýrur, anhýdríð þeirra, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	18
		- Arómatískar mónókarbóxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
	2916.3100	- - Bensósýra, sölt og esterar hennar	18
	2916.3200	- - Bensóýlperoxíð og bensóýlklóríð	18
	2916.3300	- - Fenýlediksýra, sölt og esterar hennar	18
	2916.3900	- - Annað	18
2917		Pólýkarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
		- Raðtengdar pólýkarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
	2917.1100	- - Oxalsýra, sölt og esterar hennar	18
	2917.1200	- - Adipsýra, sölt og esterar hennar	18
	2917.1300	- - Azelasýra, sölt og esterar hennar	18
	2917.1400	- - Malínanhýdríð	18
	2917.1900	- - Annað	18
	2917.2000	- Sýklan-, sýklen- eða sýklóterpenmónókarboxýlsýrur, anhýdríð þeirra, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	18
		- Arómatískar mónokarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
	2917.3100	- - Tvíbútýl ortoftalöt	18

	2917.3200	- - Tvíoctýl ortoftalöt	18
	2917.3300	- - Tvínónýl eða tvídecýl ortoftalöt	18
	2917.3400	- - Aðrir esterar ortoftalsýru	18
	2917.3500	- - Ftalanhýdríð	18
	2917.3600	- - Tereftalsýra og sölt hennar	18
	2917.3700	- - Tvímetýltereftxalat	18
	2917.3900	- - Annað	18
2918		Karboxýlsýrur með aukasúrefnisvirkni og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
		- Karboxýlsýrur með alkóhólvirkni, anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
	2918.1100	- - Mjólkursýra, sölt og esterar hennar	18
	2918.1200	- - Vínsýra	18
	2918.1300	- - Sölt og esterar vínsýru	18
	2918.1400	- - Sítrónsýra	18
	2918.1500	- - Sölt og esterar sítrónsýru	18
	2918.1600	- - Glúkónsýra, sölt og esterar hennar	18
	2918.1700	- - Fenýlglýkólsýra (möndlusýra), sölt og esterar hennar	18
	2918.1900	- - Annað	18
		- Karboxýlsýrur með fenólvirkni en án annarrar súrefnisvirkni, anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
	2918.2100	- - Salisýlsýra og sölt hennar	18
	2918.2200	- - O-asetýlsalisýlsýra, sölt og esterar hennar	18
	2918.2300	- - Aðrir esterar salisýlsýru og sölt þeirra	18
	2918.2900	- - Annað	18
	2918.3000	- Karboxýlsýrur með aldehýð- eða ketónvirkni en án annarrar súrefnisvirkni, anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra	18
	2918.9000	- Annað	18
2932		Heteróhringliðasambönd einungis með súrefnisheterófrumeindum:	
		- Sambönd með ósamrunninn fúranhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2932.1100	- - Tetróhýdrófúran	18
	2932.1200	- - 2-Fúraldehýð (fúrfúraldehýð)	18
	2932.1300	- - Fúrfúrýlalkóhól og tetrahýdrófúrfúrýlalkóhól	18
	2932.1900	- - Annað	18
		- Laktón	
	2932.2100	- - Kúmarin, metýlkúmarin og etýlkúmarin	18
	2932.2900	- - Önnur laktón	18
	2932.9000	- Annað	18

2933		Heteróhringliðasambönd einungis með köfnunarefnisheterófrumeindum; kjarnasýrur og sölt þeirra:	
		- Sambönd með ósamrunninn pýrasólhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.1100	- - Fenasón (antipyrin) og afleiður þess	18
	2933.1900	- - Önnur	18
		- Sambönd með ósamrunninn imíðasólhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.2900	- - Önnur	18
		- Sambönd með ósamrunninn pýridínhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.3100	- - Pýridín og sölt þess	18
	2933.3900	- - Önnur	18
	2933.4000	- Sambönd með kínólín eða ísókínólín hringjakerfi í byggingu sinni (einnig afoxað), en ekki frekar samrunnið	18
		- Sambönd með pýridínhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan) eða píperasínhring í byggingu sinni; kjarnasýrur og sölt þeirra:	
	2933.5900	- - Annað	18
		- Sambönd með ósamrunninn þríasínhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.6100	- - Melamín	18
	2933.6900	- - Önnur	18
		- Laktöm	
	2933.7100	- - 6-Hexanlaktam (epsilon-kaprólaktam)	18
	2933.7900	- - Önnur laktöm	18
	2933.9000	- Annað	18
2934		Önnur heteróhringliðasambönd;	
	2934.1000	- Sambönd með ósamrunninn þíasólhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan)	18
	2934.2000	- Sambönd með bensóþíasólhringjakerfi (einnig afoxað), en ekki frekar samrunnið	18
	2934.3000	- Sambönd með fenóþíasínhringjakerfi (einnig afoxað), en ekki frekar samrunnið	18
	2934.9000	- Annað	18
2940	2940.0000	Sykrur, kemískt hreinar, þó ekki súkrósi, maltósi, glúkósi eða frúktósi; sykrueterar og sykruesterar og sölt þeirra, þó ekki vörur í nr. 2937-2939	18
úr 2941		Antibíótíka:	
	2941.1000	- Penisillín og afleiður þeirra með byggingu penisillínsýru; sölt þeirra	10

	2941.2000	- Streptómýsín og afleiður þeirra; sölt þeirra	10
	2941.3000	- Tetrasýklín og afleiður þeirra; sölt þeirra	10
	2941.4000	- Klóramfeníkól og afleiður þess; sölt þeirra	10
	2941.5000	- Erýtrómýsín og afleiður þess; sölt þeirra	10
	2941.9000	- Annað	10
3006		Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 3. athugasemd við þennan kafla:	
		- Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:	
	3006.4002	- - Silfuramalgam til tannfyllinga	50
	úr 3006.6000	- Kemísk getnaðarvarnarefni að stofni til úr hormónum eða sæðiseyði:	
		- - Kemísk getnaðarvarnarefni að stofni til úr hormónum	50
3403		Smurefni (þar með talin skurðarolíuefni, leysiefni fyrir bolta og rær, ryðvarnar- eða tæringarvarnarefni og mótaleysiefni að meginstofni úr smurefnum) og framleiðsla notuð við olíu- og fitumeðferð textílefna, leðurs, loðskinna eða annarra efna, þó ekki framleiðsla sem inniheldur sem meginefni 70% eða meira miðað við þyngd af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum:	
		- Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum:	
	úr 3403.1100	- - Framleiðsla notuð við meðferð á textílefni, leðri, loðskinnum eða öðrum efnum:	
		- - - Vatnsdreifanleg smurefni notuð við meðferð á textílefni sem innihalda hátt hlutfall efna með yfirborðsvirkni auk annarra efna	50
		- - Annað:	
	3403.1901	- - - Ryðvarnar- eða tæringarvarnarefni að stofni til úr lanólín sem eru leyst upp í lakkbensíni og innihalda jafnvel 70% lakkbensín eða meira miðað við þyngd	50
3407		Mótunarefni, þar með talin mótunarefni fyrir börn til dægradvalar; framleiðsla sem nefnd er tannvax (dental wax) eða tannmátefni (dental impression compounds), í vörusamstæðum, í smásöluumbúðum eða í plötum, skeifulaga, staflaga eða í áþekkri mynd; önnur framleiðsla til nota við tannlækningar, að meginstofni úr gipsefnum (úr brenndu gipsi eða kalsíumsúlfati):	
	3407.0001	- Blönduð mótunarefni til tannsmíða eða tannlækninga, að stofni til úr gipssementi	50
3505		Dextrín og önnur umbreytt sterkja (til dæmis forhlaups- eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða	

		annarri umbreyttri sterkju:	
	3505.1000	- Dextrín og önnur umbreytt sterkja	25
	3505.2000	- Lím	25
3801		Gervigrafít; hlaupkennt eða hálfhlaupkennt grafít; framleiðsla að meginstofni úr grafíti eða öðru kolefni, sem deig, blokkir, plötur eða hálfunnið að öðru leyti:	
	úr 3801.2000	- Hlaupkennt eða hálfhlaupkennt grafít:	
		- - Hlaupkennt grafít í olíusviflausn og hálfhlaupkennt grafít	50
	úr 3801.3000	- Kolefniskennt deig í rafskaut og áþekkt deig í ofnklæðningu, að frátöldu kolefni í kolefnisbursta	50
		- Annað:	
	úr 3801.9000	- - Grafít eða önnur kolefni blandað olíu, sem deig	50
3804	3804.0000	Úrgangslútur frá framleiðslu viðardeigs, einnig kjarnaður, sykursneyddur eða kemískt meðhöndlaður, þar með talin lignínsúlfónöt, þó ekki tallolía í nr. 3803 eða styrktur súlfítlútur	50
3805		Gúmkvoðu-, viðar- eða súlfatterpentína og aðrar terpenolíur framleiddar úr viði barrtrjáa með eimingu eða annarri aðferð; óhreinsað dípenten; súlfítterpentína og önnur óhreinsuð parakýmen; furuolía sem að meginstofni inniheldur alfaterpenól:	
	úr 3805.9000	- Annað:	
		- - Óhreinsað parakýmen annað en súlfítterpentína	50
3809		Áferðar- og íburðarefni, litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í textíl-, pappírs- eða leðuriðnaði eða skyldum iðnaði, ót.a.	
		- Að stofni til úr sterkjukenndum efnum:	
	úr 3809.1000	- - Aukablöndur	50
	úr 3809.1000	- - Annað	25
		- Annað:	
		- - Til nota í textíliðnaði:	
	úr 3809.9100	- - - Aukablöndur	50
	úr 3809.9100	- - - Annað	25
		- - Til nota í pappírsiðnaði:	
	úr 3809.9201	- - - Aukablöndur	50
	úr 3809.9201	- - - Annað	25
		- - Til nota í leðuriðnaði eða skyldum iðnaði:	
	úr 3809.9309	- - - Aukablöndur	50
	úr 3809.9309	- - - Annað	25
3811		Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpixtálmi, smurbætiefni,	

		tæringarvarnarefni og önnur tilbúin íblöndunarefni fyrir jarðolíur (þar með talið bensín) eða fyrir aðra vökva sem notaðir eru í sama tilgangi og jarðolía:	
		- Efni til varnar vélabanki:	
	úr 3811.1100	- - Að stofni til úr blýsamböndum, að frátöldu efni fyrir stein efnaolíur, einnig bensín	50
	úr 3811.1900	- - Annað, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur, einnig bensín	50
		- Íblöndunarefni fyrir smurolíur:	
	úr 3811.2100	- - Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur	50
	úr 3811.2900	- - Annað, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur	50
	úr 3811.9000	- Annað, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur, einnig bensín	50
3812		Unnir gúmmíhvatar (rubber accelerators); samsett mýkiefni fyrir gúmmí eða plast, ót.a.; mótoxunarefni og önnur samsett varðveisluefni (stabilizers) fyrir gúmmí eða plast:	
	3812.2000	- Samsett mýkiefni fyrir gúmmí eða plast	50
	3812.3000	- Mótoxunarefni og önnur samsett varðveisluefni fyrir gúmmí eða plast	50
3817		Blönduð alkýlbensen og blönduð alkýlnaftalín, þó ekki þau sem eru í nr. 2707 eða 2902:	
	3817.1000	- Blönduð alkýlbensen	50
	3817.2000	- Blönduð alkýlnaftalín	50
3818	3818.0000	Kemísk frumefni efnabætt til nota í rafeindatækni, sem diskar, þynnur eða í áþekku formi; kemísk sambönd efnabætt til nota í rafeindatækni	50
3823		Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðals kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum), ót.a.; úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar, ót.a.:	
	3823.1000	- Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna, að frátöldum málmsteypukjörnum sem eru að stofni til úr náttúrulegum kvoðuefnum	50
	3823.3000	- Ómótuð málmkarbít sem blandað hefur verið saman eða eru með málmbindiefni	50
	3823.5000	- Óeldfast steinlím og steinsteypa	50
	3823.6000	- Sorbitól, annað en í nr. 2905.44	50
		- Annað:	
	úr 3823.9001	- - Hráefni eða hjálparefni til iðnaðarvöruframleiðslu, ót.a., að frátöldum ýruefnum og efnum til sútunar	50
	3823.9002	- - Samsettur herðir	50

	3823.9003	- - Ólífræn upplausnarefni og þynnar	50
	3823.9004	- - Ryðvarnarefni	50
	3823.9005	- - Kælimiðlar	50
	3823.9006	- - Úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar, ót.a.	50
	3823.9009	- - Annað	50
úr 3919		Sjálflímandi plötur, blöð, filmur, himnur, bönd, ræmur og annað flatt, úr plasti, einnig í rúllum, framleiddu með fjölliðun eða samfjölliðun (t.d. pólýetýleni, pólýtetrahalóetýleni, pólýísóbútýleni, pólýstýreni, pólývínýlklóríð, pólývínýlasetati, pólývínýlklórasetati og öðrum afleiðum pólývínýlklóríðs, afleiðum pólýakrýlats og pólýmetýlakrýlats, kúmenarónindenkvoðuefni):	
		- Annað:	
	3919.9001	- - Vegg- og loftklæðning	40
	3919.9009	- - Annað	40
úr 3919		Sjálflímandi plötur, blöð, filmur, himnur, bönd, ræmur og annað flatt, úr plasti, einnig í rúllum, úr öðrum háfjölliðaefnum, gervikvoðuefnum og gerviplasti, t.d. algínsýru, söltum hennar og esterum; linoxýn:	
		- Annað:	
	3919.9001	- - Vegg- og loftklæðning	30
	3919.9009	- - Annað	30
úr 3920		Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti, ekki með holrúmi, styrkingu, lagskiptingu, undirlagi eða á hliðstæðan hátt samansett öðrum efnum, framleiddu með fjölliðun eða samfjölliðun (t.d. pólýetýleni, pólýtetrahalóetýleni, pólýísóbútýleni, pólýstýreni, pólývínýlklóríð, pólývínýlasetati, pólývínýlklórasetati og öðrum afleiðum pólývínýlklóríðs, afleiðum pólýakrýlats og pólýmetýlakrýlats, kúmenarónindenkvoðuefni), að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	40
úr 3920		Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti, ekki með holrúmi, styrkingu, lagskiptingu, undirlagi eða á hliðstæðan hátt samansett öðrum efnum, úr öðrum háfjölliðaefnum, gervikvoðuefnum og gerviplasti, t.d. algínsýru, söltum hennar og esterum; linoxýn að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	30
úr 3921		Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti, ekki með	

	holrúmi, styrkingu, lagskiptingu, undirlagi eða á hliðstæðan hátt samansett öðrum efnum, framleiddu með fjölliðun eða samfljölliðun (t.d. pólýetýleni, pólýtetrahalóetýleni, pólýísóbútýleni, pólýstýreni, pólývínýlklóríð, pólývínýlasetati, pólývínýlklórasetati og öðrum afleiðum pólývínýlklóríðs, afleiðum pólýakrýlats og pólýmetýlakrýlats, kúmenarónindenkvoðuefni), að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	40
úr 3921		
	Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti úr öðrum háfjölliðaefnum, gervikvoðuefnum og gerviplasti, t.d. algínsýru, söltum hennar og esterum; linoxýn, að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	30

TAFLA VIII VIÐ BÓKUN A

ÍSRAEL

Flokkur	ST-númer - Ísraelskt tollskrárnúmer		Vörulýsing	Gjald*
0901			**Kaffi, einnig brennt eða koffínsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki sem inniheldur eitthvað af kaffi:**	
			- Kaffi, óbrennt:	
	úr	0901.11	- - Ekki koffínsneytt	
		20	- - - Annað (ekki malað)	Frjálst
	úr	0901.12	- - Koffínsneytt	
		20	- - - Annað (ekki malað)	Frjálst
			- Kaffi, brennt:	
		0901.21	- - Ekki koffínsneytt	Frjálst
		0901.22	- - Koffínsneytt	Frjálst
	úr	0901.30	- Kaffiskurn og kaffihýði:	
		20	- - Annað (hvorki brennt né malað)	Frjálst
	úr	0901.40	- Kaffilíki sem inniheldur kaffi:	
		20	- - Annað (hvorki brennt né malað)	Frjálst
0902			**Te, einnig bragðbætt:**	
		0902.10	- Grænt te (ógerjað) í skyndiumbúðum sem innihalda ekki meira en 3 kg	Frjálst
		0902.20	- Annað grænt te (ógerjað)	Frjálst
		0902.30	- Svart te (gerjað) og te gerjað að hluta, í skyndiumbúðum sem innihalda ekki meira en 3 kg	Frjálst
		0902.40	- Annað svart te (gerjað) og annað te gerjað að hluta	Frjálst

---

* Frjálst = Engum verðjöfnunaraðgerðum er beitt, en heimilt er að koma þeim á

Breytilegt = Breytilegt gjald (Variable levy)

Flokkur	ST-númer - Ísraelskt toll-skrárnúmer	Vörulýsing	Gjald
0903	0903.00	**Maté**	Frjálst
1102		**Mjöl úr korni, fínmalað, annað en úr hveiti eða meslíni:**	
	1102.10	- Rúgmjöl	Frjálst
1103		**Klíðislaust korn, mjöl og kögglar:**	
		- Klíðislaust korn og mjöl:	
	1103.13	- - Úr maís	Frjálst
		- Kögglar:	
	1103.29	- - Úr öðru korni	Frjálst
1107		**Malt, einnig brennt**	Frjálst
1517		**Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:**	
	1517.10	- Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki	Breytilegt
1518	1518.00	**Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516; blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis, úr feiti eða olíum dýra- eða jurtaríkisins eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þessa kafla, ót.a.**	
	úr 1518.00	- Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516:	
		12 - - Olíur með epoxýhóp í samböndum þeirra	Frjálst
		13 - - Línolía	Frjálst
1519		**Einbasískar karboxyfitusýrur frá iðnaði; sýruolíur frá hreinsun; feitialkóhól frá iðnaði**	
	1519.20	- Feitialkóhól frá iðnaði	Frjálst
1520		**Glýseról (glýserín), einnig hreint; glýserólvatn og glýserollútur**	Frjálst
1521		**Jurtavax (annað en tríglýseríð), býflugnavax, annað skordýravax og hvalaraf, einnig hreinsað eða litað**	Frjálst

1701			**Reyr- eða rófusykur og kemískt hreinn súkrósi, í föstu formi**	
			- Hrár sykur sem inniheldur hvorki viðbætt bragðefni né litarefni:	
	1701.11		- - Reyrsykur	Frjálst
	1701.12		- - Rófusykur	Frjálst
			- Annað:	
	1701.91		- - Sem inniheldur viðbætt bragðefni eða litarefni	Frjálst
	úr 1701.99		- - Annað:	
		90	- - - Annað (þó ekki molasykur eða steinsykur (kandís) sem flokkast ekki í nr. 1701.91)	Frjálst
1702			**Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; hunangslíki, einnig blandað náttúrulegu hunangi; karamel**	
	1702.10		- Laktósi og laktósasíróp	Frjálst
	1702.20		- Hlynsykur og hlynsíróp	Frjálst
	1702.50		- Kemískt hreinn frúktósi	Frjálst
	1702.60		- Annar frúktósi og frúktósasíróp sem inniheldur sem þurrefni meira en 50% af frúktósa miðað við þunga	Frjálst
	úr 1702.90		- Annað, þar með taldar einsykrur (invert sugar):	
		10	- - Hunangslíki	Frjálst
		30	- - Þurrefni sem inniheldur auka bragð- eða litarefni	Frjálst
		40	- - Kemískt hreinn maltósi	Frjálst
1703			**Melassi unninn með kjörnun eða hreinsun sykurs**	Frjálst
1704			**Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakóinnihalds**	
	1704.10		- Tyggigúmmí, einnig sykurhúðað:	
		10	- - Sem inniheldur 10% eða meira gúmmíkjarna miðað við þyngd	Frjálst
		90	- - Annað	0,11 Is/kg
	1704.90		- Annað:	
		10	- - Halva	Frjálst
		31	- - Sykurhúðaðar möndlur eða valhnetur	Frjálst
		32	- - Hvítt súkkulaði	Frjálst
		33	- - Sykurhúðaðar kornflögur	Frjálst
		39	- - Annað	0,11 Is/kg
1801			**Kakóbaunir, heilar eða muldar, hráar eða brenndar**	Frjálst
1802			**Kakóskurn, kakóhýði, kakóskæni og annar kakóúrgangur**	Frjálst
1803			**Kakódeig, einnig fitusneytt**	Frjálst

1804		**Kakósmjör, kakófeiti og kakóolía**	Frjálst
1805		**Kakóduft, án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna**	Frjálst
1806		**Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakó**	Frjálst
1901		**Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakóduft eða inniheldur kakó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401-0404 sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:**	
	1901.10	- Barnamatur, í smásöluumbúðum:	
	10	- - Sérfæði úr sojamjöli, sem inniheldur sojaolíu eða aðra olíu, kolvetni og sölt; sérfæði að stofni til úr glútenlausu mjöli	Frjálst
	20	- - Aðrar framleiðsluvörur úr mjöli, sterkju eða maltkjarna	10%
	30	- - Matvæli úr vörum í nr. 0401 til 0404 sem innihalda kakó	Frjálst
	90	- - Matvæli úr öðrum vörum í nr. 0401 til 0404	Frjálst
	1901.20	- Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905:	
	10	- - Úr fín- eða grófmöluðu mjöli, sterkju eða maltkjarna	10%
	20	- - Önnur, sem innihalda kakó	Frjálst
	90	- - Annað	Frjálst
	1901.90	- Annað	
	10	- - Sérfæði úr sojamjöli, sem inniheldur sojaolíu eða aðra olíu, kolvetni og sölt; sérfæði að stofni til úr glútenlausu mjöli	Frjálst
	20	- - Maltkjarni	Frjálst
	30	- - Úr fín- eða grófmöluðu mjöli, sterkju eða maltkjarna	10%
	40	- - Annað, sem inniheldur kakó	Frjálst
	90	- - Annað	Frjálst
1902		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; kúskús, einnig unnið**	
		- Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt:	
	1902.11	- - Með eggjainnihaldi	Breytilegt
	1902.19	- - Annað	Breytilegt
úr	1902.20	- Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:	Breytilegt
	90	- - Með fyllingu úr öðrum efnum en kjöti, fiski, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra, kröbbum og skeldýrum	Breytilegt
	1902.30	- Önnur pasta	Breytilegt
	1902.40	- Kúskús	Breytilegt
1904		**Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt**	

	1904.10	- Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum:	
		10 - - Sem innihalda kakó	Frjálst
		90 - - Annað	10%
	1904.90	- Annað	Frjálst
1905		**Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur**	
	1905.10	- Hrökkbrauð	10%
	1905.20	- Piparkökur og þess háttar:	
		10 - - Ætlað sykursjúkum	Frjálst
		90 - - Annað	Breytilegt
	1905.30	- Sætakex; vöfflur og kexþynnur	Breytilegt
	1905.40	- Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur:	
		10 - - Sem innihalda auka sykur, hunang eða annað sætuefni, egg, feiti, ost, ávexti eða kakó eða áþekk efni	Breytilegt
		90 - - Annað	Frjálst
	1905.90	- Annað	
		- - Sem inniheldur auka sykur, hunang eða annað sætuefni, egg, feiti, ost, ávexti eða kakó eða áþekk efni:	
		11 - - - Kex eða kökur ætlað sykursjúkum	Frjálst
		19 - - - Annað	Breytilegt
		90 - - Annað	Breytilegt
2101		**Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim**	Frjálst
2102		**Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft**	Frjálst
2103		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður**	
	2103.10	- Sojasósa	Frjálst
	2103.20	- Tómatsósur	Frjálst
	2103.30	- Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður (sinnep)	Frjálst
	2103.90	- Annað:	
		10 - - Majones	Frjálst
		20 - - Framleiðsluvörur úr fín- eða grófmöluðu mjöli, sterkju eða maltkjarna	10%
		90 - - Annað	Frjálst

2104			**Súpur og seyði og framleiðsla í það, jafnblönduð samsett matvæli**	
	2104.10		- Súpur og seyði og framleiðsla í það:	
		10	- - Úr fin- eða grófmöluðu mjöli, sterkju eða maltkjarna	10%
		90	- - Annað	Frjálst
	úr 2104.20		- Jafnblönduð samsett matvæli;	
		90	- - Að meginstofni til úr öðru en: blönduðu kjöti, blönduðum fiski, blönduðum skeldýrum eða hryggleysingjum eða blönduðum jurtum og grænmeti	Frjálst
2105			**Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakóinnihaldi**	Frjálst
2106			**Matvæli, ót.a.**	Breytilegt
2201			**Vatn, þar með talið ölkelduvatn eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, án viðbætts sykurs eða annars sætuefnis eða bragðbætt; ís og snjór**	Frjálst
2202			**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009**	
	2202.10		- Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt	Frjálst
	2202.90		- Annað	Frjálst
2203			**Öl gert úr malti**	Frjálst
2205			**Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum**	Breytilegt
2207			**Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etylalkóhól og aðrir áfengir vökvar, gert óhæft til drykkjar, af hvaða styrkleika sem er**	Breytilegt
2208			**Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum**	
	2208.50		- Gin og genever	Frjálst
	úr 2208.90		- Annað	
			- - Annað en vodka	Frjálst
2209			**Edik og edikslíki fengið úr ediksýru**	Frjálst

2402			**Vindlar, einnig endaskornir, smávindlar og vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki**	Frjálst
2403			**Önnur framleiðsla úr tóbaki og framleitt tóbakslíki; jafnblandað eða endurunnið tóbak; tóbakskjarnar og tóbaksseyði**	Frjálst
3501			**Kasín, kasínöt og aðrar kasínafleiður; kasínlím**	
	3501.10		- Kasín	Frjálst
	úr 3501.90		- Annað:	
		10	- - Kasínöt og aðrar kasínafleiður	Frjálst
3502			**Albúmín (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysuprótína sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysupróteinum), albúmínöt og aðrar albúmínafleiður**	
	3502.10		- Eggalbúmín	Breytilegt
3505			**Dextrín og önnur umbreytt sterkja (til dæmis forhlaups- eða esteruð sterkja); lím að meginstofni til úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju**	
	úr 3505.10		- Dextrín og önnur umbreytt sterkja:	
		30	- - Eteruð eða esteruð sterkja	10%
	3505.20		- Lím	10%

II. VIÐAUKI

UM VÖRUR SEM UM GETUR Í C-LIÐ 1. MGR. 2. GR.

1. gr.

1. Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem tilgreindar eru hér að neðan falla undir ákvæði samningsins að því marki sem kveðið er á um í töflum 1 og 2, nema kveðið sé á um annað í viðauka þessum.

Tafla 1

Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem falla undir ákvæði samningsins að því er varðar viðskipti milli Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar annars vegar og Ísraels hins vegar

ST-númer	Vörulýsing
0208	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst
úr 0208.90	- Annað: - - Af hvölum[1]
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar
1504	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt[1]
1516	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki frekar unnið
úr 1516.10	- Dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra: - - Feiti og olíur unnar eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum og þættir þeirra[1]
1603	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:
úr 1603.00	- Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
1604	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra úr öðrum hrognum
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum

2301	Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- og sjávarhryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar
úr 2301.10	- Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar úr kjöti eða hlutum úr dýrum; hamsar:
	- - Hvalmjöl[1]
2301.20	- Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- eða sjávarhryggleysingjum
2309	- Framleiðsla til dýraeldis
úr 2309.90	- Önnur:
	- - Efni úr fiski

[1] Innflutningur hvalaafurða er bannaður í Finnlandi og Svíþjóð.

Tafla 2

Fiskar og aðrar sjávarafurðir sem falla undir ákvæði samningsins að því er varðar viðskipti milli Austurríkis, Liechtensteins og Sviss annars vegar og Ísraels hins vegar

ST-númer	Vörulýsing
úr 3. kafla	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar
	- Sjávarfiskur
	- Áll
	- Lax
	- Krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum

2. gr.

1. Nema annað sé getið hér heyrir aðstoð við sjávarútveg undir reglur 18. gr. samningsins og túlkun hennar sem samkomulag er um.

2. Allri aðstoð við sjávarútveg, sem brýtur í bága við 18. gr. samningsins, ber að fella niður eigi síðar en 31. desember 1993.

3. Það skal ítrekað að markmið reglna um ríkisaðstoð er að tryggja að ráðstafanir um aðstoð raski ekki samkeppnisskilyrðum. Bent er á það að slík röskun gæti annars leitt til óæskilegra skipulagsbreytinga í sjávarútvegi.

a) Eftirfarandi ráðstafanir til aðstoðar sjávarútvegi teljast yfirleitt ekki samrýmast samningnum:

- almenn aðstoð sem veitt er atvinnugreininni allri og beinist ekki að öllu leyti að endurskipulagningu eins og kveðið er á um í ákvæðum liðar iv c-liðar í VI. viðauka;

- skattaívilnanir aðrar en þær sem bæta upp sérstakan kostnað og tengjast sérstökum aðstæðum sem ríkja í sjávarútvegi;

- félagslegar ráðstafanir, ef niðurgreiðslurnar sem slíkar ráðstafanir fela í sér fara fram úr því sem almennt er beitt í öðrum atvinnugreinum, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna sem ríkja í sjávarútvegi.

b) Eftirfarandi ráðstafanir teljast yfirleitt samrýmast ákvæðum 18. gr. samningsins:

- Ráðstafanir, sem tryggja lágmarksverð innanlands við fyrstu sölu fiskafurða, og kaup á umframvörum sem beitt er til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á markaðinum;

- svæðisbundnar ráðstafanir að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að viðhalda veiðum á landssvæðum sem eru háðari veiðum en almennt er í landinu og þar sem tekjur af fiskveiðum eru greinilega fyrir neðan landsmeðaltal í sjávarútvegi. Óheimilt er að slík aðstoð nemi meira en aukakostnaðinum sem staðsetningin hefur í för með sér samanborið við aðra staði. Samningsríki, sem kemur á eða viðheldur slíkum ráðstöfunum ber að veita fullnægjandi upplýsingar, í samræmi við ákvæði í 18. gr. eins og samkomulag er um um túlkun hennar, um ástandið á landsvæði sem kallaði á slíkar ráðstafanir eða framlengingu þeirra.

c) Eftirfarandi ráðstafanir til aðstoðar teljast ekki samrýmast samningnum:

- Aðstoð sem kveðið er á um í lið viii c-liðar í VI. viðauka, að því er snertir sjávarútveg.

- Aðstoð sem kveðið er á um í lið x c-liðar í VI. viðauka, að því er snertir fiskveiðar.

3. gr.

Að því er varðar eftirfarandi afurðir er Svíþjóð heimilt að beita magntakmörkunum á innflutningi til 31. desember 1993, að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á sænska markaðinum.

ST-númer	Vörulýsing
úr 0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök eða annað fiskkjöt í nr. 0304 - Síld - Þorskur

4. gr.

1. Að því er varðar eftirfarandi afurðir er Finnlandi heimilt að halda tímabundið núverandi fyrirkomulagi. Finnland skal leggja fram fasta tímaáætlun um afnám þessara undanþága eigi síðar en þann dag er samningurinn tekur gildi.

ST-númer	Vörulýsing
úr 0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök eða annað fiskkjöt í nr. 0304 - Lax - Eystrasaltssíld
úr 0303	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök eða annað fiskkjöt í nr. 0304 - Lax - Eystrasaltssíld
úr 0304	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst[1] - Ný eða kæld laxflök - Ný eða kæld Eystrasaltssíldarflök

[1] Heitið „flak“ í 1. mgr. á einnig við þegar hliðarnar eru tengdar saman á baki eða kvið.

5. gr.

A. Á aðlögunartímabili er Ísrael heimilt að beita magntakmörkunum á innflutningi sem hér segir:

a) Að því er varðar afurðir sem skráðar eru í töflu 3 þar sem innflutningskvótinn er nú 3 500 tonn árlega gagnvart öllum löndum skal Ísrael auka þennan kvóta stig af stigi á aðlögunartímabilinu einungis gagnvart EFTA-ríkjum, með aukningu um 1 000

tonn 1. janúar 1993. Auka skal kvótann um 500 tonn í viðbót ár hvert. Aukningin kemur til framkvæmda 1. janúar 1994, 1995, 1996, 1997 og 1998, þangað til magntakmarkanir eru að fullu afnumdar 1. janúar 1999.

Tafla 3

ST-númer	Vöruliður	Vörulýsing
0303		**Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök eða annað fiskkjöt í nr. 0304**
		- Annar lax, þó ekki lifur eða hrogn:
	úr 0303.21	- - Silungur (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*)
		- - - Salmo trutta eða Salmo gairdneri
		- Flatfiskar (*Pleuronectidae, Bothidae, Cynoglossidae, Soleidae, Scophthalmidae* og *Citharidae*), þó ekki lifur eða hrogn:
	úr 0303.31	- - Lúða (*Reinhardtius hippoglossoides, Hippoglossus hippoglossus, Hippoglossus stenolepis*)
	10	- - - Grálúða (*Reinhardtius hippoglossoides*)
	90	- - - Kyrrahafslúða (*Hippoglossus stenolepis*)
	0303.32	- - Skarkoli (*Pleuronectes platessa*)
	0303.33	- - Koli (*Solea spp.*)
	0303.39	- - Annar
	0303.50	- Síld (*Clupea harengus, Clupea pallasii*), þó ekki lifur eða hrogn
	0303.60	- Þorskur (*Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus*), þó ekki lifur eða hrogn
		- Annar fiskur, þó ekki lifur eða hrogn
	0303.75	- - Háfur og aðrir hákarlar
	0303.76	- - Áll (*Anguilla spp.*)
	0303.77	- - Sjóvartari (*Dicentrarchus labrax, Dicentrarchus punctatus*)

	0303.78	- - Lýsingur (*Merluccius spp., Urophycis spp.*)
	úr 0303.79	- - Annar
		19 - - - Sjávarfiskur:
		31 - - - - Karfi (*Sebastes spp.*):
		35 - - - - - Af tegundinni Sebastes marinus
		37 - - - - - Annar
		41 - - - - Fiskar af tegundinni Boreogadus saida
		45 - - - - Lýsa (*Merlangus merlangus*)
		51 - - - - Langa (*Molva spp.*)
		55 - - - - Alaskalýr (*Theragra chalcogramma*) og lýr (*Pollachius pollachius*)
		- - - - Fiskar af tegundinni Orcynpsis unicolor:
		61 - - - - - Frá 15. febrúar til 15. júní
		63 - - - - - Frá 16. júní til 14. febrúar
		65 - - - - Ansjósur (*Engraulis spp.*)
		71 - - - - Flekkar (*Dentex* og *Pagellus spp.*)
		75 - - - - Bramafiskur (*Brama spp.*)
		81 - - - - Skötuselur (*Lophius spp.*)
		83 - - - - Kolmunni (*Micromesistius poutassou* eða *Gadus poutassou*)
		87 - - - - Sverðfiskur (*Xiphias gladius*)
		98 - - - - Annar: Loðna
0304		**Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst**
	úr 0304.10	- Nýtt eða kælt
		- - Flök:
		- - - Af vatnafiski
		11 - - - - Af silungi (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*)
		- - - - - Af Salmo trutta eða Salmo gairdneri
	úr 0304.20	- Fryst flök
		- - Af vatnafiski:
		- - - Af silungi (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*):
		- - - - Af Salmo trutta eða Salmo gairdneri
	0304.90	- Annað

b) i) Að því er varðar afurðir sem skráðar eru í töflu 4 mun Ísrael leyfa innflutning á eftirfarandi hátt:

Fyrir árin 1996, 1997 og 1998 verður innflutningskvótinn 100 tonn ár hvert. Fyrir árið 1999 verður innflutningskvótinn 300 tonn.

Frá 1. janúar 2000 verður innflutningskvótinn aukinn ár hvert um 300 tonn til viðbótar þar til heimild til kvótanotkunar verður felld úr gildi 1. janúar 2004.

ii) Leiði ívilnanir í viðskiptum með fisk af tegund sem skráð er í töflu 4 til alvarlegrar röskunar í viðkomandi atvinnugrein er veldur miklu tjóni fyrir innlenda framleiðendur svipaðra afurða eða afurða sem standa í beinni samkeppni er Ísrael heimilt að beita öryggisráðstöfunum, samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 23. gr. Einkum getur Ísrael, á fimm ára tímabili eftir að aðlögunartímabilinu sem kveðið er á um í töflu 4 lýkur, framlengt um eitt ár í senn það fyrirkomulag á innflutningi sem gildir á þeim tíma um viðkomandi fisktegund.

Tafla 4

ST-númer	Vöruliður		Vörulýsing
0302			**Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök eða annað fiskkjöt í nr. 0304**
			- Flatfiskar (*Pleuronectidae, Bothidae, Cynoglossidae, Soleidae, Scophthalmidae* og *Citharidae*), þó ekki lifur eða hrogn:
	úr 0302.29		- - Annar
		90	- - - Annar
			- Túnfiskar (af ættinni *Thunnus*), af tegundinni *Euthynnus (Kat suwonus) pelamis*, þó ekki lifur eða hrogn:
	úr 0302.31		- - túnfiskar af tegundinni *Thunnus alalunga*
		90	- - - Annar
	úr 0302.32		- - Túnfiskur af tegundinni *Thunnus albacares*
		90	- - - Annar
	úr 0302.33		- - Túnfiskar af tegundinni *Euthynnus (Katsuwonus) pelamis*
		90	- - - Annar
	0302.50		- Þorskur (*Gadus morhua, Gadus ogac, Gadus macrocephalus*), þó ekki lifur eða hrogn
			- Annar fiskur, þó ekki lifur eða hrogn:
	0302.61		- - Sardínur (*Sardina pilchardus, Sardinops spp.*), smásardínur (*Sardinella spp.*) og brislingur (*Sprattus sprattus*)
	0302.62		- - Ýsa (*Melanogrammus aeglefinus*)
	0302.63		- - Ufsi (*Pollachius virens*)
	0302.64		- - Makríll (*Scomber scombrus, Scomber australasicus, Scomber japonicus*)
	úr 0302.69		- - Annar
			- - - Sjávarfiskar:

		- - - - Fiskar af ættinni Euthynnus, annar en fiskar af tegundinni *Euthynnus (Katsuwonus) pelamis* sem um getur í vörulið 0302.33:
	21	- - - - - Til framleiðslu iðnaðarvöru í nr. 1604
	25	- - - - - Annar
	35	- - - - Fiskar af tegundinni Boreogadus saida
	55	- - - - Ansjósur (*Engraulis spp.*)
	98	- - - - Annar: Loðna
0306		**Krabbadýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; krabbadýr, í skel, soðin í gufu eða vatni, einnig kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr krabbadýrum, hæft til manneldis**
		- Fryst:
úr	0306.12	- - Humar (*Homarus spp.*)
	90	- - - Annar
úr	0306.19	- - Annað, einnig mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr krabba dýrum, hæft til manneldis
	30	- - - Leturhumar (*Nephrops norvegicus*)
		- Ekki fryst:
úr	0306.22	- - Humar (*Homarus spp.*)
	99	- - - Annar
úr	0306.29	- - Annað, einnig mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr krabba dýrum, hæft til manneldis
	30	- - - Leturhumar (*Nephrops norvegicus*)

B. Ákvæði samningsins taka ekki til eftirtaldra vara og mun Ísrael viðhalda núverandi fyrirkomulagi á innflutningi.

Tafla 5

ST-númer	Vöruliður	Vörulýsing
0301		**Lifandi fiskur**
		- Annar lifandi fiskur:
	0301.91	- - Silungur (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*)
	0301.93	- - Vatnakarfi
	úr 0301.99	- - Annar
		- - - - Kyrrahafslax (*Oncorhynchus spp.*), Atlantshafslax (*Salmo salar*) og Dónárlax (*Hucho hucho*)

		- - - - Annar
0302		**Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök eða annað fiskkjöt í nr. 0304**
		- Laxfiskar, þó ekki lifur eða hrogn:
	0302.11	- - Silungur (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*)
		- Flatfiskar (*Pleuronectidae, Bothidae, Cynoglossidae, Soleidae, Scophthalmidae* og *Citharidae*), þó ekki lifur eða hrogn:
	úr 0302.29	- - Annar:
		10 - - - Flúra (*Lepidorhombus spp.*)
		- Annar fiskur, þó ekki lifur eða hrogn:
	0302.65	- - Háfur og aðrir háfiskar
	úr 0302.69	- - Annar:
		- - - Vatnafiskur:
		11 - - - - Vatnakarfi
		19 - - - - Annar
		- - - Sjávarfiskur:
		51 - - - - Alaskalýr (*Theragra chalcogramma*) og lýr (*Pollachius pollachius*)
		98 - - - - Annar: Smokkfiskur
0303		**Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök eða annað fiskkjöt í nr. 0304**
		- Annar lax, þó ekki lifur eða hrogn:
	0303.21	- - Silungur (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*)
		- Aðrir fiskar, þó ekki lifur eða hrogn:
	úr 0303.79	- - Annar
		- - - Vatnafiskur:
		11 - - - - Vatnakarfi
		19 - - - - Annar
		98 - - - - Annar: Smokkfiskur
0304		**Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst**
	úr 0304.10	- Nýtt eða kælt
		- - Flök:
		- - - Af vatnafiski:
		11 - - - - Af silungi (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*), þó ekki salmo trutta eða salmo gairdneri
		19 - - - - Af öðrum vatnafiski
		- - Annað fiskkjöt (einnig hakkað)
		91 - - - Vatnafiskur
	úr 0304.20	- Fryst flök:

		- - Af vatnafiski:
		11 - - - - Af silungi (*Salmo trutta, Salmo gairdneri, Salmo clarki, Salmo aguabonita, Salmo gilae*), þó ekki salmo trutta eða salmo gairdneri
		19 - - - - Af öðrum vatnafiski
	úr 0304.90	- Annar
		10 - - Af vatnafiski
0306		**Krabbadýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; krabbadýr, í skel, soðin í gufu eða vatni, einnig kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr krabbadýrum, hæft til manneldis:**
		- Fryst:
	0306.13	- - Rækjur
		- Ekki fryst:
	0306.23	- - Rækjur
1605		**Krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar, tilreitt eða varið skemmdum**
	1605.20	- Rækjur
	úr 1605.40	- Önnur krabbadýr:
		- - Smokkfiskur

C. Eftir gildistöku samningsins skal Ísrael afnema í áföngum innflutningstolla á fiskafurðum frá EFTA-ríkjum sem samningurinn tekur til í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) Þann 1. janúar 1993 verður hver tollur lækkaður í 80% af grunntollinum.

b) Fjórar frekari lækkanir, hver um 20% af grunntollinum, skulu koma til framkvæmda ár hvert þangað til tollurinn er að fullu afnuminn 1. janúar 1997.

ATHUGASEMD:

1. Ísrael skuldbindur sig til að tryggja að leyfiskerfið sem nú gildir gagnvart viðskiptum með fisk og aðrar sjávarafurðir sem upprunnar eru í EFTA-ríkjum hafi ekki áhrif á viðskipti við þau ríki.

2. Leyfismálin skulu rædd á fyrsta fundi sameiginlegu nefndarinnar og leitast við að afnema leyfiskerfið gagnvart afurðum sem óháðar eru magntakmörkunum.

III. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 2. MGR 6. GR.

1. Að því er Ísland varðar ná ákvæði um afnám útflutningstolla og gjalda með samsvarandi áhrif ekki til vara sem skráðar eru í töflu A við viðauka þennan.

2. Frá og með 1. janúar 1993 skulu Liechtenstein og Sviss afnema útflutningstolla og gjöld með samsvarandi áhrif sem ber að greiða af vörum í töflu B.

3. Ákvæði um afnám útflutningstolla og gjalda með samsvarandi áhrif ná ekki til vara sem skráðar eru í töflu C við viðauka þennan (Ísrael).

TAFLA A VIÐ III. VIÐAUKA

ÍSLAND

Reglur um útflutningsgjald af sjávarafurðum sem Ísland getur haldið

Lög nr. 4 frá 28. febrúar 1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum eins og þeim var breytt með lögum nr. 79 frá 31. desember 1968, lögum nr. 73 frá 1. júní 1970, lögum nr. 4 frá 30. mars 1971 og lögum nr. 17 frá 4. maí 1972.

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum sem fluttar eru til útlanda eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til íslenskra afurða telst afli sem skip skrásett á Íslandi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 2 300 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökun, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót.a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessari grein meira en svarar 4,5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humri, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum.

3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.

4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein.

Heimilt er að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna kr. 500 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar.

5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli samsvara gjaldinu af síld sem verkuð er á Íslandi með sömu aðferð sem til stendur að nota erlendis (sbr. 4. til 6. mgr. þessarar greinar).

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna og síldarlýsi.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Að því er varðar 1. mgr. merkir niðurlagðar vörur þær vörur sem lagðar eru niður tilbúnar til neyslu í umbúðum með nettóinnihald 10 kg eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar

sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát ef útflytjandi leggur fram sönnun á að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en einn þriðji hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk skip selja nýjar eða unnar sjávarafurðir, sem gjaldskyldar eru, í erlendri höfn, hvort heldur af eigin afla eða annarra skipa, skal reikna ofangreind gjöld á grundvelli heildarsöluverðmætis að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	82,0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	11,4%
3. Til Fiskimálasjóðs	3,1%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1,8%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0,7%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0,5%

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa er um getur í 1. tölul. má setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

4. gr.

Gjald samkvæmt 2.–4. mgr. 2. gr. skal miða við fob-söluverð afurðanna, með pakkningu, í fyrstu uppskipunarhöfn. Ef afurðir eru seldar cif eða með enn öðrum skilmálum skal reikna söluverð til fob-verðs eftir reglum sem viðskiptaráðuneytið setur.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar skal reikna útflutningsgjald samkvæmt 2.–4. mgr. 2. gr. á grundvelli lágmarksútflutningsverðs eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

Ef útflytjandandi sannar, áður en sex mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það sem lögbært yfirvald hefur sett á óseldar sjávarafurðir sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, ber fjármálaráðuneytinu að endurgreiða mismuninn, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á sölu við hinu lægra verði.

Gjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr. miðast við nettóþúnga hinnar seldu vöru, enda ber útflytjanda að geta hans í útflutningsskjölum.

5. gr.

Útflutningsgjald er gjaldkræft um leið og skip hefur hlotið opinber afgreiðslu við brottför eða komu, ef engrar tollafgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið að sendandi megi greiða gjaldið þegar hann tekur við greiðslu í erlendri mynt, enda sé tryggt að það fari fram fyrir milligöngu íslensks banka og hann láti tollyfirvaldi í té víxil er samsvarar gjaldeyrisandvirði gjaldsins.

6. gr.

Sendendum vara sem lög þessi ná til er skylt að láta lögbæru yfirvaldi í té eftirrit eða staðfest afrit af farmskírteini eða öðrum flutningsskjölum, útflutningsyfirlýsingu, vörureikningi og, ef krafist er, matsvottorði, svo og útflutningsleyfi áður en skip er afgreitt við brottför eða komu. Hafi engin útflutningsskjöl verið gefin út kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og skipamiðlara.

Gjaldið skal lagt á samkvæmt upplýsingum í skjölum þeim sem um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjöldum.

8. gr.

Lögbær yfirvöld skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum samkvæmt lögum þessum eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða skipamiðlari, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald sem reynt var að draga undan.

Sektir renna allar í ríkissjóð.

Ef lögbær yfirvöld grunar að skjöl þau er um getur í 6. gr. séu ekki rétt skulu þau rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt við brottför eða komu, eða á annan hátt útvega þau skjöl sem þörf er á.

10. gr.

Með mál út af brotum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta gjald á grundvelli nettóþyngdar vara sem tilgreindar eru í 1. mgr. 2. gr. þessara laga í samræmi við 9. gr. laga um Aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins nr. 77 frá 28. apríl 1962 og 9. gr. laga um Ferskfiskeftirlit nr. 42 frá 9. júní 1960.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

TAFLA C VIÐ III. VIÐAUKA

ÍSRAEL

ST-númer	Vöruliður	
7204		**Járnúrgangur og járnrusl; úrgangs steypuhleifar úr járni eða stáli til endurbræðslu**
		- Úrgangur og rusl úr stálblendi:
	7204.21	- - Úr ryðfríu stáli
7403		**Hreinsaður kopar og koparblendi, óunninn:**
		- Hreinsaður kopar:
	7403.13	- - Drumbar
7404	7404.00	**Koparúrgangur og koparrusl**
7602	7602.00	**Álúrgangur og álrusl**
7802	7802.00	**Blýúrgangur og blýrusl**

IV. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 2. MGR. 7. GR.

1. Bannið við innflutningstakmörkunum gildir ekki um framleiðsluvörur sem skráðar eru í töflu A við viðauka þennan.

2. Bannið við útflutningstakmörkunum gildir ekki um framleiðsluvörur sem skráðar eru í töflu B og C við viðauka þennan.

TAFLA A VIÐ IV. VIÐAUKA

ST-númer		Vörulýsing	Land
2702		**Brúnkol, einnig mótuð, þó ekki svartaraf:**	
	2702.10	- Brúnkol, einnig mulin en ómótuð	Austurríki
2709		**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óunnar**	Ísland
2710	2710.00	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla með 70% af þunga eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a., enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar**	
	úr 2710.00	- Jarðolíur unnar að hluta til, þ.m.t. fleyttar hráolíur - Bensín, að undanskildu flugvélabensíni - Gasolíur, brennsluolíur - Þykkar brennsluolíur	Ísland
9603		**Sópar, burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum, tækjum eða ökutækjum), handstýrðir vélrænir gólfsópar án hreyfils, þveglar og fjaðrakústar; tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum; málningarpúðar og -rúllur; skaftþvögur (þó ekki rúlluþvögur):**	
	úr 9603.00	- Sópar og burstar (að undanskildum burstum sem eru hlutar af vélum, málningarrúllum, skaftþvögum, þveglum, penslum listamanna og tannburstum)	Ísland

TAFLA B VIÐ IV. VIÐAUKA

ST-númer	Vöruliður	Vörulýsing	Land
7204		**Járnúrgangur og járnrusl; úrgangs steypuhleifar úr járni eða stáli til endurbræðslu**	Austurríki, Finnland, Svíþjóð, Liechtenstein, Sviss, Noregur
	úr 7204.00	- Járnúrgangur og járnrusl, þó ekki úrgangssteypuhleifar til endurbræðslu	
72. kafli		**Járn og stál**	
73. kafli		**Vörur úr járni og stáli**	
	úr 72.- 73. kafla	- Vörur sem samningur milli Svíþjóðar og KSBE nær til og augljóslega eru notaðar eða líklegt má telja að notað sé við framleiðslu nýrra málma	Svíþjóð
7403		**Hreinsaður kopar og koparblendi, óunninn**	
	úr 7403.00	- Steypuhleifar eða svipuð óunnin framleiðsla úr endurbræddum kopar og koparrusli	Austurríki
7404	7404.00	**Koparúrgangur og koparrusl**	Austurríki
7602	7602.00	**Álúrgangur og álrusl**	Austurríki
8908	8908.00	**För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs**	Finnland

TAFLA C VIÐ IV. VIÐAUKA

ÍSRAEL

ST-númer	Vöruliður	
2710	2710.00	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla með 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a., enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar**
2711		**Jarðolíugas og annað loftkennt kolvetni**
2714		**Jarðbik og asfalt, náttúrulegt; bitúmen- eða olíuleir og tjörusandur; asfaltít og asfaltsteinn**
7204		**Járnúrgangur og járnrusl; úrgangs steypuhleifar úr járni eða stáli til endurbræðslu**
7403		**Hreinsaður kopar og koparblendi, óunninn**
7404	7404.00	**Koparúrgangur og koparrusl**
7602	7602.00	**Álúrgangur og álrusl**
7802	7802.00	**Blýúrgangur og blýrusl**

V. VIÐAUKI
SEM UM GETUR Í 15. GR.

Verndun hugverka

1. gr.

Skilgreining og umfang verndar

„Vernd hugverkaréttinda“ tekur einkum til verndar höfundarréttar og skyldra réttinda, vörumerkja, landfræðilegra auðkenna, iðnhönnunar, einkaleyfa, svæðislýsinga smárása og þar að auki til óbirtra upplýsinga um kunnáttu.

2. gr.

Alþjóðasamningar

1. Í samræmi við 2. mgr. 15. gr. samþykkja samningsaðilar að fara eftir efnislegum ákvæðum eftirfarandi marghliða samninga:

- Parísarsamþykkt frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (Stokkhólmsgerð, 1967);
- Bernarsáttmálinn frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum (Parísargerð, 1971);

2. Aðilarnir samþykkja að efna án tafar til samráðs með sérfræðingum, fari aðili þess á leit, um starfsemi sem tengist gildandi eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um samhæfingu, stjórnun og eftirlit með hugverkum og um starfsemi á vegum alþjóðastofnana, t.d. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), og um samskipti aðila við þriðju lönd um mál sem varða hugverk.

3. gr.

Önnur efnisleg ákvæði

1. Samningsaðilum ber einnig að sjá til þess að landslög kveði á um að minnsta kosti:
   - fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir höfundarétt, m.a. tölvuforrita og gagnagrunna, og skyld réttindi;
   - fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir vörumerki sem auðkenna vöru og þjónustu, einkum vel þekkt vörumerki á heimsmarkaði;
   - fullnægjandi og árangursríkar leiðir til að vernda landfræðileg auðkenni, þar með talið vísbendingar um uppruna, allra framleiðsluvara, að minnsta kosti til að forðast notkun auðkenna sem villa um fyrir neytendum;
   - fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir iðnhönnun, einkum með því að kveða á um fimm ára einkarétt til notkunar frá umsóknardegi með möguleika á endurnýjun tvisvar í röð um fimm ár í senn;
   - fullnægjandi og árangursríka vernd vegna einkaleyfa sambærilega við það sem tíðkast í EFTA-ríkjum;
   - lögbundin nytjaleyfi vegna einkaleyfa verði almenn, veitt án mismununar og fyrir þóknun sem samsvarar markaðsverði fyrir nytjaleyfið og sem skjóta má til úrskurðar dómsvalda; Gildissvið og -tími slíkra nytjaleyfa skal takmarkast við tilgang veitingar þeirra.
   - fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir svæðislýsingar smárása;
   - fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir óbirtar upplýsingar um kunnáttu.

4. gr.

Um veitingu og viðhald hugverkaréttinda

Þegar réttindi til hugverka er háður veitingu eða skráningu ber aðilum að sjá til þess að reglur um veitingu eða skráningu hugverkaréttinda séu réttlátar og án mismununar. Forðast ber að setja óþarflega flóknar reglur eða kostnaðarsamar, eða sem fela í sér óþarflega langa tímafresti eða ónauðsynlegar tafir.

5. gr.

Að framfylgja hugverkaréttindum

1. Aðilum ber að sjá til þess að reglur um eftirlit með hugverkarétti séu réttlátar og án mismununar. Forðast ber að setja óþarflega flóknar reglur eða kostnaðarsamar, eða sem fela í sér óþarflega langa tímafresti eða ónauðsynlegar tafir.

2. Aðilar skulu samþykkja ákvæði um eftirlit sem eru fullnægjandi, árangursrík og án mismununar til að tryggja fulla vernd hugverkaréttinda gegn brotum. Í ákvæðum um eftirlit ber einkum að kveða á um viðurlög, bætur fyrir skaða, sem rétthafi hefur orðið fyrir, og bráðabirgðaráðstafanir, m.a. þegar annar aðili hefur ekki fengið áheyrn (inaudita altera parte).

VI. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 2. MGR. 18. GR.

Forsendur fyrir beitingu 18. gr.

EFTA-ríki og Ísrael eru sammála um að við beitingu 18. gr. skuli hafa eftirfarandi forsendur að leiðarljósi:

a) Einungis má telja til ríkisaðstoðar þær ráðstafanir sem leiða til yfirfærslu opinbers fjár til viðtakanda með beinum niðurgreiðslum eða sem leiða til eftirgjafar á skatttekjum vegna skattaívilnana; aðstoð sem veitt er úr sjóðum sem fjármagnaðir eru að öllu leyti af bótaþegum telst ekki ríkisaðstoð í skilningi 18. gr.; þegar áhrif ríkisaðstoðar eru metin ber að taka til greina samanlögð áhrif allra tegunda aðstoðar sem viðtakendur fá í sinn hlut.

b) Eftirfarandi ráðstafanir heyra allajafna ekki undir 18. gr.:

i) ríkisábyrgðir og lán sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef afborganir og vextir þeirra eru í samræmi við ríkjandi skilyrði á alþjóðlegum lánamarkaðinum;

ii) tryggingar sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef iðgjöld standa undir kostnaði til langs tíma;

iii) hlutafjárkaup af hálfu ríkisins eða opinberra stofnana ef búast má við að arðurinn af slíkri fjárfestingu jafnist að minnsta kosti á við kostnað af ríkislántöku;

iv) ráðstafanir í skattamálum, m.a. almannatryggingagjöld, sem falla innan ramma almennra laga um tekjuskatt og öll fyrirtæki í landinu geta notfært sér án mismununar.

c) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem yfirleitt samrýmist ákvæðum 18. gr.

i) aðstoð af félagslegu tagi sem veitt er einstökum neytendum, að því tilskildu að slík aðstoð sé veitt án mismununar gagnvart uppruna viðkomandi framleiðsluvara;

ii) aðstoð sem veitt er til að bæta skaða vegna náttúruhamfara eða sérstakra atvika;

iii) aðstoð til rannsókna og þróunar eða nýsköpunar, að því tilskildu að hún sé augljóslega ætluð til að efla slíka starfsemi og starfsemin sé á því stigi að ekki sé þar enn um neina samkeppni að ræða; allar rannsóknir og þróun fram að því að fyrsta frumgerð er tilbúin teljast vera á þessu stigi; slík aðstoð má nema allt að 50% kostnaðar við verkefnið eða hana má veita með skattafríðindum sem hafa jafngild áhrif; heimilt er að veita meiri aðstoð til grunnrannsókna; því nær markaðinum sem verkefni er, þeim mun minni niðurgreiðslur ber að veita;

iv) aðstoð veitt atvinnugrein sem á við offramleiðslu að stríða til að endurskipuleggja greinina með því að tryggja skipulegan samdrátt framleiðslu og vinnuafls; aðstoð sem þessi skal háð ströngum tímatakmörkum og henni fylgja áætlun um aðlögun; þegar offramleiðsluvandi er metinn ber að hafa hliðsjón af heimsmarkaðinum í heild en ekki einungis heimamarkaðinum í viðkomandi landi;

v) almenn aðstoð til að efla útflutning, m.a. kynningardagar á vörum landsins, kynningar í verslunum, iðnaðarsýningar, að því tilskildu að slík aðstoð sé ekki einungis veitt tilteknum fyrirtækjum;

vi) svæðisbundin aðstoð, að því tilskildu að hún raski ekki skilyrðum fyrir réttmætri

samkeppni; tilgangur aðstoðarinnar skal vera að bæta efnahagsstöðu atvinnugreina á tilteknum svæðum þannig að þær standi jafnfætis atvinnurekstri annars staðar í landinu en ekki að auka framleiðslu í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum; aðilarnir einir eru til þess bærir að skilgreina þau svæði sem ber að veita þróunaraðstoð, þar með talin svæði þar sem hefðbundinn iðnaður stendur höllum fæti, og er heimilt að krefjast þess að þeir veiti tölulegar upplýsingar sem sýna fram á ástæður fyrir tilnefningu slíkra svæða;

vii) aðstoð í formi almennrar þjónustu við viðskipti og framleiðslu með skilmálum sem hyglaa hvorki tilteknum atvinnugreinum né fyrirtækjum;

viii) almenn aðstoð til að skapa ný atvinnutækifæri, að því tilskildu að störfin séu ekki í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum;

ix) aðstoð til umhverfismála þar sem farið er eftir reglunni um að sá er valdi mengun bæti skaðann; heimilt er að stuðla að fjárfestingu sem miðar að því að draga úr mengun með aðstoð er nemur allt að 25% eða með því að veita skattafríðindi sem hafa jafngild áhrif; með tilliti til mismunandi strangra lagaákvæða eða staðla sem í gildi eru í ýmsum löndum og hugsanlegra áhrifa þeirra á viðskipti og samkeppni ber að endurskoða jafnóðum þá aðstoð sem tilteknum atvinnugreinum er veitt;

x) aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem miðar að því að bæta úr vandkvæðum sem tengjast beint stærð viðkomandi fyrirtækja og takmarkast við fyrirtæki sem hafa ekki fleiri en eitt hundrað starfsmenn og með ársveltu innan við tíu milljónir evrópskra myntheininga (ECU).

d) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem samrýmist yfirleitt ekki ákvæðum 18. gr.:

i) aðstoð til að jafna taprekstur fyrirtækja, veitt annaðhvort beint eða með niðurfellingu opinberra gjalda;

ii) hlutafjárkaup, ef áhrif þeirra verða til þess að jafna taprekstur;

iii) aðstoð til framleiðslu í atvinnugreinum sem eru þegar í vandræðum vegna offramleiðslu eða til fyrirtækja sem eiga við vandamál að stríða, nema henni fylgi áætlun um aðlögun og hún háð ströngum tímatakmörkum;

iv) aðstoð sem veitt er til að bjarga tilteknum fyrirtækjum, nema aðstoðin sé einungis veitt til að vinna tíma til að finna langtímalausnir og koma í veg fyrir alvarleg félagsleg vandamál;

v) ráðstafanir til aðstoðar, þar með taldir óbeinir skattar, sem beitt er þannig að þær verði innlendum framleiðsluvörum til framdráttar á kostnað framleiðsluvara frá öðrum samningsaðila;

vi) fyrirkomulag aðstoðar við útflutning til annarra samningsaðila eins og um getur í viðbætinum.

VIÐBÆTIR

SKRÁ YFIR AÐSTOÐ VIÐ ÚTFLUTNING SEM UM GETUR Í VI. LIÐ D-LIÐAR Í VI. VIÐAUKA

a) Ráðstöfunarheimildir á gjaldeyri eða svipaðar aðgerðir sem fela í sér verðlaun fyrir útflutning eða endurútflutning.

b) Beinar niðurgreiðslur til útflytjenda frá stjórnvöldum.

c) Eftirgjöf beinna skatta eða gjalda til velferðarþjónustu sem iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki borga, reiknuð í hlutfalli við útflutning þeirra.

d) Undanþágur, vegna útflutningsvara, frá greiðslu gjalda eða skatta, annarra en gjalda sem lögð eru á við innflutning eða óbeinna skatta sem lagðir eru á sömu vöru á einu eða fleiri stigum sé hún seld til innanlandsneyslu; eða greiðslur, vegna útflutningsvara, hærri fjárhæða en í raun

voru lagðar á þær á einu eða fleiri stigum með óbeinum sköttum eða gjöldum við innflutning eða hvoru tveggja.

e) Að því er varðar afhendingu stjórnvalda eða opinberra stofnana á innfluttum hráefnum til útflutningsfyrirtækja á öðrum kjörum en til fyrirtækja sem starfa á innanlandsmarkaði, sala á verði sem er undir heimsmarkaðsverði.

f) Að því er varðar útflutningslán sem stjórnvöld veita tryggingar fyrir, notkun iðgjalda sem eru greinilega ófullnægjandi til að standa til lengri tíma straum af rekstrargjöldum og skuldatöpum tryggingasjóðanna.

g) Veiting stjórnvalda (eða sérstakra stofnana sem starfa á vegum þeirra) á lánum vegna útflutnings á hagstæðari kjörum en nemur kostnaði þeirra við að útvega nauðsynlegt fjármagn til þess.

h) Að stjórnvöld beri að fullu eða að hluta kostnað útflytjenda við að útvega lán eða hluta af honum.

VII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. 18. GR.

Um skýrleika við veitingu ríkisaðstoðar

Ráðstafanirnar skulu m.a. felast í eftirfarandi:

- árlegri skýrslu þar sem heildarfjárhæð ríkisaðstoðar og dreifing kemur fram,
- að tilkynnt sé um nýjar aðstoðaráætlanir áður en þær komi til framkvæmda, ef unnt er, og eigi síðar en 60 dögum eftir að þær komu til framkvæmda,
- skyldu til að veita frekari upplýsingar um aðstoðaráætlanir sé eftir þeim leitað.

AGREEMENT
between the EFTA States and Israel

Preamble

The Republic of Austria, the Republic of Finland, the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway, the Kingdom of Sweden, the Swiss Confederation (hereinafter called the EFTA States)

and

the State of Israel (hereinafter called Israel),

Having regard to the Convention establishing the European Free Trade Association (EFTA),

Having regard to the Free Trade Agreements and related instruments between Israel and its main trading partners,

Having regard to the co-operation developed in the light of the aforementioned Agreements as well as between individual EFTA States and Israel,

Declaring their willingness to take action with a view to promoting a harmonious development of their trade as well as to expanding and diversifying their mutual co-operation in fields of common interest, including fields not covered by this Agreement, thus creating a framework and supportive environment based on equality and non-discrimination,

Recalling the mutual interest of the EFTA States and Israel to the continual reinforcement of the multilateral trading system and considering their capacity as Contracting Parties of the General Agreement on Tariffs and Trade, the provisions and instruments of which constitute a basis for their foreign trade policy,

Resolved to lay down for this purpose provisions aimed at a progressive abolition of the obstacles to trade between the EFTA States and Israel in accordance with the provisions of that Agreement, in particular those concerning the establishment of free trade areas,

Confirming the common desire for the progressive and sustained participation of the EFTA States and Israel in the process of economic integration,

Considering that no provision of this Agreement may be interpreted as exempting the States Parties to this Agreement (hereinafter called the Parties) from their obligations under other international agreements,

HAVE DECIDED, in pursuance of these objectives, to conclude the following Agreement:

ARTICLE 1

Objectives

The objectives of this Agreement are:

(a) to promote, through the expansion of reciprocal trade, the harmonious development of the economic relations between the EFTA States and Israel;

(b) to provide fair conditions of competition for trade between the EFTA States and Israel;

(c) to contribute in this way, by the removal of barriers to trade, to the harmonious development and expansion of world trade;

(d) to enhance co-operation between the EFTA States and Israel.

ARTICLE 2

Scope

1. The Agreement shall apply:

(a) to products falling within Chapters 25 to 97 of the Harmonized Commodity Description and Coding System, excluding the products listed in Annex I;

(b) to products specified in Protocol A, with due regard to the arrangements provided for in that Protocol;

(c) to fish and other marine products as provided for in Annex II;

originating in an EFTA State or in Israel.

2. The provisions concerning trade in agricultural products which are not covered by paragraph 1 are contained in Article 11.

3. This Agreement applies to trade relations between, on the one hand, each EFTA State and, on the other hand, Israel. It shall not apply to the trade relations between EFTA States, except if otherwise provided for in this Agreement.

ARTICLE 3

Rules of origin

1. Protocol B lays down the rules of origin and methods of administrative co-operation.

2. The Parties shall take appropriate measures, including regular reviews and arrangements regarding administrative co-operation, to ensure that the provisions of Articles 4 to 7, 12 and 21 are effectively and harmoniously applied, taking into account the need to reduce as far as possible the formalities imposed on trade and the need to achieve mutually satisfactory solutions to any difficulties arising out of the operation of those provisions.

ARTICLE 4

Customs duties on imports and charges having equivalent effect

1. No new customs duty on imports or any charge having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Israel.

2. Upon the entry into force of this Agreement the EFTA States shall abolish all customs duties on imports and any charges having equivalent effect for products originating in Israel.

3. Upon the entry into force of this Agreement Israel shall abolish all customs duties on imports and any charges having equivalent effect for products originating in an EFTA State.

ARTICLE 5

Customs duties of a fiscal nature

1. The provisions of paragraphs 1 to 3 of Article 4 shall also apply to customs duties of a fiscal nature except as provided for in Protocol C.

2. The Parties may replace a customs duty of a fiscal nature or the fiscal element of a customs duty by an internal tax.

ARTICLE 6

Customs duties on exports and charges having equivalent effect

1. No new customs duty on exports or charge having equivalent effect shall be introduced in trade between the EFTA States and Israel.

07.13.5000	- Broad beans (Vicia faba var. major) and horse beans (Vicia faba var. equina, Vicia faba var. minor)
08.05	Citrus fruit, fresh or dried
08.05.1000	- Oranges
08.05.4000	- Grapefruit
08.14.0000	Peel of Citrus or Melons
09.10	Ginger, saffron, turmeric (curcuma), thyme, bay leaves, curry and other spices:
09.10.1000	- Ginger
09.10.9900	- Other
13.02.2000	Pectic substances, pectinates, pectates
15.07	Soya-bean oil and its fractions, whether or not refined, but not chemically modified:

15.07.1000	- Soya-bean oil, crude
15.07.9010	- Other
15.09	Olive oil and its fractions, whether or not refined, but not chemically modified:
15.09.1000	- Olive oil, virgin
15.09.9000	- Olive oil, other
15.12	Sunflower-seed, safflower or cotton-seed oil and fractions thereof, whether or not refined, but not chemically modified:
15.12.1100	- Sunflower-seed oil, crude
15.12.1910	- Fractions-melting point higher than sunflower
15.15	Other fixed vegetable fats and oils (including jojoba oil) and their fractions, whether or not refined, but not chemically modified:
15.15.1100	- Linseed oil, crude
15.15.6000	- Jojoba oil
15.15.9000	- Other
15.16	Animal or vegetable fats and oils and their fractions, partly or wholly hydrogenated, inter-esterified, re-esterified or elaidinised, whether or not refined, but not further prepared:
15.16.1001	- Fats and oils and their fractions obtained from fish and marine mammals, re-esterified
15.16.2000	- Vegetable fats and oils
16.04	Prepared or preserved fish; caviar and caviar substitutes prepared from fish eggs:
16.04.1100	- Salmon
16.04.2010	- Other preserved fish cont. more than 3 kg
20.05	Other vegetables prepared or preserved otherwise than by vinegar or acetic acid, not frozen:
20.05.4000	- Peas (Pisum sativum)
20.05.5100	- Beans, shelled
20.05.6000	- Aspargus
20.05.7000	- Olives
20.06.00	Fruit, nuts fruit-peel and other parts of plants, preserved by sugar (drained, glace or crystallized)
20.07	Jams, fruit jellies, marmalades, fruit or nut puree and fruit or nut pastes, being cooked preparations, whether or not containing added sugar or other sweetening matter:
20.07.1000	- Homogenized preparations
	- Other:
20.07.9100	- Citrus fruit
20.07.9900	- Other

20.08	Fruit, nuts and other edible parts of plants, otherwise prepared or preserved, whether or not containing added sugar or other sweetening matter or spirit, not elsewhere specified or included:
	Nuts, ground-nuts and other seeds, whether or not mixed together:
20.08.1100	- Ground-nuts
20.08.1900	- Other, including mixtures
	Citrus fruit:
20.08.3001	- Citrus fruit soups and porridge
20.08.3009	- Other
	Apricots:
20.08.5001	- Apricot soups and porridge
20.08.5009	- Other
20.08.6009	- Other
	Peaches:
20.08.7001	- Peach soups and porridge
20.08.7009	- Other
	Strawberries:
20.08.8001	- Strawberry soups and porridge
20.08.8009	- Other
20.08.9201	- Soups and porridge of fruits
20.08.9209	- Other
	Other:
20.08.9901	- Soups and porridge of fruits
20.08.9909	- Other
20.09	Fruit juices (including grape must) and vegetable juices, unfermented and not containing added spirit, whether or not containing added sugar or other sweetening matter:
	Orange juice:
	Frozen:
20.09.1101	- Unfermented and not containing sugar, in containers of 50 kilos or more
20.09.1109	- Other
	Other:
20.09.1901	- Unfermented and not containing sugar in containers of 50 kilos or more
20.09.1909	- Other
	Grapefruit juice:
20.09.2001	- Unfermented and not containing sugar, in containers of 50 kilos or more
20.09.2009	- Other
	Juice of any other single citrus fruit:
20.09.3001	- Unfermented and not contining sugar in containers of 50 kilos or more
20.09.3009	- Other
	Tomato juice:
20.09.5001	- Unfermented and not containing sugar, in containers of 50 kilos or more
20.09.5009	- Other
	Grape juice (including grape must):

20.09.6001	- Unfermented and not containing sugar in containers of 50 kilos or more
20.09.6009	- Other
	Apple juice:
20.09.7001	- Unfermented an not containing sugar, in containers of 50 kilos or more
20.09.7009	- Other
20.09.80	Juice of any other single fruit or vegetable:
20.09.8001	- Unfermented and not containing sugar in containers of 50 kilos or more
20.09.8009	- Other
	Mixtures of juices:
20.09.9001	- Unfermented and not containing sugar in containers of 50 kilos or more
20.09.9009	- Other

Annex II

Rules of Origin

1. (1) For the purpose of implementing the Agreement, a product shall be considered to be originating in Israel if it has been wholly obtained there.

(2) The following shall be considered as wholly obtained in Israel:

a) vegetable products harvested there;
b) live animals born and raised there;
c) products from live animals raised there;
d) goods produced there exclusively from products specified in subparagraph (2) a) to c).

(3) Packing materials and packing containers presented with a product therein shall not be included with this product for the purpose of determining whether it has been wholly obtained and it shall not be necessary to establish whether such packing materials or packing containers are originating or not.

2. Notwithstanding paragraph 1, the products mentioned in columns 1 and 2 of the list in the Appendix, obtained in Israel and incorporating materials which have not been wholly obtained there, shall also be considered as originating, provided that the conditions set out in column 3 concerning working or processing carried out on such materials have been fulfilled.

3. (1) The preferential treatment provided for under the Agreement applies only to products which are transported directly from Israel to Iceland without passing through the territory of another country. However, products originating in Israel and constituting one single shipment which is not split up may be transported through territory other than that of Iceland or Israel with, should the occasion arise, transshipment or temporary warehousing in such territory, provided that the crossing of the latter territory is justified for geographical reasons, that the products have remained under the surveillance of the customs authorities in the country of transit or of warehousing, that they have not entered in the commerce of such countries

or been delivered for home use there and have not undergone operations other than unloading, reloading or any operations designed to preserve them in good condition.

(2) Evidence that the conditions referred to in subparagraph (1) have been fulfilled shall be supplied to the customs authorities of the importing country in accordance with Article 12 (6) of Protocol B to the Agreement between the EFTA States and Israel.

4. Originating products within the meaning of this Agreement shall, on importation into Iceland, benefit from the Agreement upon submission of either a movement certificate EUR.1 or an invoice declaration issued or made out in accordance with the provisions of Protocol B to the Agreement between the EFTA States and Israel.

5. The provisions on drawback or exemption of duties, proof of origin and arrangements for administrative cooperation contained in Protocol B to the Agreement between the EFTA States and Israel shall apply mutatis mutandis. It is understood that the prohibition of drawback of, or exemption from, customs duties contained in these provisions shall apply only in respect of materials which are of the kind to which the Agreement between the EFTA States and Israel applies.

Appendix

List of products, referred to in paragraph 2, subject to other conditions than the wholly obtained criterion

HS heading no.	Description of products	Working or processing carried out on non-originating materials that confers originating status
(1)	(2)	(3)
ex 20.04	Green beans and beans, prepared or preserved otherwise than by vinegar or acetic acid, frozen	Manufacture in which all the green beans and beans of Chapter 7 and 20 must already be originating
ex 20.05	Peas and beans, prepared or preserved otherwise than by vinegar or acetic acid, not frozen	Manufacture in which all the peas and beans, of Chapter 7 and 20 must already be originating

(1)	(2)	(3)
ex 20.07	Jams, fruit jellies, marmalades, fruit or nut purée and fruit or nut pastes, being cooked preparations, whether or not containing added sugar or other sweetening matter, except of citrus fruit and apple	Manufacture in which: - all the fruits and nuts must already be originating, and - the value of any materials of Chapter 17 used does not exceed 30% of the ex-work price of the product
ex 20.08	Fruit, nuts and other edible parts of plants, as specified in the list of product coverage	Manufacture in which: - all the fruits, nuts and other edible parts of plants must already be originating, and - the value of any materials of Chapter 17 used does not exceed 30% of the ex-work price of the product
ex 20.09	Fruit juices, as specified in the list of product coverage	Manufacture in which: - all the fruits or any material derived from fruits used must be wholly obtained, and - the value of any materials of Chapter 17 used noes not exceed 30% of the ex-work price of the product

b. Letter in reply

Geneva, 16 September 1992

Sir,

I have the honour to acknowledge the receipt of your letter of today's date which reads as follows:

[See letter above.]

I have the honour to confirm that my Government is in agreement with the contents of this letter.

I avail myself of this opportunity to express to you, Your Excellency, the assurances of my highest consideration.

For the Government of Israel
Dr. Yaacov Cohen
Ambassador

H.E. Mr. Kjartan Johannsson
Ambassador
Permanent Mission of Iceland

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 - 1993

28. júní 1993 441 Nr. 12

AUGLÝSING

um samning um fríverslun milli Færeyja og Íslands.

Hinn 2. júní 1993 var ríkisstjórn Danmerkur og landsstjórn Færeyja tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli ríkisstjórnar Íslands, annars vegar, og ríkisstjórnar Danmerkur og landstjórnar Færeyja, hins vegar, um fríverslun milli Íslands og Færeyja sem gerður var í Reykjavík 6. ágúst 1992. Alþingi hafði með ályktun 19. apríl 1993 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn. Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1993. Hann öðlaðist gildi til bráðabirgða 1. september 1992.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

C 29
Steindórsprent Gutenberg hf.

Fylgiskjal 1

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar Íslands, annars vegar,
og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja, hins vegar,
um fríverslun milli Íslands og Færeyja

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS, annars vegar, og

RÍKISSTJÓRN DANMERKUR OG LANDSSTJÓRN FÆREYJA, hins vegar,

hér eftir nefndir samningsaðilar,

SEM VÍSA til stöðu Færeyja sem sjálfstjórnarsvæði innan hins danska ríkis,

MEÐ HLIÐSJÓN AF þeirri staðreynd að Færeyjar voru áður aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) með þátttöku Danmerkur í þeim samtökum, en að aðild Danmerkur að Evrópubandalögunum nær ekki til Færeyja,

MEÐ HLIÐSJÓN AF mikilvægi sjávarútvegs fyrir bæði Ísland og Færeyjar, þar eð sjávarútvegur er grundvöllur efnahagsstarfsemi þeirra og að fisk- og sjávarafurðir eru aðalútflutningsvörur þeirra,

SEM ÆSKJA ÞESS að samræma og efla efnahagssamstarf milli Íslands og Færeyja og tryggja samstillta þróun viðskipta þeirra, með viðeigandi tilliti til sanngjarnra samkeppnisaðstæðna og evrópskrar samvinnu,

HAFA EINSETT SÉR að afnema í áföngum allar hindranir á því sem næst öllum viðskiptum þeirra í samræmi við ákvæði Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti um stofnun fríverslunarsvæða,

LÝSA SIG reiðubúnar til að skoða, eftir því sem ástæða gefst til og einkum í ljósi þróunar á samvinnu í Evrópu, möguleika á að þróa og efla tengsl þeirra svo þau nái til sviða sem þessi samningur tekur ekki til,

HAFA ÁKVEÐIÐ, í samræmi við markmið þessi og með það í huga að ekkert ákvæði þessa samnings megi túlka þannig að það leysi samningsaðila undan skuldbindingum þeirra samkvæmt öðrum alþjóðasamningum,

AÐ GERA MEÐ SÉR SVOHLJÓÐANDI SAMNING:

1. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa eru:

a) að efla, með auknum gagnkvæmum viðskiptum, samstillta þróun efnahagssamskipta milli Íslands og Færeyja og stuðla þannig að framþróun efnahagsmála, betri lífs- og atvinnuskilyrðum og auknum afköstum og fjárhagslegum stöðugleika,

b) að skapa eðlilegar forsendur fyrir samkeppni í viðskiptum milli samningsaðila og

c) að stuðla þannig, með afnámi viðskiptahafta, að samstilltri þróun og auknum alþjóðaviðskiptum.

2. gr.

Gildissvið

Samningurinn tekur til

a) vara sem heyra undir 25. – 97. kafla í samræmdri vörulýsingar- og vöruheitaskrá að undanskildum þeim vörum sem skráðar eru í 1. viðauka,

b) fiskafurða og annarra sjávarafurða eins og kveðið er á um í 2. viðauka,

sem upprunnar eru á Íslandi eða í Færeyjum.

3. gr.

Upprunareglur og samvinna stjórnvalda

1. Í 3. viðauka er kveðið á um upprunareglur.

2. Í 4. viðauka er getið um reglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda um tollamál.

4. gr.

Bann við tollum og gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif og afnám þeirra

1. Engir nýir inn- eða útflutningstollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif verða lögð á viðskipti milli Íslands og Færeyja.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu afnumdir allir tollar á innflutningi og útflutningi og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. ná einnig til fjáröflunartolla.

Samningsaðilar geta lagt á fjáröflunargjöld í stað fjáröflunartolla eða þess hluta tolls sem í eðli sínu er fjáröflun.

4. Færeyjum er heimilt að viðhalda til bráðabirgða fjáröflunartollum sem í gildi voru 1. febrúar 1992 og um getur í A-hluta 5. viðauka.

5. Ísland mun viðhalda fjáröflunartollum á innflutningi sem í gildi voru 1. febrúar 1992 og um getur í B-hluta 5. viðauka.

6. Samningsaðilar skulu afnema alla fjáröflunartolla í tengslum við framkvæmd þeirra breytinga sem lýst er í 5. viðauka eigi síðar en 1. janúar 1993.

5. gr.

Bann við magntakmörkunum og ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif og afnám þeirra

1. Engar nýjar magntakmarkanir verða settar á inn- eða útflutning, né gerðar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif á viðskipti milli Íslands og Færeyja.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu magntakmarkanir á inn- og útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif felldar niður.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda með fyrirvara um sérstakar reglur í 2. og 6. viðauka.

6. gr.

Viðskipti með olíuvörur

Samningsaðilar áskilja sér rétt til að gera sérstakar ráðstafanir vegna viðskipta með olíuvörur.

7. gr.

Viðskipti með landbúnaðarafurðir

1. Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna, að því marki sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir, að stuðla að samstilltri þróun viðskipta með landbúnaðarafurðir.

2. Til að ná þessum markmiðum skulu samningsaðilar nú þegar gera samkomulag um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Færeyja.

3. Samningsaðilum ber að beita reglum sínum um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit í landbúnaði án mismununar og forðast að gera nýjar ráðstafanir sem gætu torveldað viðskipti á óréttmætan hátt.

8. gr.

Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að stofnuð verði tollabandalög eða fríverslunarsvæði, samkomulag gert um landamæraviðskipti eða slíku viðhaldið svo fremi það hafi ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna sem kveðið er á um í samningnum, einkum ákvæði um upprunareglurnar.

9. gr.

Innlendar álögur

1. Samningsaðilum ber að forðast allar fjármálaráðstafanir og aðgerðir innanlands sem hafa beint eða óbeint í för með sér mismunun milli framleiðsluvara sem upprunnar eru á Íslandi og sambærilegra vara sem upprunnar eru í Færeyjum.

2. Framleiðsluvörur sem upprunnar eru á Íslandi og fluttar eru út til Færeyja og framleiðsluvörur sem upprunnar eru í Færeyjum og fluttar eru út til Íslands skulu ekki njóta góðs af hærri endurgreiðslu á innlendum sköttum en nemur beinum eða óbeinum sköttum og gjöldum sem hafa verið lögð á þær.

10. gr.

Greiðslur

Engin höft má leggja á greiðslur vegna vöruviðskipta milli Íslands og Færeyja né á yfirfærslu á slíkum greiðslum til kröfuhafans sem búsettur er á öðrum hvorum stað.

11. gr.

Almennar undantekningar

Samningurinn útilokar ekki að komið sé á banni eða takmörkunum á innflutningi, útflutningi eða umflutningi ef aðgerðir þessar eru réttlætanlegar af ástæðum sem varða almennt siðgæði, allsherjarreglu, almannaöryggi, líf og heilsu manna og dýra, gróður- og umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, verndun hugverka, reglur um meðferð á gulli og silfri eða verndun takmarkaðra náttúruauðlinda, séu slíkar ráðstafanir gerðar í samræmi við takmarkanir á framleiðslu eða neyslu innanlands. Slíkum bönnum og takmörkunum má þó engan veginn beita til gerræðislegrar mismununar eða til að leggja dulin höft á viðskipti milli samningsaðilanna.

12. gr.

Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að samningsaðili geri ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar:

a) til að koma í veg fyrir uppljóstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum sínum,

b) til að verja mikilvæga öryggishagsmuni eða til að standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir hindri ekki samkeppni með vörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til nota vegna hernaðar, eða

ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

iii) á stríðstímum eða þegar mikil spenna ríkir í alþjóðamálum.

13. gr.

Efndir skuldbindinga

1. Samningsaðilar skulu forðast að gera ráðstafanir sem hindrað gætu að markmið samningsins náist.

2. Samningsaðilar skulu gera allar almennar eða sérstakar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að þeir standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Telji annar samningsaðili að hinn hafi ekki staðið við skuldbindingar samkvæmt samningnum er viðkomandi heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

14. gr.

Samkeppnisreglur

1. Eftirfarandi atriði samrýmast ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem þau hafa áhrif á viðskipti milli Íslands og Færeyja:

a) allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til slíks;

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu sinni á yfirráðasvæðum Íslands eða Færeyja í heild eða á verulegum hluta þess.

2. Telji samningsaðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana að höfðu samráði við hinn samningsaðilann eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til hans til umfjöllunar.

15. gr.

Opinberar einkasölur

Samningsaðilum ber að gera ráðstafanir til að tryggja að opinberri einkasölu verði breytt þannig að hún valdi ekki mismunun milli íbúa Íslands og Færeyja að því er varðar skilyrði fyrir innkaupum eða markaðssetningu vara.

16. gr.

Opinber aðstoð

1. Öll opinber aðstoð sem samningsaðili lætur í té með einhverju móti eða með opinberri fjárveitingu og raskar eða gæti raskað samkeppni með því að ívilna einstökum fyrirtækjum eða einstakri framleiðslugrein samrýmist ekki réttri framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli Íslands og Færeyja.

2. Athæfi sem brýtur í bága við 1. mgr. skal metið samkvæmt þeim viðmiðunum sem tilgreindar eru í 7. viðauka.

3. Samningsaðilar skulu tryggja skýrleika í meðferð opinberrar aðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í 4. mgr. 7. viðauka.

4. Telji samningsaðili að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er honum heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr., sem mega þó ekki vera víðtækari en skaðinn sem af hlýst gefur tilefni til.

17. gr.

Vernd hugverka

1. Samningsaðilum ber að starfa saman til að efla smám saman verndun einkaréttar á hugverkum án mismununar, þar á meðal ráðstafanir til að veita og vernda þessi réttindi gegn brotum. Reglur sem gilda um verndun einkaréttar á hugverkum milli samningsaðila skulu útfærðar nánar. Með þessum reglum skal tryggja vernd sem er sambærileg því sem fyrir hendi er í aðildaríkjum Evrópubandalaganna og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal verndun einkaréttar á hugverkum einkum ná til höfundaréttar, t.d. til tölvuforrita, gagnagrunna og réttinda sem tengjast þeim, til vöruheita, landfræðilegra auðkenna, iðnhönnunar, einkaleyfa, svæðislýsinga smárása og upplýsinga um kunnáttu sem ekki eru látnar uppi.

18. gr.

Opinber innkaup

1. Samningsaðilar telja það vera æskilegt og mikilvægt markmið samnings þessa að auka frjálsræði í innkaupum hins opinbera.

2. Frá og með gildistöku samningsins skulu samningsaðilar veita hvor öðrum aðgang að útboðs- og samning gerð við opinber innkaup sín í samræmi við samninginn um opinber innkaup frá 12. apríl 1979, eins og honum var breytt með bókun um breytingar frá 2. febrúar 1987, sem samið var um í samræmi við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti.

3. Samningsaðilum ber að aðlaga stig af stigi reglur, skilyrði og aðferðir sem þeir nota við að ákveða þátttöku í samningum sem boðnir eru út og gerðir af opinberum yfirvöldum og fyrirtækjum, og af einkafyrirtækjum sem njóta sér- eða einkaréttinda, til að tryggja opinn aðgang og skýrleika í gerð samninga og koma í veg fyrir mismunun milli hugsanlegra birgja frá yfirráðasvæðum samningsaðilanna.

4. Samningsaðilar leggja til eða samþykkja, eftir því sem við á, fyrirkomulag þessarar þróunar, meðal annars gildissvið, tímasetningar og reglur sem beita skal.

19. gr.

Undirboð

Verði samningsaðili var við að beitt er undirboðum, í skilningi VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í viðskiptum við hinn samningsaðilann getur viðkomandi gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þær reglur sem settar eru í 23. gr.

20. gr.

Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru

Þegar innflutningur tiltekinnar vöru eykst svo mjög eða við skilyrði sem valda eða gætu valdið:

a) alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á Íslandi eða í Færeyjum, eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga á einstökum landssvæðum,

er viðkomandi samningsaðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

21. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

Leiði beiting ákvæðanna í 4. og 5. gr. til:

a) þess að vara er flutt aftur út til þriðja lands er samningsaðili sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum, útflutningstollum eða ráðstöfunum sem hafa sambærileg áhrif, eða

b) alvarlegs skorts, eða hugsanlegs skorts, á vöru sem samningsaðila sem flutt er út frá er nauðsynleg

og þar sem ofangreindar ástæður valda, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir samningsaðila sem flutt er út frá, er viðkomandi samningsaðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

22. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

Lendi Ísland eða Færeyjar í alvarlegum erfiðleikum, eða sjái fram á erfiðleika, varðandi greiðslujöfnuð sinn er viðkomandi samningsaðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þær reglur sem settar eru í 23. gr.

23. gr.

Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari grein skulu samningsaðilar leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. þessarar greinar ber samningsaðila, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, að tilkynna hinum samningsaðilanum þegar þar um og láta honum í té allar upplýsingar sem máli skipta. Samningsaðilar skulu hefja viðræður án tafar til að leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við.

3. Við beitingu 2. mgr. gilda eftirfarandi ákvæði:

a) Að því er varðar 16. gr. (Opinber aðstoð) og 18. gr. (Opinber innkaup) skal samningsaðili sem í hlut á veita hinum samningsaðilanum nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi samningsaðilinn sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt hefur verið innan þess tíma sem samningsaðilar koma sér saman um, eða ef ekkert samkomulag hefur náðst eftir samráð eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til samningsaðila, er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem hann telur nauðsynlegar til að bæta ástandið.

b) Að því er varðar 19. gr. (Undirboð), 20. gr. (Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru) og 21. gr. (Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur) skulu samningsaðilar rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem hlutaðeigandi samningsaðili hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að tilkynnt var um málið er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem hann telur nauðsynlegar til að bæta ástandið.

c) Að því er varðar 13. gr. (Uppfylling skuldbindinga) er hlutaðeigandi samningsaðila heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir að loknu samráði eða þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið.

4. Skylt er að tilkynna hinum samningsaðilanum þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta ástandið sem kallaði á þær og skulu í öllu falli ekki valda meiri skaða en þegar hefur orðið. Reynt skal eftir megni að beita ráðstöfunum sem raska framkvæmd samningsins sem minnst.

5. Efna skal til reglubundins samráðs milli samningsaðila um öryggisráðstafanir og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra kosti í stað þeirra eða afnema þær eins fljótt og unnt er.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi samningsaðili, í tilvikum sem um ræðir í 14. gr. (Samkeppnisreglur), 16. gr. (Opinber aðstoð), 19. gr. (Undirboð), 20. gr. (Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru) og 21. gr. (Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur) gripið strax til varrúðarráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta ástandið. Tilkynna ber um ráðstafanirnar án tafar og efna til samráðs milli samningsaðila eins fljótt og unnt er.

24. gr.

Fyrirkomulag samráðs

1. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum hvenær sem þurfa þykir og bera saman ráð sín að beiðni samningsaðila.

2. Samningsaðilar geta ákveðið að stofna sameiginlega nefnd til að annast framkvæmd samningsins sem skipuð er fulltrúum samningsaðila. Ef úr því verður skal eftirfarandi gilda:

a) Upplýsingaskipti og samráð sem um getur í 1. mgr., einkum samráð og ákvarðanir sem um getur í 23. gr., skulu fara fram í gegnum sameiginlegu nefndina, þegar við á.

b) Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

c) Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman þegar þörf krefur. Báðir samningsaðilar geta haft frumkvæði að því að kalla nefndina saman.

d) Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

e) Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.

f) Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa ef hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

g) Sameiginlega nefndin getur ákveðið að breyta viðaukunum.

25. gr.

Þróunarákvæði

1. Þegar samningsaðili telur það vera til framdráttar efnahagi samningsaðila að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir hann hinum samningsaðilanum rökstudda beiðni þar um.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeim reglum sem um getur í 1. mgr., eru með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki samningsaðila eins og ráð er fyrir gert í landslögum þeirra.

26. gr.

Viðaukar

Viðaukar við samninginn eru óaðskiljanlegur hluti hans.

27. gr.

Gildissvæði samningsins

Samningurinn gildir annars vegar í Lýðveldinu Íslandi og hins vegar í Færeyjum.

28. gr.

Uppsögn

Samningsaðili getur sagt samningnum upp með því að tilkynna það hinum samningsaðilanum. Samningurinn fellur úr gildi tólf mánuðum eftir að tilkynningin berst hinum samningsaðilanum.

29. gr.

Gildistaka

Samningur þessi er gerður í þremur frumritum á íslensku, dönsku og færeysku og er hver þessara texta jafngildur.

Samningsaðilar skulu samþykkja samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvors um sig. Hann öðlast gildi á fyrsta degi mánaðarins eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum opinberlega að öllum skilyrðum fyrir gildistöku hans hafi verið fullnægt.

Þangað til samningurinn öðlast endanlegt gildi skal hann gilda til bráðabirgða frá 1. september 1992.

Gjört í Reykjavík sjötta ágúst nítján hundruð níutíu og tvö.

1. VIÐAUKI

Samningurinn tekur ekki til eftirfarandi vara sem heyra undir 25. – 97. kafla í samræmdu tollskránni (ST):

ST-númer	Vörulýsing
3501	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím
3502	Albúmín, albúmínöt og aðrar albúmínafleiður:
10	– Eggjaalbúmín:
úr 10	– – Annað en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis
90	– Annað:
úr 90	– – Mjólkuralbúmín (laktoalbúmín), Annað en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis
3505	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:
10	– Dextrín og önnur umbreytt sterkja:
úr 10	– – Sterkjur, esteraðar eða eteraðar

2. VIÐAUKI

BÓKUN
um ákvæði sem gilda um fiskafurðir og aðrar sjávarafurðir

1. gr.

Við gildistöku samningsins skulu samningsaðilar afnema innflutningstolla á fisk og fiskafurðum, sem upprunnar eru á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif.

Samningsaðilar skulu hvorki beita magntakmörkunum á innflutningi fisks og fiskafurða sem upprunnar eru á yfirráðasvæði hins samningsaðilans, né ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif.

Orðin „fiskur og fiskafurðir" taka til þeirra ST-flokka sem getið er í viðbætinum við þessa bókun.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. samningsins geta samningsaðilar beitt útflutningstakmörkunum á útflutning fisks og annarra sjávarafurða.

2. gr.

Samningsaðilar skulu beita reglum sínum um fiskútflutning, þar með taldar reglur um landanir erlendis, þannig að engin mismunun eigi sér stað milli útflutnings til hins samningsaðilans og til Efnahagsbandalags Evrópu.

Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að samningsaðili geti beitt viðeigandi ráðstöfunum jafnskjótt og þeirra er þörf til að vega upp á móti áhrifum opinberrar aðstoðar hjá hinum samningsaðila sem raska viðskiptum áður en ákvæði 7. viðauka eru að fullu komin til framkvæmda.

Viðbætir við 2. viðauka

ST-númer	Vörulýsing
02.08	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst
úr 0208.90	– Annað: – – Af hvölum
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar
05.11	Dýraafurðir, ekki tilgreindar eða taldar með annars staðar; dauð dýr úr 1. eða 3. kafla, ekki til manneldis:
0511.91	– – Afurðir úr fiskum eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- og sjávarhryggleysingjum; dauð dýr úr 3. kafla.
15.04	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt
15.16	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
úr 1516.10	– Dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra: – – Feiti og olíur unnar eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum og efnisþættir þeirra
16.03	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:
úr 1603.00	– Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum

ST-númer	Vörulýsing
16.04	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra
16.05	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum
23.01	Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar
úr 2301.10	– Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr kjöti eða hlutum úr dýrum; hamsar – – Hvalmjöl
2301.20	– Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
23.09	Framleiðsla til dýraeldis
úr 2309.10	Hunda- eða kattamatur að meginstofni til úr fiski, sem inniheldur ekki kjöt eða æta hluti af dýrum, í smásöluumbúðum
úr 2309.90	– Annað: – – Uppleysanleg efni úr fiski og fiskfóður

3. VIÐAUKI

Um upprunareglur

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR — ALMENN ÁKVÆÐI

— 1. gr. Skilgreiningar

II. BÁLKUR — SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

— 2. gr. Upprunaviðmiðanir
— 3. gr. Vörur að öllu leyti fengnar
— 4. gr. Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu
— 5. gr. Ófullnægjandi aðvinnsla
— 6. gr. Skilgreiningareining
— 7. gr. Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri
— 8. gr. Samstæður
— 9. gr. Atriði sem hafa ekki áhrif

III. BÁLKUR — SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

— 10. gr. Meginregla um yfirráðasvæði
— 11. gr.
— 12. gr. Endurinnflutningur á vörum
— 13. gr. Beinn flutningur
— 14. gr. Sýningar

IV. BÁLKUR — ENDURGREIÐSLA EÐA UNDANÞÁGA

— 15. gr. Bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum

V. BÁLKUR — SÖNNUN Á UPPRUNA

— 16. gr. Almennar kröfur
— 17. gr. Reglur um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis
— 18. gr. EUR.1-flutningsskírteinið gefið út eftir á
— 19. gr. Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu
— 20. gr. Útgáfa EUR.1-flutningsskírteinis á grundvelli sönnunar á uppruna sem gefin var út áður
— 21. gr. Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi
— 22. gr. Viðurkenndur útflytjandi
— 23. gr. Gildistími sönnunar á uppruna
— 24. gr. Sönnun á uppruna lögð fram
— 25. gr. Innflutningur í áföngum
— 26. gr. Undanþágur frá formlegri sönnun á uppruna
— 27. gr. Fylgiskjöl
— 28. gr. Varðveisla sönnunar á uppruna og fylgiskjala
— 29. gr. Ósamræmi og villur í framsetningu
— 30. gr. Fjárhæðir í ECU
— 31. gr. Innflutningur frá og endurútflutningur til Finnlands, Noregs og Svíþjóðar

VI. BÁLKUR — FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

— 32. gr. Gagnkvæm aðstoð
— 33. gr. Sannprófun vegna sönnunar á uppruna
— 34. gr. Lausn deilumála
— 35. gr. Viðurlög
— 36. gr. Meðferð vara sem ekki eru upprunavörur
— 37. gr. Viðbætar

SKRÁ YFIR VIÐBÆTA

I. viðbætir	Bókun um skilning — sameiginlegar viljayfirlýsingar
II. viðbætir	Skýringar við skrá III. viðbætis
III. viðbætir	Skrá yfir tilskilda aðvinnslu efna sem ekki teljast upprunaefni til að framleiðsluvaran öðlist upprunaréttindi
IV. viðbætir	EUR.1-flutningsskírteinið og umsókn um EUR.1-flutningsskírteini
V. viðbætir	Yfirlýsing á vörureikningi
VI. viðbætir	Fjárhæðir sem jafngilda reiknieiningu í gjaldmiðlum landanna
VII. viðbætir	Sérstakur stimpill

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Að því er þennan viðauka varðar merkir:

a) „framleiðsla“ hvers konar aðvinnslu, þar með er talin samsetning eða sérvinnsla;

b) „efni“ hvers konar efnisþátt, hráefni, íhluta eða hluta o. s. frv. sem notað er við framleiðslu vörunnar;

c) „framleiðsluvara“ vöru sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar;

d) „vara“ bæði efni og framleiðsluvörur;

e) „tollverð“ verð sem ákveðið er í samræmi við samning um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti sem gerður var í Genf 12. apríl 1979;

f) „verksmiðjuverð“ verð sem framleiðanda er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju á Íslandi eða í Færeyjum þar sem lokaaðvinnsla vörunnar fór fram, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða má endurgreiða þegar varan sem er fengin er flutt út;

g) „verðmæti efnis“ tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið á Íslandi eða í Færeyjum;

h) „verðmæti upprunaefna“ verðmæti slíkra efna eins og skilgreint er í g-lið að breyttu breytanda;

i) „kaflar“ og „vöruliðir“ kafla og vöruliði (fjögurra tölustafa tákn) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána, í þessum viðauka vísað til sem „samræmda tollskráin“ eða „ST“;

j) „flokkun“ flokkun framleiðsluvara eða efna undir tilteknum vörulið;

k) „vörusending“ framleiðsluvörur sem eru annaðhvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda eða hafðar á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vörureikningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi.

II. BÁLKUR

SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

2. gr.

Upprunaviðmiðanir

1. Við framkvæmd samningsins og þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. skulu neðangreindar framleiðsluvörur taldar upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum:

a) framleiðsluvörur að öllu leyti fengnar á Íslandi eða í Færeyjum í skilningi 3. gr.;

b) framleiðsluvörur fengnar á Íslandi eða í Færeyjum sem í eru notuð efni sem ekki eru að öllu leyti fengnar þar, að því tilskildu:

i) að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu á Íslandi eða í Færeyjum í skilningi 4. gr. eða

ii) að slík efni séu upprunnin hjá hinum samningsaðilanum í skilningi viðauka þessa eða

iii) að slík efni séu upprunnin í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt upprunareglunum í samningum um fríverslunarsvæði milli Færeyja annars vegar og Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hins vegar, svo fremi sem þessar reglur séu samhljóða reglunum í viðauka þessum.

2. Að því er varðar framleiðsluvörur sem fengnar eru á Íslandi má einungis beita ákvæðum liðar iii b-liðar 1. mgr. þegar ráðstafanir hafa verið gerðar um nauðsynlega samvinnu stjórnvalda á Íslandi eða í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð í samræmi við ákvæði viðauka þessa sem tryggja að þeim ákvæðum verði framfylgt.

3. Þrátt fyrir ákvæði liðar ii og iii b-liðar 1. mgr. 1. gr. halda framleiðsluvörur, sem upprunnar eru í skilningi viðauka þessa á Íslandi eða í Færeyjum, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð samkvæmt upprunareglunum sem um getur í lið iii b-liðar 1. mgr, uppruna sínum þegar þær eru fluttar frá einum samningsaðila til annars í óbreyttu ástandi eða hafa ekki hlotið aðvinnslu í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá umfram þá sem um ræðir í 1. mgr. 5. gr.

4. Við beitingu 3. mgr. um framleiðsluvörur upprunnar hjá báðum samningsaðilum eða hjá einum samningsaðila eða báðum og í Finnlandi og/eða Noregi og/eða Svíþjóð sem hafa ekki fengið neina aðvinnslu í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá umfram það sem um ræðir í 1. mgr. 5. gr., skal uppruni ákveðinn með tilliti til þeirrar framleiðsluvöru sem hæst ber tollverð eða, ef það er ekki þekkt eða ekki er unnt að komast að því, með tilliti til þess hæsta fyrsta verðs sem sýnt er fram á að greitt hefur verið fyrir framleiðsluvörurnar í því ríki eða á því yfirráðasvæði.

3. gr.

Vörur að öllu leyti fengnar

1. Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið á Íslandi eða í Færeyjum:

a) jarðefni unnin úr jörðu eða af hafsbotni þess;

b) afurðir úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;

c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;

d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;

e) villibráð og fiskafurðir sem aflað er þar með veiðum;

f) sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi Íslands eða Færeyja af skipum þeirra;

g) vörur sem framleiddar eru um borð í verksmiðjuskipum þeirra, eingöngu úr afurðum sem um ræðir í f-lið;

h) notaðar framleiðsluvörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur;

i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;

j) vörur sem framleiddar eru þar eingöngu úr framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til i-lið.

2. Orðin „skip þeirra" og „verksmiðjuskip þeirra" í f- og g-lið 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip:

a) sem eru á skipaskrá eða skráð með öðrum hætti á Íslandi eða í Færeyjum;

b) sem sigla undir fána Íslands eða Færeyja;

c) sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara Íslands eða Færeyinga, sem eru búsettir í Færeyjum eða utan þeirra, eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar á Íslandi eða í Færeyjum enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar Íslands eða Færeyingar búsettir í Færeyjum eða utan þeirra og að auki, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög, ef að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu Íslands eða Færeyja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara Íslands eða Færeyinga;

d) þegar skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar Íslands eða Færeyingar búsettir í Færeyjum eða utan þeirra; og

e) þegar að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar Íslands eða Færeyingar búsettir í Færeyjum eða utan þeirra.

4. gr.

Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu

1. Að því er 2. gr. varðar skulu efni sem ekki eru að öllu leyti fengin á Íslandi eða í Færeyjum teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu þar þegar framleiðsluvara flokkast undir annan vörulið en önnur efni sem notuð voru í framleiðslu hennar, sbr. þó ákvæði 2. mgr. og ákvæði 5. gr.

2. Fyrir framleiðsluvörur sem getið er í 1. og 2. dálki í skrá í III. viðbæti við viðauka þennan verður að fullnægja skilyrðum í 3. dálki fyrir viðkomandi framleiðsluvöru í stað reglunnar í 1. mgr.

3. Útflytjanda er frjálst, að því er varðar framleiðsluvörur í 84. til 91. kafla að báðum meðtöldum, að fara að skilyrðum í 4. dálki í stað þess að fullnægja skilyrðum í 3. dálki.

4. Skilyrði 1., 2. og 3. mgr. kveða á um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um öll slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

5. Þessi grein gildir nema að því leyti sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr.

5. gr.

Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Eftirfarandi aðgerðir teljast ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 4. gr. hefur verið fullnægt:

a) aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar á meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir);

b) einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur;

c) i) skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining;

ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;

d) áfesting merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;

e) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna sem sett eru í viðauka þessum;

f) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara;

g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til f-lið;

h) slátrun dýra.

2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram á Íslandi eða í Færeyjum á tiltekinni framleiðsluvöru, sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.

6. gr.

Skilgreiningareining

1. Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða viðauka þessa er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar.

Af þessu leiðir:

a) þegar framleiðsluvara sett saman úr mörgum hlutum er flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið telst heildin vera ein skilgreiningareining;

b) þegar margar framleiðsluvörur af sama tagi sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni eru í einni vörusendingu skal hver einstök framleiðsluvara tekin fyrir þegar ákvæðum viðauka þessa er beitt.

2. Þegar umbúðir eru samkvæmt 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

7. gr.

Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri

Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

8. gr.

Samstæður

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruíhlutar eru upprunavörur. Þó skal samstæða, sem er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur, teljast í heild upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem eru ekki upprunavörur sé ekki meira en 15 af hundraði af verksmiðjuverði samstæðunnar.

9. gr.

Atriði sem hafa ekki áhrif

Þegar ákvarða þarf hvort framleiðsluvara sé upprunnin á Íslandi eða í Færeyjum er ekki nauðsynlegt að taka tillit til þess hvort orka, verksmiðja og búnaður svo og vélar og verkfæri notuð við framleiðslu vörunnar, eða hvort einhverjar vörur til framleiðslunnar sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnisþátt í framleiðsluvörunni fullgerðri, eru upprunavörur eða ekki.

III. BÁLKUR

SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

10. gr.

Meginregla um yfirráðasvæði

Fullnægja verður óslitið skilyrðum í II. bálki um öflun upprunaréttinda á yfirráðasvæði Íslands eða Færeyja. Hvað þetta varðar telst skilyrðum um öflun upprunaréttinda ekki fullnægt ef vörur sem hafa hlotið aðvinnslu á Íslandi eða í Færeyjum eru fluttar frá yfirráðasvæði samningsaðila, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar, samanber þó 12. gr.

11. gr.

(Í viðauka þessum er engin 11. gr.)

12. gr.

Endurinnflutningur á vörum

Litið skal á vörur, sem fluttar eru út frá Íslandi eða Færeyjum til þriðja lands og síðan fluttar inn aftur, eins og þær hafi aldrei verið fluttar frá yfirráðasvæði Íslands eða Færeyja ef hægt er að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

a) vörurnar sem eru fluttar inn aftur séu þær sömu og voru fluttar út í upphafi; og

b) ekki hafi neitt verið gert við vörurnar umfram það sem nauðsynlegt má teljast til að halda þeim í góðu ástandi í því landi eða á meðan á útflutningi stóð.

13. gr.

Beinn flutningur

1. Fríðindameðferð sú sem kveðið er á um í samningnum gildir einungis um framleiðsluvörur sem fullnægt hafa þeim kröfum sem settar eru fram í þessum viðauka og eru fluttar innan yfirráðasvæðis Íslands, Færeyja, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur í einni vörusendingu um yfirráðasvæði önnur en yfirráðasvæði Íslands, Færeyja, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar með umfermingu eða bráðabirgðageymslu á þeim yfirráðasvæðum, að því tilskildu að vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umfermingin eða geymslan á sér stað og ekki hlotið aðra meðferð en affermingu, endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að halda þeim í góðu ástandi.

2. Sönnunargögn um að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. hafi verið fullnægt skulu lögð fram hjá tollyfirvöldum innflutningslandsins með því að framvísa:

a) farmskírteini sem gefið var út í útflutningslandinu og tekur einnig til flutnings um umflutningslandið; eða

b) skírteini, sem tollyfirvöld umflutningslandsins gefa út, þar sem fram kemur:

i) nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni,

ii) affermingar- og endurfermingardagar og, þar sem við á, nöfn hlutaðeigandi skipa, og

iii) við hvaða aðstæður framleiðsluvaran var geymd í umflutningslandinu; eða

c) að öðrum kosti hvers konar skjölum sem færa sönnur á þetta.

14. gr.

Sýningar

1. Framleiðsluvörur sem sendar eru frá Íslandi eða Færeyjum á vörusýningu í þriðja landi eða á yfirráðasvæði öðru en yfirráðasvæði Íslands, Færeyja, Finnlands, Noregs eða Sviþjóðar og seldar eftir sýninguna til innflutnings til Íslands eða Færeyja skulu við innflutninginn njóta hags af ákvæðum samningsins uppfylli framleiðsluvörurnar þær kröfur sem gerðar eru í þessum viðauka til þess að þær teljist upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum og að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

a) útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur frá Íslandi eða Færeyjum til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar;

b) sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda á Íslandi eða í Færeyjum;

c) framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana til Íslands eða Færeyja í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar; og

d) framleiðsluvörurnar hafi ekki frá því að þær voru sendar til sýningar verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á sýningunni.

2. Sönnun á uppruna skal gefin út eða samin í samræmi við ákvæði V. bálks og lögð fram hjá tollyfirvöldum landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er til með venjulegum hætti. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra viðbótarsönnunargagna um eðli framleiðsluvaranna og aðstæður við sýningu þeirra.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu taka til allra vöru-, iðnaðar-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra sýninga sem opnar eru almenningi og ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar vörur, enda séu framleiðsluvörurnar undir tolleftirliti meðan á sýningu stendur.

IV. BÁLKUR

ENDURGREIÐSLA EÐA UNDANÞÁGA

15. gr.

Bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum

1. Efni sem ekki eru upprunaefni og notuð eru við framleiðslu á vörum, sem eru upprunavörur á Íslandi eða í Færeyjum í skilningi þessa viðauka og gefin hefur verið eða samin sönnun á uppruna fyrir í samræmi við ákvæði V. bálks, skulu ekki njóta endurgreiðslu á eða undanþágu frá neins konar tollum.

2. Bannið í 1. mgr. gildir um hvers konar fyrirkomulag varðandi endurgreiðslur, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum, að fullu eða að hluta, á tollum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif og samningsaðili beitir vegna efna sem notuð eru við framleiðslu, ef slíkum endurgreiðslum, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum er beitt, beint eða óbeint, þegar framleiðsluvaran sem unnin er úr efnunum er ætluð til útflutnings en ekki þegar hún er til notkunar innanlands í því ríki eða á því yfirráðasvæði.

3. Útflytjandi framleiðsluvöru, sem sönnun á uppruna tekur til, skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda, öll tilheyrandi skjöl því til staðfestingar að engin endurgreiðsla hafi fengist fyrir þau efni sem eru ekki upprunaefni og notuð voru við framleiðslu á viðkomandi vöru og að allir tollar eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif og falla á slík efni hafi verið greidd.

4. Ákvæði 1. – 3. mgr. gilda einnig um umbúðir í skilningi 2. mgr. 6. gr., fylgihluti, varahluti og verkfæri í skilningi 7. gr. og vörur í samstæðum í skilningi 8. gr. þegar slíkir hlutir eru ekki upprunavörur.

5. Ákvæði 1. – 4. mgr. gilda aðeins um efni þeirrar tegundar sem samningurinn gildir um. Þau skulu enn fremur ekki koma í veg fyrir að Ísland eða Færeyjar geri ráðstafanir til verðjöfnunar á landbúnaðarafurðum við útflutning í samræmi við ákvæði samningsins.

V. BÁLKUR
SÖNNUN Á UPPRUNA

16. gr.
Almennar kröfur

1. Við innflutning til Íslands eða Færeyja skulu upprunavörur í skilningi þessa viðauka njóta hags af samningnum gegn framvísun:

a) EUR.1-flutningsskírteinis, samkvæmt fyrirmynd í IV. viðbæti; eða

b) vörureiknings með yfirlýsingu útflytjanda, í þeim tilvikum sem frá er greint í 1. mgr. 21. gr., en texta hennar er að finna í V. viðbæti, sem gefin er á vörureikningi, afhendingarseðli eða öðru því viðskiptaskjali þar sem viðkomandi vöru er lýst nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á hana (hér eftir nefnd „yfirlýsing á vörureikningi").

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu upprunavörur í skilningi þessa viðauka, í þeim tilvikum sem greint er frá í 26. gr., njóta hags af samningnum án þess að nauðsynlegt sé að framvísa ofangreindum skjölum.

17. gr.
Reglur um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis

1. Tollyfirvöld í landi eða á yfirráðasvæði sem flutt er út frá skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini hafi útflytjandi skilað inn skriflegri umsókn eða fulltrúi hans á hans ábyrgð.

2. Útflytjandi eða fulltrúi hans skal bæði fylla út EUR.1-flutningsskírteini og umsóknina en sýnishorn af þeim er að finna í IV. viðbæti.

Eyðublöðin skal fylla út á einu af opinberum tungumálum Íslands eða Færeyja eða á ensku í samræmi við ákvæði landslaga í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá. Ef þau eru handskrifuð skulu þau útfyllt með bleki og með prentstöfum. Gefa verður vörulýsinguna í reitnum sem er ætlaður til þess án þess að skilja eftir auðar línur. Ef reitur er ekki notaður að fullu skal draga lárétta línu neðan við lýsinguna og strika yfir ónýtta svæðið.

3. Útflytjandi sem sækir um að fá EUR.1-flutningsskírteini skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá og þar sem EUR.1-flutningsskírteinið er gefið út, öll tilheyrandi skjöl sem votta að viðkomandi framleiðsluvara sé upprunavara og að öllum öðrum kröfum sem settar eru fram í þessum viðauka sé fullnægt.

4. Tollyfirvöld samningsaðila skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini ef framleiðsluvörur þær sem flytja á út geta talist upprunnar í því ríki eða á því yfirráðasvæði í skilningi 1. mgr. 2. gr. og ef öllum öðrum kröfum sem settar eru fram í þessum viðauka er fullnægt.

5. Tollyfirvöld samningsaðila geta gefið út EUR.1-flutningsskírteini með þeim skilmálum sem kveðið er á um í viðauka þessum ef viðkomandi framleiðsluvörur eru á yfirráðasvæði þeirra og geta talist upprunnar hjá samningsaðila eða í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð í skilningi 3. mgr. 2. gr.

6. Í þeim tilvikum sem um getur í 5. mgr. skulu EUR.1-flutningsskírteini gefin út gegn því að sönnun á uppruna sem áður hefur verið gefin út eða samin sé framvísað.

Sjá ber til þess að tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er til geti, með samvinnu stjórnvalda, fengið ósvikið afrit af sönnunum á uppruna sem áður hafa verið gefnar út eða samdar fyrir framleiðsluvörurnar.

7. Þau tollyfirvöld sem gefa skírteinið út skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá staðfest að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt. Þau hafa í þessum tilgangi rétt til að krefjast hvers konar sannana og athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa annars konar eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.

Tollyfirvöld sem gefa skírteinið út skulu einnig tryggja að þau eyðublöð sem um getur í 2. mgr. séu rétt útfyllt. Einkum skal athuga hvort það svæði sem ætlað er fyrir vörulýsingu sé útfyllt þannig að engin hætta sé á viðbótum í sviksamlegum tilgangi.

8. Útgáfudagur EUR.1-flutningsskírteinis skal koma fram á þeim hluta skírteinisins sem ætlaður er tollyfirvöldum.

9. Tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini þegar viðkomandi vörur eru fluttar úr landi. Útflytjandinn getur fengið það til ráðstöfunar um leið og útflutningur hefur í raun átt sér stað eða verið tryggður.

18. gr.

EUR.1-flutningsskírteinið gefið út eftir á

1. Þrátt fyrir 9. mgr. 17. gr. er í undantekningartilvikum heimilt að gefa EUR.1-flutningsskírteinið út eftir að útflutningur framleiðsluvörunnar hefur átt sér stað, að því tilskildu að:

a) það hafi ekki verið gefið út þegar útflutningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra kringumstæðna; eða

b) sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda að EUR.1-flutningsskírteinið hafi verið gefið út en ekki viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum.

2. Við framkvæmd 1. mgr. verður útflytjandinn að taka fram í umsókninni hvar og hvenær útflutningur framleiðsluvöru, sem EUR.1-flutningsskírteinið á við um, átti sér stað og taka fram ástæður fyrir beiðninni.

3. Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteinið eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingarnar sem fram koma í umsókn útflytjandans séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.

4. EUR.1-flutningsskírteini sem eru gefin út eftir á verða að vera árituð með einni af eftirfarandi setningum:

„GIVIN EFTIRFYLGJANDI",
„UDSTEDT EFTERFØLGENDE",
„UDSTEDT SENERE",
„ANNETTU JÄLKIKÄTEEN",
„ÚTGEFIÐ EFTIR Á",
„UTFÄRDAT I EFTERHAND",
„ISSUED RETROSPECTIVELY".

5. Áritunin sem um getur í 4. mgr. skal færð í athugasemdareit EUR.1-flutningsskírteinisins.

19. gr.

Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu

1. Hafi EUR.1-flutningsskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandinn sótt um það til þeirra tollyfirvalda sem gáfu það út að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjala sem eru í þeirra vörslu.

2. Eftirritið sem er gefið út á þennan hátt verður að vera áritað með einhverju eftirfarandi orða:

„TVÍTAK“,
„DUPLIKAT“,
„KAKSOISKAPPALE“,
„EFTIRRIT“,
„DUPLICATE“.

3. Áritunin sem um getur í 2. mgr. skal færð í athugasemdareit eftirrits EUR.1-flutningsskírteinisins.

4. Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR.1-flutningsskírteinið og gilda frá og með sama degi.

20. gr.

Útgáfa EUR.1-flutningsskírteinis á grundvelli sönnunar á uppruna sem gefin var út áður

Ef framleiðsluvörur í einni vörusendingu, sem EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi hefur verið gefin út fyrir, eru settar undir eftirlit tollstöðvar á Íslandi eða í Færeyjum skal sá möguleiki vera fyrir hendi að láta eitt eða fleiri EUR.1-flutningsskírteini, sem þessi tollstöð gefur út, koma í stað upphaflegrar sönnunar á uppruna í þeim tilgangi að senda allar þessar vörur eða hluta þeirra til annarra tollstöðva hvort sem þær eru í sama ríki eða á sama yfirráðasvæði eða ekki.

21. gr.

Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi

1. Heimilt er að yfirlýsing á vörureikningi, sem um getur í b-lið 1. mgr. 16. gr., sé gefin út:

a) af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr.;

b) af útflytjanda vörusendingar sem samanstendur af einum eða fleiri pökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti ekki meira en 5 110 ECU.

2. Heimilt er að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi ef viðkomandi framleiðsluvörur teljast upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum í skilningi 1. mgr. 2. gr. og fullnægja öðrum kröfum þessa viðauka.

3. Heimilt er að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi með þeim skilmálum sem sett eru í viðauka þessum er viðkomandi framleiðsluvörur eru á yfirráðasvæði ríkisins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá og geta talist upprunnar hjá samningsaðila eða í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð í skilningi 3. mgr. 2. gr. Ákvæði 6. mgr. 17. gr. gilda að breyttu breytanda.

4. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í landi eða á yfirráðasvæði útflytjanda, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi vara og að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.

5. Yfirlýsing á vörureikningi skal gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðbæti í samræmi við ákvæði laga landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá, en texti yfirlýsingarinnar kemur fram í V. viðbæti. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa og þá skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

6. Yfirlýsing á vörureikningi skal vera með upprunalegri eiginhandarundirskrift útflytjandans, með þeim undantekningum þó sem kveðið er á um í 8. mgr. 22. gr.

7. Útflytjandi getur gefið út yfirlýsingu á vörureikningi þegar framleiðsluvörurnar sem hún tekur til eru fluttar út eða síðar. Hafi yfirlýsing á vörureikningi verið gefin út eftir að framleiðsluvörunum sem hún tekur til hefur verið framvísað við tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til skal hún vera með tilvísun í þau skjöl sem hafa þegar verið lögð fyrir umrædd yfirvöld.

22. gr.

Viðurkenndur útflytjandi

1. Þrátt fyrir ákvæði 17., 18., 19., 21. og 31. gr. er hægt að viðhafa einfaldaða afgreiðslu skjala til sönnunar um uppruna samkvæmt neðangreindum ákvæðum.

2. Tollyfirvöld landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá geta heimilað að útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi", sem sendar oft framleiðsluvörur af því tagi sem EUR.1-flutningsskírteini taka til og veitir tollyfirvöldum fullnægjandi tryggingar fyrir því að vörurnar séu upprunavörur og auk þess að öðrum kröfum þessa viðauka sé fullnægt, þurfi hvorki að framvísa framleiðsluvörunum né heldur umsókn um EUR.1-flutningsskírteini fyrir þessar framleiðsluvörur hjá tollstöð í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá þegar útflutningur á sér stað til að fá EUR.1-flutningsskírteini fyrir vörurnar samkvæmt skilyrðum 1. til 5. mgr. 17. gr.

3. Tollyfirvöld í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá geta krafist þess að EUR.1- flutningsskírteinið sé sérstaklega auðkennt til aðgreiningar þegar einfölduð afgreiðsla er viðhöfð.

4. Í leyfi sem um getur í 2. mgr. skal tiltekið, samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda, að reitur nr. 11 í EUR.1-flutningsskírteininu, „Áritun tollyfirvalda", skuli annaðhvort:

a) vera áritaður fyrirfram með stimpli viðkomandi tollstöðvar í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá og eiginhandarundirskrift starfsmanns þess embættis, handskrifaðri eða ekki, eða

b) vera áritaður af hinum viðurkennda útflytjanda með sérstökum stimpli sem tollyfirvöld í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá hafa viðurkennt og samsvarar fyrirmynd þeirri sem sýnd er í VII. viðbæti við viðauka þennan; stimpillinn má vera forprentaður á eyðublöðin.

Reit nr. 11 „Áritun tollyfirvalda" á EUR.1-flutningsskírteininu skal viðurkenndur útflytjandi útfylla ef þörf krefur.

5. Í tilvikum sem um getur í a-lið 4. mgr. skal í reit nr. 7 „Athugasemdir" á EUR.1-flutningsskírteininu rita eina af eftirfarandi setningum:

„EINFØLD MANNAGONGD",
„FORENKLET PROCEDURE",
„FORENKLET PROSEDYRE",
„YKSINKERTAISTETTU MENETTELY",
„EINFÖLDUÐ AFGREIÐSLA",
„FÖRENKLAD PROCEDUR",
„SIMPLIFIED PROCEDURE".

Viðurkenndur útflytjandi skal, ef þörf krefur, tilgreina í reit nr. 13, „Beiðni um sannprófun", nafn og aðsetur þess tollyfirvalds sem bært er til að sannprófa EUR.1-flutningsskírteinið.

6. Ef tollyfirvöld í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá uppgötva að skírteini sem gefið er út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar tekur ekki til framleiðsluvaranna sem látnar eru í té skulu þau tafarlaust gera tollyfirvöldum í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til grein fyrir staðreyndum málsins.

7. Tollyfirvöld geta heimilað viðurkenndum útflytjanda að búa til vörureikninga með yfirlýsingunni sem sýnd er í V. viðbæti við viðauka þennan í stað EUR.1-flutningsskírteinis.

Yfirlýsing sem gerð er af viðurkenndum útflytjanda á vörureikningi skal vera á einu tungumálanna sem sýnd eru í V. viðauka. Hún skal vera undirrituð eigin hendi og verður annaðhvort að:

a) vísa til leyfisnúmers hins viðurkennda útflytjanda, eða

b) vera stimpluð af viðurkenndum útflytjanda með stimplinum sem um getur í b-lið 4. gr., sem viðurkenndur hefur verið af tollyfirvöldum í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá. Stimpill þessi má vera forprentaður á reikninginn.

8. Tollyfirvöld í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá geta þó fallið frá því skilyrði að viðurkenndur útflytjandi undirriti yfirlýsinguna á vörureikningi sem um getur í 7. gr. þegar vörureikningarnir eru búnir til eða sendir með fjarskiptum eða um tölvunet.

Nefnd tollyfirvöld skulu setja reglur um framkvæmd þessarar greinar, m.a., ef þau telji þau ástæðu til, um skriflega skuldbindingu hins viðurkennda útflytjanda þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni eins og hann hafi í raun undirritað hana með eigin hendi.

9. Í leyfum sem um getur í 2. og 7. mgr. skulu tollyfirvöld tilgreina sérstaklega:

a) hvaða skilyrði verði að uppfylla vegna umsókna um EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi varðandi uppruna framleiðsluvara;

b) við hvaða aðstæður þessar umsóknir skuli geymdar í a.m.k. tvö ár, svo og afrit af vörureikningum með yfirlýsingu útflytjanda. Ákvæði þessi skulu einnig gilda um EUR.1-flutningsskírteini og vörureikninga með yfirlýsingu útflytjanda sem lagðir hafa verið til grundvallar við útgáfu annarra sönnunargagna um uppruna samkvæmt skilyrðum 5. mgr. 17. gr.

10. Tollyfirvöld í ríki eða á yfirráðasvæði sem flutt er út frá geta ákveðið að vissar vörutegundir njóti ekki sérstakrar meðferðar sem kveðið er á um í 2., 7. og 8. mgr.

11. Tollyfirvöld skulu synja þeim útflytjendum um leyfi sem um getur í 2., 7. og 8. mgr. ef þeir geta ekki lagt fram allar þær tryggingar sem þau telja nauðsynlegar.

Tollyfirvöld geta hvenær sem er afturkallað leyfið. Þeim er skylt að gera það ef skilyrði fyrir samþykki eru ekki lengur uppfyllt eða viðurkenndur útflytjandi leggur ekki lengur fram þessar tryggingar.

12. Krefjast má þess af viðurkenndum útflytjanda að hann veiti tollyfirvöldum upplýsingar um framleiðsluvörur sem hann afgreiðir, samkvæmt reglum sem þau setja, þannig að til þess bær tollstöð geti gert þær athuganir sem nauðsynlegar teljast áður en framleiðsluvörurnar eru afgreiddar.

13. Ákvæði þessarar greinar eru því ekki til fyrirstöðu að beitt verði reglum samningsaðilanna um formkröfur við tollmeðferð og notkun tollskjala.

23. gr.

Gildistími sönnunar á uppruna

1. EUR.1-flutningsskírteinið gildir í fjóra mánuði frá útgáfudegi þess í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá og verður að leggja það fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til.

Yfirlýsing á vörureikningi gildir í fjóra mánuði eftir að útflytjandi gefur hana út og verður að leggja hana fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til.

2. Heimilt er að taka við EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi sem lögð er fram hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til eftir að frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn og beita fríðindameðferð hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lok frestsins vegna óviðráðanlegra eða sérstakra aðstæðna.

3. Í öðrum tilvikum, þegar skjöl er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er inn til tekið við EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi ef framleiðsluvörunum hefur verið framvísað hjá þeim fyrir lok frestsins.

24. gr.

Sönnun á uppruna lögð fram

1. Leggja skal fram EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi eða á því yfirráðasvæði. Umrædd yfirvöld geta krafist þýðingar á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi. Þau geta einnig krafist þess að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að framleiðsluvörurnar fullnægi þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar samningsins.

2. Hafi yfirlýsingar á vörureikningi verið sendar með fjarskiptum til tollyfirvalda í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til ber þessum yfirvöldum að ákveða, í samræmi við ákvæði laga ríkisins eða yfirráðasvæðisins, hvenær og með hvaða hætti skulu í raun afhenda skjölin sem sanna uppruna varanna.

25. gr.

Innflutningur í áföngum

Þegar sundurteknar eða ósamsettar framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. mgr. í hinum almennu reglum samræmdu tollskrárinnar, sem heyra undir 84. eða 85. kafla, eru, að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum sem sett eru af tollayfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til, eru fluttar inn í hlutum skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær vörur hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn.

26. gr.

Undanþágur frá formlegri sönnun á uppruna

1. Framleiðsluvörur sem eru sendar sem smábögglar frá einstaklingi til einstaklings, eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að framvísa þurfi formlegri sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar hafi ekki verið fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessa viðauka og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Ef framleiðsluvörurnar eru sendar í pósti má gefa yfirlýsinguna á C2/CP3-tollseðli eða á blaði sem er fest við það skjal.

2. Innflutningur sem er bundinn við einstakt tilvik, og er eingöngu framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra, skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptalegur tilgangur býr að baki.

3. Enn fremur má heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara ekki vera meira en 365 evrópskar reiknieiningar (ECU) ef um litla pakka er að ræða og 1 025 ECU ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

27. gr.

Fylgiskjöl

Þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 21. gr. og er ætlað að sanna að framleiðsluvörur sem falla undir EUR.1-flutningsskírteinið eða yfirlýsingu á vörureikningi geti talist framleiðsluvörur upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum og fullnægi öðrum kröfum þessa viðauka geta meðal annars verið:

a) sannanir um þá vinnslu sem útflytjandi hefur gengist fyrir til þess að fá umræddar vörur, sem finna má til dæmis í reikningum eða fyrirtækjabókhaldi hans;

b) skjöl sem staðfesta upprunaréttindi efna sem notuð eru til framleiðslu umræddra vara og eru gefin út á Íslandi eða í Færeyjum þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög í því landi eða á því yfirráðasvæði;

c) skjöl sem staðfesta þá aðvinnslu sem efni sem notuð eru við framleiðslu umræddra vara hafa hlotið á Íslandi eða í Færeyjum og eru gefin út hjá samningsaðila þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög í því ríki eða á því yfirráðasvæði;

d) EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi til sönnunar á upprunaréttindum efna sem notuð eru við framleiðslu umræddra vara, gefin út hjá samningsaðila eða í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð í samræmi við viðauka þennan.

28. gr.

Varðveisla sönnunar á uppruna og fylgiskjala

1. Útflytjandi sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 17. gr.

2. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár eintak af henni ásamt skjölum sem um getur í 4. mgr. 21. gr.

3. Tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá sem gefa út EUR.1-flutningsskírteini skulu varðveita í að minnsta kosti tvö ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

4. Með fyrirvara um 2. mgr. 24. gr. skulu tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til varðveita í að minnsta kosti tvö ár EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingar á vörureikningum sem þeim voru afhent.

5. Í tilvikum sem um getur í 2. mgr. 24. gr. ber tollyfirvöldum í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til að ákveða, í samræmi við ákvæði laga ríkisins eða yfirráðasvæðisins, hvernig geyma skuli EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi í a.m.k. tvö ár.

29. gr.

Ósamræmi og villur í framsetningu

1. Uppgötvist lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi og þeirra sem fram koma á skjölum sem afhent voru tollyfirvöldum vegna formsatriða, sem fullnægja þurfti fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi teljist ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

2. Augljósar villur í framsetningu eins og vélritunarvillur á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leikur á að staðhæfingarnar í skjalinu eru réttar.

30. gr.

Fjárhæðir í reiknieiningum

1. Landið eða yfirráðasvæðið sem flutt er út frá skal ákveða fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli sem eru jafngildar fjárhæðum í evrópskum reiknieiningum (ECU) og tilkynna hinum samningsaðilanum.

Ef fjárhæðirnar eru hærri en samsvarandi fjárhæðir sem landið eða yfirráðasvæðið sem flutt er inn til ákveður, skal það samþykkja þær ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá.

2. Ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar skal ríkið eða yfirráðasvæðið sem flutt er inn til viðurkenna þá fjárhæð sem viðkomandi land eða yfirráðasvæði gefur upp.

3. Fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli skulu vera jafngildar fjárhæðum sem gefnar eru upp í reiknieiningum á gengi hennar 1. október 1990.

Jafnvirði reiknieiningar í gjaldmiðli samningsaðila, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar skulu vera fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í VI. viðbæti við viðauka þennan.

4. Heimilt er að endurskoða allar fjárhæðir sem tilgreindar eru í reiknieiningum þegar þörf krefur en eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Sameiginlega nefndin skal við endurskoðunina tryggja að fjárhæðir í innlendum gjaldmiðlum lækki ekki og enn fremur skoða hvort æskilegt sé að viðhalda áhrifum viðkomandi takmarkana að raungildi. Hún getur hvað þetta varðar ákveðið að breyta fjárhæðum sem gefnar eru upp í reiknieiningum.

31. gr.

Innflutningur frá og endurútflutningur til Finnlands, Noregs og Svíþjóðar

1. Upprunavörur í skilningi viðauka þessa skulu við innflutning til Íslands einnig njóta góðs af samningnum þegar framvísað er EUR.1-skírteini sem gefið er út eða samin í Finnlandi, Noregi eða í Svíþjóð þar sem bætt er við áritun „Viðskipti við Færeyjar" („Faroe Islands Trade"). Þegar EUR.1-flutningsskírteini eru notuð skal bæta þessari áritun inn í reitinn „Athugasemdir" og staðfesta með stimpli tollstöðvar í einu landanna.

2. Þegar framleiðsluvörur, sem áður voru fluttar til Íslands með sönnun um uppruna er um getur í 1. mgr. 16. gr. og útgefin var eða samin í Færeyjum, eru endurútfluttar til Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar skal Ísland í samræmi við 1. mgr. skuldbinda sig til að gefa út eða semja sönnun á uppruna sem ber áritunina „Viðskipti við Færeyjar" („Faroe Islands Trade"), enda séu vörurnar endurútfluttar frá sama ríkinu eða hafi ekki hlotið neina meðferð eða aðvinnslu á Íslandi umfram þá sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

VI. BÁLKUR

FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

32. gr.

Gagnkvæm aðstoð

1. Til þess að tryggja að þessum viðauka sé rétt beitt skulu Ísland og Færeyjar aðstoða hvert annað, með tilstuðlan þar til bærra tollyfirvalda, við að sannreyna áreiðanleika EUR.1-flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikningi og að þær upplýsingar sem fram koma á þessum skjölum séu réttar.

2. Tollyfirvöld samningsaðila skulu láta hvor öðrum í té fyrirmyndir af þrykkjum frá stimplunum sem notuð eru á tollstöðvunum við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina.

33. gr.

Sannprófun vegna sönnunar á uppruna

1. Sannprófun eftir á á EUR.1-flutningsskírteinum og yfirlýsingum á vörureikningum skal framkvæmd með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum viðauka þessa hafi verið fullnægt.

2. Vegna framkvæmdar ákvæða 1. mgr. skulu tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til endursenda EUR.1-flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað eða yfirlýsingu á vörureikningi eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að fyrirspurnin er gerð.

Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu þau senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi séu rangar.

3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá. Þau mega, vegna hennar, fara fram á hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi útflytjanda eða viðhafa annað eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.

4. Ef tollyfirvöld landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er inn til ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvöru á meðan beðið er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með þeim varúðarráðstöfunum sem þau álíta nauðsynlegar.

5. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum sem fara fram á sannprófunina um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum og hvort öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.

34. gr.

Lausn deilumála

Komi upp deilumál í tengslum við reglur um sannprófun í 33. gr., sem tollyfirvöld er fóru fram á sannprófunina og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst, eða þau leiða til þess að vafi leiki á hvernig túlka beri viðauka þennan skal þeim vísað til samningsaðila.

35. gr.

Viðurlög

Hver sá sem gefur út eða lætur gefa út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér fríðindameðferðar fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.

36. gr.

Meðferð vara sem ekki eru upprunavörur

Við framkvæmd liðar ii eða iii b-liðar 1. mgr. 2. gr. skal farið með sérhverja framleiðsluvöru sem upprunnin er á yfirráðasvæði Íslands eða Færeyja og flutt til hins samningsaðilans eins og um sé að ræða framleiðsluvöru sem ekki er upprunavara á því tímabili eða tímabilum sem síðast nefndur samningsaðili beitir tollum sem gilda um þriðju lönd, eða öðrum hliðstæðum verndaraðgerðum gagnvart slíkum framleiðsluvörum í samræmi við samningi þessum.

37. gr.

Viðbætar

Viðbætar við þennan viðauka eru óaðskiljanlegur hluti hans.

I. viðbætir

Bókun um skilning

Að því er varðar samvinnu stjórnvalda sem um getur í 2. mgr. 2. gr. er samkomulag um að hafa það fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda sem komið var á með Bókun B við stofnsamning EFTA.

Sameiginleg viljayfirlýsing

Með tilvísun til 20. gr. eru samningsaðilar og ríkisstjórn Danmerkur sammála um að tollyfirvöld í Danmörku megi gefa út EUR.1-flutningsskírteini ef framleiðsluvörur frá Færeyjum koma undir eftirlit tollstöðvar í Danmörku þegar þær eru, nokkrar eða allar, sendar til Íslands.

Sameiginleg viljayfirlýsing

Heimilt er að telja vörur, sem samræmast ákvæðum viðauka þessa og eru í flutningi eða bráðabirgðageymslu í tollvörugeymslum eða á fríverslunarsvæðum hjá samningsaðila þegar samningurinn tekur gildi, upprunavörur að því tilskildu að tollyfirvöldum í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til sé afhent, innan fjögurra mánaða frá þeim degi, sönnun um uppruna sem gefin var út eftir á og öll fylgiskjöl sem þarf til að staðfesta flutningsskilyrði.

Sameiginleg viljayfirlýsing um endurskoðun þessa viðauka

Með hliðsjón af þróun í Evrópu og gildistöku upprunareglna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru samningsaðilar sammála um að hafa samráð hvor við annan og við aðra aðila að þeim samningi og athuga í hverju tilviki fyrir sig að hve miklu leyti og með hvaða móti hægt væri að láta þær reglur ná til þessa samnings.

II. viðbætir

Skýringar við skrá III. viðbætis

Almennar skýringar

Skýring nr. 1

1.1 Í fyrstu tveim dálkum skrárinnar er framleiðsluvörunni lýst. Í fyrsta dálki er númer vöruliðar eða kafla sem notað er í samræmdu tollskránni og í öðrum dálki er vörulýsing sem notuð er í tollskránni fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveim dálkunum er tilgreind regla í 3. og 4. dálki. Þegar orðið „úr" fer á undan atriði í fyrsta dálki merkir það að reglan í 3. og 4. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eða kafla eins og lýst er í 2. dálki.

1.2 Ef nokkrum vöruliðum er safnað saman í 1. dálki eða kaflanúmer er tilgreint og vörulýsingin í 2. dálki er því almennt orðuð gilda viðkomandi reglur í 3. eða 4. dálki um allar framleiðsluvörur, sem samkvæmt samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vöruliði kaflans eða einhverja þá vöruliði sem safnað er saman í 1. dálki.

1.3 Þegar mismunandi reglur í skránni gilda um mismunandi framleiðslu innan vöruliðar felur hvor undirliður í sér lýsingu á þeim hluta vöruliðarins sem viðeigandi reglur í 3. og 4. dálki taka til.

1.4 Ef engin regla er tilgreind í 4. dálki varðandi framleiðslu í 84. og 91. kafla, á að beita reglunni í 3. dálki.

Skýring nr. 2

2.1 Orðið „framleiðsla" tekur til hvers konar aðvinnslu þ.m.t. „samsetning" eða sérstök starfsemi. Sjá þó skýringu nr. 3.5 hér á eftir.

2.2 Orðið „efni" tekur til hvers konar „innihaldsefnis", „hráefnis", „íhluta" eða „hluta" o.s.frv. sem notaðir eru við framleiðslu framleiðsluvörunnar.

2.3 Orðið „framleiðsluvara" á við vöruna sem framleidd er, jafnvel þegar hún er síðar ætluð til nota við aðra framleiðslu.

Skýring nr. 3

3.1 Ef vöruliður eða hluti vöruliðar er ekki í skránni gildir reglan um „flokkun undir annan vörulið" sem greint er frá í 1. mgr. 4. gr. Ef skilyrðið fyrir „flokkun undir annan vörulið" á við um atriði í skránni felst það í reglunni í 3. dálki.

3.2 Sú aðvinnsla sem regla í 3. eða 4. dálki kveður á um á einungis við um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni. Einnig gilda takmarkanir sem felast í reglu í 3. eða 4. dálki einungis um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni.

3.3 Þegar regla kveður á um að nota megi „efni í hvaða vörulið sem er", má einnig nota efni úr sama vörulið og framleiðslan fellur undir, með þeim sérstöku takmörkunum sem kunna þó einnig að felast í reglunni. Með orðasambandinu „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er þ. á m. öðrum efnum í nr. ..." er þó átt við að eingöngu megi nota efni sem flokkast undir sama vörulið og framleiðsluvara með annarri vörulýsingu en framleiðsluvaran sem tilgreind er í 2. dálki í skránni.

3.4 Ef framleiðsluvara, framleidd úr efnum sem ekki eru upprunaefni en öðlast hafa upprunaréttindi við framleiðslu samkvæmt reglunni um flokkun undir annan vörulið eða eigin reglu í skránni, er notuð sem efni við framleiðslu á annarri vöru gildir reglan, sem beitt verður um vöruna sem efnið er notað í, ekki um það.

— **Til dæmis:**
Vél í nr. 8407, þar sem sú regla gildir að verðmæti þeirra efna sem teljast ekki upprunaefni og nota má við framleiðsluna megi ekki fara fram úr 40% af verksmiðjuverði, telst vera gerð úr „öðru stálblendi gróflega formað með smíði" í nr. 7224.

Hafi þetta smíðaefni verið unnið í viðkomandi landi eða á viðkomandi yfirráðasvæði úr málmhleifi (ingot), sem ekki telst upprunavara, hefur smíðin þegar öðlast upprunaréttindi samkvæmt reglunni fyrir vörulið úr 7224 í skránni. Hún telst þá til upprunavöru við verðmætaútreikning vélarinnar án tillits til þess hvort hún var framleidd í sömu verksmiðju eða annarri. Verðmæti málmhleifsins sem ekki telst upprunavara er ekki reiknað með þegar tekið er saman verðmæti þeirra efna sem notuð voru og ekki teljast upprunaefni.

3.5 Þrátt fyrir að reglunni um flokkun undir annan vörulið eða reglunni í skránni sé fullnægt, telst framleiðsluvara ekki upprunavara ef aðvinnslan sem farið hefur fram er í heild ófullnægjandi í skilningi 1. mgr. 5. gr.

Skýring nr. 4

4.1 Reglan í skránni felur í sér lágmarks aðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi. Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrri framleiðslustigum en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

4.2 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiða megi vöru úr fleiri en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.

— **Til dæmis:**
Reglan um dúk mælir fyrir um að nota megi náttúrulegar trefjar auk kemískra efna og annarra efna. Með þessu er ekki átt við að nota verði hvort tveggja; nota má annað hvort eða hvort tveggja.

Ef takmörkun gildir hins vegar um eitt efni og aðrar takmarkanir gilda um önnur efni samkvæmt sömu reglunni, gilda takmarkanirnar aðeins um þau efni sem í raun eru notuð.

— **Til dæmis:**
Reglan um saumavélar kveður á um að vélbúnaðurinn til þráðstrekkingar sem notaður er verði að vera upprunavara og sikksakk-vélbúnaðurinn verði einnig að vera upprunavara. Þessar tvær takmarkanir gilda eingöngu ef viðkomandi vélbúnaður er í raun settur í saumavélina.

4.3 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiðsluvara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því augljóslega ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem ekki geta eðli síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar.

— **Til dæmis:**
Reglan fyrir nr. 1904, sem útilokar sérstaklega að notað sé korn eða afleiður þess, hindrar ekki að notað sé salt, kemísk efni eða önnur viðbótarefni sem ekki eru framleidd úr korni.

— **Til dæmis:**
Þegar framleiða á vöru úr vefleysu og eingöngu er heimiluð notkun garns sem ekki telst upprunavara — jafnvel þó að ekki sé hægt að framleiða vefleysu úr garni — er ekki hægt að hefja framleiðslu með efni úr vefleysu sem ekki telst upprunaefni. Í slíkum tilvikum myndi upphafsefnið venjulega vera á vinnslustigi undan garni — þ.e. á trefjastigi.

Varðandi textílefni sjá einnig skýringar nr. 7.3.

4.4 Ef regla í skránni tilgreinir tvær eða fleiri hundraðshlutareglur varðandi hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota, má ekki leggja þessa hundraðshluta saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má aldrei fara fram úr hæsta hundraðshluta sem er tilgreindur. Enn fremur má ekki fara yfir tiltekinn hundraðshluta sem gildir fyrir einstök efni.

Textílefni

Skýring nr. 5

5.1 Orðin „náttúrulegar trefjar" eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gervi- eða syntetískra þráða. Þau eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar áður en spunnið er og ná einnig til úrgangs og, nema annað sé tekið fram, orðin „náttúrulegar trefjar" taka til trefja sem hafa verið kembdar eða greiddar eða öðru vísi unnar en ekki spunnar.

5.2 Orðin „náttúrulegar trefjar" eiga einnig við um hrosshár í nr. 0503, silki í nr. 5002 og 5003 og auk þess ullartrefjar, fín- eða grófgert dýrahár í nr. 5101–5105, baðmullartrefjar í nr. 5201–5203 og jurtatrefjar í nr. 5301–5305.

5.3 Orðin „textílmassi", „kemísk efni" og „efni til pappírsgerðar" eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50. – 63. kafla og nota má til framleiðslu á gervi-, syntetískum eða pappírstrefjum eða gervi-, syntetísku eða pappírsgarni.

5.4 Orðin „tilbúnar stutttrefjar" eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra eða gervivöndulþátta, stutttrefja eða úrgangs í nr. 5501–5507.

Skýring nr. 6

6.1 Varðandi framleiðsluvörur sem flokkast undir þá vöruliði í skránni þar sem vísað er til þessarar almennu skýringar skulu skilyrði þau sem tilgreind eru í 3. dálki skrárinnar ekki gilda um grunntextílefni sem notuð eru til framleiðslu þeirra og eru í heild 10% eða minna af heildarþyngd þeirra grunntextílefna sem notuð eru (sjá einnig skýringar nr. 6.3 og 6.4 hér á eftir).

6.2 Þetta frávik á hins vegar eingöngu við um blandaðar framleiðsluvörur gerðar úr tveim eða fleiri grunntextílefnum án tillits til hlutdeildar þeirra í framleiðsluvörunni. Eftirfarandi teljast grunntextílefni:

— silki,
— ull,
— gróft dýrahár,
— fínt dýrahár,
— hrosshár,
— baðmull,
— efni til pappírsgerðar og pappír,
— hör,
— hreinn hampur,
— júta og aðrar basttextíltrefjar,
— sísal- og aðrar textíltrefjar af agavaætt,
— kókostrefjar, abaca, ramí og aðrar textíltrefjar úr jurtaríkinu,
— syntetískir þræðir,
— gerviþræðir,
— syntetískar stutttrefjar og
— gervistutttrefjar.

— **Til dæmis:**
Garn í nr. 5205, gert úr baðmullartrefjum og syntetískum stutttrefjum, er blandað garn. Af því leiðir að nota má efni sem ekki fullnægja upprunareglum og vega allt að 10% af þyngd garnsins.

— **Til dæmis:**
Ullardúkur í nr. 5112, gerður úr ullargarni og syntetísku stutttrefjagarni, er blandaður dúkur. Af því leiðir að nota má annaðhvort syntetískt garn eða ullargarn sem ekki telst upprunavara eða samsetningu þeirra sem fullnægir ekki upprunareglunum og vegur allt að 10% af þyngd dúksins.

— **Til dæmis:**
Límbundinn textíldúkur í nr. 5802, gerður úr baðmullargarni og baðmullardúk, er aðeins blönduð framleiðsluvara ef sjálfur baðmullardúkurinn, sem notaður er, er blandaður dúkur gerður úr tveim eða fleiri mismunandi grunntextílefnum eða sjálft baðmullargarnið, sem notað er, er blandað.

— **Til dæmis:**
Ef límbundni textíldúkurinn hefði verið gerður úr baðmullargarni og syntetískum dúk hefðu augljóslega verið notuð tvö aðskilin grunntextílefni.

— **Til dæmis:**
Gólfteppi, gert úr gervigarni og úr baðmullargarni með undirlagi úr jútu, er blönduð framleiðsluvara þar sem þrjú grunntextílefni eru notuð. Þannig má nota hvers konar efni, sem ekki eru upprunaefni og eru notuð á síðara framleiðslustigi en reglan gerir ráð fyrir, að því tilskildu að heildarþyngd þeirra samanlagt fari ekki yfir 10% af þyngd textílefnanna í teppinu. Þannig mætti flytja jútuundirlagið, gervigarnið og/ eða baðmullargarnið inn á því framleiðslustigi, að því tilskildu að skilyrðunum um þyngd sé fullnægt.

6.3 Ef framleiðsluvara inniheldur „garn úr pólýúretani liðað með hreyfanlegum pólýeterliðum, einnig yfirspunnið" er leyfilegt frávik 20% varðandi þetta garn.

6.4 Ef í framleiðsluvöru er ræma með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðaðar með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með límí milli tveggja plastfilma, er leyfilegt frávik 30% að því er varðar þessa ræmu.

Skýring nr. 7

7.1 Varðandi textílvörur, sem auðkenndar eru í skránni með neðanmálsgrein sem vísar til þessarar skýringar, má nota textílefni, þó ekki fóður og millifóður, sem uppfylla ekki skilyrði reglunnar í 3. dálki skrárinnar fyrir hina tilbúnu vöru, að því tilskildu að þau séu flokkuð í annan vörulið en framleiðsluvaran og að verðmæti þeirra fari ekki fram úr 8% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.

7.2 Hvers konar leggingar eða fylgihlutir úr öðru en textílefni eða önnur efni, sem notuð eru og í eru textílefni, þurfa ekki að uppfylla skilyrðin í 3. dálki jafnvel þótt þær falli utan gildissviðs skýringar nr. 4.3.

7.3 Í samræmi við skýringar nr. 4.3 má engu að síður nota hvers konar leggingar og fylgihluti eða aðrar framleiðsluvörur úr öðru en textílefni sem teljast ekki upprunaefni ef ekki er hægt að framleiða þær úr efnum sem tilgreind eru í 3. dálki.

— **Til dæmis:**
Ef regla í skránni segir að í tiltekna textílvöru, til dæmis blússu, verði að nota garn kemur það ekki í veg fyrir að notaðar séu vörur úr málmi, til dæmis tölur, þar sem þær verða ekki gerðar úr textílefnum.

7.4 Þegar hundraðshlutaregla gildir skal telja með verðmæti leggínga og fylgihluta þegar reiknað eru út verðmæti þeirra efna sem ekki eru upprunaefni og notuð eru til framleiðslunnar.

Skýring nr. 8

8.1 Skýringar 1 – 7 gilda einnig, eftir því sem við á, um allar framleiðsluvörur úr efnum sem ekki eru upprunnin jafnvel þótt um þær gildi engin sérstök skilyrði samkvæmt skránni í III. viðbæti en sem í staðinn heyra undir regluna um vöruliðaskipti sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr.

III. viðbætir

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
0302 til 0305	Fiskur, þó ekki lifandi fiskur	Framleiðsla úr efnum í 3. kafla sem öll verða að vera upprunaefni
1604	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar, löguð eða varin skemmdum	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2504	Náttúrlegt kristallað grafít með auknu kolefnisinnihaldi, hreinsað og malað	Aukning kolefnisinnihalds, hreinsun og mölun óhreinsaðs kristallaðs grafíts
úr 2515	Marmari, einungis sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti í rétthyrningslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sögun eða sundurhlutun með öðrum hætti á marmara (sem hefur jafnvel þegar verið sagaður), meira en 25 cm að þykkt
úr 2516	Granít, porfyr, basalt, sandsteinn og annar steinn til höggmyndagerðar eða bygginga, einungis sagað eða hlutað sundur með öðrum hætti í rétthyrningslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sögun eða sundurhlutun á steini (sem hefur jafnvel þegar verið sagaður), meira en 25 cm að þykkt
úr 2518	Brennt dólómít	Brennsla á óbrenndu dólómíti
úr 2519	Mulið náttúrlegt magníumkarbónat (magnesít), í loftþéttum umbúðum, og magníumoxíð, einnig hreint, þó ekki brædd magnesía eða glædd magnesía	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota náttúrlegt magníumkarbónat (magnesít)
úr 2520	Gipsefni sérstaklega framleitt til tannsmíða og tannlækninga	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2524	Náttúrlegar asbesttrefjar	Framleiðsla úr asbestkirni
úr 2525	Gljásteinsduft	Mölun gljásteins eða gljásteinsúrgangs
úr 2530	Jarðlitir, brenndir eða muldir í duft	Brennsla eða mölun jarðlita
úr 2707	Olíur sem í eru arómatískir efnisþættir sem að þyngd eru meiri en óarómatísku efnisþættirnir, og eru áþekkar jarðolíum sem framleiddar eru með eimingu úr háhitaðri koltjöru, sem af eimast meira en 65% miðað við þyngd við allt að 250°C(þar með talið blöndur úr bensóli og bensíni), til nota sem orku- eða hitagjafi	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
2710	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, sem ekki eru skilgreindar eða taldar með annars staðar, enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
úr 2712	Hreinsað vaselín	Framleiðsla úr óhreinsuðu vaselíni
úr 2712	Parafín	Framleiðsla úr kolavaxi eða skelvaxi
úr 2712	Örkristallað jarðolíuvax, skelvax, hreinsað ósókerít, brúnkolavax, móvax, annað jarðefnavax og áþekkar vörur framleiddar með efnasmíð eða öðrum aðferðum, einnig litað	Framleiðsla úr hráu ósokeríti
úr 28. kafla	Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna, þó ekki úr 2811, úr 2833 og úr 2840 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
úr 2811	Brennisteinstríoxíð	Framleiðsla úr brennisteinsdíoxíði
úr 2833	Álsúlfat	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2840	Natríum perbórat	Framleiðsla úr dínatríumtetrabóratpentahýdrati
úr 29. kafla	Lífræn efni, þó ekki úr 2905, í 2915, úr 2932, í 2933 og 2934 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2905	Málmalkóhólöt úr alkóhóli í þessum vörulið og etanóli eða glýseróli	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 2905. Þó má nota málmalkóhólöt sem flokkast undir þennan vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2915	Mettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxíðsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra notaðra efna í nr. 2915 og 2916 ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2932	Innri sambönd etera og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra notaðra efna í nr. 2909 ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2932	Hringasetöl og innri sambönd hemiasetols og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 2932
2933	Heteróhringliða sambönd einungis með köfnunarefnisheterófrumeindum; kjarnasýrur og sölt þeirra:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra efna í nr. 2932 og 2933 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2934	Önnur heteróhringliða sambönd:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra efna í nr. 2932, 2933 og 2934 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 30. kafla	Vörur til lækninga, þó ekki vörur í nr. 3002, 3003 og 3004, sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
3002	Mannsblóð; dýrablóð framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómsgreiningar; mótsermi og aðrir blóðþættir; bóluefni, toxín, ræktaðar örverur (þó ekki ger) og áþekkar vörur:	
	– Vörur gerðar úr tveimur eða fleiri efnisþáttum sem blandað hefur verið saman til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum eða óblandaðar vörur sem notaðar eru í þessum tilgangi, í afmældum skömmtum, formaðar eða í umbúðum til smásölu	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Annað:	
	– – Mannsblóð	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
	– – Dýrablóð framleitt til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	4. Land, lönd eða yfirráðasvæði þar sem framleiðslu-vörurnar teljast upprunnar 5. Ákvörðunarland, -lönd eða -yfirráðasvæði
6. Upplýsingar um flutning (valfrjáls útfylling)	7. Athugasemdir

8. Vörunúmer; merki og númer á stykkjum; tala og tegund umbúða([1]); vörulýsing	9. Brúttóþyngd (kg) eða annað mál (lítrar, m^3, o.s.frv.)	10. Vörureikningar (valfrjálst)

([1]) Ef vörur eru ekki í umbúðum skal tilgreina stykkjatölu eða rita „búlkavörur" eftir því sem við á.

YFIRLÝSING ÚTFLYTJANDA

Ég undirritaður, útflytjandi þeirra vara, sem lýst er á bakhlið,

LÝSI YFIR að vörurnar fullnægja skilyrðum fyrir útgáfu á viðfestu skírteini;

TILGREINI þau atvik sem ráða því að þessar vörur teljast fullnægja ofangreindum skilyrðum:

.....

.....

.....

.....

LEGG FRAM eftirgreind gögn þessu til stuðnings ([1]):

.....

.....

.....

.....

SKULDBIND MIG TIL að leggja fram, ef þess verður krafist af réttum yfirvöldum, öll frekari sönnunargögn sem þau kunna að telja nauðsynleg til að viðfest skírteini verði gefið út, svo og til að samþykkja að viðkomandi yfirvöld athugi bókhald mitt og aðstæður við framleiðslu framangreindra vara, ef því er að skipta;

ÓSKA EFTIR útgáfu á viðfestu skírteini vegna þessara vara.

.....
(Staður og dagsetning)

.....
(Undirskrift)

([1]) Til dæmis: innflutningsskjöl, flutningsskírteini, vörureikningar, yfirlýsingar framleiðenda, o.s.frv., varðandi þær framleiðsluvörur sem notaðar hafa verið við framleiðslu eða þær vörur sem fluttar eru út aftur í óbreyttu ástandi.

V. viðbætir

Yfirlýsing á vörureikningi

Undirritaður, útflytjandi vara sem skjal þetta tekur til,

lýsir því yfir að vörurnar, nema annars sé getið([1]), uppfylla skilyrði til að hljóta upprunaréttindi

í fríðindaviðskiptum við ..... ([2]) og

upprunaland varanna er ..... ([2]),([3]).

.....
(Staður og dagsetning)

.....
(Undirskrift)

(Á eftir undirskrift skal
koma nafn undirritaðs
ritað skýrum stöfum.)

([1]) Þegar vörureikningur tekur líka til framleiðsluvara sem ekki eru upprunnar í Færeyjum, Noregi eða Finnlandi, á Íslandi eða í Svíþjóð, skal útflytjandi aðgreina þær á greinilegan hátt.

([2]) Færeyjar, Noreg(ur), Finnland, Ísland eða Svíþjóð.

([3]) Heimilt er að vísa í sérstakan dálk á vörureikningi þar sem uppruni hverrar framleiðsluvöru er skráður.

Yfirlýsing sem um getur í b-lið 1. mgr. 16. gr. á færeysku, dönsku, íslensku, finnsku, norsku, sænsku og ensku:

Færeysk útgáva:

Undirritaði útflytari av teimum vørum, sum eru umfatað av hesum skjali, váttar, at vørurnar, um einki annað er tilskilað([1]), lúka treytirnar fyri at fáa upprunastøðu í forrættinda samhandlinum við .....([2]), og at vørurnar hava .....([2])([3]) sum upprunaland.

Dönsk útgáfa:

Undertegnede eksportør af de af nærværende dokument omfattede varer erklærer, at varene, medmindre andet er angivet([1]), opfylder betingelserne for opnåelse af oprindelsesstatus i den præferentielle samhandel med .....([2]) og har oprindelse i .....([2])([3]).

Íslensk útgáfa:

Undirritaður, útflytjandi vara sem skjal þetta tekur til, lýsir því yfir að vörurnar, nema annars sé getið([1]), uppfylla skilyrði til að hljóta upprunaréttindi í fríðindaviðskiptum við .....([2]) og upprunaland varanna er .....([2])([3]).

Finnsk útgáfa:

Allekirjoittanut tässä asiakirjassa mainittujen tavaroiden viejä ilmoittaa, että tavarat, ellei toisin ole merkitty([1]), täyttävät alkuperäaseman saavuttamiseksi vaadittavat ehdot .....([2]) kanssa käytävässä etuuskohteluun oikeutetussa kaupassa ja että tavaroiden alkuperämaa on .....([2])([3]).

Norsk útgáfa:

Undertegnede eksportør av de i dette dokument omfattede varer erklærer at varene, med mindre annet er angitt([1]), oppfyller betingelsene for å oppnå opprinnelsesstatus i preferansesamhandelen med .....([2]) og har opprinnelse i .....([2])([3]).

Sænsk útgáfa:

Undertecknad exportör av de varor som omfattas av detta dokument försäkrar att varorna, om inte annat markerats ([1]), uppfyller villkoren för att anses som ursprungsvaror i den förmånsberättigade handeln með .....([2]) och att varornas ursprungsland är .....([2])([3]).

Ensk útgáfa:

I, the undersigned, exporter of the goods covered by this document, declare that, except where otherwise indicated([1]), the goods meet the conditions required to obtain originating status in preferential trade with .....([2]) and that the country of origin of the goods is .....([2])([3]).

VI. viðbætir

Fjárhæðirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 30. gr. í 3. viðauka og eru jafngildar evrópskri reiknieiningu í gjaldmiðlum Færeyja, Noregs, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar eru sem hér segir:

Dönsk króna	7,86455
Norsk króna	7,98528
Finnskt mark	4,88483
Íslensk króna	74,8336
Sænsk króna	7,59059

Hámarksverð, sem um getur í b-lið 1. mgr. 21. gr og 3. mgr. 28. gr. í 3. viðauka, eru í gjaldmiðlum Færeyja, Noregs, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar sem hér segir:

	smápakkar	einka-farangur ferðamanna	hámarks-verð yfirlýsingar
	(365 ECU)	(1 025 ECU)	(5 110 ECU)
Norsk króna	2 900	8 200	40 800
Dönsk króna	2 900	8 100	40 200
Finnskt mark	1 800	5 000	25 000
Íslensk króna	27 300	76 700	382 400
Sænsk króna	3 000	8 000	39 000

VII. viðbætir

Sérstakur stimpill sem um getur
í b-lið 4. mgr. 22. gr.



1) Auðkennisstafir eða skjaldarmerki landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá.

2) Upplýsingar sem gera kleift að þekkja viðurkennda útflytjandann.

4. VIÐAUKI

Samvinna stjórnvalda í tollamálum

Samningsaðilar eru sammála um að að viðhafa sömu reglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda og greint er frá í Norðurlandasamningnum um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

5. VIÐAUKI

Afnám fjáröflunartolla

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta samningsaðilar viðhaldið til bráðabirgða, til 1. janúar 1993, fjáröflunartollum á innflutningi og álögum á innanlandsframleiðslu er í gildi voru 1. september 1992.

A. Færeysk lög um fjáröflunartolla og álögur á innanlandsframleiðslu sem í gildi eru 1. september 1992:

1. Lög nr. 119 frá 23. desember 1991 um fjáröflunartolla:

   Almennur fjáröflunartollur er nemur 33% með tilteknum undantekningum, aðallega að því er snertir hráefni og vörur til nota í fiskiðnaði.

2. Lög nr. 120 frá 23. desember 1991 um fjáröflunartolla og framleiðslugjöld:

   Fjáröflunartollur og framleiðslugjöld á tilteknum framleiðsluvörum.

   Frá 1. janúar 1993:

   Gildandi fjáröflunartollar og framleiðslugjöld, sem um getur í 1. og 2. tölulið A-liðar, eru afnumin og í stað kemur nýtt, óbeint sköttunarkerfi sem samanstendur af eftirfarandi:

   a) Virðisaukaskattur (VSK), sem beitt er án mismununar gagnvart vöruinnflutningi, og

   b) vörugjöld, sem lagt er á innanlandsframleiðslu jafnt og innfluttar vörur.

B. Íslensk lög um fjáröflunartolla sem í gildi voru 1. september 1992:

   Tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, ásamt viðauka og skrá yfir fjáröflunartolla.

   Ísland skal afnema fjáröflunartolla á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í Færeyjum frá 1. janúar 1993.

6. VIÐAUKI

Um magntakmarkanir sem Íslandi er heimilt að viðhalda

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. samningsins er Íslandi heimilt að viðhalda magntakmörkunum á eftirfarandi framleiðsluvörum:

Íslensk tollskrárnúmer	Vörulýsing
9603	Sópar, burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum, tækjum eða ökutækjum), handstýrðir vélrænir gólfsópar, án hreyfils, þveglar og fjaðrakústar; tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum; málningarpúðar og -rúllur; skaftþvögur (þó ekki rúlluþvögur):
	– Tannburstar, rakkústar, hárburstar, naglaburstar, augnhárburstar og aðrir hreinlætisburstar til nota á menn, þar með taldir slíkir burstar sem eru hlutar tækja:
9603.29	– – Aðrir:
9603.2901	– – – Með plastbaki
9603.2909	– – – Aðrir

7. VIÐAUKI

Um túlkun ákvæða 16. gr.

1. Samningsaðilar eru sammála um að við beitingu 16. gr. skuli höfð hliðsjón af eftirfarandi forsendum:

a) Einungis má telja til opinberrar aðstoðar þær ráðstafanir sem leiða til yfirfærslu opinbers fjár til viðtakanda með beinum niðurgreiðslum eða sem leiða til eftirgjafar á skatttekjum vegna skattaívilnana; aðstoð sem veitt er úr sjóðum sem fjármagnaðir eru að öllu leyti af bótaþegum telst ekki opinber aðstoð í skilningi 16. gr.; þegar samanlögð áhrif allrar opinberrar aðstoðar eru metin ber að taka til greina allar tegundir aðstoðar sem viðtakendur fá í sinn hlut.

b) Eftirfarandi ráðstafanir heyra allajafna ekki undir 16. gr.:

i) ríkisábyrgðir og lán sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef afborganir og vextir þeirra eru í samræmi við ríkjandi skilyrði á lánamarkaðinum;

ii) tryggingar sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef iðgjöld nægja til að fjármagna sjóð til langs tíma;

iii) hlutafjárkaup af hálfu ríkisins eða opinberra stofnana ef búast má við að arðurinn af slíkri fjárfestingu jafnist að minnsta kosti á við kostnað af ríkislántöku;

iv) ráðstafanir í skattamálum, m.a. almannatryggingagjöld, sem falla innan ramma almennra laga um tekjuskatt og öll fyrirtæki í landinu geta notfært sér án mismununar.

c) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem yfirleitt samrýmist ákvæðum 16. gr.:

i) aðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, að því tilskildu að hún sé augljóslega ætluð til að efla slíka starfsemi og starfsemin sé á því stigi að ekki sé þar enn um neina samkeppni að ræða; allar rannsóknir og þróun fram að því að fyrsta frumgerð er tilbúin telst vera á þessu stigi; slík aðstoð má nema allt að 50% kostnaðar við verkefnið eða hana má veita með skattfríðindum sem hafa jafngild áhrif; heimilt er að veita meiri aðstoð til grunnrannsókna; því nær markaðinum sem verkefni er, þeim mun minni niðurgreiðslur ber að veita;

ii) aðstoð veitt atvinnugrein sem á við offramleiðslu að stríða til að endurskipuleggja greinina með því að tryggja skipulegan niðurskurð framleiðslu og vinnuafls; aðstoð sem þessi skal háð ströngum tímatakmörkum og henni fylgja áætlun um aðlögun; þegar offramleiðsluvandi er metinn ber að hafa hliðsjón af heimsmarkaðinum í heild en ekki einungis heimamarkaðinum í viðkomandi landi;

iii) almenn aðstoð til að efla útflutning, m.a. kynningardagar á vörum einstakra landa, kynningar í verslunum, iðnaðarsýningar, að því tilskildu að slík aðstoð sé ekki einungis veitt tilteknum fyrirtækjum;

iv) svæðisbundin aðstoð, að því tilskildu að hún raski ekki skilyrðum fyrir réttmætri samkeppni; tilgangur aðstoðarinnar skal vera að bæta efnahagsstöðu atvinnugreina á tilteknum svæðum þannig að þær standi jafnfætis öðrum annars staðar í landinu en ekki að auka framleiðslu í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum; samningsaðilar einir eru til þess bærir að skilgreina þau svæði sem ber að veita þróunaraðstoð, þar með talin svæði þar sem hefðbundinn iðnaður stendur höllum fæti, og er heimilt að krefjast þess að þeir veiti tölulegar upplýsingar sem sýna fram á ástæður fyrir tilnefningu slíkra svæða;

v) aðstoð við verslun og iðnað í formi almennrar þjónustu með skilmálum sem mismuna hvorki tilteknum atvinnugreinum né fyrirtækjum;

vi) almenn aðstoð til að skapa ný atvinnutækifæri, að því tilskildu að störfin séu ekki í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum;

vii) aðstoð til umhverfismála þar sem farið er eftir reglunni um að sá er valdi mengun bæti skaðann; heimilt er að stuðla að fjárfestingu sem miðar að því að draga úr mengun með aðstoð er nemur allt að 25% eða með því að veita skattfríðindi sem hefur jafngild áhrif; með tilliti til mismunandi strangra lagaákvæða eða staðla sem í gildi eru í ýmsum löndum og hugsanlegra áhrifa þeirra á viðskipti og samkeppni ber að endurskoða jafnóðum þá aðstoð sem tilteknum atvinnugreinum er veitt;

viii) aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem miðar að því að bæta úr vandkvæðum sem tengjast beint stærð viðkomandi fyrirtækja og takmarkast við fyrirtæki sem hafa ekki fleiri en eitt hundrað starfsmenn og með ársveltu innan við tíu milljónir evrópskra mynteininga (ECU).

d) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem samrýmist yfirleitt ekki ákvæðum 16. gr.:

i) aðstoð til að jafna taprekstur fyrirtækja, veitt annaðhvort beint eða með niðurfellingu opinberra gjalda;

ii) hlutafjárkaup, ef áhrif þeirra verða til þess að jafna taprekstur;

iii) aðstoð til framleiðslu í atvinnugreinum sem eru þegar í vandræðum vegna offramleiðslu eða til fyrirtækja sem eiga við vandamál að stríða, nema henni fylgi áætlun um aðlögun og hún háð ströngum tímatakmörkum;

iv) aðstoð sem veitt er til að bjarga tilteknum fyrirtækjum, nema aðstoðin sé einungis veitt til að vinna tíma til að finna langtímalausnir og koma í veg fyrir alvarleg félagsleg vandamál;

v) ráðstafanir til aðstoðar, þar með taldir óbeinir skattar, sem beitt er þannig að þær verði innlendum vörum til framdráttar á kostnað svipaðra vara sem framleiddar eru hjá hinum samningsaðilanum;

vi) fyrirkomulag aðstoðar við útflutning til hins samningsaðilans eins og um getur í viðbætinum við þennan viðauka.

2. Um túlkun 16. gr. að því er snertir sjávarútveg

Eftir 31. desember 1992 heyrir öll opinber aðstoð til sjávarútvegs undir ákvæði 16. gr. samningsins og túlkun hennar í þessum viðauka, nema annað sé tekið fram.

i) Eftirfarandi ráðstafanir til aðstoðar sjávarútvegi teljast yfirleitt ekki samrýmast samningnum:

— almenn aðstoð sem veitt er atvinnugreininni allri og beinist ekki að öllu leyti að endurskipulagningu eins og kveðið er á um í ákvæðum liðar ii í c-lið 1. mgr.;

— skattaívilnanir aðrar en þær sem bæta upp sérstakan kostnað og tengjast sérstökum aðstæðum sem ríkja í sjávarútvegi;

— félagslegar ráðstafanir, ef niðurgreiðslurnar sem slíkar ráðstafanir fela í sér fara fram úr því sem almennt er beitt í öðrum atvinnugreinum, með tilliti til sérstakra aðstæðna sem ríkja í sjávarútvegi.

ii) Eftirfarandi ráðstafanir teljast yfirleitt samrýmast ákvæðum 16. gr. samningsins:

— Ráðstafanir sem tryggja lágmarksverð innanlands við fyrstu sölu fiskafurða og kaup á umframvörum sem beitt er til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á markaðinum;

– svæðisbundnar ráðstafanir að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að viðhalda veiðum á landssvæðum sem eru háðari veiðum en almennt er í landinu og þar sem tekjur af fiskveiðum eru greinilega fyrir neðan landsmeðaltal í sjávarútvegi. Óheimilt er að slík aðstoð nemi meira en aukakostnaðinum sem staðsetningin hefur í för með sér samanborið við aðra staði. Samningsaðila sem kemur á eða viðheldur slíkum ráðstöfunum ber að veita fullnægjandi upplýsingar, í samræmi við ákvæði í þessum viðauka, um ástandið á landsvæði sem kallaði á slíkar ráðstafanir eða að þeim sé viðhaldið.

iii) Eftirfarandi ráðstafanir til aðstoðar teljast ekki samrýmast samningnum:

— Aðstoð sem kveðið er á um í lið vi c-liðar í þessum viðauka, að því er snertir sjávarútveg.

— Aðstoð sem kveðið er á um í lið viii c-liðar í þessum viðauka, að því er snertir fiskveiðar.

3. Bráðabirgðafyrirkomulag í Færeyjum

Þrátt fyrir ákvæði í i- og ii-lið 2. hluta viðauka þessa er Færeyjum heimilt að viðhalda opinberri aðstoð til sjávarútvegsins fram til 31. desember 1994.

4. Um skýrleika við veitingu opinberrar aðstoðar

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. samningsins skulu m.a. felast í eftirfarandi:

– árlegri skýrslu þar sem heildarfjárhæð aðstoðar og dreifing kemur fram,

– að tilkynnt sé, ef unnt er, um nýjar áætlanir um aðstoð áður en þær komi til framkvæmda og eigi síðar en 60 dögum eftir að þær komu til framkvæmda,

– skyldu til að veita upplýsingar um yfirstandandi áætlanir um aðstoð og einstök mál sé eftir þeim leitað.

Viðbætir við 7. viðauka

a) Aðgerðir til að takmarka útstreymi gjaldeyris eða svipaðar aðgerðir sem fela í sér bætur við útflutning eða endurútflutning.

b) Beinar niðurgreiðslur til útflytjenda frá stjórnvöldum.

c) Endurgreiðsla beinna skatta eða velferðargreiðslna/launatengdra gjalda sem iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki borga, reiknuð í hlutfalli við útflutning þeirra.

d) Undanþága, vegna útflutningsvöru, frá greiðslu gjalda eða skatta, annarra en gjalda sem lögð eru á við innflutning eða óbeinna skatta sem lagðir eru á sömu vöru á einu eða fleiri stigum sé hún seld til innanlandsneyslu, eða greiðslu, vegna útflutningsvöru, hærri fjárhæða en í raun voru lagðar á þær á einu eða fleiri stigum með óbeinum sköttum eða gjöldum við innflutning eða hvoru tveggja.

e) Að því er varðar afhendingu stjórnvalda eða opinberra stofnana á innfluttum hráefnum til útflutningsfyrirtækja á öðrum kjörum en til fyrirtækja sem starfa á innanlandsmarkaði, sala á verði sem er undir heimsmarkaðsverði.

f) Að því er varðar útflutning sem stjórnvöld veita tryggingar fyrir, notkun iðgjalda sem eru greinilega ófullnægjandi til að standa til lengri tíma straum af rekstrargjöldum og tapi tryggingasjóðanna.

g) Veiting stjórnvalda (eða sérstakra stofnana sem starfa á vegum þeirra) á lánum vegna útflutnings á hagstæðari kjörum en nemur kostnaði þeirra við að útvega nauðsynlegt fjármagn til þess.

h) Að stjórnvöld beri allan kostnað útflytjenda við að útvega lán eða hluta af honum.

AUGLÝSING

um samning um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Færeyja og Íslands.

Með orðsendingaskiptum í Kaupmannahöfn og Reykjavík 28. og 31. ágúst 1992 var gengið frá samningi milli ríkisstjórnar Íslands, annars vegar, og ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja, hins vegar, um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Færeyja. Samningurinn var gerður í tengslum við samning frá 6. ágúst 1992 um fríverslun milli Íslands og Færeyja, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1993. Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1993. Hann öðlaðist gildi til bráðabirgða 1. september 1992.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

a. Bréf formanns samninganefndar Danmerkur og Færeyja til formanns samninganefndar Íslands.

Kaupmannahöfn, 28. ágúst 1992

Hr. Gunnar Snorri Gunnarsson,
formaður samninganefndar Íslands.
Utanríkisráðuneyti
Reykjavík

Ég leyfi mér að leggja til fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja, með tilvísun til 7. gr. samningsins milli ríkisstjórnar Danmerkur og landsstjórnar Færeyja annars vegar og ríkisstjórnar Íslands hins vegar um fríverslun milli Færeyja og Íslands sem undirritaður var 6. ágúst 1992 í Reykjavík, að samningsaðilarnir geri með sér eftirfarandi samning um viðskipti með landbúnaðarafurðir milli Færeyja og Íslands:

Færeyjar skulu afnema tolla og hver önnur þau gjöld sem sömu áhrif hafa á landbúnaðarafurðum upprunnum á Íslandi í samræmi við 1. viðauka og viðbæti við hann með þessu bréfi.

Ísland skal afnema tolla og hver önnur þau gjöld sem sömu áhrif hafa á landbúnaðarafurðum upprunnum í Færeyjum í samræmi við 2. viðauka með þessu bréfi.

Tollalækkanir sem Færeyjar og Ísland veita skulu þó hvorki koma í veg fyrir álagningu innflutningsgjalda til verðjöfnunar né álagningu breytilegra innflutningsgjalda eða aðrar ráðstafanir á sviði tollamála er síðar kunna að koma til framkvæmda sem liður í almennum ráðstöfunum aðilanna vegna innflutnings landbúnaðarafurða.

Fari Færeyjar fram á að fá tollfrjálsan aðgang að Íslandi fyrir landbúnaðarafurðir sem þessi samningur tekur ekki til skal taka slíkar beiðnir til vinsamlegrar athugunar.

Upprunareglurnar vegna framkvæmdar samningsins er að finna í 3. viðauka með þessu bréfi.

Samþykki ríkistjórn Íslands ofangreindar tillögur leyfi ég mér að leggja til að bréf þetta og svarbréf yðar skoðist sem samningur þar um sem öðlast gildi um leið og fríverslunarsamningurinn tekur gildi og gildir þangað til samningurinn um fríverslun milli Færeyja og Íslands fellur úr gildi.

Virðingarfyllst,

Preben Seiersen,
formaður samninganefndar Danmerkur og Færeyja

1. VIÐAUKI

Færeyjar skulu afnema tolla og önnur gjöld sem hafa samsvarandi áhrif á vörum sem upprunnar eru á Íslandi og flokkast undir 1. – 24. kafla í Samræmdu tollskránni með eftirfarandi undantekningum:

ST-númer	Vörulýsing
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst
úr 0206.80	Aðrir ætir hlutar af kindum eða geitum, nýir eða kældir
úr 0206.90	Aðrir ætir hlutar af kindum eða geitum, frystir
úr 0210.90	Kjöt af kindum eða geitum, saltað, í saltlegi, þurrkað og reykt, ekki úrbeinað
úr 0210.90	Aðrir hlutar af kindum og geitum
úr 0210.90	Ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af kindum og geitum
0401	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
0402	Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói
úr 1601	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, blóði eða hlutum af kindum og geitum; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum úr kindum og geitum
úr 1602	Annað kjöt, blóð eða hlutar af kindum og geitum, unnið eða varið skemmdum

Viðbætir við 1. viðauka

Tollfrjálsum kvótum sem beita skal vegna innflutnings íslenskra landbúnaðarafurða til Færeyja

Þrátt fyrir ákvæði 1. viðauka skulu Færeyjar, með hliðsjón af hefðbundnum útflutningi Íslendinga á kinda- og lambakjöti til Færeyja, veita ár hvert eftirfarandi tollfrjálsan kvóta vegna innflutnings á kinda- og lambakjöti sem upprunnið er á Íslandi:

ST-númer	Vörulýsing	Tollur	Tollfrjáls kvóti
0204.10–23	Kindakjöt, nýtt eða kælt	0	700 tonn*)
0204.30–43	Kindakjöt, fryst		
úr 0206.80	Aðrir ætir hlutar af kindum, þó ekki hausar, nýir eða kældir	0	150 tonn
úr 0206.90	Aðrir ætir hlutar af kindum, frystir		
úr 0210.90	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi eða reykt	0	100 tonn
úr 1601	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, blóði eða hlutum af kindum og geitum; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum úr kindum og geitum		
úr 1602	Annað kjöt, blóð eða hlutar af kindum og geitum, unnið eða varið skemmdum		

*) þar af mest 200 tonn af fersku kjöti

2. VIÐAUKI

Landbúnaðarafurðir sem upprunnar eru í Færeyjum og flytja má inn til Íslands tollfrjálst

ST-númer	Vörulýsing
2201	Vatn, þar með talið náttúrlegt eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt; ís og snjór
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009
2203	Öl gert úr malti

3. VIÐAUKI

Upprunareglur

1. 1) Við framkvæmd samningsins skal framleiðsluvara talin upprunnin á Íslandi eða í Færeyjum ef hún er að öllu leyti fengin þar.

2) Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið á Íslandi eða í Færeyjum:

a) jarðefni unnin úr jörðu þar eða af hafsbotni þeirra;

b) afurðir úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;

c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;

d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;

e) villibráð og fiskafurðir sem aflað er þar með veiðum;

f) vörur sem eru framleiddar þar eingöngu úr framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til e-lið.

3) Umbúðir og ílát utan um vöru teljast ekki hluti hennar þegar ákvarðað er hvort hún sé að öllu leyti fengin og ekki er nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort slíkar umbúðir eða ílát eru upprunavörur eða ekki.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu framleiðsluvörur í 1. og 2. dálki skrárinnar í viðbætinum, sem fengnar eru á Íslandi eða í Færeyjum en innihalda efni sem ekki eru að öllu leyti fengin þar, einnig teljast upprunavörur, að því tilskildu að skilyrði sem sett eru í 3. dálki um aðvinnslu slíkra efna séu uppfyllt.

3. 1) Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í samningnum gildir einungis um framleiðsluvörur sem eru fluttar beint frá Færeyjum til Íslands eða frá Íslandi til Færeyja án þess að farið sé um yfirráðasvæði annars lands. Þó má flytja framleiðsluvörur sem upprunnar eru á Íslandi eða í Færeyjum og mynda eina óskipta vörusendingu um yfirráðasvæði sem tilheyrir hvorki Færeyjum né Íslandi með, ef þörf krefur, umfermingu eða bráðabirgðageymslu á því yfirráðasvæði, að því tilskildu að vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umflutningurinn eða bráðabirgðageymslan á sér stað og ekki hlotið aðra meðferð en affermingu, endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

2) Sönnunargögn um að skilyrðunum sem um getur í 1. undirgr. hafi verið uppfyllt skulu lögð fram hjá tollyfirvöldum innflutningsaðila í samræmi við ákvæði III. viðauka við fríverslunarsamninginn milli Íslands og Færeyja.

4. Við innflutning til Íslands eða Færeyja skulu upprunavörur í skilningi viðauka þessa njóta hags af samningnum gegn framvísun annaðhvort EUR.1-flutningsskírteinis eða yfirlýsingar á vörureikningi sem gefin er út eða samin í samræmi við III. viðauka við fríverslunarsamninginn milli Íslands og Færeyja.

5. Ákvæði um endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum, sönnun á uppruna og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda í III. viðauka við fríverslunarsamninginn milli Íslands og Færeyja skulu gilda að breyttu breytanda. Að því er varðar ákvæði III. viðauka er litið svo á að bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum sem þar er kveðið á um skuli einungis gilda þegar um er að ræða efni sem fríverslunarsamningurinn milli Íslands og Færeyja tekur til.

Viðbætir

Skrá yfir framleiðsluvörur sem um getur í 2. mgr. og háðar eru öðrum skilyrðum en þeim að vera að öllu leyti fengnar

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
0404 til 0408	Mjólkurvörur og fuglsegg	Framleiðsla þar sem öll efni úr 4. kafla sem notuð eru verða að vera að öllu leyti fengin
úr 0504	Ætir þarmar, blöðrur og magar úr kindum, svínum eða nautgripum, heilt og í stykkjum	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 0505	Fiður eða dúnn, hreinsaður	Hreinsun (sem felur í sér þvott, rykhreinsun og þurrkun), flokkun eða blöndun óunnins fiðurs eða dúns
0710 til 0713	Ætar matjurtir, frystar eða þurrkaðar, varðar til bráðabirgðar gegn skemmdum	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 0710 og úr 0711	Sykurmaís (Zea mays var. og saccharata)	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
0811	Ávextir og hnetur, ósoðið eða soðið í gufu eða vatni, fryst, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:	
	– með viðbættum sykri	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna úr 17. kafla sem notuð eru nemur ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
0812	Ávextir og hnetur, varið skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
0813	Ávextir, þurrkaðir, aðrir en í nr. 0801 – 0806; blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
0814	Hýði af sítrusávöxtum eða melónum (þar með talið af vatnsmelónum), nýtt, fryst, þurrkað eða varið skemmdum til bráðabirgða með saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
9. kafli	Kaffi, te, maté og krydd	Framleiðsla úr efni í hvaða vörulið sem er
úr 11. kafla	Malaðar vörur; malt; sterkja; inúlín; hveitiglúten, þó ekki úr vörulið úr 1106	Framleiðsla úr maté Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1106	Mjöl, fín- eða grófmalað, úr þurrkuðum belgávöxtum í nr. 0713	Þurrkun og mölun belgávaxta í nr. 0708
1301	Kvoðulakk; náttúrlegar gúmkvoður; resín, gúmmíharpixar og balsöm	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna í nr. 1301 sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1302	Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:	

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
	– jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu	Framleiðsla úr óumbreyttu jurtaslími og hleypiefni
	– annað	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 1404	Baðmullardúnn	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
úr 1404	Mjöl úr sjávarþangi	Framleiðsla úr sjávarþangi
1501	Hreinsuð svínafeiti; önnur svína- og alifuglafeiti, brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:	
	– beinafeiti og úrgangsefnafeiti	Framleiðsla úr efnum í öllum vöruliðum nema nr. 0203, 0206 eða 0207 eða úr beinum í nr. 0506
	– annað	Framleiðsla úr kjöti eða ætum hlutum úr svínum í nr. 0203 eða kjöti og ætum hlutum úr alifuglum í nr. 0207
1502	Feiti úr nautgripum, kindum eða geitum, óunnin eða brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:	
	– beinafeiti eða úrgangsefnafeiti	Framleiðsla úr efnum í öllum vöruliðum nema nr. 0201, 0202, 0204 eða 0206 eða úr beinum í nr. 0506
	– annað	Framleiðsla þar sem öll efni úr dýrum í 2. kafla sem notuð eru verða að vera að öllu leyti fengin
úr 1505	Hreinsuð lanólín	Framleiðslu úr hrárri ullarfeiti í nr. 1505

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
1506	Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	
	– þættir í föstu formi	Framleiðsla úr efnum í öllum völuliðum að meðtöldum öðrum efnum úr nr. 1506
	– annað	Framleiðsla þar sem öll efni úr dýrum í 2. kafla sem notuð eru verða að vera að öllu leyti fengin
1507 til 1515	Órokgjarnar jurtaolíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	
	– þættir í föstu formi, nema úr jójóbaolíu	Framleiðsla úr öðrum efnum í nr. 1507 til 1515.
	– annað	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra völuliði en framleiðsluvaran
úr 1516	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, endurestera, einnig hreinsað en ekki frekar unnið	Framleiðsla þar sem öll efni úr dýrum sem notuð eru verða að vera að öllu leyti fengin
úr 1516	Vetnuð laxerolía (með vaxeinkenni, t.d. ópalvax)	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra völuliði en framleiðsluvaran
úr 1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516, sem innihalda meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	Framleiðsla þar sem: – efni sem notuð eru öll flokkast undir aðra völuliði en framleiðsluvaran og – öll efni úr 4. kafla sem notuð eru verða að vera að öllu leyti fengin
úr 1518	Línoxyn	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra völuliði en framleiðsluvaran

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
úr 1519	Einbasískar karboxyfitusýrur frá iðnaði, sýruolía frá hreinsun eða feitialkóhól frá iðnaði, ekki til dýraeldis:	
	– einbasískar karboxyfitusýrur frá iðnaði, sýruolía frá hreinsun	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
	– feitialkóhól frá iðnaði	Framleiðsla úr efnum í öllum vöruliðum að meðtöldum öðrum efnum í nr. 1519
1520	Glýseról (glýserín), einnig hreint; glýserólvatn og glýseróllútur	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
1521	Jurtavax (annað en tríglýseríð), býflugnavax, annað skordýravax og hvalaraf, einnig hreinsað eða litað	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
1522	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
1601	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
úr 1701	Reyr- eða rófusykur og kemískt hreinn súkrósi, í föstu formi, sem inniheldur viðbætt bragðefni eða litarefni	Framleiðsla þar sem efni sem notuð eru öll flokkast undir sama vöruliði og framleiðsluvaran. Þó verða öll bragð- eða litarefni sem notuð eru að vera upprunaefni

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi; karamel:	
	– kemískt hreinn maltósi og frúktósi	Framleiðsla úr efnum í öllum vöruliðum að meðtöldum öðrum efnum í nr. 1702
	– Annar sykur í föstu formi, með bragð- eða litarefni	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna úr 17. kafla sem notuð eru nemur ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– annað	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru verða að vera að öllu leyti fengin
úr 1703	Melassi unninn með kjörnun eða hreinsun sykurs, með bragð- eða litarefni	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna úr 17. kafla sem notuð eru nemur ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti allra efna í 17. kafla sem notuð eru ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1803	Kakaódeig, einnig fitusneytt	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
1804	Kakaósmjör, -feiti eða olía	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
1805	Kakaóduft, án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna	Framleiðsla þar sem öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti allra efna í 17. kafla sem notuð eru ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
1901	Maltkjarni: framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaóduft sem að magni til er innan við 50% miðað við þyngd, sem ekki eru skilgreind eða talin með annars staðar; matvæli úr vörum í nr. 0401 – 0404 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þyngd, sem ekki eru skilgreind eða talin með annars staðar:	
	– maltkjarni	Framleiðsla úr kornvörum í 10. kafla
	– annað	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti allra efna í 17. kafla sem notuð eru ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið	Framleiðsla þar sem allt kjöt, ætir hlutar úr dýrum, fiskur, krabba- eða lindýr sem notuð eru verða að vera upprunavörur
1903	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd	Framleiðslu úr efnum í hvaða vörulið sem er nema kartöflusterkju í nr. 1108
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt	
	– sem ekki innihalda kakaó:	
	– – kornvörur, aðrar en maís, í formi korna, forsoðið eða unnið á annan hátt	Framleiðsla úr efnum úr hvaða vörulið sem er.

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
	– annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er þar sem: – verðmæti allra efna í 17. kafla sem notuð eru nemur ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– sem inniheldur kakaó	Framleiðsla úr efnum sem flokkast ekki undir nr. 1806, að því tilskildu að verðmæti allra efna í 17. kafla sem notuð eru nemi ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er nema úr 11. kafla([1])
2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2002	Tómatar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru	Framleiðsla þar sem allir tómatar sem notaðir eru verða að vera upprunavörur
2003	Sveppir og jarðsveppir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru	Framleiðsla þar sem allir sveppir eða jarðsveppir sem notaðir eru verða að vera upprunavörur

([1]) Þó má nota maísmjöl (masamjöl) sem framleitt hefur verið með „nixtamalisation" (alkalínhitun og bleytun) fram til 30. nóvember 1993.

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki frystar	
2006	Ávextir, hnetur, ávaxtahýði og aðrir plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (gegndreypt, gljásykrað eða kristallað)	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, sem ekki er skilgreint eða talið með annars staðar.	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2009	Ávaxtasafi (þar með talið þrúguþykkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbætts áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Framleiðsla þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru nemur ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2102	Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2103	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, og unnið sinnep	

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
	– sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó er heimilt að nota sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, og unnið sinnep
	sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, og unnið sinnep	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það, jafnblönduð samsett matvæli	
	– súpur og seyði og framleiðsla í það	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki matjurtir í nr. 2002 til 2005, unnar eða varðar skemmdum
	– jafnblönduð samsett matvæli	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2105	Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2106	Matvæli, sem ekki eru skilgreind eða talin með annars staðar.	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2201	Vatn, þar með talið náttúrlegt eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt; ís og snjór	Framleiðsla þar sem allt vatn í 22. kafla sem notað er verður að vera upprunaefni

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
2202	Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009	Framleiðsla þar sem: – öll efni sem notuð eru flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran – verðmæti allra efna í 17. kafla sem notuð eru nemur ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2203	Öl gert úr malti	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2204	Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í nr. 2009	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2206	Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður); blöndur gerjaðra drykkjarvara svo og blöndur gerjaðra drykkjarvara og óáfengra drykkjarvara, sem ekki eru skilgreindar eða taldar með annars staðar.	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran.
2207	Ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etýlalkóhól og aðrir áfengir vökvar, ómengað, að hvaða styrkleika sem er	Framleiðsla úr efnum sem flokkast ekki undir nr. 2207 og 2208
2208	Ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran

ST-númer	Vörulýsing	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi
(1)	(2)	(3)
2209	Edik og edikslíki fengið úr ediksýru	Framleiðsla: – úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
úr 2301	Mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum, óhæft til manneldis; hamsar	Framleiðsla þar sem öll efni í 2. kafla sem notuð eru verða að vera upprunaefni
úr 2303	Leifar frá sterkjugerð og áþekkar leifar, rófudeig, bagasse og annar úrgangur frá sykurframleiðslu, hrosti og úrgangur frá bruggun eða eimingu, einnig í kögglum	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2304	Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun sojabaunaolíu	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2305	Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jarðhnetuolíu	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2306	Olíukökur og aðrar fastar leifar, einnig muldar eða í kögglum, frá kjörnun jurtafeiti eða jurtaolíu, þó ekki í nr. 2304 eða 2305	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2308	Jurtaefni og jurtaúrgangur, jurtaleifar og aukaafurðir, einnig í kögglum, sem notað er til dýraeldis, sem ekki eru skilgreind eða talin með annars staðar.	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
úr 2309	Blöndur til dýraeldis, að undanskildum blöndum sem innihalda fisk	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
2402	Vindlar, einnig endaskornir, smávindlar og vindlingar, úr tóbaki eða tóbakslíki	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran.
2403	Önnur framleiðsla úr tóbaki og framleitt tóbakslíki; jafnblandað eða endurunnið tóbak; tóbakskjarnar eða tóbaksseyði:	
	– framleiðsla úr tóbaki	Framleiðsla úr jafnblönduðu eða endurunnu tóbaki, tóbakskjörnum eða tóbaksseyði
	– annað	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran.

b. Svarbréf.

Reykjavík, 31. ágúst 1992

Hr. Preben Seiersen,
formaður samninganefndar Danmerkur og Færeyja

Ég hef móttekið svohljóðandi bréf yðar dagsett 28. ágúst 1992:

[Sjá bréf hér að framan.]

Hér með staðfesti ég að ríkisstjórn Íslands samþykkir framangreint og að bréf yðar og svarbréf þetta skuli gilda sem samningur um að beita eigi fyrirkomulaginu frá og með sama tíma og samningurinn um fríverslun milli Íslands og Færeyja tekur gildi.

Fyrirkomulag þetta skal gilda þangað til samningurinn um fríverslun milli Íslands og Færeyja fellur úr gildi.

Virðingarfyllst,

Gunnar Snorri Gunnarsson,
formaður íslensku samninganefndarinnar

AUGLÝSING

um rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Hinn 16. júní 1993 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem gerður var í New York 9. maí 1992. Alþingi hafði með ályktun 7. maí 1993 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

RAMMASAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM LOFTSLAGSBREYTINGAR

Aðilar að samningi þessum,

sem viðurkenna að breytingar á loftslagi jarðarinnar og skaðleg áhrif þeirra séu sameiginlegt viðfangsefni mannkynsins,

sem hafa áhyggjur af því að starfsemi manna hefur verulega aukið styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu, að þessi viðbót auki gróðurhúsaáhrifin í náttúrunni, og að þetta muni almennt hafa þær afleiðingar að yfirborð jarðar og andrúmsloft hitni enn meir og kunni að hafa skaðleg áhrif á vistkerfi náttúrunnar og mannkynið,

sem veita því athygli að mestur hluti útstreymis gróðurhúsalofttegunda um allan heim fyrr og nú hefur átt upptök sín í þróuðum löndum, að útstreymi á mann í þróunarlöndum er enn tiltölulega lítið og að sá hluti útstreymis á heimsvísu sem stafar frá þróunarlöndum mun vaxa til þess að mæta félagslegum þörfum þeirra og þróun,

sem gera sér grein fyrir hlutverki og mikilvægi viðtaka og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir, í vistkerfum á landi og í sjó,

sem veita því athygli að margir óvissuþættir eru í spám um loftslagsbreytingar, einkum með tilliti til þess hvenær, hve miklar og hvernig þær breytingar verða á hverju svæði,

sem viðurkenna að loftslagsbreytingar eru þess eðlis um allan heim að þörf er á sem mestri samvinnu allra þjóða og þátttöku þeirra í öflugum og viðeigandi alþjóðlegum viðbrögðum, í samræmi við sameiginlega en ólíka ábyrgð þeirra og getu hvers og eins, svo og félagslegar og efnahagslegar aðstæður þeirra,

sem minnast viðkomandi ákvæða úr yfirlýsingu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins sem samþykkt var í Stokkhólmi 16. júní 1972,

sem minnast einnig að í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglur þjóðaréttar hafa ríki óskoraðan rétt til að hagnýta sér sínar eigin auðlindir í samræmi við eigin stefnumið í umhverfis- og þróunarmálum, og bera þá ábyrgð að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir þeirra stjórn valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða svæða utan lögsögumarka einhvers ríkis,

UNITED NATIONS FRAMEWORK CONVENTION ON CLIMATE CHANGE

The Parties to this Convention,

Acknowledging that change in the Earth's climate and its adverse effects are a common concern of humankind,

Concerned that human activities have been substantially increasing the atmospheric concentrations of greenhouse gases, that these increases enhance the natural greenhouse effect, and that this will result on average in an additional warming of the Earth's surface and atmosphere and may adversely affect natural ecosystems and humankind,

Noting that the largest share of historical and current global emissions of greenhouse gases has originated in developed countries, that per capita emissions in developing countries are still relatively low and that the share of global emissions originating in developing countries will grow to meet their social and development needs,

Aware of the role and importance in terrestrial and marine ecosystems of sinks and reservoirs of greenhouse gase

Nothing that there are many uncertainties in predictions of climate change, particularly with regard to the timing, magnitude and regional patterns thereof,

Acknowledging that the global nature of climate change calls for the widest possible cooperation by all countries and their participation in an effective and appropriate international response, in accordance with their common but differentiated responsibilities and respective capabilities and their social and economic conditions,

Recalling the pertinent provisions of the Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment, adopted at Stockholm on 16 June 1972,

Recalling also that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental and developmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,

sem staðfesta að nýju fullveldisreglu ríkja í alþjóðlegri samvinnu að takast á við loftslagsbreytingar,

sem viðurkenna að ríki ættu að koma á virkri umhverfislöggjöf, að umhverfisstaðlar, stjórnunarmarkmið og forgangsröðun ættu að endurspegla það umhverfis- og þróunarsamhengi sem þau gilda um, og að staðlar sem nokkur lönd nota kunna að vera óhentugir og óréttlætanlega kostnaðarsamir, efnahagslega og félagslega, fyrir önnur lönd, einkum þróunarlöndin,

sem minnast ákvæða í ályktun allsherjarþingsins nr. 44/228 frá 22. desember 1989 um Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, og ályktanir 43/53 frá 6. desember 1988, 44/207 frá 22. desember 1989, 45/212 frá 21. desember 1990 og 46/169 frá 19. desember 1991 um verndun loftslags um allan heim fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

sem minnast einnig ákvæða í ályktun allsherjarþingsins nr. 44/206 frá 22. desember 1989 um hugsanleg skaðleg áhrif vegna hækkunar á yfirborði sjávar á eyjar og strandsvæði, sérstaklega þau sem liggja lágt yfir sjávarmáli, og viðeigandi ákvæði í ályktun allsherjarþingsins nr. 44/172 frá 19. desember 1989 um framkvæmd áætlunar um aðgerðir til að sporna gegn eyðimerkurmyndun,

sem minnast ennfremur Vínarsamningsins um verndun ósonlagsins,1985, og Montreal bókunarinnar um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, 1987, eins og hún var aðlöguð og henni breytt 29. júní 1990,

sem veita athygli ráðherrayfirlýsingunni frá annarri heimsráðstefnunni um loftslag sem samþykkt var 7. nóvember 1990,

sem er ljóst hið dýrmæta rannsóknarstarf sem unnið er í mörgum ríkjum á loftslagsbreytingum og hið mikilvæga framlag Alþjóðlegu veðurfræðistofnunarinnar, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, og annarra stofnana, samtaka og hópa sem starfa innan Sameinuðu þjóðanna sem og annarra alþjóðlegra og milliríkja hópa, til gagnkvæmra skipta á niðurstöðum vísindalegra rannsókna og samhæfingar rannsókna,

sem viðurkenna að þær aðgerðir sem þörf er á til að skilja og takast á við loftslagsbreytingar munu skila umhverfinu, samfélaginu og efnahagskerfinu bestum árangri, séu þær byggðar á viðeigandi vísindalegum, tæknilegum og efnahagslegum þáttum og stöðugt endurmetnar í ljósi nýrra niðurstaðna á þessum sviðum,

Reaffirming the principle of sovereignty of States in international cooperation to address climate change,

Recognizing that States should enact effective environmental legislation, that environmental standards, management objectives and priorities should reflect the environmental and developmental context to which they apply, and that standards applied by some countries may be inappropriate and of unwarranted economic and social cost to other countries, in particular developing countries,

Recalling the provisions of General Assembly resolution 44/228 of 22 December 1989 on the United Nations Conference on Environment and Development, and resolutions 43/53 of 6 December 1988, 44/207 of 22 December 1989, 45/212 of 21 December 1990 and 46/169 of 19 December 1991 on protection of global climate for present and future generations of mankind,

Recalling also the provisions of General Assembly resolution 44/206 of 22 December 1989 on the possible adverse effects of sealevel rise on islands and coastal areas, particularly low-lying coastal areas and the pertinent provisions of General Assembly resolution 44/172 of 19 December 1989 on the implementation of the Plan of Action to Combat Desertification,

Recalling further the Vienna Convention for the Protection of the Ozone Layer, 1985, and the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer, 1987, as adjusted and amended on 29 June 1990,

Noting the Ministerial Declaration of the Second World Climate Conference adopted on 7 November 1990,

Conscious of the valuable analytical work being conducted by many States on climate change and of the important contributions of the World Meteorological Organization, the United Nations Environment Programme and other organs, organizations and bodies of the United Nations system, as well as other international and intergovernmental bodies, to the exchange of results of scientific research and the coordination of research,

Recognizing that steps required to understand and address climate change will be environmentally, socially and economically most effective if they are based on relevant scientific, technical and economic considerations and continually re-evaluated in the light of new findings in these areas,

sem viðurkenna að ýmsar aðgerðir til að takast á við loftslagsbreytingar geta verið hagfræðilega réttlætanlegar í sjálfu sér og geta einnig hjálpað til að leysa önnur umhverfisvandamál,

sem viðurkenna einnig nauðsyn þess að þróuðu löndin grípi þegar í stað til aðgerða, en þó sveigjanlegra, á grundvelli augljósrar forgangsröðunar, sem upphaf að yfirgripsmiklum viðbragðsáætlunum á alheims-, þjóðríkis- og ef um semst, á svæðisbundna vísu, sem nái til allra gróðurhúsalofttegunda, með eðlilegu tilliti til þáttar hverrar og einnar í aukningu gróðurhúsaáhrifa,

sem viðurkenna ennfremur að láglend og önnur lítil eylönd, lönd með láglend strandsvæði, skrælnuð og hálfskrælnuð svæði, eða svæði þar sem hætta er á flóðum, þurrkum eða eyðimerkurmyndun, og þróunarlönd með viðkvæm fjalllendisvistkerfi, eru sérstaklega viðkvæm fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga,

sem viðurkenna hina sérstöku erfiðleika þeirra landa, einkum þróunarlanda, sem búa við hagkerfi sem eru sérstaklega háð framleiðslu, notkun og útflutningi jarðefnaeldsneytis, sem leiða af aðgerðum sem takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda,

sem staðfesta að viðbrögð við loftslagsbreytingum ætti að samþætta við félagslega og efnahagslega þróun í þeim tilgangi að forðast skaðleg áhrif á þá síðarnefndu, og að tekið sé fullt tillit til lögmætra forgangsþarfa þróunarlanda til að ná varanlegum hagvexti og útrýma fátækt,

sem viðurkenna að öll lönd, einkum þróunarlönd, þarfnast aðgangs að auðlindum sem nauðsynlegar eru til að sjálfbærri þróun í félags- og efnahagsmálum verði náð og að orkuneysla þeirra muni þurfa að aukast til þess að þróunarlöndunum miði að því marki, en höfð sé hliðsjón af möguleikum á betri orkunýtingu og takmörkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið almennt, þ. m. t. með því að beita nýrri tækni á forsendum sem gera slíka beitingu gagnlega bæði efnahagslega og félagslega,

sem eru staðráðnir í að vernda loftslagskerfið fyrir núverandi og komandi kynslóðir,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

Recognizing that various actions to address climate change can be justified economically in their own right and can also help in solving other environmental problems,

Recognizing also the need for developed countries to take immediate action in a flexible manner on the basis of clear priorities, as a first step towards comprehensive response strategies at the global, national and, where agreed, regional levels that take into account all greenhouse gases, with due consideration of their relative contributions to the enhancement of the greenhouse effect,

Recognizing further that low-lying and other small island countries, countries with low-lying coastal, arid and semi-arid areas or areas liable to floods, drought and desertification, and developing countries with fragile mountainous ecosystems are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change,

Recognizing the special difficulties of those countries, especially developing countries, whose economies are particularly dependent on fossil fuel production, use and exportation, as a consequence of action taken on limiting greenhouse gas emissions,

Affirming that responses to climate change should be coordinated with social and economic development in an integrated manner with a view to avoiding adverse impacts on the latter, taking into full account the legitimate priority needs of developing countries for the achievement of sustained economic growth and the eradication of poverty,

Recognizing that all countries, especially developing countries, need access to resources required to achieve sustainable social and economic development and that, in order for developing countries to progress towards that goal, their energy consumption will need to grow taking into account the possibilities for achieving greater energy efficiency and for controlling greenhouse gas emissions in general, including through the application of new technologies on terms which make such an application economically and socially beneficial,

Determined to protect the climate system for present and future generations,

Have agreed as follows:

1. gr.
Skilgreiningar*

Í samningi þessum merkja:

1. „Skaðleg áhrif loftslagsbreytinga“ breytingar á umhverfi eða lífríki sem stafa af loftslagsbreytingum sem hafa marktæk áhrif til hins verra á samsetningu, endurvaxtargetu eða framleiðni vistkerfa, hvort sem þau eru náttúruleg eða stjórnað af mönnum, eða á rekstur félagshaglegs kerfis eða heilsu manna og velferð.

2. „Loftslagsbreytingar“ breytingar á loftslagi sem má rekja beint eða óbeint til athafna mannsins sem breyta samsetningu andrúmslofts jarðar og sem verða umfram náttúrulegan loftslagsbreytileika á sambærilegum tímabilum.

3. „Loftslagskerfi“ öll til samans gufuhvolfið, vatnshvolfið, lífhvolfið og stinnhvolfið og gagnkvæm áhrif þeirra.

4. „Útstreymi“ losun gróðurhúsalofttegunda og/eða forstigsefna þeirra út í andrúmsloftið á ákveðnu svæði og tímabili.

5. „Gróðurhúsalofttegundir“ þá loftkenndu efnisþætti andrúmsloftsins, bæði af náttúrunnar og manna völdum, sem taka til sín og gefa aftur frá sér innrauða geislun.

6. „Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“ stofnun sem sett hefur verið á laggirnar af fullvalda ríkjum á tilteknu svæði og hefur hæfni í málum sem falla undir samning þennan eða bókanir hans og hefur verið veitt fullt umboð í samræmi við starfsaðferðir hennar til að undirrita, fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðili að þeim skjölum sem um er að ræða.

7. „Geymir“ þátt eða þætti loftslagskerfis þar sem gróðurhúsalofttegund eða forstigsefni gróðurhúsalofttegundar er geymt.

8. „Viðtaki“ hvers konar ferli, starfsemi eða gangvirki sem fjarlægir gróðurhúsalofttegund, úðaefni eða forstigsefni gróðurhúsalofttegundar úr andrúmsloftinu.

9. „Uppspretta“ hvers konar ferli eða starfsemi sem losar gróðurhúsalofttegund, úðaefni eða forstigsefni gróðurhúsalofttegundar út í andrúmsloftið.

* Heiti greina hafa þann tilgang einan að leiðbeina lesanda.

Article 1
Definitions*

For the purposes of this Convention:

1. "Adverse effects of climate change" means changes in the physical environment or biota resulting from climate change which have significant deleterious effects on the composition, resilience or productivity of natural and managed ecosystems or on the operation of socio-economic systems or on human health and welfare.

2. "Climate change" means a change of climate which is attributed directly or indirectly to human activity that alters the composition of the global atmosphere and which is in addition to natural climate variability observed over comparable time periods.

3. "Climate system" means the totality of the atmosphere, hydrosphere, biosphere and geosphere and their interactions.

4. "Emissions" means the release of greenhouse gases and/or their precursors into the atmosphere over a specified area and period of time.

5. "Greenhouse gases" means those gaseous constituents of the atmosphere, both natural and anthropogenic, that absorb and re-emit infrared radiation.

6. "Regional economic integration organization" means an organization constituted by sovereign States of a given region which has competence in respect of matters governed by this Convention or its protocols and has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to the instruments concerned.

7. "Reservoir" means a component or components of the climate system where a greenhouse gas or a precursor of a greenhouse gas is stored.

8. "Sink" means any process, activity or mechanism which removes a greenhouse gas, an aerosol or a precursor of a greenhouse gas from the atmosphere.

9. "Source" means any process or activity which releases a greenhouse gas, an aerosol or a precursor of a greenhouse gas into the atmosphere.

* Titles of articles are included solely to assist the reader.

2. gr.
Markmið

Lokamarkmið þessa samnings og hvers konar löggerninga honum tengdum sem þing aðila kann að samþykkja er, í samræmi við viðeigandi ákvæði samningsins, að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu innan þeirra marka að komið verði í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af manna völdum. Þeim mörkum ætti að ná innan tímamarka sem nægðu til að vistkerfi geti sjálf aðlagað sig að loftslagsbreytingum til þess að tryggja að matvælaframleiðsla sé ekki í hættu og til að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.

Article 2
Objective

The ultimate objective of this Convention and any related legal instruments that the Conference of the Parties may adopt is to achieve, in accordance with the relevant provisions of the Convention, stabilization of greenhouse gas concentrations in the atmosphere at a level that would prevent dangerous anthropogenic interference with the climate system. Such a level should be achieved within a time-frame sufficient to allow ecosystems to adapt naturally to climate change, to ensure that food production is not threatened and to enable economic development to proceed in a sustainable manner.

3. gr.
Grundvallarreglur

Í aðgerðum sínum til þess að ná markmiðum samningsins og framkvæma ákvæði hans skulu aðilar hafa meðal annars eftirfarandi að leiðarljósi:

1. Aðilar ættu að vernda loftslagskerfið til hagsbóta fyrir núverandi og ókomnar kynslóðir, á grundvelli sanngirni og í samræmi við sameiginlega en ólíka ábyrgð þeirra og getu hvers og eins. Þess vegna ættu hin þróuðu aðildarlönd að taka forystuna í að sporna gegn loftslagsbreytingum og skaðlegum áhrifum þeirra.

2. Fullt tillit skyldi tekið til sérstakra þarfa og sérstakra aðstæðna þróunarlanda sem eru aðilar, einkum þeirra sem er sérstaklega hætt við skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga, sem og þeirra aðila, sér í lagi þróunarlanda sem eru aðilar, sem samkvæmt samningnum yrðu að bera óeðlilega eða hlutfallslega þunga byrði.

3. Aðilar ættu að gera varúðarráðstafanir til að sjá fyrir, hindra eða minnka orsakir loftslagsbreytinga og draga úr skaðlegum áhrifum þeirra. Þar sem hætta er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni ætti ekki að nota skort á vísindalegri fullvissu sem rök fyrir því að fresta slíkum aðgerðum en hliðsjón höfð af því að stefnumið og aðgerðir til að glíma við loftslagsbreytingar ættu að vera kostnaðarhagkvæm til þess að tryggja ávinning fyrir allan heiminn með sem minnstum kostnaði. Til að ná þessu marki ættu slík stefnumið og aðgerðir að hafa hliðsjón af mismunandi félagshaglegu samhengi, vera víðtækar, ná til allra viðeigandi

Article 3
Principles

In their actions to achieve the objective of the Convention and to implement its provisions, the Parties shall be guided, inter alia, by the following:

1. The Parties should protect the climate system for the benefit of present and future generations of humankind, on the basis of equity and in accordance with their common but differentiated responsibilities and respective capabilities. Accordingly, the developed country Parties should take the lead in combating climate change and the adverse effects thereof.

2. The specific needs and special circumstances of developing country Parties, especially those that are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change, and of those Parties, especially developing country Parties, that would have to bear a disproportionate or abnormal burden under the Convention, should be given full consideration.

3. The Parties should take precautionary measures to anticipate, prevent or minimize the causes of climate change and mitigate its adverse effects. Where there are threats of serious or irreversible damage, lack of full scientific certainty should not be used as a reason for postponing such measures, taking into account that policies and measures to deal with climate change should be cost-effective so as to ensure global benefits at the lowest possible cost. To achieve this, such policies and measures should take into account different socio-economic contexts, be comprehensive, cover all relevant sources, sinks and reservoirs of greenhouse

uppsprettna, viðtaka og geyma gróðurhúsalofttegunda og aðlögunar, og taka til allra efnahagsgeira. Aðilar, sem hagsmuna eiga að gæta, geta haft samvinnu um viðleitni til að glíma við loftslagsbreytingar.

4. Aðilar eiga rétt á og ættu að stuðla að sjálfbærri þróun. Stefnumið og aðgerðir til verndunar loftslagskerfinu gegn breytingum af manna völdum ættu að hæfa sérstökum aðstæðum hvers aðila og ætti að samþætta þær þróunaráætlunum hvers ríkis með hliðsjón af því að efnahagsþróun er nauðsynleg, ef grípa á til aðgerða gegn loftslagsbreytingum.

5. Aðilar ættu að hafa samvinnu um að koma á uppbyggjandi og opnu alþjóðlegu hagkerfi, sem myndi hafa í för með sér sjálfbæran hagvöxt og þróun hjá öllum aðilum, einkum aðilum sem eru þróunarlönd, og gera þeim þannig kleift að takast betur á við vandamál loftslagsbreytinga. Aðgerðir sem gripið er til í þeim tilgangi að sporna gegn loftslagsbreytingum, þ. m. t. einhliða aðgerðir, ættu ekki að vera tæki gerræðislegrar eða óréttlætanlegrar mismununar eða dulbúin höft á alþjóðaviðskipti.

4. gr.
Skuldbindingar

1. Með hliðsjón af sameiginlegum en ólíkum skuldbindingum og sérstakri forgangsröðun þróunarverkefna einstakra ríkja og svæða, markmiðum þeirra og aðstæðum, skulu allir aðilar:

(a) Semja, endurskoða, gefa út og leggja fyrir þing aðila, samkvæmt 12. gr., skrár yfir útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, og nota sambærilegar aðferðir sem samþykktar verða af þingi aðila.

(b) Setja fram, framkvæma, gefa út og endurskoða reglulega áætlanir og þar sem við á svæðisbundnar áætlanir um aðgerðir til að draga úr breytingum á loftslagi með því að takast á við útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, og aðgerðir til að auðvelda nægilega aðlögun að loftslagsbreytingum.

(c) Stuðla að og hafa samvinnu um þróun, beitingu og dreifingu, þ. m. t. miðlun, tækni, aðferða og ferla sem takmarka, minnka eða koma í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda af manna völdum sem ekki eru undir eftirliti Montreal

gases and adaptation, and comprise all economic sectors. Efforts to address climate change may be carried out cooperatively by interested Parties.

4. The Parties have a right to, and should, promote sustainable development. Policies and measures to protect the climate system against human-induced change should be appropriate for the specific conditions of each Party and should be integrated with national development programmes, taking into account that economic development is essential for adopting measures to address climate change.

5. The Parties should cooperate to promote a supportive and open international economic system that would lead to sustainable economic growth and development in all Parties, particularly developing country Parties, thus enabling them better to address the problems of climate change. Measures taken to combat climate change, including unilateral ones, should not constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination or a disguised restriction on international trade.

Article 4
Commitments

1. All Parties, taking into account their common but differentiated responsibilities and their specific national and regional development priorities, objectives and circumstances, shall:

(a) Develop, periodically update, publish and make available to the Conference of the Parties, in accordance with Article 12, national inventories of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, using comparable methodologies to be agreed upon by the Conference of the Parties;

(b) Formulate, implement, publish and regularly update national and, where appropriate, regional programmes containing measures to mitigate climate change by addressing anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, and measures to facilitate adequate adaptation to climate change;

(c) Promote and cooperate in the development, application and diffusion, including transfer, of technologies, practices and processes that control, reduce or prevent anthropogenic emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol in all relevant sectors,

bókunarinnar, á öllum viðkomandi sviðum, meðal annars á sviðum orkumála, flutninga, iðnaðar, landbúnaðar, skógræktar og sorphirðu.

(d) Stuðla að sjálfbærri stjórnun og vinna að og hafa samvinnu um verndun og aukningu, eftir því sem við á, viðtaka og geyma fyrir allar gróðurhúsalofttegundir sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, þ. m. t. lífmassi, skógar og höf sem og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi.

(e) Vinna saman að undirbúningi fyrir aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga; semja og móta viðeigandi og samþætt áform um stjórnun strandsvæða, vatnsauðlindir og landbúnað og um verndun og endurreisn svæða, einkum í Afríku, sem hafa orðið fyrir þurrkum og eyðimerkurmyndun svo og flóðum.

(f) Taka tillit til sjónarmiða er varða loftslagsbreytingar, eftir því sem við verður komið, í viðeigandi aðgerðum sínum og stefnumiðum í félags-, efnahags-, og umhverfismálum, og beita viðeigandi aðferðum, til dæmis mati á áhrifum, sem hvert ríki mótar og ákveður, í því augnamiði að draga sem mest úr skaðlegum áhrifum áforma eða aðgerða þeirra til þess að draga úr eða aðlagast loftslagsbreytingum á efnahagslífið, heilsu manna og gæði umhverfisins.

(g) Stuðla að og hafa samvinnu um vísindalegar, tæknifræðilegar, tæknilegar, félagshaglegar og aðrar rannsóknir, kerfisbundna athugun og uppbyggingu gagnasafna tengdum loftslagskerfinu og sem ætlað er að efla skilning og draga úr eða eyða þeirri óvissu sem enn er varðandi orsakir, áhrif, stærð og tímasetningu loftslagsbreytinga og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar margvíslegra viðbragðsáætlana.

(h) Stuðla að og vinna saman að fullkomnum, opnum og skjótum skiptum á viðkomandi vísindalegum, tæknifræðilegum, tæknilegum, félagshaglegum og lagalegum upplýsingum sem tengjast loftslagskerfinu og loftslagsbreytingum og efnahagslegum og félagslegum afleiðingum margvíslegra viðbragðsáætlana.

(i) Stuðla að og vinna saman að menntun, þjálfun og meðvitund almennings varðandi loftslagsbreytingar og ýta undir sem víðtækasta þátttöku í þessu ferli, þ. m. t. félagasamtaka.

(j) Miðla upplýsingum til þings aðila varðandi framkvæmd samkvæmt 12. gr.

including the energy, transport, industry, agriculture, forestry and waste management sectors;

(d) Promote sustainable management, and promote and cooperate in the conservation and enhancement, as appropriate, of sinks and reservoirs of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, including biomass, forests and oceans as well as other terrestrial, coastal and marine ecosystems;

(e) Cooperate in preparing for adaptation to the impacts of climate change; develop and elaborate appropriate and integrated plans for coastal zone management, water resources and agriculture, and for the protection and rehabilitation of areas, particularly in Africa, affected by drought and desertification, as well as floods;

(f) Take climate change considerations into account, to the extent feasible, in their relevant social, economic and environmental policies and actions, and employ appropriate methods, for example impact assessments, formulated and determined nationally, with a view to minimizing adverse effects on the economy, on public health and on the quality of the environment, of projects or measures undertaken by them to mitigate or adapt to climate change;

(g) Promote and cooperate in scientific, technological, technical, socio-economic and other research, systematic observation and development of data archives related to the climate system and intended to further the understanding and to reduce or eliminate the remaining uncertainties regarding the causes, effects, magnitude and timing of climate change and the economic and social consequences of various response strategies;

(h) Promote and cooperate in the full, open and prompt exchange of relevant scientific, technological, technical, socio-economic and legal information related to the climate system and climate change, and to the economic and social consequences of various response strategies;

(i) Promote and cooperate in education, training and public awareness related to climate change and encourage the widest participation in this process, including that of non-governmental organizations; and

(j) Communicate to the Conference of the Parties information related to implementation, in accordance with Article 12.

2. Hin þróuðu aðildarlönd og aðrir aðilar sem sem getið er um í viðauka I skuldbinda sig sérstaklega eins og kveðið er á um í eftirfarandi:

(a) Hver þessara aðila skal tileinka sér stefnumið[1] í landi sínu og gera ráðstafanir eftir því til að draga úr loftslagsbreytingum með því að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og með því að vernda og auka viðtaka sína og geyma fyrir gróðurhúsalofttegundir. Stefnumið þessi og ráðstafanir munu sýna að þróuðu löndin eru að taka forystuna í að breyta lengritíma horfum á útstreymi af manna völdum í samræmi við markmið samningsins, þar sem þau viðurkenna að afturhvarf fyrir lok þessa áratugs til fyrra magns af útstreymi af manna völdum á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar myndi stuðla að slíkri breytingu, og taka mið af mismunandi upphafs stöðu og tökum þessara aðila á vandamálinu, hagkerfum og auðlindagrunni, þörfinni að viðhalda öflugum og sjálfbærum hagvexti, þeirri tækni sem tiltæk er og öðrum aðstæðum hvers og eins, sem og þörfinni á sanngjörnu og viðeigandi framlagi frá hverjum þessara aðila til þeirrar alheimsviðleitni að ná þessu markmiði. Aðilum þessum er heimilt að framkvæma slík stefnumið og aðgerðir í sameiningu við aðra aðila og mega aðstoða aðra aðila við að taka þátt í að ná markmiði samningsins og sérstaklega markmiði þessa stafliðar.

(b) Til þess að stuðla að framförum í þessu skyni skal hver aðili senda, innan sex mánaða frá gildistöku samningsins gagnvart honum og reglulega eftir það og í samræmi við 12. gr., nákvæmar upplýsingar um stefnumið hans og aðgerðir sem getið er um í staflið (a) hér að framan sem og um áætlað útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, á því tímabili sem getið er um í staflið (a), í þeim tilgangi að hverfa aftur, hver fyrir sig eða sameiginlega, að því útstreymismagni sem var 1990 á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum af manna völdum sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar. Þessar upplýsingar mun þing aðila skoða á fyrsta fundi sínum og reglulega eftir það, í samræmi við 7. gr.

(c) Við útreikninga á útstreymi gróðurhúsalofttegunda eftir uppsprettum og fjarlægingu eftir viðtökum vegna stafliðar (b) hér að framan

[1] Þetta nær til stefnu og aðgerða svæðisstofnana um efnahagslega samvinnu.

2. The developed country Parties and other Parties included in annex I commit themselves specifically as provided for in the following:

(a) Each of these Parties shall adopt national[1] policies and take corresponding measures in the mitigation of climate change, by limiting its anthropogenic emissions of greenhouse gases and protecting and enhancing its greenhouse gas sinks and reservoirs. These policies and measures will demonstrate that developed countries are taking the lead in modifying longer-term trends in anthropogenic emissions consistent with the objective of the Convention, recognizing that the return by the end of the present decade to earlier levels of anthropogenic emissions of carbon dioxide and other greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol would contribute to such modification, and taking into account the differences in these Parties' starting points and approaches, economic structures and resource bases, the need to maintain strong and sustainable economic growth, available technologies and other individual circumstances, as well as the need for equitable and appropriate contributions by each of these Parties to the global effort regarding that objective. These Parties may implement such policies and measures jointly with other Parties and may assist other Parties in contributing to the achievement of the objective of the Convention and, in particular, that of this subparagraph;

(b) In order to promote progress to this end, each of these Parties shall communicate, within six months of the entry into force of the Convention for it and periodically thereafter, and in accordance with Article 12, detailed information on its policies and measures referred to in subparagraph (a) above, as well as on its resulting projected anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol for the period referred to in subparagraph (a), with the aim of returning individually or jointly to their 1990 levels these anthropogenic emissions of carbon dioxide and other greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol. This information will be reviewed by the Conference of the Parties, at its first session and periodically thereafter, in accordance with Article 7;

(c) Calculations of emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases for the purposes of subparagraph (b) above should take

[1] This includes policies and measures adopted by regional economic integration organizations.

ætti að taka mið af bestu vísindalegri þekkingu sem tiltæk er, þ. m. t. þekking á afkastagetu viðtaka og þáttur sérhverrar slíkra lofttegunda í loftslagsbreytingum. Þing aðila skal skoða og koma sér saman um aðferðir við útreikninga þessa á fyrsta fundi sínum og endurskoða þær reglulega eftir það.

(d) Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila athuga hvort stafliðir (a) og (b) hér að framan dugi. Slík athugun skal gerð í ljósi bestu vísindalegra upplýsinga sem tiltækar eru og mats á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, sem og viðeigandi tæknilegra, félagslegra og efnahagslegra upplýsinga. Á grundvelli þessarar athugunar skal þing aðila grípa til viðeigandi aðgerða sem kunna að fela í sér að gerðar verði breytingar á skuldbindingum í stafliðum (a) og (b) hér að framan. Þing aðila skal einnig á fyrsta fundi sínum ákveða viðmiðanir fyrir sameiginlega framkvæmd eins og bent er á í staflið (a) hér að framan. Önnur athugun á stafliðum (a) og (b) skal gerð eigi síðar en 31. desember 1998 og eftir það með reglulegum millibilum sem þing aðila ákveður, þar til markmiði samningsins er náð.

(e) Hver þessara aðila skal:

(i) samræma eins og hæfir við aðra slíka aðila viðeigandi hag- og stjórnsýslutæki sem mótuð eru til að ná markmiði samningsins; og

(ii) skilgreina og endurskoða reglulega eigin stefnumið og starfshætti sem ýta undir starfsemi sem hefur í för með sér meira útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, en ella ætti sér stað.

(f) Eigi síðar en 31. desember 1998 skal þing aðila skoða tiltækar upplýsingar í þeim tilgangi að taka ákvarðanir um þær breytingar á skrám í viðaukum I og II er kunna að vera viðeigandi, með samþykki hlutaðeigandi aðila.

(g) Sérhverjum aðila sem ekki er getið um í viðauka I er heimilt að tilkynna vörsluaðila í afhendingar-, fullgildingar-, staðfestingar- og aðildarskjali sínu eða hvenær sem er síðar, að hann ætli sér að vera skuldbundinn af stafliðum (a) og (b) hér að framan. Vörsluaðili skal láta þá sem undirritað hafa samninginn og aðila hans vita um hverja slíka tilkynningu.

into account the best available scientific knowledge, including of the effective capacity of sinks and the respective contributions of such gases to climate change. The Conference of the Parties shall consider and agree on methodologies for these calculations at its first session and review them regularly thereafter;

(d) The Conference of the Parties shall, at its first session, review the adequacy of subparagraphs (a) and (b) above. Such review shall be carried out in the light of the best available scientific information and assessment on climate change and its impacts, as well as relevant technical, social and economic information. Based on this review, the Conference of the Parties shall take appropriate action, which may include the adoption of amendments to the commitments in subparagraphs (a) and (b) above. The Conference of the Parties, at its first session, shall also take decisions regarding criteria for joint implementation as indicated in subparagraph (a) above. A second review of subparagraphs (a) and (b) shall take place not later than 31 December 1998, and thereafter at regular intervals determined by the Conference of the Parties, until the objective of the Convention is met;

(e) Each of these parties shall:

(i) coordinate as appropriate with other such Parties, relevant economic and administrative instruments developed to achieve the objective of the Convention; and

(ii) identify and periodically review its own policies and practices which encourage activities that lead to greater levels of anthropogenic emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol than would otherwise occur;

(f) The Conference of the Parties shall review, not later than 31 December 1998, available information with a view to taking decisions regarding such amendments to the lists in annexes I and II as may be appropriate, with the approval of the Party concerned;

(g) Any Party not included in annex I may, in its instrument of ratification, acceptance, approval or accession or at any time thereafter notify the Depositary that it intends to be bound by subparagraphs (a) and (b) above. The Depositary shall inform the other signatories and Parties of any such notification.

3. Þróuðu aðildarlöndin og aðrir þróaðir aðilar sem getið er um í viðauka II skulu leggja fram nýtt og viðbótar framlag til greiðslu á öllum samþykktum kostnaði sem þróunarlönd sem eru aðilar hafa stofnað til með því að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. tl. 12. gr. Þeir skulu einnig leggja fram það fjármagn, þ.m.t. fjármagn fyrir miðlun á tækni, er þróunarlönd sem eru aðilar hafa þörf fyrir, til að greiða samþykktan viðbótarkostnað við framkvæmd aðgerða sem 1. tl. þessarar greinar nær til og sem þróunarland sem er aðili og sú alþjóðlega stofnun eða stofnanir sem vitnað er til í 11. gr. hafa orðið ásátt um í samræmi við þá grein. Við framkvæmd þessara skuldbindinga skal tekið mið af þörfinni fyrir nægilegt og fyrirsjáanlegt fjárstreymi og mikilvægi þess að hin þróuðu aðildarlönd skipti byrðunum réttlátlega með sér.

4. Þróuðu aðildarlöndin og aðrir þróaðir aðilar sem getið er um í viðauka II skulu einnig aðstoða þróunarlönd sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga við að standa straum af kostnaði við að laga sig að þessum skaðlegu áhrifum.

5. Þróuðu aðildarlöndin og aðrir þróaðir aðilar sem getið er um í viðauka II skulu gera allar framkvæmanlegar ráðstafanir til að stuðla að, auðvelda og fjármagna eins og við á miðlun á eða aðgang að vistvænni tækni og þekkingu til annarra aðila, sérstaklega til aðila sem eru þróunarlönd, til þess að gera þeim kleift að framkvæma ákvæði samningsins. Í þessu ferli skulu þróuðu aðildarlöndin veita aðstoð við að þróa og efla eigin getu og tækni aðila sem eru þróunarlönd. Aðrir aðilar og stofnanir sem hafa aðstöðu til þess mega einnig aðstoða við að auðvelda miðlun á slíkri tækni.

6. Við að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt 2. tl. hér að framan skal þing aðila heimila aðilum sem getið er um í viðauka I og eru að skipta yfir í markaðsbúskap vissan sveigjanleika til að gera þeim betur kleift að takast á við loftslagsbreytingar, þ. m. t. með tilliti til þess hvaða magn útstreymis gróðurhúsalofttegunda af manna völdum í gegnum tíðina, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, er valið sem viðmið.

3. The developed country Parties and other developed Parties included in annex II shall provide new and additional financial resources to meet the agreed full costs incurred by developing country Parties in complying with their obligations under Article 12, paragraph 1. They shall also provide such financial resources, including for the transfer of technology, needed by the developing country Parties to meet the agreed full incremental costs of implementing measures that are covered by paragraph 1 of this Article and that are agreed between a developing country Party and the international entity or entities referred to in Article 11, in accordance with that Article. The implementation ofthese commitments shall take into account theneed for adequacy and predictability in the flow of funds and the importance of appropriate burden sharing among the developed country Parties.

4. The developed country Parties and other developed Parties included in annex II shall also assist the developing country Parties that are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change in meeting costs of adaptation to those adverse effects.

5. The developed country Parties and other developed Parties included in annex II shall take all practicable steps to promote, facilitate and finance, as appropriate, the transfer of, or access to, environmentally sound technologies and know-how to other Parties, particularly developing country Parties, to enable them to implement the provisions of the Convention. In this process, the developed country Parties shall support the development and enhancement of endogenous capacities and technologies of developing country Parties. Other Parties and organizations in a position to do so may also assist in facilitating the transfer of such technologies.

6. In the implementation of their commitments under paragraph 2 above, a certain degree of flexibility shall be allowed by the Conference of the Parties to the Parties included in annex I undergoing the process of transition to a market economy, in order to enhance the ability of these Parties to address climate change, including with regard to the historical level of anthropogenic emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol chosen as a reference.

7. Hve vel þróunarlöndin sem eru aðilar standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum er bundið því hve vel hin þróuðu aðildarlönd framkvæma sínar skuldbindingar samkvæmt samningnum að því er varðar fjármagn og miðlun á tækni, og þau taki fullt tillit til þess að efnahagsleg og félagsleg þróun og útrýming fátæktar hafa algjöran forgang hjá þróunarlöndum sem eru aðilar.

8. Við framkvæmd skuldbindinga í grein þessari skulu aðilar íhuga vandlega hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar samkvæmt samningnum, þ.m.t. aðgerðir varðandi fjármögnun, tryggingar og miðlun á tækni til að koma til móts við þarfir og málefni þróunarlanda er stafa af skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga og/eða þeim áhrifum sem framkvæmd aðgerða til lausnar þeim hefur einkum á:

(a) lítil eylönd;
(b) lönd með láglend strandsvæði;
(c) lönd með skrælnuð og hálfskrælnuð svæði, skógivaxin svæði og svæði sem er hætt við skógeyðingu;
(d) lönd með svæði sem er hætt við náttúruhamförum;
(e) lönd með svæði sem er hætt við þurrkum og eyðimerkurmyndun;
(f) lönd með svæði þar sem loftmengun í borgum er mikil;
(g) lönd með svæði þar sem viðkvæm vistkerfi er að finna, þ. m. t. vistkerfi fjalllenda;
(h) lönd með hagkerfi sem eru mjög háð tekjum af framleiðslu, vinnslu og útflutningi og/eða neyslu jarðefnaeldsneytis og orkufrekum framleiðsluvörum tengdum því; og

(i) landlukt ríki og flutnings- og viðkomulönd.

Ennfremur er þingi aðila heimilt að grípa til aðgerða, eftir því sem við á, með tilliti til þessa töluliðar.

9. Aðilar skulu taka fullt tillit til sérþarfa og sérstakra aðstæðna minnst þróaðra landa í aðgerðum sínum varðandi fjármögnun og miðlun á tækni.

10. Í samræmi við 10. gr. skulu aðilar við framkvæmd skuldbindinga samningsins taka tillit til aðstæðna aðila, einkum þeirra sem eru þróunarlönd með hagkerfi sem eru viðkvæm fyrir skaðlegum áhrifum af framkvæmd aðgerða til að bregðast við loftslagsbreytingum. Þetta á sérstaklega við aðila með hagkerfi sem eru mjög háð

7. The extent to which developing country Parties will effectively implement their commitments under the Convention will depend on the effective implementation by developed country Parties of their commitments under the Convention related to financial resources and transfer of technology and will take fully into account that economic and social development and poverty eradication are the first and overriding priorities of the developing country Parties.

8. In the implementation of the commitments in this Article, the Parties shall give full consideration to what actions are necessary under the Convention, including actions related to funding, insurance and the transfer of technology, to meet the specific needs and concerns of developing country Parties arising from the adverse effects of climate change and/or the impact of the implementation of response measures, especially on:

(a) Small island countries,
(b) Countries with low-lying coastal areas;
(c) Countries with arid and semi-arid areas, forested areas and areas liable to forest decay;

(d) Countries with areas prone to natural disasters;
(e) Countries with areas liable to drought and desertification;
(f) Countries with areas of high urban atmospheric pollution;
(g) Countries with areas with fragile ecosystems, including mountainous ecosystems;
(h) Countries whose economies are highly dependent on income generated from the production, processing and export, and/or on consumption of fossil fuels and associated energy-intensive products; and
(i) Land-locked and transit countries.

Further, the Conference of the Parties may take actions, as appropriate, with respect to this paragraph.

9. The Parties shall take full account of the specific needs and special situations of the least developed countries in their actions with regard to funding and transfer of technology.

10. The Parties shall, in accordance with Article 10, take into consideration in the implementation of the commitments of the Convention the situation of Parties, particularly developing country Parties, with economies that are vulnerable to the adverse effects of the implementation of measures to respond to climate

tekjum af framleiðslu,vinnslu og útflutningi og /eða neyslu jarðefnaeldsneytis og orkufrekum framleiðsluvörum og/eða notkun jarðefnaeldsneytis sem slíkir aðilar eiga í alvarlegum erfiðleikum með að skipta frá og yfir í aðra valkosti.

5. gr.

Rannsóknir og kerfisbundnar athuganir

Við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt 1. tl. (g) 4. gr. skulu aðilar:

(a) Styðja og stuðla frekar, eftir því sem við á, að alþjóðlegum- og milliríkjaáætlunum og kerfisbundnum tengslum eða samtökum sem miða að því að skilgreina, annast, meta og fjármagna rannsóknir, gagnasöfnun og kerfisbundnar athuganir, en taka með í reikninginn nauðsyn þess að forðast sem mest tvíverknað.

(b) Styðja alþjóðlega- og milliríkjaviðleitni til að styrkja kerfisbundnar athuganir, rannsóknargetu og hæfni ríkja á sviði vísinda og tækni, einkum í þróunarlöndunum, og að ýta undir aðgang að og skipti á upplýsingum, og greiningu á þeim, sem aflað hefur verið á svæðum utan lögsögu ríkisins.

(c) Taka mið af sérstökum hagsmunamálum og þörfum þróunarlanda og hafa samvinnu um að efla þeirra eigin getu og hæfni til að taka þátt í þeirri viðleitni sem vísið er til í stafliðum (a) og (b) hér að framan.

6. gr.

Fræðsla, þjálfun og meðvitund almennings

Þegar aðilar efna skuldbindingar sínar samkvæmt 1. tl. (i) 4. gr., skulu þeir:

(a) Stuðla að og auðvelda hver um sig og eftir því sem við á með svæðisbundinni samvinnu og í samræmi við landslög og reglur og eftir getu hvers og eins:

(i) þróun og framkvæmd áætlana um fræðslu og meðvitund almennings varðandi loftslagsbreytingar og áhrif þeirra;

(ii) aðgang almennings að upplýsingum um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra;

(iii) þátttöku almennings í að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra og að finna fullnægjandi lausnir; og

(iv) þjálfun starfsliðs á sviði vísinda, tækni og stjórnunar.

(b) Hafa samvinnu um og stuðla á alþjóðlegum vettvangi og þar sem við á með aðstoð stofnana sem fyrir eru að því að:

change. This applies notably to Parties with economies that are highly dependent on income generated from the production, processing and export, and/or consumption of fossil fuels and associated energy-intensive products and/or the use of fossil fuels for which such Parties have serious difficulties in switching to alternatives.

Article 5

Research and systematic observation

In carrying out their commitments under Article 4, paragraph 1 (g), the Parties shall:

(a) Support and further develop, as appropriate, international and intergovernmental programmes and networks or organizations aimed at defining, conducting, assessing and financing research, data collection and systematic observation, taking into account the need to minimize duplication of effort;

(b) Support international and intergovernmental efforts to strengthen systematic observation and national scientific and technical research capacities and capabilities, particularly in developing countries, and to promote access to, and the exchange of, data and analyses thereof obtained from areas beyond national jurisdiction; and

(c) Take into account the particular concerns and needs of developing countries and cooperate in improving their endogenous capacities and capabilities to participate in the efforts referred to in subparagraphs (a) and (b) above.

Article 6

Education, training and public awareness

In carrying out their commitments under Article 4, paragraph 1(i), the Parties shall:

(a) Promote and facilitate at the national and, as appropriate, subregional and regional levels, and in accordance with national laws and regulations, and within their respective capacities:

(i) the development and implementation of educational and public awareness programmes on climate change and its effects;

(ii) public access to information on climate change and its effects;

(iii) public participation in addressing climate change and its effects and developing adequate responses; and

(iv) training of scientific, technical and managerial personnel.

(b) Cooperate in and promote, at the international level, and, where appropriate, using existing bodies:

(i) þróa og skiptast á fræðsluefni til að fræða almenning og vekja meðvitund hans um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra; og

(ii) semja og hrinda í framkvæmd áætlunum um fræðslu og þjálfun þ.m.t. efling stofnana og að skipta á starfsliði eða fela því að vinna að sérverkefnum annars staðar til þess að þjálfa sérfræðinga á þessu sviði, einkum handa þróunarlöndunum.

7. gr.
Þing aðila

1. Þing aðila er hér með stofnsett.

2. Þing aðila skal sem æðsta ráð þessa samnings endurskoða reglulega framkvæmd samningsins og alla löggerninga sem honum tengjast og þing aðila kann að samþykkja og skal innan síns umboðs taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að stuðla að skilvirkri framkvæmd samningsins. Í því skyni skal það:

(a) Skoða reglulega skuldbindingar aðila og stofnanafyrirkomulag samningsins í ljósi markmiðs hans, þá reynslu sem fengist hefur við framkvæmd hans og þróun vísindalegrar og tæknilegrar þekkingar.

(b) Stuðla að og auðvelda skipti á upplýsingum um aðgerðir sem aðilar hafa ráðist í til að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra með hliðsjón af ólíkum aðstæðum, ábyrgðum og getu aðila og skuldbindingum hvers og eins samkvæmt samningnum.

(c) Auðvelda að beiðni tveggja eða fleiri aðila samræmingu aðgerða sem þeir hafa ráðist í til að takast á við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra með hliðsjón af mismunandi aðstæðum, ábyrgð og getu aðila og skuldbindingum hvers og eins samkvæmt samningnum.

(d) Í samræmi við markmið og ákvæði samningsins, stuðla að og stýra þróun og reglubundnum endurbótum á sambærilegum aðferðum, sem þing aðila skal koma sér saman um, meðal annars til að útbúa skrár yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum og til að meta árangur aðgerða til að takmarka útstreymi og auka fjarlægingu þessara lofttegunda.

(i) the development and exchange of educational and public awareness material on climate change and its effects; and

(ii) the development and implementation of education and training programmes, including the strengthening of national institutions and the exchange or secondment of personnel to train experts in this field, in particular for developing countries.

Article 7
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established.

2. The Conference of the Parties, as the supreme body of this Convention, shall keep under regular review the implementation of the Convention and any related legal instruments that the Conference of the Parties may adopt, and shall make, within its mandate, the decisions necessary to promote the effective implementation of the Convention. To this end, it shall:

(a) Periodically examine the obligations of the Parties and the institutional arrangements under the Convention, in the light of the objective of the Convention, the experience gained in its implementation and the evolution of scientific and technological knowledge;

(b) Promote and facilitate the exchange of information on measures adopted by the Parties to address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under the Convention;

(c) Facilitate, at the request of two or more Parties, the coordination of measures adopted by them to address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under the Convention;

(d) Promote and guide, in accordance with the objective and provisions of the Convention, the development and periodic refinement of comparable methodologies, to be agreed on by the Conference of the Parties, inter alia, for preparing inventories of greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks, and for evaluating the effectiveness of measures to limit the emissions and enhance the removals of these gases;

(e) Meta, á grundvelli allra upplýsinga sem því berast samkvæmt ákvæðum samningsins, framkvæmd aðila á samningnum, heildaráhrif þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið í samræmi við samninginn, einkum áhrifin á umhverfið, efnahagslíf og samfélagið sem og uppsöfnuð áhrif þeirra og hve langt miðar áfram í áttina að markmiði samningsins.

(f) Skoða og samþykkja reglulegar skýrslur um framkvæmd samningsins og sjá um að þær séu gefnar út.

(g) Gera tillögur um hver þau mál sem nauðsynleg eru framkvæmd samningsins.

(h) Leitast við að virkja fjármagn í samræmi við 3. 4. og 5. tl. 4. gr. og 11. gr.

(i) Koma á fót undirstofnunum eftir því sem nauðsynlegt er talið til að framkvæma samninginn.

(j) Fara yfir skýrslur sem undirstofnanir hennar hafa lagt fram og láta þeim í té leiðsögn.

(k) Koma sér saman um og samþykkja með sameiginlegu áliti allra starfsreglur og fjármálareglur fyrir sjálft sig og hvaða undirstofnanir sem eru.

(l) Leita eftir og nýta þar sem við á þjónustu og samvinnu og upplýsingar hæfra alþjóðlegra samtaka, milliríkjastofnana og félagasamtaka.

(m) Gegna öðrum þeim störfum sem þörf er á til að ná markmiði samningsins svo og öllum öðrum störfum sem því er falið samkvæmt samningnum.

3. Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum ákveða sínar eigin starfsreglur sem og reglur undirstofnana er komið hefur verið á fót með samningnum, og skulu ná til aðferða við ákvarðanatöku í málum sem þegar eru ekki innan ramma þeirra reglna um ákvarðanatöku sem samningurinn kveður á um. Slíkar aðferðir geta falið í sér að tilgreindan meirihluta þurfi til að samþykkja tilteknar ákvarðanir.

4. Fyrsti fundur þings aðila skal boðaður af bráðabirgðaskrifstofu þeirri sem vísað er til í 21. gr. og skal haldinn eigi síðar en einu ári eftir gildistökudag samningsins. Eftir það skulu reglulegir fundir þings aðila haldnir árlega nema þingið ákveði annað.

(e) Assess, on the basis of all information made available to it in accordance with the provisions of the Convention, the implementation of the Convention by the Parties, the overall effects of the measures taken pursuant to the Convention, in particular environmental, economic and social effects as well as their cumulative impacts and the extent to which progress towards the objective of the Convention is being achieved;

(f) Consider and adopt regular reports on the implementation of the Convention and ensure their publication;

(g) Make recommendations on any matters necessary for the implementation of the Convention;

(h) Seek to mobilize financial resources in accordance with Article 4, paragraphs 3, 4 and 5, and Article 11;

(i) Establish such subsidiary bodies as are deemed necessary for the implementation of the Convention;

(j) Review reports submitted by its subsidiary bodies and provide guidance to them;

(k) Agree upon and adopt, by consensus, rules of procedure and financial rules for itself and for any subsidiary bodies;

(l) Seek and utilize, where appropriate, the services and cooperation of, and information provided by, competent international organizations and intergovernmental and non-governmental bodies; and

(m) Exercise such other functions as are required for the achievement of the objective of the Convention as well as all other functions assigned to it under the Convention.

3. The Conference of the Parties shall, at its first session, adopt its own rules of procedure as well as those of the subsidiary bodies established by the Convention, which shall include decision-making procedures for matters not already covered by decision-making procedures stipulated in the Convention. Such procedures may include specified majorities required for the adoption of particular decisions.

4. The first session of the Conference of the Parties shall be convened by the interim secretariat referred to in Article 21 and shall take place not later than one year after the date of decided by the Conference of the Parties.

5. Aukafundir þings aðila skulu haldnir á öðrum tímum er þingið kann að telja nauðsynlega eða að skriflegri beiðni einhvers aðila, að því tilskildu að innan sex mánaða frá því að skrifstofan tilkynnti aðilum um beiðnina hafi að minnsta kosti einn þriðji hluti aðila stutt hana.

6. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, svo og hvert aðildarríki þeirra eða áheyrnarfulltrúi sem ekki er aðili að samningnum, mega eiga áheyrnarfulltrúa á fundum þings aðila. Hver sá starfshópur eða stofnun sem hæfur er í málum sem falla undir samninginn, hvort sem er á vegum einnar þjóðar eða fleiri, á vegum ríkisvalds eða einkaaðila, og tjáð hefur skrifstofunni ósk sína um að senda áheyrnarfulltrúa á þing aðila, má fá þar aðgang, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti viðstaddra aðila andmæli því. Aðgangur og þátttaka áheyrnarfulltrúa skulu háð þeim fundarsköpum sem þing aðila hefur sett.

5. Extraordinary sessions of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to the Parties by the secretariat, it is supported by at least one-third of the Parties.

6. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State Member thereof or observers thereto not Party to the Convention, may be represented at sessions of the Conference of the Parties as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, which is qualified in matters covered by the Convention, and which has informed the secretariat of its wish to be represented at a session of the Conference of the Parties as an observer, may be so admitted unless at least one-third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Conference of the Parties.

8. gr.
Skrifstofa

1. Skrifstofa er hér með sett á stofn.

2. Hlutverk skrifstofunnar skal vera:

(a) Að undirbúa fundi fyrir þing aðila og undirnefndir þess sem stofnaðar hafa verið samkvæmt samningnum, og veita þeim þjónustu eftir því sem þörf er á.

(b) Að taka saman og dreifa skýrslum sem lagðar hafa verið fyrir hana.

(c) Að greiða fyrir aðstoð við aðila, einkum þróunarlöndin, þegar þess er beðið, við að safna saman og miðla upplýsingum sem þörf er fyrir samkvæmt ákvæðum samningsins.

(d) Gera skýrslur um starfsemi hennar og leggja þær fyrir þing aðila.

(e) Að tryggja nauðsynlega samræmingu við skrifstofur annarra viðkomandi alþjóðanefnda.

(f) Að hefja undir allsherjarleiðsögn þings aðila þann undirbúning undir stjórnun og samninga sem nauðsynlegur er til þess að hún geti leyst sín störf með góðum árangri.

(g) Að sinna þeim öðrum verkefnum skrifstofunnar sem tilgreind eru í samningnum og hverri bókana hans, svo og öðrum störfum sem þing aðila kann að ákveða.

Article 8
Secretariat

1. A secretariat is hereby established.

2. The functions of the secretariat shall be:

(a) To make arrangements for sessions of the Conference of the Parties and its subsidiary bodies established under the Convention and to provide them with services as required;

(b) To compile and transmit reports submitted to it;

(c) To facilitate assistance to the Parties, particularly developing country Parties, on request, in the compilation and communication of information required in accordance with the provisions of the Convention;

(d) To prepare reports on its activities and present them to the Conference of the Parties;

(e) To ensure the necessary coordination with the secretariats of other relevant international bodies;

(f) To enter, under the overall guidance of the Conference of the Parties, into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions;

(g) To perform the other secretariat functions specified in the Convention and in any of its protocols and such other functions as may be determined by the Conference of the Parties.

3. Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum tilnefna fastaskrifstofu og gera ráðstafanir um starfsemi hennar.

9. gr.
Undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf

1. Undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf er hér með sett á stofn til að veita þingi aðila og, þar sem við á, öðrum undirstofnunum þess tímabærar upplýsingar og ráðleggingar um vísindaleg og tæknifræðileg mál varðandi samninginn. Öllum aðilum skal heimilt að taka þátt í nefnd þessari og skal hún vera fjölgreina. Hún skal samanstanda af ríkisstjórnarfulltrúum sem eru færir á sérfræðisviðum sínum. Skal hún gefa þingi aðila reglulega skýrslu um allar hliðar starfs síns.

2. Undir handleiðslu þings aðila og með því að nýta sér hæfar alþjóðlegar stofnanir sem til eru skal nefnd þessi:

(a) Sjá um mat á stöðu vísindalegrar þekkingar varðandi loftslagsbreytingar og áhrif þeirra.

(b) Undirbúa vísindalegt mat á áhrifum ráðstafana sem gerðar hafa verið til að framkvæma samninginn.

(c) Greina nýjar og skilvirkar tækninýjungar og þekkingu og ráðleggja um leiðir og ráð til að stuðla að þróun og/eða miðlun slíkrar tækni.

(d) Veita ráðleggingar um vísindaáætlanir, alþjóðlega samvinnu í rannsóknum og þróunarstarfi tengdu loftslagsbreytingum, svo og um leiðir og ráð til að efla getu einstakra þróunarlanda.

(e) Svara vísindalegum, tæknifræðilegum og aðferðafræðilegum spurningum sem þing aðila og undirstofnanir þess kunna að leggja fyrir hana.

3. Starfssvið og starfsmörk þessarar nefndar getur þing aðila mótað nánar.

10. gr.
Undirnefnd fyrir framkvæmd samningsins

1. Undirnefnd til að sjá um framkvæmd samningsins er hér með komið á fót til að aðstoða þing aðila við að meta og athuga skilvirka framkvæmd samningsins. Í nefnd þessari skulu allir aðilar geta tekið þátt og skal hún samanstanda af ríkisstjórnarfulltrúum sem eru sér-

3. The Conference of the Parties, at its first session, shall designate a permanent secretariat and make arrangements for its functioning.

Article 9
Subsidiary body for scientific and technological advice

1. A subsidiary body for scientific and technological advice is hereby established to provide the Conference of the Parties and, as appropriate, its other subsidiary bodies with timely information and advice on scientific and technological matters relating to the Convention. This body shall be open to participation by all Parties and shall be multidisciplinary. It shall comprise government representatives competent in the relevant field of expertise. It shall report regularly to the Conference of the Parties on all aspects of its work.

2. Under the guidance of the Conference of the Parties, and drawing upon existing competent international bodies, this body shall:

(a) Provide assessments of the state of scientific knowledge relating to climate change and its effects;

(b) Prepare scientific assessments on the effects of measures taken in the implementation of the Convention;

(c) Identify innovative, efficient and state-of-the-art technologies and know-how and advise on the ways and means of promoting development and/or transferring such technologies;

(d) Provide advice on scientific programmes, international cooperation in research and development related to climate change, as well as on ways and means of supporting endogenous capacity-building in developing countries; and

(e) Respond to scientific, technological and methodological questions that the Conference of the Parties and its subsidiary bodies may put to the body.

3. The functions and terms of reference of this body may be further elaborated by the Conference of the Parties.

Article 10
Subsidiary body for implementation

1. A subsidiary body for implementation is hereby established to assist the Conference of the Parties in the assessment and review of the effective implementation of the Convention. This body shall be open to participation by all Parties and comprise government representa-

fræðingar í málum sem tengjast loftslagsbreytingum. Skal stofnunin gefa þingi aðila reglulega skýrslu um allar hliðar starfs síns.

2. Undir handleiðslu þings aðila skal nefnd þessi:

(a) Fjalla um upplýsingar sem henni berast samkvæmt 1. tl. 12. gr. til að meta heildaráhrif þeirra ráðstafana sem aðilar hafa gert í ljósi nýjasta vísindalega mats sem varðar loftslagsbreytingar.

(b) Fjalla um upplýsingar sem henni berast samkvæmt 2. tl. 12. gr. til þess að aðstoða þing aðila við að gera þá athugun sem krafist er í 2. tl. (d) í 4. gr.

(c) Aðstoða þing aðila eftir því sem við á við undirbúning og framkvæmd ákvarðana sinna.

11. gr.

Fjármálagangvirki

1. Gangvirki til að sjá fyrir fjármagni með styrkjum eða tilslökunum þar með talið fjármagn fyrir miðlun á tækni er hér með skilgreint. Það skal starfa undir handleiðslu þings aðila og vera ábyrgt gagnvart því, þingið skal ákveða stefnu þess, forgangsröð verkefna og hæfniskröfur varðandi samning þennan. Starfsemi þess skal falin einni eða fleirum alþjóðlegum stofnunum sem til eru.

2. Fulltrúatala aðila í fjármálagangvirkinu skal vera í jafnvægi og réttlát innan auðskilins stjórnunarkerfis.

3. Þing aðila og sú stofnun eða stofnanir sem falið er að reka fjármálagangvirkið skulu koma sér saman um fyrirkomulag til að hrinda í framkvæmd framangreindum töluliðum, sem skulu fela í sér eftirfarandi:

(a) Aðferðir til að tryggja að fjármögnuð verkefni til að takast á við loftslagsbreytingar séu í samræmi við þá stefnu, forgangsverkefni og hæfniskröfur sem þing aðila hefur komið á.

(b) Aðferðir sem nota má við endurskoðun á sérstakri fjármögnunarákvörðun í ljósi þessarar stefnu, forgangsverkefna og hæfniskrafa.

(c) Að stofnunin eða stofnanirnar leggi fyrir þing aðila reglulegar skýrslur um fjármögnunarstarfsemi sína sem sé samrýmanlegt við

tives who are experts on matters related to climate change. It shall report regularly to the Conference of the Parties on all aspects of its work.

2. Under the guidance of the Conference of the Parties, this body shall:

(a) Consider the information communicated in accordance with Article 12, paragraph 1, to assess the overall aggregated effect of the steps taken by the Parties in the light of the latest scientific assessments concerning climate change;

(b) Consider the information communicated in accordance with Article 12, paragraph 2, in order to assist the Conference of the Parties in carrying out the reviews required by Article 4, paragraph 2 (d); and

(c) Assist the Conference of the Parties, as appropriate, in the preparation and implementation of its decisions.

Article 11

Financial mechanism

1. A mechanism for the provision of financial resources on a grant or concessional basis, including for the transfer of technology, is hereby defined. It shall function under the guidance of and be accountable to the Conference of the Parties, which shall decide on its policies, programme priorities and eligibility criteria related to this Convention. Its operation shall be entrusted to one or more existing international entities.

2. The financial mechanism shall have an equitable and balanced representation of all Parties within a transparent system of governance.

3. The Conference of the Parties and the entity or entities entrusted with the operation of the financial mechanism shall agree upon arrangements to give effect to the above paragraphs, which shall include the following:

(a) Modalities to ensure that the funded projects to address climate change are in conformity with the policies, programme priorities and eligibility criteria established by the Conference of the Parties;

(b) Modalities by which a particular funding decision may be reconsidered in light of these policies, programme priorities and eligibility criteria;

(c) Provision by the entity or entities of regular reports to the Conference of the Parties on its funding operations, which is consistent

kröfuna um ábyrgðarskyldu þá sem sett er fram í 1. tl. hér að framan.

(d) Að ákveða á fyrirsjáanlegan og greinanlegan hátt þá fjármögnunarupphæð sem nauðsynleg er og tiltæk til að framkvæma þennan samning og þau skilyrði sem fara skal eftir þegar sú upphæð er reglulega endurskoðuð.

4. Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum gera ráðstafanir til að framkvæma framangreind ákvæði, með tilliti til og hliðsjón af þeim bráðabirgðaráðstöfunum sem vísað er til í 3. tl. 21. gr. og skal ákveða hvort þessum bráðabirgðaráðstöfunum skuli haldið áfram. Innan fjögurra ára eftir það skal þing aðila endurskoða fjármálagangvirkið og gera viðeigandi ráðstafanir.

5. Þróuðum aðildarríkjum er einnig heimilt að útvega, og þróunarríkjum að notfæra sér, fjármagn sem tengt er framkvæmd samningsins eftir tvíhliða, svæðisbundnum og öðrum marghliða leiðum.

12. gr.

Miðlun upplýsinga sem tengjast framkvæmd

1. Samkvæmt 1. tl. 4.gr. skal hver aðili senda þingi aðila með aðstoð skrifstofunnar eftirfarandi upplýsingaþætti:

(a) Skrá yfir heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, að því marki sem geta hans leyfir og nota sambærilegar aðferðir sem þing aðila styður og samþykkir.

(b) Almenn lýsing á þeim aðgerðum sem aðilinn hefur gripið til eða gerir ráð fyrir til að framkvæma samninginn.

(c) Hverjar aðrar upplýsingar sem aðilinn telur skipta máli ef ná skal markmiði samningsins og heppilegt að senda með orðsendingu hans ásamt, ef gerlegt er, gögnum viðkomandi útreikningum á horfum á útstreymi um allan heim.

2. Hvert þróað aðildarland og sérhver annar aðili sem getið er um í viðauka I skal setja inn í orðsendingu sína eftirfarandi upplýsingaþætti:

(a) Nákvæma lýsingu á þeim stefnumiðum og aðgerðum sem ákveðin hafa verið til að standa við skuldbindingu sína samkvæmt 2. tl. (a) og 2. tl. (b) 4. gr.

with the requirement for accountability set out in paragraph 1 above; and

(d) Determination in a predictable and identifiable manner of the amount of funding necessary and available for the implementation of this Convention and the conditions under which that amount shall be periodically reviewed.

4. The Conference of the Parties shall make arrangements to implement the above-mentioned provisions at its first session, reviewing and taking into account the interim arrangements referred to in Article 21, paragraph 3, and shall decide whether these interim arrangements shall be maintained. Within four years thereafter, the Conference of the Parties shall review the financial mechanism and take appropriate measures.

5. The developed country Parties may also provide and developing country Parties avail themselves of, financial resources related to the implementation of the Convention through bilateral, regional and other multilateral channels.

Article 12

Communication of information related to implementation

1. In accordance with Article 4, paragraph 1, each Party shall communicate to the Conference of the Parties, through the secretariat, the following elements of information.

(a) A national inventory of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, to the extent its capacities permit, using comparable methodologies to be promoted and agreed upon by the Conference of the Parties;

(b) A general description of steps taken or envisaged by the Party to implement the Convention; and

(c) Any other information that the Party considers relevant to the achievement of the objective of the Convention and suitable for inclusion in its communication, including, if feasible, material relevant for calculations of global emission trends.

2. Each developed country Party and each other Party included in annex I shall incorporate in its communication the following elements of information:

(a) A detailed description of the policies and measures that it has adopted to implement its commitment under Article 4, paragraphs 2 (a) and 2 (b); and

(b) Sérstakt mat á áhrifum sem þau stefnumið og aðgerðir sem vísað er til í staflið (a) hér rétt á undan muni hafa á útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum á því tímabili sem vitnað er til í 2. tl. (a) 4. gr.

3. Að auki skal hvert þróað aðildarland og sérhver annar þróaður aðili sem getið er um í viðauka II senda með ítarlega lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í samræmi við 3. 4. og 5. tl. 4. gr.

4. Þróunarlönd sem eru aðilar mega af frjálsum vilja leggja til að fjármögnuð séu verkefni, þ. m. t. sérstakar tækniaðferðir, efni, búnaður, tækni eða athafnir sem þörf væri á til að framkvæma slík verkefni og ef hægt er áætlun um allan viðbótarkostnað við að draga úr útstreymi og aukinni fjarlægingu gróðurhúsalofttegunda, svo og áætlun um þann ávinning sem af því myndi leiða.

5. Hvert þróað aðildarland og sérhver annar aðili sem getið er um í viðauka I skal senda fyrstu orðsendingu sína innan sex mánaða frá gildistöku samningsins gagnvart þeim aðila. Hver aðili sem ekki er þannig skráður skal senda fyrstu orðsendingu sína innan þriggja ára frá gildistöku samningsins gagnvart þeim aðila eða frá því að fjármagnið samkvæmt 3. tl. 4.gr. var fáanlegt. Minnst þróuðum aðilum er heimilt að senda fyrstu orðsendingu sína þegar þeim þóknast. Hve títt síðari orðsendingar berast frá aðilum skal þing aðila ákvarða með hliðsjón af þeirri ólíkutímaáætlun sem ákveðin er í tölulið þessum.

6. Upplýsingar sem aðilar senda samkvæmt þessari grein skal skrifstofan senda eins fljótt og unnt er áfram til þings aðila og til sérhverra undirnefnda sem hlut eiga að máli. Ef þörf krefur er þingi aðila heimilt að athuga nánar aðferðirnar við miðlun upplýsinga.

7. Frá því á fyrsta fundi sínum skal þing aðila sjá um, ef þess er óskað, að útvega þróunarlöndum sem eru aðilar tæknilegan og fjárhagslegan stuðning við að safna saman og senda upplýsingar samkvæmt grein þessari svo og við að greina tæknilegar og fjárhagslegar þarfir sem tengjast framkomnum áætlunum og viðbragðsaðgerðum samkvæmt 4. gr. Slíkan stuðning er öðrum aðilum, þar til bærum alþjóðlegum stofn-

(b) A specific estimate of the effects that the policies and measures referred to in subparagraph (a) immediately above will have on anthropogenic emissions by its sources and removals by its sinks of greenhouse gases during the period referred to in Article 4, paragraph 2(a).

3. In addition, each developed country Party and each other developed Party included in annex II shall incorporate details of measures taken in accordance with Article 4, paragraphs 3, 4 and 5.

4. Developing country Parties may, on a voluntary basis, propose projects for financing, including specific technologies, materials, equipment, techniques or practices that would be needed to implement such projects, along with, if possible, an estimate of all incremental costs, of the reductions of emissions and increments of removals of greenhouse gases, as well as an estimate of the consequent benefits.

5. Each developed country Party and each other Party included in annex I shall make its initial communication within six months of the entry into force of the Convention for that Party. Each Party not so listed shall make its initial communication within three years of the entry into force of the Convention for that Party, or of the availability of financial resources in accordance with Article 4, paragraph 3. Parties that are least developed countries may make their initial communication at their discretion. The frequency of subsequent communications by all Parties shall be determined by the Conference of the Parties, taking into account the differentiated timetable set by this paragraph.

6. Information communicated by Parties under this Article shall be transmitted by the secretariat as soon as possible to the Conference of the Parties and to any subsidiary bodies concerned. If necessary, the procedures for the communication of information may be further considered by the Conference of the Parties.

7. From its first session, the Conference of the Parties shall arrange for the provision to developing country Parties of technical and financial support, on request, in compiling and communicating information under this Article, as well as in identifying the technical and financial needs associated with proposed projects and response measures under Article 4. Such support may be provided by other Parties, by competent

unum og skrifstofunni heimilt að veita eftir því sem við á.

8. Með fyrirvara um viðmiðunarreglur samþykktar af þingi aðila og fyrirvara um að tilkynning hafi áður borist þingi aðila, er hverjum hópi aðila heimilt að gefa út sameiginlega tilkynningu um efndir skuldbindinga sinna samkvæmt þessari grein, enda skuli sú tilkynning hafa að geyma upplýsingar um að sérhver þessara aðila hafi uppfyllt skuldbindingar sínar hver fyrir sig samkvæmt samningnum.

9. Upplýsingum sem skrifstofan hefur veitt viðtöku og aðili merkt sem trúnaðarmál í samræmi við viðmiðanir sem þing aðila ákveður skal skrifstofan safna saman í heild til að vernda leynd þeirra áður en nokkur þeirra stofnana sem viðriðin er flutning eða endurskoðun upplýsinga fær aðgang að þeim.

10. Samkvæmt ákvæðum 9. tl. að ofan og án þess að skerða möguleika nokkurs aðila til að birta orðsendingu sína hvenær sem er, skal skrifstofan birta opinberlega orðsendingar þeirra aðila sem eiga aðild að grein þessari þegar þær eru lagðar fyrir þing aðilanna.

13. gr.
Ályktanir um mál varðandi framkvæmd

Þing aðila skal á fyrsta fundi sínum íhuga að koma á fjölhliða ráðgjafarferli, sem aðilar geta fengið aðgang að eftir beiðni, til þess að álykta um mál varðandi framkvæmd samningsins.

14. gr.
Lausn deilumála

1. Nú rís deila milli einhverra tveggja eða fleiri aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, og skulu viðkomandi aðilar þá leita lausnar á henni með samningsviðræðum eða einhverjum öðrum friðsamlegum ráðum sem þeir kjósa sjálfir.

2. Þegar fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild að samningi þessum fer fram, eða hvenær sem er síðar, getur aðili sem ekki er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu lýst því yfir skriflega við vörsluaðila að varðandi hverja deilu um túlkun eða framkvæmd samningsins viðurkenni hann sem bindandi ipso facto og án sérsamnings, með tilliti til hvers þess aðila sem samþykkir sömu skuldbindingu:

international organizations and by the secretariat, as appropriate.

8. Any group of Parties may, subject to guidelines adopted by the Conference of the Parties, and to prior notification to the Conference of the Parties, make a joint communication in fulfilment of their obligations under this Article, provided that such a communication includes information on the fulfilment by each of these Parties of its individual obligations under the Convention.

9. Information received by the secretariat that is designated by a Party as confidential, in accordance with criteria to be established by the Conference of the Parties, shall be aggregated by the secretariat to protect its confidentiality before being made available to any of the bodies involved in the communication and review of information.

10. Subject to paragraph 9 above, and without prejudice to the ability of any Party to make public its communication at any time, the secretariat shall make communications by Parties under this Article publicly available at the time they are submitted to the Conference of the Parties.

Article 13
Resolution of questions regarding implementation

The Conference of the Parties shall, at its first session, consider the establishment of a multilateral consultative process, available to Parties on their request, for the resolution of questions regarding the implementation of the Convention.

Article 14
Settlement of disputes

1. In the event of a dispute between any two or more Parties concerning the interpretation or application of the Convention, the Parties concerned shall seek a settlement of the dispute through negotiation or any other peaceful means of their own choice.

2. When ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention, or at any time thereafter, a Party which is not a regional economic integration organization may declare in a written instrument submitted to the Depositary that, in respect of any dispute concerning the interpretation or application of the Convention, it recognizes as compulsory ipso facto and without special agreement, in relation to any Party accepting the same obligation:

(a) Vísun deilunnar til Alþjóðadómstólsins, og/eða

(b) gerðardóms samkvæmt tilhögun sem þing aðila ákveður eins fljótt og framkvæmanlegt er, í viðauka um gerðardóm.

Aðila sem er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er heimilt að gefa yfirlýsingu með svipuðum árangri með tilliti til gerðardóms samkvæmt þeirri málsmeðferð sem vísað er til í b-lið hér að framan.

3. Yfirlýsing sem gefin er samkvæmt 2. tl. hér að framan skal vera í gildi þar til hún rennur út samkvæmt orðalagi hennar eða þangað til þrem mánuðum eftir að skrifleg tilkynning um ógildingu hefur verið lögð inn til vörsluaðila.

4. Ný yfirlýsing, tilkynning um ógildingu eða gildislok yfirlýsingar skal á engan hátt hafa áhrif á mál sem bíða Alþjóðadómstólsins eða gerðardómsins, nema deiluaðilar komi sér saman um annað.

5. Hafi hlutaðeigandi aðilum tólf mánuðum eftir tilkynningu frá öðrum þeirra þess efnis að þeir eigi í deilu sín á milli ekki tekist að jafna deilumál sitt með þeim ráðum sem nefnd eru í 1. tl. hér að framan skal deilan lögð til sátta meðferðar að beiðni hvaða deiluaðila sem er, sbr. þó 2. tl. hér að framan.

6. Mynduð skal sáttanefnd að beiðni eins deiluaðilans. Skulu eiga sæti í nefndinni jafnmargir nefndarmenn skipaðir af hverjum hinna viðkomandi aðila, og formaður sem kosinn skal sameiginlega af nefndarmönnum þeim sem aðilar hafa skipað. Skal nefndin kveða upp ráðgefandi úrskurð, sem aðilar skulu athuga af kostgæfni.

7. Viðbótaraðferðir til sátta skal þing aðila samþykkja eins fljótt og framkvæmanlegt er í viðauka um sætt.

8. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um hvern þann löggjörning sem þing aðila kann að samþykkja nema skjalið kveði á um annað.

15. gr.

Breytingar á samningnum

1. Hver aðili getur gert tillögu um breytingar á samningnum.

2. Breytingar á samningnum skal samþykkja á reglulegum fundi þings aðila. Texta hverrar

(a) Submission of the dispute to the International Court of Justice, and/or

(b) Arbitration in accordance with procedures to be adopted by the Conference of the Parties as soon as practicable, in an annex on arbitration.

A Party which is a regional economic integration organization may make a declaration with like effect in relation to arbitration in accordance with the procedures referred to in subparagraph (b) above.

3. A declaration made under paragraph 2 above shall remain in force until it expires in accordance with its terms or until three months after written notice of its revocation has been deposited with the Depositary.

4. A new declaration, a notice of revocation or the expiry of a declaration shall not in any way affect proceedings pending before the International Court of Justice or the arbitral tribunal, unless the parties to the dispute otherwise agree.

5. Subject to the operation of paragraph 2 above, if after twelve months following notification by one Party to another that a dispute exists between them, the Parties concerned have not been able to settle their dispute through the means mentioned in paragraph 1 above, the dispute shall be submitted, at the request of any of the parties to the dispute, to conciliation.

6. A conciliation commission shall be created upon the request of one of the parties to the dispute. The commission shall be composed of an equal number of members appointed by each party concerned and a chairman chosen jointly by the members appointed by each party. The commission shall render a recommendatory award, which the parties shall consider in good faith.

7. Additional procedures relating to conciliation shall be adopted by the Conference of the Parties, as soon as practicable, in an annex on conciliation.

8. The provisions of this Article shall apply to any related legal instrument which the Conference of the Parties may adopt, unless the instrument provides otherwise.

Article 15

Amendments to the Convention

1. Any Party may propose amendments to the Convention.

2. Amendments to the Convention shall be adopted at an ordinary session of the Confer-

tillögu til breytingar á samningnum skal skrifstofan senda aðilum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann fund er tillagan er borinn upp til samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda breytingatillögur þeim aðilum er undirritað hafa samning þennan svo og vörsluaðila, honum til upplýsingar.

3. Aðilar skulu gera sitt ítrasta til að koma sér saman um breytingartillögur með almennri samstöðu. Hafi allar tilraunir í þá átt reynst árangurslausar og samkomulag hefur ekki tekist, skal breytingin ef allt annað bregst samþykkt með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem viðstaddir eru á fundinum og atkvæði greiða. Skrifstofan skal greina vörsluaðila frá hinni samþykktu breytingu og skal hann dreifa henni til allra aðila til samþykktar.

4. Staðfestingarskjöl varðandi breytingu skulu falin vörsluaðila. Breyting sem samþykkt er samkvæmt 3. tl. skal öðlast gildi gagnvart þeim aðilum sem samþykkt hafa hana á nítugasta degi frá þeim degi er vörsluaðila barst í hendur staðfestingarskjal frá að minnsta kosti þremur fjórðu hlutum aðila að samningnum.

5. Gagnvart öðrum aðilum skal breytingin öðlast gildi á nítugasta degi frá þeim degi er sá aðili afhendir vörsluaðila staðfestingarskjal sitt vegna breytingarinnar.

6. Í þessari grein merkir „aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ þá aðila sem viðstaddir eru og greiða með- eða mótatkvæði.

16. gr.

Samþykkt viðauka við samninginn og breytingar á þeim

1. Viðaukar við samninginn skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans og sé annað ekki skýrt tekið fram felur tilvísun í samninginn einnig í sér tilvísun í sérhvern viðauka við hann. Slíkir viðaukar skulu, án þess að skerða ákvæði 2. tl. (b) og 7. tl. 14. gr., einskorðast við skrár, eyðublöð og hvað annað skýringarefni sem er vísindalegs, tæknilegs, málsmeðferðalegs eða stjórnunarlegs eðlis.

2. Viðaukar við samninginn skulu lagðir til og samþykktir samkvæmt þeirri tilhögun sem lýst er í 2. 3. og 4. tl. 15. gr.

3. Viðauki sem samþykktur hefur verið samkvæmt 2. tl. hér að framan skal öðlast

ence of the Parties. The text of any proposed amendment to the Convention shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories to the Convention and, for information, to the Depositary.

3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to the Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting. The adopted amendment shall be communicated by the secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for their acceptance.

4. Instruments of acceptance in respect of an amendment shall be deposited with the Depositary. An amendment adopted in accordance with paragraph 3 above shall enter into force for those Parties having accepted it on the ninetieth day after the date of receipt by the Depositary of an instrument of acceptance by at least three-fourths of the Parties to the Convention.

5. The amendment shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the date on which that Party deposits with the Depositary its instrument of acceptance of the said amendment.

6. For the purposes of this Article, "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

Article 16

Adoption and amendment of annexes to the Convention

1. Annexes to the Convention shall form an integral part thereof and, unless otherwise expressly provided, a reference to the Convention constitutes at the same time a reference to any annexes thereto. Without prejudice to the provisions of Article 14, paragraphs 2 (b) and 7, such annexes shall be restricted to lists, forms and any other material of a descriptive nature that is of a scientific, technical, procedural or administrative character.

2. Annexes to the Convention shall be proposed and adopted in accordance with the procedure set forth in Article 15, paragraphs 2, 3, and 4.

3. An annex that has been adopted in accordance with paragraph 2 above shall enter

gildi gagnvart öllum aðilum að samningnum sex mánuðum eftir að vörsluaðili tilkynnti þeim um samþykki viðaukans, að undanskildum þeim aðilum sem kunngert hafa vörsluaðila skriflega innan þess tímabils að þeir samþykki ekki viðaukann.Viðaukinn skal taka gildi gagnvart aðilum sem afturkalla tilkynningu sína um höfnun samningsins á nítugasta degi eftir þann dag er vörsluaðila hefur borist afturköllun slíkrar tilkynningar.

4. Tillögur til breytinga á viðaukum við samninginn og samþykkt þeirra og gildistaka skulu háð sömu meðferðarreglum og gilda um tillögur að viðaukum við samninginn og samþykkt þeirra og gildistöku samkvæmt 2. og 3. tl. hér að framan.

5. Feli samþykkt viðauka eða breyting á viðauka í sér breytingu á samningnum, skal sá viðauki eða breyting á viðauka ekki öðlast gildi fyrr en sú breyting á samningnum gengur í gildi.

17. gr.
Bókanir

1. Þing aðila getur á hvaða reglulegum fundi sem er samþykkt bókanir við samninginn.

2. Texta hverrar bókunar sem tillaga hefur verið gerð um skal skrifstofan senda aðilum að minnsta kosti sex mánuðum fyrir slíkan fund.

3. Skilyrðin fyrir gildistöku hverrar bókunar skulu ákveðin með því skjali.

4. Aðilar að samningnum geta einir orðið aðilar að bókun.

5. Ákvarðanir samkvæmt hverri bókun skulu þeir einir taka sem eru aðilar að viðkomandi bókun.

18. gr.
Atkvæðisréttur

1. Hver aðili að samningnum skal hafa eitt atkvæði, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 2. tl. hér á eftir.

2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu neyta atkvæðisréttar síns í málum innan valdmarka sinna með þeim atkvæðafjölda sem nemur fjölda aðildaríkja þeirra sem eru aðilar að samningnum. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríkja hennar neytir atkvæðisréttar síns og öfugt.

into force for all Parties to the Convention six months after the date of the communication by the Depositary to such Parties of the adoption of the annex, except for those Parties that have notified the Depositary, in writing, within that period of their non-acceptance of the annex. The annex shall enter into force for Parties which withdraw their notification of non-acceptance on the ninetieth day after the date on which withdrawal of such notification has been received by the Depositary.

4. The proposal, adoption and entry into force of amendments to annexes to the Convention shall be subject to the same procedure as that for the proposal, adoption and entry into force of annexes to the Convention in accordance with paragraphs 2 and 3 above.

5. If the adoption of an annex or an amendment to an annex involves an amendment to the Convention, that annex or amendment to an annex shall not enter into force until such time as the amendment to the Convention enters into force.

Article 17
Protocols

1. The Conference of the Parties may, at any ordinary session, adopt protocols to the Convention.

2. The text of any proposed protocol shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before such a session.

3. The requirements for the entry into force of any protocol shall be established by that instrument.

4. Only Parties to the Convention may be Parties to a protocol.

5. Decisions under any protocol shall be taken only by the Parties to the protocol concerned.

Article 18
Right to vote

1. Each Party to the Convention shall have one vote, except as provided for in paragraph 2 below.

2. Regional economic integration organizations, in matters within their competence, shall exercise their right to vote with a number of votes equal to the number of their member States that are Parties to the Convention. Such an organization shall not exercise its right to vote if any of its member States exercises its right, and vice versa.

19. gr.
Vörsluaðili

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samningsins og bókana þeirra sem samþykktar eru samkvæmt 17. gr.

Article 19
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall be the Depositary of the Convention and of protocols adopted in accordance with Article 17.

20. gr.
Undirritun

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna eða hverrar sérstofnana þeirra eða sem eru aðilar að samþykktum alþjóðadómstólsins og af hálfu svæðisstofnana um efnahagssamvinnu í Ríó de Janeiró meðan heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun stendur yfir, og eftir það í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 20. júní 1992 til 19. júní 1993.

Article 20
Signature

This Convention shall be open for signature by States Members of the United Nations or of any of its specialized agencies or that are Parties to the Statute of the International Court of Justice and by regional economic integration organizations at Rio de Janeiro, during the United Nations Conference on Environment and Development, and thereafter at United Nations Headquarters in New York from 20 June 1992 to 19 June 1993.

21. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir

1. Því hlutverki skrifstofunnar sem lýst er í 8. gr. verður til bráðabirgða sinnt af skrifstofunni sem komið var á fót af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með ályktun nr. 45/212 frá 21. desember 1990, þangað til lokið er fyrsta fundi þings aðila.

2. Yfirmaður þeirrar bráðabirgðaskrifstofu sem lýst er í 1. tl. hér að framan mun hafa náið samstarf við milliríkjanefndina um loftslagsbreytingar til að sjá um að nefndin geti brugðist við þörfinni fyrir hlutlægar vísindalegar og tæknilegar ráðleggingar. Einnig mætti ráðgast við aðra hlutaðeigandi vísindastofnanir.

3. Alheimsumhverfissjóður á vegum Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans skal vera sú alþjóðlega stofnun sem falið er að reka til bráðabirgða það fjármálagangvirki sem lýst er í 11. gr. Í sambandi við þetta ætti að endurskipuleggja sjóðinn og aðild að henni gerð almenn til að uppfylla skilyrði 11. gr.

Article 21
Interim arrangements

1. The secretariat functions referred to in Article 8 will be carried out on an interim basis by the secretariat established by the General Assembly of the United Nations in its resolution 45/212 of 21 December 1990, until the completion of the first session of the Conference of the Parties.

2. The head of the interim secretariat referred to in paragraph 1 above will cooperate closely with the Intergovernmental Panel on Climate Change to ensure that the Panel can respond to the need for objective scientific and technical advice. Other relevant scientific bodies could also be consulted.

3. The Global Environment Facility of the United Nations Development Programme, the United Nations Environment Programme and the International Bank for Reconstruction and Development shall be the international entity entrusted with the operation of the financial mechanism referred to in Article 11 on an interim basis. In this connection, the Global Environment Facility should be appropriately restructured and its membership made universal to enable it to fulfil the requirements of Article 11.

22. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild

1. Samningur þessi skal háður fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Hann skal liggja frammi til aðildar frá þeim degi er

Article 22
Ratification, acceptance, approval or accession

1. The Convention shall be subject to ratification, acceptance, approval or accession by States and by regional economic integration organizations. It shall be open for accession from

samningurinn er lokaður fyrir undirritun. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjöl skal fela vörsluaðila til varðveislu.

2. Hver sú svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem gerist aðili að samningnum án þess að nokkurt aðildarríkja hennar sé aðili skal háð öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum. Ef eitt eða fleiri aðildarríki slíkrar stofnunar eru aðilar að samningnum skulu stofnunin og aðildarríki hennar ákveða hverja ábyrgð hver um sig beri fyrir að staðið sé við skuldbindingar þeirra gagnvart samningnum. Í slíkum tilvikum skal stofnuninni og aðildarríkjum hennar ekki heimilt að neyta samtímis réttar síns samkvæmt samningnum.

3. Í fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjölum sínum skulu svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu lýsa yfir hvert valdsvið þeirra sé varðandi mál sem samningurinn tekur til. Stofnanir þessar skulu einnig tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir aðilum, um sérhverja verulega breytingu á valdsviði þeirra.

23. gr.
Gildistaka

1. Samningurinn skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu fimmtugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjals.

2. Gagnvart hverju því ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að fimmtugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal hefur verið afhent, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir að það ríki eða sú svæðisstofnun um efnahagssamvinnu hefur afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt.

3. Hvað 1. og 2. tl. snertir skal skjal sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir ekki talið sem viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

24. gr.
Fyrirvarar

Enga fyrirvara má gera við samninginn.

the day after the date on which the Convention is closed for signature. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Depositary.

2. Any regional economic integration organization which becomes a Party to the Convention without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under the Convention. In the case of such organizations, one or more of whose member States is a Party to the Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention concurrently.

3. In their instruments of ratification, acceptance, approval or accession, regional economic integration organizations shall declare the extent of their competence with respect to the matters governed by the Convention. These organizations shall also inform the Depositary, who shall in turn inform the Parties, of any substantial modification in the extent of their competence.

Article 23
Entry into force

1. The Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For each State or regional economic integration organization that ratifies, accepts or approves the Convention or accedes thereto after the deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or regional economic integration organization of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

3. For the purposes of paragraphs 1 and 2 above, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by States members of the organization.

Article 24
Reservations

No reservations may be made to the Convention.

25. gr.
Uppsögn

1. Hvenær sem er eftir að þrjú ár eru liðin frá því að samningurinn öðlaðist gildi gagnvart aðila getur hann sagt honum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.

2. Hver slík uppsögn skal öðlast gildi er eitt ár er liðið frá því er vörsluaðili veitti viðtöku tilkynningu um uppsögn eða á þeim síðari degi er tilgreindur kann að vera í tilkynningu um uppsögn.

3. Hver sá aðili sem segir upp aðild að samningnum skal talinn einnig hafa sagt upp aðild að hverri þeirri bókun sem hann er aðili að.

26. gr.
Gildir textar

Frumrit samnings þessa, en arabískur, kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spænskur texti hans eru jafngildir, skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa lögfullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í New York 9. maí 1992.

VIÐAUKI I

Ástralía
Austurríki
Belarus*
Belgía
Búlgaría*
Kanada
Tékkóslóvakía*
Danmörk
Efnahagsbandalag Evrópu
Eistland*
Finnland
Frakkland
Þýskaland
Grikkland
Ungverjaland*
Ísland
Írland
Ítalía
Japan
Lettland*

* Lönd sem eru að skipta yfir í markaðsbúskap.

Article 25
Withdrawal

1. At any time after three years from the date on which the Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the Depositary.

2. Any such withdrawal shall take effect upon expiry of one year from the date of receipt by the Depositary of the notification of withdrawal, or on such later date as may be specified in the notification of withdrawal.

3. Any Party that withdraws from the Convention shall be considered as also having withdrawn from any protocol to which it is a Party.

Article 26
Authentic texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS THEREOF the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

DONE at New York this ninth day of May one thousand nine hundred and ninety-two.

ANNEX I

Australia
Austria
Belarus[a]
Belgium
Bulgaria[a]
Canada
Czechoslovakia[a]
Denmark
European Economic Community
Estonia[a]
Finland
France
Germany
Greece
Hungary[a]
Iceland
Ireland
Italy
Japan
Latvia[a]

[a] Countries that are undergoing the process of transition to a market economy.

Litháen
Lúxemborg
Holland
Nýja-Sjáland
Noregur
Pólland*
Portúgal
Rúmenía*
Rússneska sambandið*
Spánn
Svíþjóð
Sviss
Tyrkland
Úkraína*
Stóra-Bretland og Norður-Írland
Bandaríki Norður-Ameríku

Lithuania[a]
Luxembourg
Netherlands
New Zealand
Norway
Poland[a]
Portugal
Romania[a]
Russian Federation[a]
Spain
Sweden
Switzerland
Turkey
Ukraine[a]
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland
United States of America

VIÐAUKI II

Ástralía
Austurríki
Belgía
Kanada
Danmörk
Efnahagsbandalag Evrópu
Finnland
Frakkland
Þýskaland
Grikkland
Ísland
Írland
Ítalía
Japan
Lúxemborg
Holland
Nýja-Sjáland
Noregur
Portúgal
Spánn
Svíþjóð
Sviss
Tyrkland
Stóra-Bretland og Norður-Írland
Bandaríki Norður-Ameríku

ANNEX II

Australia
Austria
Belgium
Canada
Denmark
European Economic Community
Finland
France
Germany
Greece
Iceland
Ireland
Italy
Japan
Luxembourg
Netherlands
New Zealand
Norway
Portugal
Spain
Sweden
Switzerland
Turkey
United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland
United States of America

* Lönd sem eru að skipta yfir í markaðsbúskap.

[a] Countries that are undergoing the process of transition to a market economy.

AUGLÝSING

um breytingar á Montrealbókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Hinn 16. júní 1993 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar á Montrealbókun frá 16. september 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins sem gerð var í Lundúnum 29. júní 1990, sbr. Vínarsamning frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins. Vínarsamningurinn og Montrealbókunin eru birt í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1989. Alþingi hafði með ályktun 21. apríl 1993 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda breytinguna.

Breytingin öðlast gildi að því er Ísland varðar 14. september 1993.

Breytingin er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Lagfæringar á bókuninni, sem gerðar voru í Lundúnum 29. júní 1970 og öðluðust gildi að því er Ísland varðar 7. mars 1991, eru birtar sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. júní 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

BREYTING Á MONTREALBÓKUN UM EFNI SEM VALDA RÝRNUN ÓSONLAGSINS

1. GR. BREYTING

A. Málsgreinar í inngangi

1. Í stað 6. mgr. í inngangi bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

sem hafa einsett sér að vernda ósonlagið með varúðarráðstöfunum til að stjórna á réttlátan hátt heildarlosun á jörðinni á þeim efnum sem valda rýrnun þess, með það lokatakmark í huga að losun þeirra verði að fullu hætt á grundvelli aukinnar vísindalegrar þekkingar, með hliðsjón af tæknilegum og efnahagslegum sjónarmiðum og með þarfir þróunarlanda í huga,

2. Í stað 7. mgr. í inngangi bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

sem viðurkenna að gera verður sérstakar ráðstafanir um að koma til móts við þarfir þróunarlanda, þ.á m. að séð verði fyrir auknu fjármagni

AMENDMENT TO THE MONTREAL PROTOCOL ON SUBSTANCES THAT DEPLETE THE OZONE LAYER

ARTICLE 1: AMENDMENT

A. Preambular paragraphs

1. The 6th preambular paragraph of the Protocol shall be replaced by the following:

Determined to protect the ozone layer by taking precautionary measures to control equitably total global emissions of substances that deplete it, with the ultimate objective of their elimination on the basis of developments in scientific knowledge, taking into account technical and economic considerations and bearing in mind the developmental needs of developing countries,

2. The 7th preambular paragraph of the Protocol shall be replaced by the following:

Acknowledging that special provision is required to meet the needs of developing countries, including the provision of additional financial

og aðgangi að viðeigandi tækni með það í huga að umfang nauðsynlegs fjármagns er fyrirsjáanlegt og að búast megi við að það fjármagn skipti verulegu máli ef heimurinn á að geta tekist á við hið viðurkennda vísindalega vandamál, sem er rýrnun ósonlagsins og skaðleg ahrif vegna hennar.

3. Í stað 9. mgr. í inngangi bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

sem taka tillit til þess hve mikilvægt er að stuðla að alþjóðlegri samvinnu í rannsóknum, þróunarstarfi og við miðlun annarra valkosta um tækni sem lúta að því að stjórna og draga úr losun efna sem valda rýrnun ósonlagsins, með þarfir þróunarlanda sérstaklega í huga,

B. 1. gr.: Skilgreiningar

1. Í stað 4. tl. 1. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi töluliður:

4. „Takmörkunarskylt efni" efni í Viðauka A eða Viðauka B við bókun þessa, hvort sem það er til eitt sér eða í efnablöndu. Það nær til ísómera hvers slíks efnis, nema annað sé sérstaklega tilgreint í viðeigandi viðauka. Hugtakið nær þó ekki yfir takmörkunarskyld efni eða efnablöndur þeirra sem eru í framleiddri vöru annarri en geymi sem notaður er til flutnings eða geymslu slíks efnis.

2. Í stað 5. tl. 1. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi töluliður:

5. „Framleiðsla" það magn takmörkunarskyldra efna sem framleitt er að frádregnu því magni sem eytt er með þeirri tækni sem aðilarnir samþykkja og að frádregnu því magni sem eingöngu er notað sem hráefni í framleiðslu á öðrum efnum. Það magn sem er endurunnið og endurnýtt skal ekki teljast til „framleiðslu".

3. Eftirfarandi tölulið skal bæta við 1. gr. bókunarinnar:

9. „Ótímasett efni" efni í Viðauka C við bókun þessa, hvort sem það er til eitt sér eða í efnablöndu. Það nær til ísómera allra slíkra efna nema eins og skilgreint kann að vera í Viðauka C en útilokar öll ótímasett efni eða efnablöndur sem eru í framleiddri vöru annarri en geymi sem notaður er til flutnings eða geymslu slíks efnis.

C. 2. gr., 5. tl.

Í stað 5. tl. 2. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi töluliður:

5. Heimilt er hverjum aðila á einu eða fleiri takmörkunartímabilum að láta öðrum aðila í té hvaða hlutfall sem er af reiknuðu magni framresources and access to relevant technologies, bearing in mind that the magnitude of funds necessary is predictable, and the funds can be expected to make a substantial difference in the world's ability to address the scientifically established problem of ozone depletion and its harmful effects,

3. The 9th preambular paragraph of the Protocol shall be replaced by the following:

Considering the importance of promoting international co-operation in the research, development and transfer of alternative technologies relating to the control and reduction of emissions of substances that deplete the ozone layer, bearing in mind in particular the needs of developing countries,

B. Article 1: Definitions

1. Paragraph 4 of Article 1 of the Protocol shall be replaced by the following paragraph:

4. "Controlled substance" means a substance in Annex A or in Annex B to this Protocol, whether existing alone or in a mixture. It includes the isomers of any such substance, except as specified in the relevant Annex, but excludes any controlled substance or mixture which is in a manufactured product other than a container used for the transportation or storage of that substance.

2. Paragraph 5 of Article 1 of the Protocol shall be replaced by the following paragraph:

5. "Production" means the amount of controlled substances produced, minus the amount destroyed by technologies to be approved by the Parties and minus the amount entirely used as feedstock in the manufacture of other chemicals. The amount recycled and reused is not to be considered as "production".

3. The following paragraph shall be added to Article 1 of the Protocol:

9. "Transitional substance" means a substance in Annex C to this Protocol, whether alone or in a mixture. It includes the isomers of any such substance, except as may be specified in Annex C, but excludes any transitional substance or mixture which is in a manufactured product other than a container used for the transportation or storage of that substance.

C. Article 2, paragraph 5

Paragraph 5 of Article 2 of the Protocol shall be replaced by the following paragraph:

5. Any Party may, for any one or more control periods, transfer to another Party any portion of its calculated level of production set out in Articles

leiðslu sinnar eins og kveðið er á um í greinum 2A til 2E, enda fari samanlagt reiknað magn heildarframleiðslu viðkomandi aðila á hverjum flokki takmörkunarskyldra efna ekki fram úr framleiðslumörkum þeim sem kveðið er á um í þeim greinum fyrir viðkomandi flokk. Hver viðkomandi aðili skal tilkynna skrifstofunni slíka tilfærslu á framleiðslu og greina frá skilmálum hennar og því tímabili sem tilfærslan nær yfir.

D. 2. gr., 6. tl.

Eftirfarandi orðum skal bæta inn í 6. tl. 2. gr. bókunarinnar fyrir framan orðin „takmörkunarskyldra efna“:

Viðauki A eða Viðauki B

E. 2. gr., 8. tl. (a)

Eftirfarandi orðum skal bætt við á eftir orðunum „þessari grein“ og „grein þessari“ í 8. tl. (a) 2. gr. bókunarinnar:

og greinum 2A til 2E

F. 2. gr., 9. tl. (a) (i)

Eftirfarandi orðum skal bætt við á eftir „Viðauka A“ í 9. tl. (a) (i) 2. gr. bókunarinnar:

og/eða Viðauka B

G. 2. gr., 9. tl. (a) (ii)

Eftirfarandi orð skulu felld brott úr 9. tl. (a) (ii) 2. gr. bókunarinnar:

miðað við 1986

H. 2. gr., 9. tl. (c)

Eftirfarandi orð skulu felld brott úr 9. tl. (c) 2. gr. bókunarinnar:

enda fari þeir með að minnsta kosti 50% af heildarneyslu aðilanna á takmörkunarskyldum efnum

og í staðinn skulu koma:

enda myndi þeir meirihluta þeirra aðila sem beita 1. tl. 5. gr. og eru viðstaddir og greiða atkvæði og einnig meirihluta þeirra aðila sem ekki beita honum og eru viðstaddir og greiða atkvæði

I. 2. gr., 10. tl. (b)

10. tl. (b) 2. gr. bókunarinnar skal felldur brott og 10. tl. (a) 2. gr. bókunarinnar skal verða 10. tl.

J. 2. gr., 11. tl.

Eftirfarandi orðum skal bætt aftan við orðin „greinar þessarar“ í 11. tl. 2. gr. bókunarinnar:

og greina 2A til 2E

og í stað „henni“ skal koma „þeim“.

2A to 2E, provided that the total combined calculated levels of production of the Parties concerned for any group of controlled substances do not exceed the production limits set out in those Articles for that group. Such transfer of production shall be notified to the Secretariat by each of the Parties concerned, stating the terms of such transfer and the period for which it is to apply.

D. Article 2, paragraph 6

The following words shall be inserted in paragraph 6 of Article 2 before the words "controlled substances" the first time they occur:

Annex A or Annex B

E. Article 2, paragraph 8 (a)

The following words shall be added after the words "this Article" wherever they appear in paragraph 8 (a) of Article 2 of the Protocol:

and Articles 2A to 2E

F. Article 2, paragraph 9 (a) (i)

The following words shall be added after "Annex A" in paragraph 9 (a) (i) of Article 2 of the Protocol:

and/or Annex B

G. Article 2, paragraph 9 (a) (ii)

The following words shall be deleted from paragraph 9 (a) (ii) of Article 2 of the Protocol:

from 1986 levels

H. Article 2, paragraph 9 (c)

The following words shall be deleted from paragraph 9 (c) of Article 2 of the Protocol:

representing at least fifty per cent of the total consumption of the controlled substances of the Parties

and replaced by:

representing a majority of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5 present and voting and a majority of the Parties not so operating present and voting

I. Article 2, paragraph 10 (b)

Paragraph 10 (b) of Article 2 of the Protocol shall be deleted, and paragraph 10 (a) of Article 2 shall become paragraph 10.

J. Article 2, paragraph 11

The following words shall be added after the words "this Article" wherever they occur in paragraph 11 of Article 2 of the Protocol:

and Articles 2A to 2E

K. Grein 2C: Önnur fullhalógentengd klórflúorkolefni

Eftirfarandi tölulíðum skal bæta við bókunina sem grein 2C:

Grein 2C: Önnur fullhalógentengd klórflúorkolefni

1. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1993, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka B ekki fram úr 80% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efnunum ár hvert fari ekki fram úr 80% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

2. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1997, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka B ekki fram úr 15% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efnunum ár hvert fari ekki fram úr 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

3. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2000, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka B ekki fram úr núlli. Hver sá aðili sem framleiðir eitt eða fleiri þessara efna skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efnunum fari ekki fram úr núlli. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

K. Article 2C: Other fully halogenated CFCs

The following paragraphs shall be added to the Protocol as Article 2C:

Article 2C: Other fully halogenated CFCs

1. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1993, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex B does not exceed, annually, eighty per cent of its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed, annually, eighty per cent of its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1997, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex B does not exceed, annually, fifteen per cent of its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed, annually, fifteen per cent of its calculated level pf production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

3. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2000, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex B does not exceed zero. Eah Party producing one or more of these substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed zero. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1989.

L. Grein 2D: Koltetraklóríð

Eftirfarandi töluliðir bætast við bókunina sem grein 2D:

Grein 2D: Koltetraklóríð

1. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á hinu takmörkunarskylda efni í flokki II í Viðauka B ekki fram úr 15% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagni hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

2. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2000, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á hinu takmörkunarskylda efni í flokki II í Viðauka B ekki yfir núll. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu fari ekki fram úr núlli. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

L. Article 2D: Carbon tetrachloride

The following paragraphs shall be added to the Protocol as Article 2D:

Article 2D: Carbon tetrachloride

1. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1995, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substance in Group II of Annex B does not exceed, annually, fifteen per cent of its calculated level of consumption in 1989. Each Partyproducing the substance shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed, annually, fifteen per cent of its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2000, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substance in Group II of Annex B does not exceed zero. Each Party producing the substance shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed zero. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1989.

M. Grein 2E: 1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)

Eftirfarandi töluliðum skal bætt við bókunina sem grein 2E:

Grein 2E: 1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)

1. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1993, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki III í Viðauka B ekki fram úr reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr.,

M. Article 2E: 1,1,1-trichloroethane (methyl chloroform)

The following paragraphs shall be added to the Protocol as Article 2E:

Article 2E: 1,1,1-trichloroethane (methyl chloroform)

1. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1993, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substance in Group III of Annex B does not exceed, annually, its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing the substance shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed, annually, its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic

má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

2. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki III í Viðauka B ekki fram úr 70% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr 70% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

3. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2000, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki III í Viðauka B ekki fram úr 30% af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr 30% af reiknuðu magni framleiðslu hans á árinu 1989. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

4. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2005, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskylda efninu í flokki III í Viðauka B ekki fram úr núlli. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu fari ekki fram úr núlli. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1989.

5. Aðilar skulu á árinu l992 kanna möguleika á skjótvirkari áætlun um minnkun en lýst er í grein þessari.

domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1995, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substance in Group III of Annex B does not exceed, annually, seventy per cent of its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing the substance shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed, annually, seventy per cent of its calculated level of consumption in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

3. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2000, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substance in Group III of Annex B does not exceed, annually, thirty per cent of its calculated level of consumption in 1989. Each Party producing the substance shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed, annually, thirty per cent of its calculated level of production in 1989. However, in order to satisfy the basic domestic needs of Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1989.

4. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2005, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level ofconsumption of the controlled substance in Group III of Annex B does not exceed zero. Each Party producing the substance shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed zero. However, in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to fifteen per cent of its calculated level of production in 1989.

5. The Parties shall review, in 1992, the feasibility of a more rapid schedule of reductions than that set out in this Article.

N. 3. gr.: Útreikningar takmörkunarmarka

1. Eftirfarandi skal bætt aftan við „2." í 3. gr. bókunarinnar:

gr., greinar 2A til 2E

2. Eftirfarandi orðum skal bætt aftan við „Viðauka A" í hvort sinn sem þau koma fyrir í 3. gr. bókunarinnar:

eða Viðauka B

O. 4. gr.: Eftirlit með verslun við ríki sem ekki eru aðilar

1. Í stað 1. til 5. tl. 4. gr. bókunarinnar skulu koma eftirfarandi töluliðir:

1. Frá og með 1. janúar 1990 skal hver aðili banna innflutning takmörkunarskyldra efna í Viðauka A frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

1A. Innan árs frá því er töluliður þessi öðlast gildi skal hver aðili banna innflutning takmörkunarskyldra efna í Viðauka B frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

2. Frá og með 1. janúar 1993 skal hver aðili banna útflutning á öllum takmörkunarskyldum efnum í Viðauka A til sérhvers þess ríkis sem ekki er aðili að bókun þessari.

2A. Einu ári eftir að töluliður þessi öðlast gildi skal hver aðili banna útflutning á öllum takmörkunarskyldum efnum í Viðauka B til sérhvers þess ríkis sem ekki er aðili að bókun þessari.

3. Eigi síðar en 1. janúar 1992 skulu aðilar, eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins, semja viðauka með skrá yfir framleiðsluvörur sem innihalda takmörkunarskyld efni í Viðauka A. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu, innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi, banna innflutning þessara framleiðsluvara frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

3A. Innan þriggja ára frá því að þessi töluliður öðlast gildi skulu aðilar, eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins, semja viðauka með skrá yfir framleiðsluvörur sem innihalda takmörkunarskyld efni í Viðauka B. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu, innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi, banna innflutning þessara framleiðsluvara frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

4. Eigi síðar en 1. janúar 1994 skulu aðilar ákveða að hvaða leyti gerlegt sé að banna eða takmarka innflutning frá ríkjum, sem ekki eru aðilar að bókun þessari, á framleiðsluvörum sem framleiddar eru með takmörkunarskyldum efnum í Viðauka A en innihalda ekki slík efni. Verði

N. Article 3: Calculation of control levels

1. The following shall be added after "Articles 2" in Article 3 of the Protocol:

, 2A to 2E,

2. The following words shall be added after "Annex A" each time it appears in Article 3 of the Protocol:

or Annex B

O. Article 4: Control of trade with non-Parties

1. Paragraphs 1 to 5 of Article 4 shall be replaced by the following paragraphs:

1. As of 1 January 1990, each Party shall ban the import of the controlled substances in Annex A from any State not Party to this Protocol.

1 *bis*. Within one year of the date of the entry into force of this paragraph, each Party shall ban the import of the controlled substances in Annex B from any State not party to this Protocol.

2. As of 1 January 1993, each Party shall ban the export of any controlled substances in Annex A to any State not party to this Protocol.

2 *bis*. Commencing one year after the date of entry into force of this paragraph, each Party shall ban the export of any controlled substances in Annex B to any State not party to this Protocol.

3. By 1 January 1992, the Parties shall, following the procedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of products containing controlled substances in Annex A. Parties that have not objected to the annex in accordance with those procedures shall ban, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

3 *bis*. Within three years of the date of the entry into force of this paragraph, the Parties shall, following the procedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of products containing controlled substances in Annex B. Parties that have not objected to the annex in accordance with those procedures shall ban, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

4. By 1 January 1994, the Parties shall determine the feasibility of banning or restricting, from States not party to this Protocol, the import of products produced with, but not containing, controlled substances in Annex A. If determined feasible, the Parties shall, following the pro-

þetta talið framkvæmanlegt skulu aðilar, eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins, semja viðauka með skrá yfir slíkar framleiðsluvörur. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu, innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi, banna innflutning þessara framleiðsluvara frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

4A. Innan fimm ára frá því er töluliður þessi öðlast gildi skulu aðilar ákvarða að hvaða leyti gerlegt sé að banna eða takmarka innflutning frá ríkjum, sem ekki eru aðilar að bókun þessari, á vörum sem framleiddar eru með takmörkunarskyldum efnum í Viðauka B en innihalda ekki slík efni. Verði þetta talið framkvæmanlegt skulu aðilar, eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins, semja viðauka með skrá yfir slíkar framleiðsluvörur. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu, innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi, banna eða takmarka innflutning þessara framleiðsluvara frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

5. Hver aðili skuldbindur sig til þess, eftir því sem frekast verður unnt, að hamla gegn því að tækni til framleiðslu og nýtingar takmörkunarskyldra efna sé flutt út til ríkja sem ekki eru aðilar að bókun þessari.

2. Í stað 8. tl. 4. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi töluliður:

8. Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má heimila innflutning sem getið er um í töluliðum 1, 1A, 3, 3A, 4 og 4A, og útflutning sem getið er um í töluliðum 2 og 2A, frá eða til ríkis sem ekki er aðili að bókun þessari, hafi fundur aðila ákvarðað að það ríki hafi að öllu leyti farið eftir 2. gr., greinum 2A til 2E og þessari grein og lagt fram upplýsingar þar að lútandi eins og tilgreint er í 7. gr.

3. Eftirfarandi tölulið skal bætt við 4. gr. bókunarinnar sem 9. tl.:

9. Vegna þessarar greinar skal orðalagið „ríki sem ekki er aðili að þessari bókun", varðandi sérstakt, takmörkunarskylt efni, ná til ríkis eða svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu sem ekki hefur samþykkt að vera háð takmörkunarráðstöfunum sem gilda um það efni.

P. 5. gr.: Sérstök aðstaða þróunarlanda

Í stað 5. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

1. Hverjum þeim aðila sem er þróunarland og sem eigi hefur meira reiknað magn ársneyslu

cedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of such products. Parties that have notobjected to the annex in accordance with those procedures shall ban, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

4 *bis*. Within five years of the date of entry into force of this paragraph, the Parties shall determine the feasibility of banning or restricting, from States not party to this Protocol, the import of products produced with, but not containing, controlled substances in Annex B. If determined feasible, the Parties shall, following the procedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of such products. Parties that have not objected to the annex in accordance with those procedures shall ban or restrict, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

5. Each Party undertakes to the fullest practicable extent to discourage the export to any State not party to this Protocol of technology for producing and for utilizing controlled substances.

2. Paragraph 8 of Article 4 of the Protocol shall be replaced by the following paragraph:

8. Notwithstanding the provisions of this Article, imports referred to in paragraphs 1, 1 *bis*, 3, 3 *bis*, 4 and 4 *bis*, and exports referred to in paragraphs 2 and 2 *bis*, may be permitted from, or to, any State not party to this Protocol, if that State is determined by a meeting of the Parties to be in full compliance with Article 2, Articles 2A to 2E, and this Article and have submitted data to that effect as specified in Article 7.

3. The following paragraph shall be added to Article 4 of the Protocol as paragraph 9:

9. For the purposes of this Article, the term "State not party to this Protocol" shall include, with respect to a particular controlled substance, a State or regional economic integration organization that has not agreed to be bound by the control measures in effect for that substance.

P. Article 5: Special situation of developing countries

Article 5 of the Protocol shall be replaced by the following:

1. Any Party that is a developing country and whose annual calculated level of consumption of

takmörkunarskyldra efna í Viðauka A en 0,3 kg á mann á þeim degi er bókun þessi öðlast gildi gagnvart honum, né síðar fram til 1. janúar 1999, skal heimilt að seinka framkvæmd sinni á þeim takmörkunarráðstöfunum sem lýst er í greinum 2A til 2E í tíu ár til að mæta grundvallarþörfum sínum heima fyrir.

2. Hver sá aðili sem beitir 1. tl. þessarar greinar skal þó hvorki fara fram úr reiknuðu magni ársneyslu takmörkunarskyldra efna í Viðauka A, þ.e. 0,3 kg á mann, né reiknuðu magni ársneyslu takmörkunarskyldra efna í Viðauka B, þ.e. 0,2 kg á mann.

3. Við framkvæmd þeirra takmörkunarráðstafana sem lýst er í greinum 2A til 2E skal hverjum þeim aðila sem beitir 1. tl. þessarar greinar vera heimilt að nota:

(a) varðandi takmörkunarskyld efni í Viðauka A, annaðhvort meðaltal reiknaðs magns ársneyslu á tímabilinu 1995 til 1997 að báðum árum meðtöldum eða 0,3 kg reiknað magn neyslu á mann, hvort sem lægra er, sem grundvöll fyrir ákvörðun um hvort takmörkunarráðstöfunum sé hlítt;

(b) varðandi takmörkunarskyld efni í Viðauka B, annaðhvort meðaltal reiknaðs magns ársneyslu á tímabilinu 1998 til 2000 að báðum árum meðtöldum eða 0,2 kg reiknað magn neyslu á mann, hvort sem lægra er, sem grundvöll fyrir ákvörðun um hvort takmörkunarráðstöfunum sé hlítt.

4. Nú telur aðili sem beitir 1. tl. þessarar greinar, einhvern tíma áður en skuldbindingar takmörkunarráðstafana í greinum 2A til 2E gilda um hann, sig ekki geta aflað nægilegs magns takmörkunarskyldra efna, og má hann þá tilkynna það skrifstofunni. Hún skal þegar senda afrit af tilkynningunni til aðila sem skulu fjalla um málið á næsta fundi sínum og ákveða til hvaða viðeigandi aðgerða skuli gripið.

5. Að skapa sér þá aðstöðu að geta staðið við þær skuldbindingar þeirra aðila sem beita 1. tl. þessarar greinar að hlíta takmörkunarráðstöfunum sem lýst er í greinum 2A til 2E og framkvæmd þeirra af hálfu sömu aðila, er komið undir árangursríkri samvinnu í fjármálum sem kveðið er á um í 10. gr. og þeirri miðlun tækni sem grein 10A kveður á um.

6. Hver sá aðili sem beitir 1. tl. þessarar greinar má, hvenær sem er, tilkynna skrifstofunni skriflega að þótt hann hafi gert allar þær ráðstafanir, sem unnt er, geti hann ekki uppfyllt neina eða

the controlled substances in Annex A is less than 0.3 kilograms per capital on the date of the entry into force of the Protocol for it, or any time thereafter until 1 January 1999, shall in order to meet its basic domestic needs, be entitled to delay for ten years its compliance with the control measures set out in Articles 2A to 2E.

2. However, any Party operating under paragraph 1 of this Article shall exceed neither an annual calculated level of consumption of the controlled substances in Annex A of 0.3 kilograms per capita nor an annual calculated level of consumption of the controlled substances of Annex B of 0.2 kilograms per capita.

3. When implementing the control measures set out in Articles 2A to 2E, any Party operating under paragraph 1 of this Article shall be entitled to use:

(a) For controlled substances under Annex A, either the average of itsannual calculated level of consumption for the period 1995 to 1997 inclusive or a calculated level of consumption of 0.3 kilograms per capita, whichever is the lower, as the basis for determining its compliance with the control measures;

(b) For controlled substances under Annex B, the average of its annual calculated level of consumption for the period 1998 to 2000 inclusive or a calculated level of consumption of 0.2 kilograms per capita, whichever is the lower, as the basis for determining its compliance with the control measures.

4. If a Party operating under paragraph 1 of this Article, at any time before the control measures obligations in Articles 2A to 2E become applicable to it, finds itself unable to obtain an adequate supply of controlled substances, it may notify this to the Secretariat. The Secretariat shall forthwith transmit a copy of such notification to the Parties, which shall consider the matter at their next Meeting, and decide upon appropriate action to be taken.

5. Developing the capacity to fulfil the obligations of the Parties operating under paragraph 1 of this Article to comply with the control measures set out in Articles 2A to 2E and their implementation by those same Parties will depend upon the effective implementation of the financial co-operation as provided by Article 10 and transfer of technology as provided by Article 10A.

6. Any Party operating under paragraph 1 of this Article may, at any time, notify the Secretariat in writing that, having taken all practicable steps it is unable to implement any or all of

einhverja þeirra skuldbindinga sem kveðið er á um í greinum 2A til 2E, vegna ófullnægjandi framkvæmdar 10. gr. og greinar 10A. Skrifstofan skal þegar senda afrit af tilkynningunni til aðila sem skulu fjalla um málið á næsta fundi sínum, um leið og þeir skoða vandlega 5. tl. þessarar greinar, og ákveða til hvaða viðeigandi aðgerða skuli gripið.

7. Á tímabilinu milli tilkynningar og fundar aðila þar sem ákveða á þær viðeigandi aðgerðir er lýst er í 6. tl. hér að framan, eða á lengra tímabili ef fundur aðila ákveður slíkt, skal ekki beita aðferðunum um vanefndir sem lýst er í 8. gr., gegn þeim aðila sem sendi tilkynninguna.

8. Fundur aðila skal, eigi síðar en 1995, endurskoða aðstöðu aðila sem beita 1. tl. þessarar greinar ásamt árangursríkri samvinnu í fjármálum og miðlun tækni til þeirra, og samþykkja þær breytingar sem kunna að vera taldar nauðsynlegar varðandi áætlun um takmörkunarráðstafanir sem gilda um þá aðila.

9. Þær ákvarðanir aðila sem vísað er til í 4., 6. og 7. tl. þessarar greinar skulu teknar í samræmi við málsmeðferð sem beitt er við ákvörðunartöku samkvæmt 10. gr.

Q. 6. gr.: Mat og endurskoðun á takmörkunarráðstöfunum

Í stað eftirfarandi orða skal bæta aftan við „2. gr." í 6. gr. bókunarinnar:

greinum 2A til 2E og aðstöðuna varðandi framleiðslu, innflutning og útflutning ótímasettra efna í flokki I í Viðauka C

R. 7. gr.: Skýrslur

1. Í stað 7. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

1. Hver aðili skal innan þriggja mánaða frá því er hann gerist aðili veita skrifstofunni tölfræðilegar upplýsingar um framleiðslu sína, innflutning og útflutning á hverju takmörkunarskyldu efni í Viðauka A á árinu 1986, eða eins áreiðanlegar áætlanir og kostur er ef gögn eru ekki fyrir hendi.

2. Hver aðili skal veita skrifstofunni tölfræðilegar upplýsingar um framleiðslu sína, innflutning og útflutning á hverju takmörkunarskyldu efni í Viðauka B og á hverju ótímasettu efni af flokki I í Viðauka C á árinu 1989, eða eins áreiðanlegar áætlanir og kostur er ef gögn eru ekki fyrir hendi, eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim degi er ákvæðin sem greint er frá í bókuninni varðandi efnin í Viðauka B öðlast gildi varðandi þann aðila.

the obligations laid down in Articles 2A to 2E due to the inadequate implementation of Articles 10 and 10A. The Secretariat shall forthwith transmit a copy of the notification to the Parties, which shall consider the matter at their next Meeting, giving due recognition to paragraph 5 of this Article and shall decide upon appropriate action to be taken.

7. During the period between notification and the Meeting of the Parties at which the appropriate action referred to in paragraph 6 above is to be decided, or for a further period if the Meeting of the Parties so decides, the non-compliance procedures referred to in Article 8 shall not be invoked against the notifying Party.

8. A Meeting of the Parties shall review, not later than 1995, the situation of the Parties operating under paragraph 1 of this Article, including the effective implementation of financial co-operation and transfer of technology to them, and adopt such revisions that may be deemed necessary regarding the schedule of control measures applicable to those Parties.

9. Decisions of the Parties referred to in paragraphs 4, 6 and 7 of this Article shall be taken according to the same procedure applied to decision-making under Article 10.

Q. Article 6: Assessment and review of control measures

The following words shall be added after "Article 2" in Article 6 of the Protocol:

Articles 2A to 2E, and the situation regarding production, imports and exports of the transitional substances in Group I of Annex C.

R. Article 7: Reporting of data

1. Article 7 of the Protocol shall be replaced by the following:

1. Each Party shall provide to the Secretariat, within three months ofbecoming a Party, statistical data on its production, imports and exports of each of the controlled substances in Annex A for the year 1986, or the best possible estimates of such data where actual data are not available.

2. Each Party shall provide to the Secretariat statistical data on its production, imports and exports of each of the controlled substances in Annex B and each of the transitional substances in Group I of Annex C, for the year 1989, or the best possible estimates of such data where actual data are not available, not later than three months after the date when the provisions set out in the Protocol with regard to the substances in Annex B enter into force for that Party.

3. Hver aðili skal veita skrifstofunni tölfræðilegar upplýsingar um ársframleiðslu sína (eins og skilgreint er í 5. tl. 1. gr.) og aðskildar upplýsingar um
- magn sem notað er sem hráefni,
- magn sem eytt er með þeirri tækni er aðilarnir samþykkja,
- innflutning og útflutning til aðila og ríkja sem ekki eru aðilar, hvor fyrir sig,

á hverju takmörkunarskyldu efni sem skráð er í Viðaukum A og B sem og ótímasettu efni í flokki I í Viðauka C á því ári er ákvæðin um efnin í Viðauka B öðlast gildi varðandi þann aðila og fyrir hvert ár eftir það. Upplýsingar skal afhenda eigi síðar en níu mánuðum frá lokum þess árs sem þær eiga við um.

4. Fyrir aðila sem beita ákvæðum 8. tl. (a) 2. gr. skulu skilyrðin í 1., 2. og 3. tl. þessarar greinar hvað snertir tölfræðilegar upplýsingar um innflutning og útflutning uppfyllt ef sú svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er hlut á að máli veitir upplýsingar um innflutning og útflutning milli stofnunarinnar og ríkja sem ekki eru aðilar að henni.

S. 9. gr.: Rannsóknir, þróunarstarf, meðvitund almennings og upplýsingaskipti

Í stað 1. tl. (a) 9. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

(a) bestu aðferðir til að bæta geymslu, endurheimt, endurnýtingu og eyðingu takmörkunarskyldra og ótímasettra efna eða til að draga úr losun þeirra á annan hátt,

T. 10. gr.: Reglur um fjármögnun

Í stað 10. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

10. gr.: Reglur um fjármögnun

1. Aðilar skulu setja reglur til þess að koma á samvinnu um fjármögnun og tækni, þ.á m. um miðlun tækni, við aðila sem beita 1. tl. 5. gr. þessarar bókunar til þess að gera þeim kleift að hlíta þeim takmörkunarráðstöfunum sem lýst er í greinum 2A til 2E í bókuninni. Framlög vegna þessara reglna skulu vera viðbót við aðrar yfirfærslur fjár til aðila sem beita þeim tölulið, og skal greiða með þeim allan samþykktan viðbótarkostnað þeirra aðila til þess að gera þeim kleift að hlíta takmörkunarráðstöfunum bókunarinnar. Fundur aðila skal samþykkja skrá með dæmi um flokka viðbótarkostnaðar.

3. Each Party shall provide statistical data to the Secretariat on its annual production (as defined in paragraph 5 of Article 1), and, separately,
- amounts used for feedstocks,
- amounts destroyed by technologies approved by the Parties,
- imports and exports to Parties and non-Parties respectively,

of each of the controlled substances listed in Annexes A and B as well as of the transitional substances in Group I of Annex C, for the year during which provisions concerning the substances in Annex B entered into force for that Party and for each year thereafter. Data shall be forwarded not later than nine months after the end of the year to which the data relate.

4. For Parties operating under the provisions of paragraph 8 (a) of Article 2, the requirements in paragraphs 1, 2 and 3 of this Article in respect of statistical data on imports and exports shall be satisfied if the regional economic integration organization concerned provides data on imports and exports between the organization and States that are not members of that organization.

S. Article 9: Research, development, public awareness and exchange of information

Paragraph 1 (a) of Article 9 of the Protocol shall be replaced by the following:

(a) Best technologies for improving the containment, recovery, recycling, or destruction of controlled and transitional substances or otherwise reducing their emissions;

T. Article 10: Financial mechanism

Article 10 of the Protocol shall be replaced by the following:

Article 10: Financial mechanism

2. Hafi tveir eða fleiri aðilar þegar komist að samkomulagi eða gert með sér samning um flutning dæmdra manna eða á annan hátt ákveðið fyrirkomulag á samskiptum sín á milli að þessu leyti, eða geri þau það síðar, skulu þau eiga rétt á að beita því samkomulagi, þeim samningi eða því fyrirkomulagi í stað samnings þessa.

3. Samningur þessi hefur ekki áhrif á rétt ríkja, sem aðilar eru að Evrópusamningi um alþjóðlegt

2. In respect of any acceding State, the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit of the instrument of accession with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 20

Territorial application

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.

2. Any State may at any later date, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Convention to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Convention shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.

3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 21

Temporal application

This Convention shall be applicable to the enforcement of sentences imposed either before or after its entry into force.

Article 22

Relationship to other Conventions and Agreements

1. This Convention does not affect the rights and undertakings derived from extradition treaties and other treaties on international co-operation in criminal matters providing for the transfer of detained persons for purposes of confrontation or testimony.

2. If two or more Parties have already concluded an agreement or treaty on the transfer of sentenced persons or otherwise have established their relations in this matter, or should they in future do so, they shall be entitled to apply that agreement or treaty or to regulate those relations accordingly, in lieu of the present Convention.

3. The present Convention does not affect the right of States party to the European Convention

gildi refsidóma, til að gera með sér tvíhliða eða marghliða samninga um þau efni sem í þeim samningi greinir í því skyni að auka við ákvæði hans eða auðvelda framkvæmd meginreglna hans.

4. Ef bæði samningur þessi og Evrópusamningur um alþjóðlegt gildi refsidóma, eða annað samkomulag eða samningur um flutning dæmdra manna, taka til beiðni um flutning skal ríki það sem um flutning biður, þegar beiðni er lögð fram, tilgreina samninginn sem hún er byggð á.

23. gr.
Vinsamleg lausn ágreiningsefna.

Nefnd Evrópuráðsins um afbrotamál skal látin fylgjast með framkvæmd samnings þessa og skal nefndin gera allt það sem þurfa þykir til að greiða fyrir vinsamlegri lausn hvers kyns vanda er upp kann að koma við framkvæmd hans.

24. gr.
Uppsögn.

1. Aðili getur hvenær sem er, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, sagt upp samningi þessum.

2. Slík uppsögn skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

3. Samningur þessi skal þó áfram gilda um fullnustu refsinga þeirra manna sem fluttir hafa verið samkvæmt ákvæðum hans fyrir gildistökudag uppsagnar.

25. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum þess, ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í undirbúningi samnings þessa, og hverju ríki sem gerst hefur aðili að honum, um:

a) hverja undirritun,

b) afhendingu hvers fullgildingar-, viðurkenningar-, staðfestingar- eða aðildarskjals,

c) hvern gildistökudag samnings þessa skv. 2. og 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 19. gr., og 2. og 3. mgr. 20. gr.,

on the International Validity of Criminal Judgments to conclude bilateral or multilateral agreements with one another on matters dealt with in that Convention in order to supplement its provisions or facilitate the application of the principles embodied in it.

4. If a request for transfer falls within the scope of both the present Convention and the European Convention on the International Validity of Criminal Judgments or another agreement or treaty on the transfer of sentenced persons, the requesting State shall, when making the request, indicate on the basis of which instrument it is made.

Article 23
Friendly settlement

The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Convention and shall do whatever is necessary to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its application.

Article 24
Denunciation

1. Any Party may at any time denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.

3. The present Convention shall, however, continue to apply to the enforcement of sentences of persons who have been transferred in conformity with the provisions of the Convention before the date on which such a denunciation takes effect.

Article 25
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention and any State which has acceded to this Convention of:

a. any signature;

b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 18.2 and 3, 19.2 and 20.2 and 3;

d) sérhverja aðra aðgerð, yfirlýsingu, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 21. mars 1983, á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit hans til hvers aðildarríkis Evrópuráðsins, til þeirra ríkja sem ekki eru aðilar að ráðinu en hafa takið þátt í undirbúningi samnings þessa, og til hvers ríkis sem boðin er aðild að honum.

d. any other act, declaration, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 21st day of March 1983, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the non-member States which have participated in the elaboration of this Convention, and to any State invited to accede to it.

Fylgiskjal 2.

Yfirlýsingar.

Í samræmi við ákvæði 4. mgr. 3. gr. lýsir Ísland því yfir að hugtakið „ríkisborgari" merkir, að því er samninginn varðar, einstaklingar með íslenskan ríkisborgararétt eða einstaklinga með fasta búsetu á landsvæði lýðveldisins Íslands, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr.

Í samræmi við ákvæði 4. mgr. 9. gr. áskilur Ísland sér rétt til að vista geðveika einstaklinga í öryggisgæslu eða á sjúkrastofnun.

Í samræmi við 3. mgr. 17. gr. fer Ísland fram á að beiðni um flutning og fylgiskjölum hennar fylgi þýðing á íslensku, ensku, dönsku, norsku eða sænsku.

Declarations

In accordance with the provisions of Article 3, paragraph 4, Iceland declares that the term "national" (cf. Article 3, paragraph 1.a.) means, for the purposes of the Convention, persons having Icelandic nationality or persons having their permanent residence on the territory of the Republic of Iceland.

In accordance with the provisions of Article 9, paragraph 4, Iceland reserves the right to use preventive detention or hospitalization for persons of unsound mind.

In accordance with the provisions of Article 17, paragraph 3, Iceland requires that requests for transfer and supporting documents be accompanied by a translation into Icelandic, English, Danish, Norwegian or Swedish.

AUGLÝSING

um Evrópusamning um alþjóðlegt gildi refsidóma.

Hinn 6. ágúst 1993 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um alþjóðlegt gildi refsidóma sem gerður var í Haag 28. maí 1970. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 19. september 1989 með fyrirvara um fullgildingu. Alþingi hafði með ályktun 6. maí 1993 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi 7. nóvember 1993 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Yfirlýsingar gerðar vegna samningsins eru birtar sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. ágúst 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR
um alþjóðlegt gildi refsidóma

INNGANGUR

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem telja að baráttan gegn afbrotum, sem í auknum mæli eru að verða alþjóðlegt vandamál, krefjist þess að beitt sé nútímalegum og virkum aðferðum á alþjóðlegum grundvelli,

sem telja nauðsynlegt að beita sameiginlegri stefnu í afbrotamálum, er miðist að vernd samfélagsins,

sem hafa í huga þá nauðsyn að mannréttindi séu virt og stuðlað að endurhæfingu afbrotamanna,

sem hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka samheldni aðila þess,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. HLUTI
Skilgreiningar.
1. gr.

Í samningi þessum:

a) merkir „evrópskur refsidómur" sérhverja endanlega ákvörðun sakadóms samningsríkis að lokinni málsmeðferð samkvæmt sakamálaréttarfari,

b) er „afbrot", auk verknaða sem eru talin afbrot í refsirétti, þeir verknaðir sem fjallað er um í lagaákvæðum þeim sem tilgreind eru í viðauka II við samning þennan, að því tilskildu að þar sem ákvæði þessi fela stjórnvaldi ákvörðunarvald geti maður sá sem í hlut á borið málið undir dómstól,

c) merkir „refsiákvörðun" ákvörðun viðurlaga,

d) merkja „viðurlög" sérhverja refsingu eða aðra ráðstöfun sem vegna afbrots er beinlínis ákvörðuð manni í evrópskum refsidómi eða „ordonnance pénale",

e) merkir „réttindasvipting" sérhvern missi réttinda, tímabundið eða til frambúðar, hverja takmörkun eða missi löghæfis,

f) merkir „útivistardómur" sérhverja ákvörðun sem svo er talin vera skv. 2. mgr. 21. gr,

g) merkir „ordonnance pénale" sérhverja ákvörðun sem tekin er í öðru samningsríki og er tilgreind sem slík í viðauka III við samning þennan.

EUROPEAN CONVENTION
on the International Validity of Criminal Judgments

PREAMBLE

The member States of the Council of Europe, signatory hereto

Considering that the fight against crime, which is becoming increasingly an international problem, calls for the use of modern and effective methods on an international scale;

Convinced of the need to pursue a common criminal policy aimed at the protection of society;

Conscious of the need to respect human dignity and to promote the rehabilitation of offenders;

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve greater unity between its Members,

Have agreed as follows:

PART I
Definitions
Article 1

For the purposes of this Convention:

(a) "European criminal judgment" means any final decision delivered by a criminal court of a Contracting State as a result of criminal proceedings;

(b) "Offence" comprises, apart from acts dealt with under the criminal law, those dealt with under the legal provisions listed in Appendix II to the present Convention on condition that where these provisions give competence to an administrative authority there must be opportunity for the person concerned to have the case tried by a court;

(c) "Sentence" means the imposition of a sanction;

(d) "Sanction" means any punishment or other measure expressly imposed on a person, in respect of an offence, in a European criminal judgment, or in an "ordonnance pénale";

(e) "Disqualification" means any loss or suspension of a right or any prohibition or loss of legal capacity;

(f) "Judgment rendered in absentia" means any decision considered as such under Article 21, paragraph 2;

(g) "Ordonnance pénale" means any of the decisions delivered in another Contracting State and listed in Appendix III to this Convention.

II. HLUTI
Fullnusta evrópskra refsidóma.

1. KAFLI
Almenn ákvæði.

a) Almenn skilyrði fyrir fullnustu.

2. gr.

Þessi hluti á við um:

a) viðurlög sem hafa í för með sér frjálsræðissviptingu,

b) sektir og eignaupptöku,

c) réttindasviptingar.

3. gr.

1. Í þeim málum og með þeim skilyrðum sem greinir í samningi þessum er samningsríki bært til að fullnægja viðurlögum sem ákvörðuð hafa verið í öðru samningsríki og fullnægja má þar.

2. Þessari heimild má aðeins beita að beiðni síðarnefnda ríkisins.

4. gr.

1. Annað samningsríki skal ekki fullnægja viðurlögunum nema sá verknaður, sem viðurlögin voru lögð við, teldist afbrot samkvæmt lögum þess ef það hefði verið framið á landsvæði þess og maður sá sem viðurlögunum skal sæta væri refsiábyrgur ef hann hefði framið verknaðinn þar.

2. Ef refsiákvörðun er vegna tveggja eða fleiri afbrota og þau fullnægja ekki öll skilyrðum 1. mgr. skal dómsríkið tilgreina þann hluta viðurlaganna sem eiga við um þau afbrot sem fullnægja þeim skilyrðum.

5. gr.

Dómsríkið má aðeins biðja annað samningsríki að fullnægja viðurlögunum að uppfylltu einu eða fleirum eftirtalinna skilyrða:

a) að dómþoli hafi fasta búsetu í hinu ríkinu,

b) að telja megi að fullnusta viðurlaganna í hinu ríkinu auki líkur á félagslegri endurhæfingu hins dæmda,

c) að unnt sé að fullnægja viðurlögum, sem hafa í för með sér frjálsræðissviptingu, í framhaldi af fullnustu annarra frjálsræðissviptingarviðurlaga er dómþoli sætir eða skal sæta í hinu ríkinu,

d) að hitt ríkið sé ríki sem dómþoli er frá og það hafi lýst því yfir að það vilji taka ábyrgð á fullnustu viðurlaganna,

PART II
Enforcement of European criminal judgments

SECTION 1
General provisions

(a) General conditions of enforcement

Article 2

This Part is applicable to:

(a) sanctions involving deprivation of liberty;

(b) fines or confiscation;

(c) disqualifications.

Article 3

1. A Contracting State shall be competent in the cases and under the conditions provided for in this Convention to enforce a sanction imposed in another Contracting State which is enforceable in the latter State.

2. This competence can only be exercised following a request by the other Contracting State.

Article 4

1. The sanction shall not be enforced by another Contracting State unless under its law the act for which the sanction was imposed would be an offence if committed on its territory and the person on whom the sanction was imposed liable to punishment if he had committed the act there.

2. If the sentence relates to two or more offences, not all of which fulfil the requirements of paragraph 1, the sentencing State shall specify which part of the sanction applies to the offences that satisfy those requirements.

Article 5

The sentencing State may request another Contracting State to enforce the sanction only if one or more of the following conditions are fulfilled:

(a) if the person sentenced is ordinarily resident in another State;

(b) if the enforcement of the sanction in the other State is likely to improve the prospects for the social rehabilitation of the person sentenced;

(c) if, in the case of a sanction involving deprivation of liberty, the sanction could be enforced following the enforcement of another sanction involving deprivation of liberty which the person sentenced is undergoing or is to undergo in the other State;

(d) if the other State is the State of origin of the person sentenced and has declared itself willing to accept responsibility for the enforcement of that sanction;

e) að dómsríkið telji sig ekki geta sjálft fullnægt viðurlögunum, jafnvel þótt leitað yrði framsals, en hitt ríkið getur það.

6. gr.

Beiðni um fullnustu samkvæmt fyrrgreindu ákvæðunum má ekki synja, hvorki að öllu leyti né nokkru, nema:

a) fullnusta væri andstæð grundvallarreglum laga þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

b) ríkið, sem beðið er um fullnustu, telji afbrot það sem refsing var ákvörðuð fyrir vera stjórnmálalegs eðlis eða eingöngu brot á herlögum,

c) ríkið, sem beðið er um fullnustu, telji gilda ástæðu til að ætla að refsing hafi verið ákvörðuð eða viðurlög orðið þyngri en ella vegna kynþáttar, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana,

d) fullnusta myndi ekki samræmast þjóðréttarskuldbindingum þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

e) málsmeðferð vegna verknaðarins standi þegar yfir í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, eða það ríki ákveði málsmeðferð vegna verknaðarins,

f) lögbær stjórnvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, hafi ákveðið að höfða ekki mál eða að fella niður málsmeðferð, sem þegar hefur verið byrjuð, vegna sama verknaðar,

g) verknaðurinn hafi verið framinn utan landsvæðis þess ríkis sem biður um fullnustu,

h) ríkið, sem beðið er um fullnustu, geti ekki fullnægt viðurlögunum,

i) beiðnin sé byggð á e-lið 5. gr. og engu öðru skilyrði þeirrar greinar sé fullnægt,

j) ríkið, sem beðið er um fullnustu, telji ríkið, sem biður um fullnustu, geta sjálft fullnægt viðurlögunum,

k) ekki hefði mátt lögsækja hinn dæmda í því ríki, sem beðið er um fullnustu, vegna aldurs hans er hann framdi afbrotið,

l) ekki megi lengur fullnægja viðurlögunum vegna fyrningar samkvæmt lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

m) réttindasvipting hafi verið dæmd og að því leyti sem svo er.

7. gr.

Beiðni um fullnustu skal ekki sinna ef fullnusta færi í bága við þær meginreglur sem viðurkenndar eru í 1. kafla III. hluta samnings þessa.

(e) if it considers that it cannot itself enforce the sanction, even by having recourse to extradition, and that the other State can.

Article 6

Enforcement requested in accordance with the foregoing provisions may not be refused, in whole or in part, save:

(a) where enforcement would run counter to the fundamental principles of the legal system of the requested State;

(b) where the requested State considers the offence for which the sentence was passed to be of a political nature or a purely military one;

(c) where the requested State considers that there are substantial grounds for believing that the sentence was brought about or aggravated by considerations of race, religion, nationality or political opinion;

(d) where enforcement would be contrary to the international undertakings of the requested State;

(e) where the act is already the subject of proceedings in the requested State or where the requested State decides to institute proceedings in respect of the act;

(f) where the competent authorities in the requested State have decided not to take proceedings or to drop proceedings already begun, in respect of the same act;

(g) where the act was committed outside the territory of the requesting State;

(h) where the requested State is unable to enforce the sanction;

(i) where the request is grounded on Article 5 (e) and none of the other conditions mentioned in that Article is fulfilled;

(j) where the requested State considers that the requesting State is itself able to enforce the sanction;

(k) where the age of the person sentenced at the time of the offence was such that he could not have been prosecuted in the requested State;

(l) where under the law of the requested State the sanction imposed can no longer be enforced because of the lapse of time;

(m) where and to the extent that the sentence imposes a disqualification.

Article 7

A request for enforcement shall not be complied with if enforcement would run counter to the principles recognized in the provisions of Section 1 of Part III of this Convention.

b) Áhrif flutnings á fullnustu.

8. gr.

Við beitingu l-liðar 6. gr., svo og fyrirvara sem nefndur er í c-lið viðauka I við samning þennan, skal talið að hver sú gild aðgerð yfirvalda dómsríkisins er frestar eða rýfur fyrningu hafi sömu áhrif við ákvörðun fyrningar í því ríki, sem beðið er um fullnustu, samkvæmt lögum þess ríkis.

9. gr.

1. Nú er dæmdur maður, sem hefur verið hafður í haldi í því ríki, sem biður um fullnustu, afhentur því ríki, sem beðið er um fullnustu, og skal hann þá ekki ákærður, dæmdur eða hafður í haldi í því skyni að koma fram refsiákvörðun eða ákvörðun um öryggisráðstöfun, eða persónulegt frelsi hans á annan hátt skert vegna nokkurs annars afbrots sem framið var fyrir afhendinguna en þess sem refsing sú sem fullnægja skal var ákvörðuð vegna, nema í eftirtöldum tilvikum:

a) þegar ríkið sem afhenti hann samþykkir það. Bera skal fram beiðni um samþykki, og skulu henni fylgja öll nauðsynleg skjöl og staðfest endurrit af sérhverri yfirlýsingu hins dæmda varðandi viðkomandi afbrot. Veita skal slíkt samþykki þegar afbrotið sem beiðnin lýtur að myndi sjálft varða framsali samkvæmt lögum þess ríkis sem biður um fullnustu eða þegar einungis þyngd refsingar kæmi í veg fyrir framsal,

b) þegar dómþoli hefur haft tækifæri til að yfirgefa landsvæði þess ríkis sem hann var afhentur til, en hefur ekki gert það innan 45 daga frá því er hann var endanlega látinn laus eða hefur snúið aftur til þess landsvæðis eftir að hafa yfirgefið það.

2. Ríkið, sem beðið er um fullnustu, getur þó gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fjarlægja viðkomandi frá landsvæði sínu eða allar nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt eigin lögum til að rjúfa fyrningu, þar á meðal með málsmeðferð að sakborningi fjarstöddum.

10. gr.

1. Fullnusta skal fara fram samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og aðeins það ríki skal bært til að taka allar viðeigandi ákvarðanir, svo sem um reynslulausn.

2. Aðeins ríkið, sem biður um fullnustu, hefur rétt til að taka ákvörðun um beiðni um endurupptöku máls.

(b) Effects of the transfer of enforcement

Article 8

For the purposes of Article 6, paragraph 1 and the reservation mentioned under (c) of Appendix I of the present Convention any act which interrupts or suspends a time limitation validly performed by the authorities of the sentencing State shall be considered as having the same effect for the purpose of reckoning time limitation in the requested State in accordance with the law of that State.

Article 9

1. A sentenced person detained in the requesting State who has been surrendered to the requested State for the purpose of enforcement shall not be proceeded against, sentenced or detained with a view to the carrying out of a sentence or detention order for any offence committed prior to his surrender other than that for which the sentence to be enforced was imposed, nor shall he for any other reason be restricted in his personal freedom, except in the following cases:

(a) when the State which surrendered him consents. A request for consent shall be submitted, accompanied by all relevant documents and a legal record of any statement made by the convicted person in respect of the offence concerned. Consent shall be given when the offence for which it is requested would itself be subject to extradition under the law of the State requesting enforcement or when extradition would be excluded only by reason of the amount of the punishment;

(b) when the sentenced person, having had an opportunity to leave the territory of the State to which he has been surrendered, has not done so within 45 days of his final discharge, or if he has returned to that territory after leaving it.

2. The State requested to enforce the sentence may, however, take any measure necessary to remove the person from its territory, or any measures necessary under its law, including proceedings by default, to prevent any legal effects of lapse of time.

Article 10

1. The enforcement shall be governed by the law of the requested State and that State alone shall be competent to take all appropriate decisions, such as those concerning conditional release.

2. The requesting State alone shall have the right to decide on any application for review of sentence.

3. Bæði ríkin mega veita sakaruppgjöf og náðun.

11. gr.

1. Þegar dómsríkið hefur beðið um fullnustu má það ekki sjálft hefja fullnustu þeirra viðurlaga sem beiðni þess fjallar um. Þó má dómsríkið hefja fullnustu viðurlaga, sem hafa í för með sér frjálsræðissviptingu, ef dómþoli er þegar í haldi á landsvæði þess er beiðnin er borin fram.

2. Réttur til fullnustu hverfur aftur til ríkis sem biður um fullnustu:

a) ef það afturkallar beiðni sína áður en ríkið, sem er beðið um fullnustu, tilkynnir því að það ætli að gera ráðstafanir samkvæmt beiðninni,

b) ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, tilkynnir að það neiti að gera ráðstafanir samkvæmt beiðninni,

c) ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, afsalar sér gagngert rétti sínum til fullnustu. Slíkt afsal er aðeins mögulegt ef bæði ríkin sem í hlut eiga samþykkja það eða ef fullnusta er ekki lengur framkvæmanleg í því ríki sem beðið er um fullnustu. Í síðarnefndu tilviki er skylt að afsala rétti til fullnustu ef ríkið sem biður um fullnustu óskar þess.

12. gr.

1. Þar til bær yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, skulu þegar stöðva fullnustu er þau fá vitneskju um náðun, sakaruppgjöf, beiðni um endurupptöku máls eða nokkra aðra ákvörðun sem hefur í för með sér að viðurlögunum verði ekki lengur fullnægt að lögum. Hið sama gildir um fullnustu sektar þegar dómþoli hefur greitt hana til þar til bærs yfirvalds þess ríkis sem biður um fullnustu.

2. Ríkið, sem biður um fullnustu, skal án tafar tilkynna því ríki, sem beðið er um fullnustu, um hverja þá ákvörðun eða málsmeðferð á landsvæði þess sem veldur brottfalli réttar til fullnustu samkvæmt fyrri málsgrein.

c) Ýmis ákvæði.

13. gr.

1. Samningsríki skal veita heimild til gegnumflutnings manns, sem hafður er í haldi, um landsvæði sitt, er flytja skal hann til þriðja samningsríkis vegna framkvæmdar samnings þessa og ríkið þar sem maðurinn er í haldi, óskar þess. Gegnumflutningsríkið getur óskað að því verði látið í té

3. Either State may exercise the right of amnesty or pardon.

Article 11

1. When the sentencing State has requested enforcement it may no longer itself begin the enforcement of a sanction which is the subject of that request. The sentencing State may, however, begin enforcement of a sanction involving deprivation of liberty when the sentenced person is already detained on the territory of that State at the moment of the presentation of the request.

2. The right of enforcement shall revert to the requesting State:

(a) if it withdraws its request before the requested State has informed it of an intention to take action on the request;

(b) if the requested State notifies a refusal to take action on the request;

(c) if the requested State expressly relinquishes its right of enforcement. Such relinquishment shall only be possible if both the States concerned agree or if enforcement is no longer possible in the requested State. In the latter case, a relinquishment demanded by the requesting State shall be compulsory.

Article 12

1. The competent authorities of the requested State shall discontinue enforcement as soon as they have knowledge of any pardon, amnesty or application for review of sentence or any other decision by reason of which the sanction ceases to be enforceable. The same shall apply to the enforcement of a fine when the person sentenced has paid it to the competent authority in the requesting State.

2. The requesting State shall without delay inform the requested State of any decision or procedural measure taken on its territory that causes the right of enforcement to lapse in accordance with the preceding paragraph.

(c) Miscellaneous provisions

Article 13

1. The transit through the territory of a Contracting State of a detained person who is to be transferred to a third Contracting State in application of this Convention, shall be granted at the request of the State in which the person is detained. The State of transit may require to be

sérhvert skjal, sem málið varðar, áður en ákvörðun er tekin um beiðnina. Sá sem fluttur er skal vera áfram í gæslu á landsvæði gegnumflutningsríksins nema ríki það, sem hann er fluttur frá, óski þess að hann verði látinn laus.

2. Með þeirri undantekningu að beðið sé um gegnumflutning skv. 34. gr. getur samningsríki hafnað gegnumflutningi:

a) af einhverri þeirra ástæðna er greinir í b- eða c-lið 6. gr.,

b) vegna þess að sá maður, sem í hlut á, er ríkisborgari þess.

3. Ef flogið er gilda eftirfarandi ákvæði:

a) þegar ekki er áætlað að lenda getur ríkið, sem maðurinn er fluttur frá, tilkynnt ríkinu, sem landsvæði það tilheyrir er fljúga á yfir, að viðkomandi maður sé fluttur vegna framkvæmdar samnings þessa. Þurfi óvænt að lenda skal slík tilkynning hafa sama gildi og beiðni um handtöku og gæslu svo sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 32. gr. og skal formleg beiðni um gegnumflutning borin fram,

b) þegar lending er ráðgerð skal formleg beiðni um gegnumflutning borin fram.

14. gr.

Samningsríki skulu ekki krefja hvert annað um endurgreiðslu neins kostnaðar vegna framkvæmdar samnings þessa.

supplied with any appropriate document before taking a decision on the request. The person being transferred shall remain in custody in the territory of the State of transit, unless the State from which he is being transferred requests his release.

2. Except in cases where the transfer is requested under Article 34 any Contracting State may refuse transit:

(a) on one of the grounds mentioned in Article 6 (b) and (c);

(b) on the ground that the person concerned is one of its own nationals.

3. If air transport is used, the following provisions shall apply:

(a) when it is not intended to land, the State from which the person is to be transferred may notify the State over whose territory the flight is to be made that the person concerned is being transferred in application of this Convention. In the case of an unscheduled landing such notification shall have the effect of a request for provisional arrest as provided for in Article 32, paragraph 2, and a formal request for transit shall be made;

(b) where it is intended to land, a formal request for transit shall be made.

Article 14

Contracting States shall not claim from each other the refund of any expenses resulting from the application of this Convention.

2. KAFLI
Beiðni um fullnustu.

15. gr.

1. Allar beiðnir, sem tilgreindar eru í samningi þessum, skulu vera skriflegar. Þær, svo og öll nauðsynleg erindi vegna framkvæmdar samnings þessa, skal dómsmálaráðuneyti þess ríkis, sem biður um fullnustu, senda til dómsmálaráðuneytis þess ríkis sem beðið er um fullnustu, eða, ef samningsríki verða ásátt um það, beint frá yfirvöldum þess ríkis, sem biður um fullnustu, til yfirvalda þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og skal þeim svarað sömu boðleið.

2. Ef um áríðandi mál er að ræða má senda beiðnir og erindi fyrir milligöngu Alþjóðalögreglunnar (INTERPOL).

3. Samningsríki getur í yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins tilkynnt að það ætli að beita öðrum reglum um erindi þau sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar.

SECTION 2
Requests for enforcement

Article 15

1. All requests specified in this Convention shall be made in writing. They, and all communications necessary for the application of this Convention, shall be sent either by the Ministry of Justice of the requesting State to the Ministry of Justice of the requested State or, if the Contracting State so agree, direct by the authorities of the requesting State to those of the requested State; they shall be returned by the same channel.

2. In urgent cases, requests and communications may be sent through the International Criminal Police Organization (INTERPOL).

3. Any Contracting State may, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, give notice of its intention to adopt other rules in regard to the communications referred to in paragraph 1 of this Article.

16. gr.

Beiðni um fullnustu skal fylgja frumrit eða staðfest afrit þeirrar ákvörðunar, sem óskað er fullnustu á, og öll önnur nauðsynleg skjöl. Frumrit eða staðfest afrit af öllum gögnum refsimálsins, eða hluta þeirra, skulu send því ríki, sem beðið er um fullnustu, ef það óskar þess. Þar til bært yfirvald þess ríkis, sem biður um fullnustu, skal staðfesta að viðurlögin séu fullnustuhæf.

17. gr.

Ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, telur upplýsingar þær sem ríkið, er biður um fullnustu, hefur veitt, ekki nægja til að það geti farið að ákvæðum samnings þessa skal það óska eftir þeim viðbótarupplýsingum sem nauðsynlegar eru. Það getur tilgreint dagsetningu til viðtöku slíkra upplýsinga.

18. gr.

1. Yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, skulu þegar tilkynna yfirvöldum þess ríkis, sem biður um fullnustu, um ráðstafanir sem gerðar eru vegna beiðninnar.

2. Yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, skulu, þegar við á, senda yfirvöldum þess ríkis, sem biður um fullnustu, skjal er staðfestir að viðurlögunum hafi verið fullnægt.

19. gr.

1. Ekki skal krafist þýðingar á beiðni og fylgiskjölum, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

2. Samningsríki getur við undirritun, eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, viðurkenningu- eða aðild, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, áskilið sér rétt til að fara fram á að beiðnum og fylgiskjölum þeirra fylgi þýðing á tungumál sitt, eitthvert hinna opinberu tungumála Evrópuráðsins eða á eitt þessara tungumála sem það tilgreinir. Önnur samningsríki geta krafist gagnkvæmni.

3. Grein þessi skal ekki hafa áhrif á nein ákvæði varðandi þýðingar á beiðnum og fylgiskjölum þeirra sem kveðið kann að vera á um í samningi eða samkomulagi, sem nú er í gildi eða gert kann að verða, milli tveggja eða fleiri samningsríkja.

20. gr.

Sönnunargögn og skjöl, sem send eru vegna framkvæmdar samnings þessa, þarf ekki að staðfesta.

Article 16

The request for enforcement shall be accompanied by the original, or a certified copy, of the decision whose enforcement is requested and all other necessary documents. The original, or a certified copy, of all or part of the criminal file shall be sent to the requested State, if it so requires. The competent authority of the requesting State shall certify the sanction enforceable.

Article 17

If the requested State considers that the information supplied by the requesting State is not adequate to enable it to apply this Convention, it shall ask for the necessary additional information. It may prescribe a date for the receipt of such information.

Article 18

1. The authorities of the requested State shall promptly inform those of the requesting State of the action taken on the request for enforcement.

2. The authorities of the requested State shall, where appropriate, transmit to those of the requesting State a document certifying that the sanction has been enforced.

Article 19

1. Subject to paragraph 2 of this Article, no translation of requests or of supporting documents shall be required.

2. Any Contracting State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or accession, by a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, reserve the right to require that requests and supporting documents be accompanied by a translation into its own language or into one of the official languages of the Council of Europe or into such one of those languages as it shall indicate. The other Contracting States may claim reciprocity.

3. This Article shall be without prejudice to any provisions concerning translation of requests and supporting documents that may be contained in agreements or arrangements now in force or that may be concluded between two or more Contracting States.

Article 20

Evidence and documents transmitted in application of this Convention need not be authenticated.

3. KAFLI
Útivistardómar og „ordonnances pénales".

21. gr.

1. Þegar ekki er öðruvísi kveðið á um í samningi þessum skal fullnusta útivistardóma og „ordonnances pénales" vera háð sömu reglum og fullnusta annarra dóma.

2. Útivistardómur merkir í samningi þessum, með þeirri undantekningu sem greinir í 3. mgr., hvern þann dóm sem kveðinn er upp í samningsríki að aflokinni meðferð samkvæmt sakamálaréttarfari þar sem dómþoli hefur ekki sjálfur mætt fyrir dómi.

3. Án þess að það hafi áhrif á ákvæði í 2. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr. og 29. gr. skal telja til dóma sem upp eru kveðnir eftir að sakborningur hefur mætt fyrir dómi:

a) sérhvern útivistardóm og „ordonnance pénale" sem staðfest hafa verið eða kveðin upp í dómsríkinu eftir að dómþoli hefur krafist endurupptöku,

b) sérhvern útivistardóm kveðinn upp af áfrýjunardómstól enda hafi dómþoli áfrýjað dómi hins lægra dómstigs.

22. gr.

Útivistardómar og „ordonnance pénale", sem ekki hefur enn verið áfrýjað eða krafist endurupptöku á, má þegar eftir uppkvaðningu senda til tilkynningar og hugsanlegrar fullnustu til ríkis sem beiðni er beint til.

23. gr.

1. Ef ríkið, sem beðið er um fullnustu, telur unnt að gera ráðstafanir samkvæmt beiðni um fullnustu útivistardóms eða „ordonnance pénale" skal það hlutast til um að dómþola verði sjálfum tilkynnt um úrlausn málsins í því ríki sem biður um fullnustu.

2. Í tilkynningunni til hins dæmda skal einnig veita upplýsingar um:

a) að beiðni um fullnustu hafi verið lögð fram samkvæmt samningi þessum,

b) að eina úrræði hins dæmda sé að krefjast endurupptöku skv. 24. gr. samnings þessa,

c) að kröfu um endurupptöku skuli bera fram við þau yfirvöld sem tilgreind eru, að það sé háð 24. gr. samnings þessa hvort krafa um endurupptöku sé tekin til meðferðar og að dómþoli geti æskt þess að yfirvöld dómsríkisins fari með málið,

SECTION 3
Judgments rendered in absentia and "ordonnances pénales"

Article 21

1. Unless otherwise provided in this Convention, enforcement of judgments rendered in absentia and of "ordonnances pénales" shall be subject to the same rules as enforcement of other judgments.

2. Except as provided in paragraph 3, a judgment in absentia for the purposes of this Convention means any judgment rendered by a court in a Contracting State after criminal proceedings at the hearing of which the sentenced person was not personally present.

3. Without prejudice to Articles 25, paragraph 2, 26, paragraph 2 and 29, the following shall be considered as judgments rendered after a hearing of the accused:

(a) any judgment in absentia and any "ordonnances pénales" which have been confirmed or pronounced in the sentencing State after opposition by the person sentenced;

(b) any judgment rendered in absentia on appeal, provided that the appeal from the judgment of the court of first instance was lodged by the person sentenced.

Article 22

Any judgments rendered in absentia and any "ordonnances pénales" which have not yet been the subject of appeal or opposition may, as soon as they have been rendered, be transmitted to the requested State for the purpose of notification and with a view to enforcement.

Article 23

1. If the requested State sees fit to take action on the request to enforce a judgment rendered in absentia or an "ordonnance pénale", it shall cause the person sentenced to be personally notified of the decision rendered in the requesting State.

2. In the notification to the person sentenced information shall also be given:

(a) that a request for enforcement has been presented in accordance with this Convention;

(b) that the only remedy available is an opposition as provided for in Article 24 of this Convention;

(c) that the opposition must be lodged with such authority as may be specified; that for the purposes of its admissibility the opposition is subject to the provisions of Article 24 of this Convention; and that the person sentenced may ask to be heard by the authorities of the sentencing State;

d) að verði ekki krafist endurupptöku innan tilgreinds frests muni, að öllu leyti hvað samning þennan varðar, verða litið svo á sem dómurinn hafi verið kveðinn upp eftir að dómþoli hafi mætt fyrir dómi.

3. Afrit tilkynningarinnar skal þegar sent yfirvaldi því sem bað um fullnustu.

24. gr.

1. Er tilkynning um úrlausn máls hefur verið birt í samræmi við 23. gr. á dómþoli einungis kost á að krefjast endurupptöku. Slík krafa skal eftir vali hins dæmda annaðhvort tekin til meðferðar hjá þar til bærum dómstól í ríkinu, sem biður um fullnustu, eða ríkinu sem beðið er um fullnustu. Ef dómþoli velur ekki skal þar til bær dómstóll í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, taka kröfuna til meðferðar.

2. Er svo stendur á sem í fyrri málsgrein segir er krafa um endurupptöku tæk til meðferðar ef hún er borin fram við þar til bær yfirvöld þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, innan 30 daga frá birtingardegi tilkynningarinnar. Frestur þessi skal reiknaður í samræmi við viðeigandi lagareglur þess ríkis sem beðið er um fullnustu. Þar til bært yfirvald þess ríkis skal þegar tilkynna þetta yfirvaldi því sem bað um fullnustu.

25. gr.

1. Ef krafan um endurupptöku er tekin til meðferðar í ríkinu, sem biður um fullnustu, skal dómþoli kvaddur til að mæta þar við hina nýju dómsmeðferð málsins. Tilkynningu um að mæta skal birta honum sjálfum eigi síðar en 21 degi fyrir hina nýju dómsmeðferð. Frest þennan má stytta með samþykki hins dæmda. Hin nýja meðferð málsins skal fara fram fyrir þar til bærum dómstól í ríkinu, sem biður um fullnustu, og í samræmi við réttarfarsreglur þess ríkis.

2. Nú mætir dómþoli ekki sjálfur né fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem biður um fullnustu, og skal dómstóllinn þá hafna að taka kröfuna um endurupptöku til meðferðar og skal tilkynna þá ákvörðun þar til bæru yfirvaldi þess ríkis sem beðið er um fullnustu. Hið sama gildir ef dómstóllinn lýsir því yfir að málið verði ekki endurupptekið. Í báðum tilvikum skal að öllu leyti litið svo á, hvað samning þennan varðar, að útivistardómi eða „ordonnance pénale" hafi verið lokið eftir að hinn ákærði hafi komið fyrir dóm.

(d) that, if no opposition is lodged within the prescribed period, the judgment will, for the entire purposes of this Convention, be considered as having been rendered after a hearing of the accused.

3. A copy of the notification shall be sent promptly to the authority which requested enforcement.

Article 24

1. After notice of the decision has been served in accordance with Article 23, the only remedy available to the person sentenced shall be an opposition. Such opposition shall be examined, as the person sentenced chooses, either by the competent court in the requesting State or by that in the requested State. If the person sentenced expresses no choice, the opposition shall be examined by the competent court in the requested State.

2. In the cases specified in the preceding paragraph, the opposition shall be admissible if it is lodged with the competent authority of the requested State within a period of 30 days from the date on which the notice was served. This period shall be reckoned in accordance with the relevant rules of the law of the requested State. The competent authority of that State shall promptly notify the authority which made the request for enforcement.

Article 25

1. If the opposition is examined in the requesting State, the person sentenced shall be summoned to appear in that State at the new hearing of the case. Notice to appear shall be personally served not less than 21 days before the new hearing. This period may be reduced with the consent of the person sentenced. The new hearing shall be held before the court which is competent in the requesting State and in accordance with the procedure of that State.

2. If the person sentenced fails to appear personally or is not represented in accordance with the law of the requesting State, the court shall declare the opposition null and void and its decision shall be communicated to the competent authority of the requested State. The same procedure shall be followed if the court declares the opposition inadmissible. In both cases, the judgment rendered in absentia or the "ordonnance pénale" shall, for the entire purposes of this Convention, be considered as having been rendered after a hearing of the accused.

3. Ef dómþoli mætir sjálfur eða fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem biður um fullnustu, og málið er enduruppteki skal beiðnin um fullnustu talin ógild.

26. gr.

1. Ef krafan um endurupptöku er tekin til meðferðar í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, skal dómþoli kvaddur til að mæta þar við hina nýju dómsmeðferð málsins. Tilkynningu um að mæta skal birta honum sjálfum eigi síðar en 21 degi fyrir hina nýju dómsmeðferð. Frest þennan má stytta með samþykki hins dæmda. Hin nýja meðferð málsins skal fara fram fyrir þar til bærum dómstóli í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, og í samræmi við réttarfarsreglur þess ríkis.

2. Nú mætir dómþoli ekki sjálfur né fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og skal dómstóllinn þá hafna að taka kröfuna um endurupptöku til meðferðar. Fari svo, og ef dómstóllinn lýsir því yfir að málið verði ekki enduruppteki, skal að öllu leyti litið svo á, hvað samning þennan varðar, að útivistardómi eða „ordonnance pénale" hafi verið lokið eftir að hinn ákærði hafi komið fyrir dóm.

3. Ef dómþoli mætir sjálfur eða fyrirsvarsmaður hans samkvæmt lögum þess ríkis, sem beðið er um fullnustu, og málið er enduruppteki skal farið með málið eins og verknaðurinn hefði verið framinn í því ríki. Það að mál sé fyrnt skal þó aldrei tekið til meðferðar. Skal litið svo á sem dómur sá, sem kveðinn var upp í því ríki sem biður um fullnustu, sé ógildur.

4. Allar ráðstafanir dómsríkisins vegna málsmeðferðar eða rannsóknar, samkvæmt lögum þess og reglum, skulu hafa sama gildi í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, eins og yfirvöld þess ríkis hefðu framkvæmt þær, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir hafi ekki frekari sönnunargildi þar en í því ríki sem biður um fullnustu.

27. gr.

Sá sem sætt hefur útivistardómi eða „ordonnance pénale" skal eiga rétt á lögfræðiaðstoð til að bera fram beiðni um endurupptöku og vegna eftirfarandi málsmeðferðar í þeim málum og með þeim skilyrðum sem lög kveða á um í ríkinu, sem beðið er um fullnustu, eða ríkinu sem biður um fullnustu, ef við á.

2. Sérhvert samningsríki má fyrir sitt leyti segja upp samningi þessum með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

3. Slík uppsögn skal öðlast gildi sex mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjórinn hefur móttekið slíka tilkynningu.

67. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna þeim aðildarríkjum, sem eiga fulltrúa í ráðherranefnd ráðsins, og sérhverju ríki, sem gerst hefur aðili að samningi þessum, um:

a) sérhverja undirritun,

b) sérhverja afhendingu skjals um fullgildingu, viðurkenningu og aðild,

c) sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 58. gr. hans,

d) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 2. mgr. 19. gr.,

e) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 4. mgr. 44. gr.,

f) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 60. gr.,

g) sérhvern fyrirvara sem gerður er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. og afturköllun slíks fyrirvara,

h) sérhverja yfirlýsingu sem berst skv. 1. mgr. 62. gr. og sérhverja síðari tilkynningu sem berst skv. 2. mgr. þeirrar greinar,

i) allar upplýsingar sem berast skv. 1. mgr. 63. gr. og allar síðari tilkynningar sem berast skv. 2. mgr. þeirrar greinar,

j) sérhverja tilkynningu varðandi tvíhliða eða marghliða samkomulag sem gert er skv. 2. mgr. 64. gr. eða varðandi setningu samræmdrar löggjafar skv. 3. mgr. 64. gr.,

k) sérhverja tilkynningu sem berst skv. 66. gr. og um dag þann er uppsögn öðlast gildi.

68. gr.

Samningur þessi, svo og yfirlýsingar og tilkynningar samkvæmt honum, skulu aðeins gilda um fullnustu ákvarðana sem teknar eru eftir að samningur þessi öðlast gildi milli þeirra samningsríkja sem eiga í hlut.

Article 66

1. This Convention shall remain in force indefinitely.

2. Any Contracting State may, insofar as it is concerned, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

3. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

Article 67

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States represented on the Committee of Ministers of the Council, and any State that has acceded to this Convention, of:

(a) any signature;

(b) any deposit of an instrument of ratification, acceptance or accession;

(c) any date of entry into force of this Convention in accordance with Article 58 thereof;

(d) any declaration received in pursuance of Article 19, paragraph 2;

(e) any declaration received in pursuance of Article 44, paragraph 4;

(f) any declaration received in pursuance of Article 60;

(g) any reservation made in pursuance of the provisions of Article 61, paragraph 1, and the withdrawal of such reservation;

(h) any declaration received in pursuance of Article 62, paragraph 1, and any subsequent notification received in pursuance of that Article, paragraph 2;

(i) any information received in pursuance of Article 63, paragraph 1, and any subsequent notification received in pursuance of that Article, paragraph 2;

(j) any notification concerning the bilateral or multilateral agreements concluded in pursuance of Article 64, paragraph 2, or concerning uniform legislation introduced in pursuance of Article 64, paragraph 3;

(k) any notification received in pursuance of Article 66, and the date on which denunciation takes effect.

Article 68

This Convention and the declarations and notifications authorized thereunder shall apply only to the enforcement of decisions rendered after the entry into force of the Convention between the Contracting States concerned.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Haag 28. maí 1970 á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til hvers þeirra ríkja sem undirrita samninginn eða gerast aðilar að honum.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done at The Hague, this 28th day of May 1970 in English and French, both texts being equally authoritative in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

VIÐAUKI I

Sérhvert samningsríki getur lýst því yfir að það áskilji sér rétt til að:

a) neita um fullnustu telji það refsiákvörðun til komna vegna afbrots er varðar skatta eða afbrots sem er trúarlegs eðlis,

b) neita um fullnustu viðurlaga fyrir verknað sem einungis hefði borið undir stjórnvald samkvæmt lögum þess ríkis sem beðið er um fullnustu,

c) neita um fullnustu evrópsks refsidóms sem yfirvöld þess ríkis, sem biður um fullnustu, kváðu upp á tímamarki er málsmeðferð vegna verknaðarins, sem refsað var fyrir í dómnum, hefði ekki getað farið fram samkvæmt landslögum þess vegna fyrningar,

d) neita um fullnustu útivistardóma eða „ordonnance pénales", eða aðeins annarrar tegundar þessara ákvarðana,

e) beita ekki ákvæðum 8. gr. í tilvikum þar sem það ríki hefur upphaflega lögsögu í máli, og að telja þá aðeins þær ráðstafanir er fresta eða slíta fyrningu jafngildar sem þegar hafa verið gerðar í því ríki sem biður um fullnustu,

f) að viðurkenna aðeins beitingu annars hvors hinna tveggja kafla III. hluta.

APPENDIX I

Each Contracting State may declare that it reserves the right:

(a) to refuse enforcement, if it considers that the sentence relates to a fiscal or religious offence;

(b) to refuse enforcement of a sanction for an act which according to the law of the requested State could have been dealt with only by an administrative authority;

(c) to refuse enforcement of a European criminal judgment which the authorities of the requesting State rendered on a date when, under its own law, the criminal proceedings in respect of the offence punished by the judgment would have been precluded by the lapse of time;

(d) to refuse the enforcement of sanctions rendered in absentia and "ordonnances pénales" or of one of these categories of decisions only;

(e) to refuse the application of the provisions of Article 8 where this State has an original competence and to recognize in these cases only the equivalence of acts interrupting or suspending time limitation which have been accomplished in the requesting State;

(f) to accept the application of Part III in respect of one of its two sections only.

VIÐAUKI II

Skrá um afbrot sem ekki er fjallað um í refsilögum.

Eftirtalin afbrot skulu lögð að jöfnu við afbrot samkvæmt refsilögum:

– Í Frakklandi: Öll ólögmæt háttsemi sem refsað er með „contravention de grande voirie".

– Í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: Öll ólögmæt háttsemi, sem með er farið að reglum laga um reglugerðabrot (Gesetz über Ordnungswidrigkeiten) frá 24. maí 1968 (BGBL 1968, I 481).

– Á Ítalíu: Öll ólögmæt háttsemi sem lög nr. 317 frá 3. mars 1967 gilda um.

APPENDIX II

List of offences other than offences dealt with under criminal law

The following offences shall be assimilated to offences under criminal law:

– in France: Any unlawful behaviour sanctioned by a "contravention de grande voirie".

– in the Federal Republic of Germany: Any unlawful behaviour dealt with according to the procedure laid down in Act on violations of Regulations (Gesetz über Ordnungswidrigkeiten) of 24 May 1968 (BGBL 1968, I 481).

– in Italy: Any unlawful behaviour to which is applicable Act No. 317 of 3 March 1967.

VIÐAUKI III

Skrá um „ordonnances pénales".

Austurríki

Strafverfügung (460. - 62. gr. laga um réttarfar í sakamálum).

Danmörk

Bødeforelæg eða Udenretlig bødevedtagelse (931. gr. réttarfarslaga).

Frakkland

1. Amende de Composition (524. - 528. gr. laga um réttarfar í sakamálum, sbr. gr. R 42 - R 50).

2. Ordonnance pénale sem aðeins er framkvæmd í héruðunum Bas-Rhin, Haut-Rhin og Moselle.

Sambandslýðveldið Þýskaland

1. Strafbefehl (407. - 412. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
2. Strafverfügung (413. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
3. Bussgeldbescheid (65. - 66. gr. laga frá 24. maí 1968 -BGBL 1968 I, 481).

Ítalía

1. Decreto penale (506. - 510. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
2. Decreto penale í skattamálum (lög nr. 4. frá 7. janúar 1929).
3. Decreto penale í siglingamálum (1242. - 1243. gr. siglingalaga).
4. Ákvörðun samkvæmt lögum nr. 317 frá 3. mars 1967.

Lúxemborg

1. Ordonnance pénale (lög frá 31. júlí 1924 um tilhögun „ordonnances pénales").
2. Ordonnance pénale (16. gr. laga frá 14. febrúar 1955 um umferð á þjóðvegum).

Noregur

1. Forelegg (287. - 290. gr. laga um réttarfar í sakamálum).
2. Forenklet forelegg (31. gr. B umferðarlaga frá 18. júní 1965).

APPENDIX III

List of "Ordonnances Pénales"

Austria

Strafverfügung (Articles 460-62 of the Code of Criminal Procedure).

Denmark

Bødeforelæg or Udenretlig bødevedtagelse (Article 931 of the Administration of Justice Act).

France

1. Amende de Composition (Articles 524-528 of the Code of Criminal Procedure supplemented by Articles R 42 - R 50).
2. "Ordonnances pénale" applied only in the Departments of Bas-Rhin, Haut-Rhin and Moselle.

Federal Republic of Germany

1. Strafbefehl (Articles 407-412 of the Code of Criminal Procedure).
2. Strafverfügung (Article 413 of the Code of Criminal Procedure).
3. Bussgeldbescheid (Articles 65-66 of Act of 24 May 1968 - BGBL 1968, I 481).

Italy

1. Decreto penale (Articles 506-10 of the Code of Criminal Procedure).
2. Decreto penale in fiscal matters (Act of 7 January 1929, No. 4).
3. Decreto penale in navigational matters (Articles 1242-43 of the Code of Navigation).
4. Decision rendered in pursuance of Act No. 317 of 3 March 1967.

Luxembourg

1. Ordonnance pénale (Act of 31 July 1924 on the organisation of "ordonnances pénales").
2. Ordonnance pénale (Article 16 of Act of 14 February 1955 on the Traffic on Public Highways).

Norway

1. Forelegg (Articles 287-290 of the Act on Judicial Procedure in Penal Cases).
2. Forenklet forelegg (Article 31 B of Traffic Code of 18 June 1965).

Svíþjóð
1. Strafföreläggande (48. kafli réttarfarslaga).

2. Föreläggande av ordningsbot (48. kafli réttarfarslaga).

Sviss
1. Strafbefehl (Aargau, Basel(hérað), Basel(borg), Schaffhausen, Schwyz, Uri, Zug, Zurich). Ordonnance pénale (Fribourg, Valais).
2. Strafantrag (Neðri-Unterwalden).
3. Strafbescheid (St. Gallen).
4. Strafmandat (Bern, Graubünden, Solothurn, Efri-Unterwalden).
5. Strafverfügung (Appenzell Ytri-Rhoden, Glarus, Schaffhausen, Thurgau).
6. Abwandlungserkenntnis (Lucerne).
7. Bussenentscheid (Appenzell Innri-Rhoden).
8. Ordonnance de condamnation (Vaud).
9. Mandat de répression (Nauchâtel).
10. Avis de contravention (Genf, Vaud).
11. Prononcé préfectoral (Vaud).
12. Prononcé de contravention (Valais).
13. Decreto di accusa (Ticino).

Tyrkland
Ceza Kararnamesi (386-91. gr. laga um réttarfar í sakamálum), og allar aðrar ákvarðanir þar sem stjórnvöld ákvarða viðurlög.

Sweden
1. Strafföreläggande (Chapter 48 of the Code of Procedure).
2. Föreläggande av ordningsbot (Chapter 48 of the Code of Procedure).

Switzerland
1. Strafbefehl (Aargau, Bâle-Country, Bâle-Town, Schaffhausen, Schwyz, Uri, Zug, Zurich). Ordonnance Pénale (Fribourg, Valais).
2. Strafantrag (Lower Unterwalden).
3. Strafbescheid (St. Gallen).
4. Strafmandat (Bern, Graubünden, Solothurn, Upper Unterwalden).
5. Strafverfügung (Appenzell Outer Rhoden, Glarus, Schaffhausen, Thurgau).
6. Abwandlungserkenntnis (Lucerne).
7. Bussenentscheid (Appenzell Inner Rhoden).
8. Ordonnance de condamnation (Vaud).
9. Mandat de répression (Neuchâtel).
10. Avis de contravention (Geneva, Vaud).
11. Prononcé préfectoral (Vaud).
12. Prononcé de contravention (Valais).
13. Decreto di accusa (Ticino).

Turkey
Ceza Kararnamesi (Articles 386-91 of the Code of Criminal Procedure) and all other decisions which administrative authorities impose sanctions.

Fylgiskjal 2.

Yfirlýsingar.

2. mgr. 19. gr.
Ísland fer fram á að beiðnum og fylgiskjölum þeirra fylgi þýðing á íslensku eða ensku.

1. mgr. 62. gr.
„Ordonnances Pénales" eru samkvæmt íslenskri löggjöf lögreglustjórasektir (115. gr. laga um meðferð opinberra mála).

3. mgr. 64. gr.
Samningur þessi gildir ekki um samskipti Íslands og annarra Norðurlanda sem aðilar eru að samningnum nema þar sem fullnusta refsidóma fer ekki eftir samræmdri löggjöf Norðurlanda um fullnustu.

Declarations

Re Article 19, paragraph 2
Iceland requires that requests and supporting documents be accompanied by a translation into Icelandic or English.

Re Article 62, paragraph 1
"Ordinnances Pénales" according to Icelandic legislation are: "Lögreglustjórasektir" (Article 115 of the Act on Law of Criminal Procedure).

Re Article 64, paragraph 3
The Convention shall not apply to relations between Iceland and the other Nordic countries party to the Convention except where the enforcement of a criminal judgment is not covered by Nordic legislation concerning enforcement.

AUGLÝSING

um uppsögn bráðabirgða verslunar- og siglingasamnings við Þýskaland.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 17. maí og 3. september 1993 var bráðabirgða verslunar- og siglingasamningi milli Íslands og Þýskalands frá 19. desember 1950 sagt upp frá og með 3. september 1993, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 89/1951 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. september 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings við Tékkland um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Með orðsendingaskiptum 27. júlí og 9. september 1993 var ákveðið að samningur frá 1. júní 1992 milli Íslands og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins um viðskipti með landbúnaðarafurðir myndi gilda um Tékkland, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1992, þar sem samningurinn er birtur, og 3/1993 um bráðabirgðagildistöku samningsins. Orðsendingaskiptin öðluðust gildi 9. september 1993.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. september 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um bráðabirgðagildistöku fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Póllands.

Með orðsendingaskiptum 24. september og 1. október 1993 var ákveðið að fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992 myndi öðlast gildi til

bráðabirgða 15. nóvember 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. október 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 26 11. október 1993

AUGLÝSING

um bráðabirgðagildistöku samnings við Pólland um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Með orðsendingaskiptum 24. september og 1. október 1993 var ákveðið að samningur milli Íslands og Póllands frá 10. desember 1992 um viðskipti með landbúnaðarafurðir myndi öðlast gildi til bráðabirgða 15. nóvember 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1993 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. október 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 27 15. október 1993

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 7. október 1993 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt 7. október 1993 um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Helsingfors 18. mars 1993, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, þar sem samningurinn er birtur, 16/1971, 17/1975, 13/1983, 16/1985, 4/1986 og 33/1991. Samkomulagið öðlast gildi 7. nóvember 1993.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. október 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974, 15. júní 1983, 6. maí 1985 og 21. ágúst 1991 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og

sem óska þess að endurnýja og efla norræna samvinnu í ljósi aukinnar þátttöku Norðurlandanna í evrópskri samvinnu,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

1., 33., 40., 47., 48., 61., 63. og 64. grein samstarfssamningsins orðast svo:

1. grein

Samningsaðilar skulu kappkosta að varðveita og efla enn frekar samstarf ríkjanna á sviði réttarfars, menningarmála, félagsmála og efnahagsmála, svo og um samgöngur og umhverfisvernd.

Samningsaðilar skulu ráðgast hver við annan um sameiginleg hagsmunamál sem eru til umfjöllunar í evrópskum og öðrum alþjóðlegum stofnunum og á evrópskum og öðrum alþjóðlegum ráðstefnum.

33. grein

Þátttaka samningsaðila í evrópskri og annarri alþjóðlegri samvinnu hefur í för með sér góða samstarfskosti í þágu ríkisborgara og fyrirtækja Norðurlanda. Í þessum efnum bera ríkisstjórnirnar sérstaka ábyrgð á því að gæta sameiginlegra hagsmuna og sjónarmiða.

40. grein

Samstarfið fer fram í Norðurlandaráði, í ráðherranefnd Norðurlanda, á fundum forsætisráðherra, utanríkisráðherra og annarra ráðherra, í sérstökum samstarfsstofnunum og milli stjórnvalda landanna sem annast viðkomandi málaflokka.

47. grein

Ráðið skipa 87 kjörnir fulltrúar, fulltrúar ríkisstjórnanna og fulltrúar stjórnar Álandseyja og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Þjóðþing Danmerkur kýs 16 fulltrúa, ríkisþing Finnlands 18 fulltrúa, Alþingi 7 fulltrúa, stórþing Noregs og ríkisþing Svíþjóðar hvort um sig 20 fulltrúa og lögþing Álandseyja og Færeyja og landsþing Grænlands 2 fulltrúa hvert. Enn fremur kýs hvert þing jafnmarga varamenn.

Kjör fulltrúa og varamanna fer fram árlega og gildir til næsta kjörs. Við kjör skal þess gætt að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í ráðinu.

Kjörgengir eru einvörðungu þingmenn á því þingi þar sem kjör fer fram.

Ríkisstjórnirnar, stjórn Álandseyja og landsstjórnir Færeyja og Grænlands velja úr sínum hópi stjórnarfulltrúa, svo marga sem þær óska.

48. grein

Í deild danska ríkisins eru þeir fulltrúar sem þjóðþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deildir Færeyja og Grænlands sem taldar eru í 2. mgr. Í deild

Finnlands eru þeir fulltrúar sem ríkisþingið kýs og þeir fulltrúar sem ríkisstjórnin velur, svo og deild Álandseyja sem talin er í 2. mgr. Deildir hinna ríkjanna skipa kjörnir fulltrúar þjóðþinganna og fulltrúar sem ríkisstjórnirnar velja.

Í deild Færeyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin velur. Í deild Grænlands eru þeir fulltrúar sem landsþingið kýs og þeir fulltrúar sem landsstjórnin velur. Í deild Álandseyja eru þeir fulltrúar sem lögþingið kýs og þeir fulltrúar sem stjórnin velur.

Orðið „deild“ í 52. gr., 53. gr., 1. mgr. 54. gr. og 2. mgr. 58. gr. merkir deild viðkomandi ríkis.

61. grein

Í undantekningartilvikum getur staðgengill með umboði sótt fund í stað fulltrúa úr ríkisstjórn, stjórn Álandseyja eða landsstjórnum Færeyja eða Grænlands. Þó verða hverju sinni fulltrúar þriggja ríkja hið fæsta að vera ráðherrar.

Forsætisráðherrar hafa á hendi yfirstjórn samræmingar norræns samstarfs. Hvert ríki tilnefnir sérstakan ráðherra (samstarfsráðherra) svo og aðstoðarmann ráðherra eða embættismann (fulltrúa í norrænu samstarfsnefndinni) forsætisráðherra til aðstoðar.

Ríkisstjórnir Norðurlanda fara með formennsku til skiptis samkvæmt nánara samkomulagi. Landi því, sem fer með formennsku hverju sinni, ber að samræma norrænt samstarf ríkisstjórnanna og taka nauðsynlegt frumkvæði þar að lútandi. Það veitir ráðherranefndinni forystu svo og öðrum ráðherrafundum og hefur forystu um samráð ríkisstjórnanna um evrópsk og önnur alþjóðleg málefni á öllum stigum.

Til aðstoðar ráðherranefndinni við störf hennar eru embættismannanefndir og skrifstofa ráðherranefndarinnar.

63. grein

Ákvarðanir ráðherranefndarinnar eru bindandi fyrir hvert land. Ákvörðun í máli sem samkvæmt stjórnarskrá einhvers landanna krefst samþykkis þjóðþings þess lands er þó ekki bindandi fyrir það land fyrr en þjóðþing þess hefur samþykkt ákvörðunina. Sé slíkrar samþykktar krafist skal ráðherranefndinni skýrt frá því áður en hún tekur ákvörðun. Önnur lönd eru ekki heldur bundin af slíkri ákvörðun fyrr en samþykkt þjóðþingsins liggur fyrir.

Ákvörðun sem tekin er samkvæmt samningi þessum er bindandi fyrir Álandseyjar, Færeyjar og Grænland í þeim mæli sem þau lönd fallast á ákvörðunina í samræmi við sjálfstjórnarreglur.

64. grein

Ráðherranefndin gefur Norðurlandaráði skýrslu árlega um norrænt samstarf og leggur fram greinargerð um áætlanir um áframhaldandi samstarf.

Forsætisráðherra þess lands, sem fer með formennsku, gerir Norðurlandaráði grein fyrir meginatriðum samstarfsins svo og samstarfi ríkisstjórnanna um evrópsk og önnur alþjóðleg málefni.

Ráðherranefnd Norðurlanda ber að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sína að fjárhagsáætlun.

Norðurlandaráð getur lagt til breytta forgangsröðun verkefna innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherranefndin hefur sett.

Sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður ber ráðherranefndinni að fara að tillögum ráðsins þegar um er að ræða fjárveitingar innan gefinna fjárhagsmarka.

II.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir aðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt það.

Finnska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær samkomulagið tekur gildi.

III.

Frumriti þessa samkomulags skal komið til vörslu hjá finnska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit af því til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Helsingfors 18. mars 1993 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

20. október 1993 Nr. 28

AUGLÝSING

um niðurfellingu fyrirvara við alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi.

Hinn 18. október 1993 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna tilkynnt um ákvörðun um að falla frá fyrirvara við 8. gr. 3. mgr. a-lið alþjóðasamnings frá 19. desember 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. október 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um almannatryggingar.

Hinn 1. janúar 1994 öðlast gildi Norðurlandasamningur um almannatryggingar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992. Hann var samþykktur fyrir Íslands hönd 2. júní 1993 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 46/1993. Samkvæmt 2. gr. laganna skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Við gildistöku samningsins falla úr gildi ákvæði Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi önnur en ákvæði um félagslega aðstoð og fyrirframgreiðslu meðlags, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1981, þar sem samningurinn er birtur, 23/1981, 19/1984 og 2/1990. Jafnframt fellur úr gildi Norðurlandasamningur frá 12. nóvember 1985 um atvinnuleysisbætur, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1987 þar sem samningurinn er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR
um almannatryggingar

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem álíta að Norðurlandasamningurinn frá 1981 um félagslegt öryggi, sem kom í stað upprunalegs samnings frá 1955, hafi átt mikilvægan þátt í að tryggja norrænum ríkisborgurum, sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi, sama félagslegt öryggi og ríkisborgurum landsins,

sem gera sér ljóst að samkvæmt samningnum um evrópskt efnahagssvæði (EES-samningnum) verði það reglur þess samnings um almannatryggingar sem munu gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi,

sem álíta að þörf sé á norrænum reglum um almannatryggingar fyrir þá einstaklinga sem falla ekki undir reglur EES, það er að segja afmarkaðan hóp norrænna ríkisborgara og ríkisborgara frá þriðja landi,

sem álíta að jafnframt sé þörf á því að halda í gildi tilteknum norrænum reglum um almannatryggingar sem viðbót við reglur EES um almannatryggingar,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar svohljóðandi:

I. HLUTI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Í samningi þessum merkja orðin:

a) „norrænt land“
sérhvert samningsríkjanna,

b) „norrænn ríkisborgari“
ríkisborgara norræns lands,

c) „löggjöf“
lög, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvarðanir um þær greinar félagslegs öryggis sem um ræðir í 1. málsgr. 2. gr. þó ekki að því leyti sem í þeim felast reglur um samskipti eins norræns lands eða fleiri annars vegar og eins eða fleiri annarra landa hins vegar,

d) „þar til bært stjórnvald“
í Danmörku
1. félagsmálaráðherrann,
2. atvinnumálaráðherrann,
3. heilbrigðismálaráðherrann,
í Finnlandi
félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
á Íslandi
1. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrann,
2. félagsmálaráðherrann,
3. fjármálaráðherrann,
í Noregi
1. félagsmálaráðuneytið,
2. atvinnu- og stjórnsýslumálaráðuneytið,
3. barna- og fjölskyldumálaráðuneytið,
í Svíþjóð
ríkisstjórnina (félagsmálaráðuneytið)
eða það stjórnvald sem nefnd stjórnvöld kveða á um,

e) „stofnun“
stjórnvald eða stofnun sem veitir bætur

f) „aðstoð“
annars vegar undanþágu frá greiðslu, eftirgjöf eða endurgreiðslu kostnaðar vegna sjúkrahjálpar, þar með taldar tannlækningar, hjálp vegna meðgöngu og fæðingar, lyf, gervilimir og önnur stoðtæki, og hins vegar greiðslur vegna ferða, sem farnar eru vegna slíkrar sjúkrahjálpar,

g) „grunnlífeyrir“
almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

h) „viðbótarlífeyrir“
almennan lífeyri sem miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

i) „búseta“
að maður sé búsettur í landi samkvæmt þjóðskrá þess, ef sérstakar ástæður leiða ekki til annars,

j) „EES-samningurinn“
samninginn um evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992,
k) „EES-land“
land sem samningurinn um evrópskt efnahagssvæði nær til,
l) „reglugerðin“
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn,
m) „framkvæmdareglugerðin“
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn.

2. gr.

1. Samningur þessi tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum sem á hverjum tíma gildir um eftirtaldar greinar félagslegs öryggis:
a) bætur vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga,
b) bætur vegna örorku, elli eða dauða,
c) bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,
d) bætur vegna atvinnuleysis,
e) almennar bætur í peningum til barna.

2. Þegar samningur þessi er samþykktur skal hvert Norðurlandanna leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf um þær greinar félagslegs öryggis sem getið er um í 1. málsgr. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu þær breytingar á skránni sem verða vegna löggjafar sem sett hefur verið á næstliðnu almanaksári.

3. gr.

1. Samningurinn tekur til eftirfarandi einstaklinga svo framarlega sem þeir falla ekki undir reglugerðina:
a) norrænna ríkisborgara,
b) flóttamanna sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna og bókun með þeim samningi frá 31. janúar 1967,
c) ríkisfangslausra manna, sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. september 1954 um réttarstöðu ríkisfangslausra manna,
d) annarra einstaklinga sem löggjöf norræns lands tekur eða hefur tekið til,
e) einstaklinga sem rekja rétt sinn til einhvers þeirra einstaklinga sem nefndir eru í stafliðum a) - d).

2. Að svo miklu leyti sem það leiðir af ákvæðum samningsins skal hann ennfremur gilda um einstaklinga sem reglugerðin tekur til.

4. gr.

Við framkvæmd löggjafar í norrænu landi njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa sama réttar og eigin borgarar landsins að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum 11.–13. gr.

5. gr.

Nú ber samkvæmt löggjöf norræns lands að lækka bætur ef þær lenda með öðrum bótum og skal þá einnig unnt að lækka bæturnar ef þær lenda með samsvarandi bótum sem greiddar eru samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

II. HLUTI
Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beita.

6. gr.

Sá sem búsettur er í norrænu landi fellur undir löggjöf búsetulandsins, að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af öðrum ákvæðum þessa hluta.

7. gr.

1. Ákvæði II. bálks reglugerðarinnar og III. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda á sama hátt um þá sem starfa í öðru norrænu landi en búsetulandinu eða sem starfa í tveim eða fleiri norrænum löndum eða um starfslið í ferðum hjá fyrirtæki sem annast flutninga í lofti eða á landi eða þá sem vinnuveitandi í einu norrænu landi sendir tímabundið til starfa í öðru norrænu landi.

2. Það skal einnig talið starf í norrænu landi þegar unnið er við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni þess lands eins og það er skilgreint í Genfarsamþykktinni frá 29. apríl 1958 um landgrunnið.

3. Ákvæði 2. málsgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

8. gr.

Að því er varðar tiltekna hópa manna eða einstaklinga geta þar til bær stjórnvöld tveggja eða fleiri norrænna landa gert samning um undantekningar frá ákvæðum þessa hluta.

III. HLUTI
Sérstök ákvæði um bótarétt.
I. kafli
Aðstoð og dagpeningar vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga.

9. gr.

Ákvæði 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1. og 2. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda um einstaklinga sem flytjast frá einu norrænu landi til annars eða sem eru búsettir í norrænu landi og eiga þar rétt á aðstoð og við dvöl í öðru norrænu landi þarfnast sjúkrahjálpar, eða sem vinna í öðru norrænu landi en því sem þeir eiga búsetu í, og um aðstandendur þessara einstaklinga.

10. gr.

1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar, en fær sjúkrahjálp meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að viðkomandi vegna sjúkdómsins verður að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

2. Ákvæði 1. málsgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

3. Ákvæði 1. málsgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þar þá meðferð sem nauðsynleg er vegna ástands hans.

2. kafli
Bætur vegna örorku, elli og dauða.

Grunnlífeyrir.

11. gr.

1. Ríkisborgari í norrænu landi á rétt á grunnlífeyri frá öðru norrænu landi, hafi hann öðlast rétt til lífeyris í því land á grundvelli að minnsta kosti þriggja ára búsetu.

2. Tímabil sem viðkomandi hefur fengið lífeyri fyrir frá öðru EES-landi skal ekki telja með við ákvörðun um það hvort búsetuskilyrðum samkvæmt 1. málsgr. er fullnægt.

3. Skilyrði 1. málsgr. telst ekki fullnægt með því að taka til greina búsetu- og tryggingatímabil í öðrum löndum. Ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar skal að öðru leyti beitt við útreikning á grunnlífeyri samkvæmt þessari grein gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

12. gr.

Meðan ríkisborgari norræns lands er búsettur í EES-landi, á hann rétt til þess grunnlífeyris sem hann hefur áunnið sér rétt til í norrænu landi.

13. gr.

1. Sé fyrir hendi, við útreikning grunnlífeyris, réttur til þess að fá meðtalin framtíðarbúsetutímabil eftir lífeyrisatburð í fleiri en einu norrænu landi og skal þá í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta framtíðarbúsetutímabilsins. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegs búsetutíma sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegs búsetutíma í viðkomandi landi og samanlagðs raunverulegs búsetutíma í löndunum.

2. Ákvæði 1. málsgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

Viðbótarlífeyrir.

14. gr.

Þegar ákveðinn er réttur til viðbótarlífeyris skal beita ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

15. gr.

1. Hafi skilyrðum fyrir því, að viðbótarlífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra tryggingatímabila sem til hefðu komið hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi, skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta ætlaðra tryggingatímabila. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegra tryggingatímabila sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tryggingatímabila í viðkomandi landi og samanlagðra raunverulegra tryggingatímabila í löndunum.

2. Ákvæði 1. málsgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

3. kafli
Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

16. gr.

Við ákvörðun bótaréttar vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og við útreikning þessara bóta skal beita ákvæðum 4. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 4. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norrænna landa.

4. kafli
Bætur vegna atvinnuleysis.

17. gr.

1. Við samlagningu trygginga- eða starfstímabila, ákvörðun bótaréttar og útreikning bóta vegna atvinnuleysis skal beita ákvæðum 6. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 6. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norrænna landa. Ákvæðum 69. og 70. gr. reglugerðarinnar skal þó ekki beitt eftir ákvæðum þessarar málsgreinar.

2. Skilyrði 3. málsgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis eða hafi tekið við atvinnuleysisbótum í því norræna landi þar sem kröfur um bætur eru settar fram. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða greiðslur vegna atvinnuleysis mótteknar innan fimm ára frá þeim degi sem skráning vegna atvinnuleitar hjá opinberri atvinnumiðlun átti sér stað eða til vara frá félagaskráningu í viðkomandi atvinnuleysistryggingasjóði.

3. Ákvæði 2. málsgr. gilda einnig um þá sem falla undir reglugerðina.

IV. HLUTI
Önnur ákvæði.

18. gr.

Þar til bær stjórnvöld skulu í samvinnu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

19. gr.

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af þar til bæru stjórnvaldi sem sérstakur tengiliður.

20. gr.

Ákvæðum 86. gr. reglugerðarinnar skal beitt að því er varðar erindi ýmiss konar, yfirlýsingar, kærur eða áfrýjanir sem berast stjórnvaldi í öðru norrænu landi en því sem þar til bært stjórnvald er í.

21. gr.

Ákvæðum 111. gr. framkvæmdareglugerðarinnar skal beitt milli norrænna landa við endurheimtu óréttmætra greiðslna og við endurkröfu á veittri aðstoð.

22. gr.

Samningur þessi veitir þeim sem ekki hafa búsetu í EES-landi ekki rétt til greiðslu grunnlífeyris. Samningurinn veitir heldur ekki rétt til þess að ávinna sér réttindi utan EES-landanna.

23. gr.

1. Nema um annað sé samið milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér samkvæmt 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis.

2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi hjá þar til bærri stofnun, samkvæmt staflið c í 1. málsgr. 22. gr. og staflið c í 1. málsgr. 55. gr. reglugerðarinnar, til að ferðast til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem nauðsyn ber til vegna ástands hans.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda bæði um bætur til þeirra sem falla undir reglugerðina og bætur til þeirra sem falla undir samning þennan, en ekki reglugerðina.

24. gr.

1. Samningur þessi tekur ekki til bóta og iðgjalda vegna tímans fyrir gildistöku hans.

2. Við ákvörðun réttar til bóta samkvæmt samningi þessum skal einnig taka tillit til trygginga-, starfs- og búsetutímabila fyrir gildistöku samningsins.

25. gr.

Samningur þessi skal ekki hafa í för með sér lækkun bóta, sem greiddar eru þegar hann tekur gildi.

26. gr.

1. Nú hefur einstaklingur áunnið sér rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi vegna búsetu í landinu á tímabili fyrir gildistöku samnings þessa, en hefur á sama tíma áunnið sér rétt til viðbótarlífeyris í öðru norrænu landi, og skal þá reikna grunnlífeyri fyrir þennan tíma frá síðarnefnda landinu einu saman eins og hann hefði verið búsettur þar.

2. Ákvæði 1. málsgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

27. gr.

1. Grunnlífeyrir til handa norrænum ríkisborgara sem greiddur hefur verið samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi eða samkvæmt löggjöf eins eða fleiri norrænna landa fram að gildistöku samnings þessa, skal endurreikna samkvæmt reglum reglugerðarinnar eða samningsins að beiðni hlutaðeiganda eða samkvæmt ákvörðun stjórnvalds þess er greiða á lífeyrinn.

2. Hafi hlutaðeigandi beðið um að lífeyririnn yrði endurreiknaður innan tveggja ára frá gildistöku samningsins, skal greiða endurreiknaðan lífeyri frá og með gildistöku samningsins. Þetta á einnig við þegar lífeyrisstjórnvald innan sama frests hefur tilkynnt lífeyrisstjórnvaldi í öðru norrænu landi um ákvörðun sína um að endurreikna lífeyrinn.

3. Ákvarða skal lífeyrinn samkvæmt reglum þeim sem gilda frá því að samningurinn tekur gildi út frá aldri hlutaðeiganda og búsetutíma þegar lífeyrisatburðurinn gerðist.

4. Sé samanlagður grunnlífeyrir lægri eftir endurreikning samkvæmt 1. málsgr. en grunnlífeyrir sá sem hlutaðeigandi ætti rétt á frá sama tíma samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, skal greiða viðbót við lífeyrinn sem svarar til mismunar endurreiknaðs grunnlífeyris og grunnlífeyris samkvæmt þeim reglum sem áður giltu. Viðbótina skal endurskoða ár hvert miðað við 1. janúar út frá lífeyrisfjárhæðum þeim sem þá eru í gildi og skulu upphæðir vera óbreyttar allt árið. Það land, sem greiddi grunnlífeyri samkvæmt eldri reglum, skal greiða viðbótina.

5. Varðandi einstakling sem flutt hefur frá einu norrænu landi til annars við gildistöku samningsins og þiggur eftir það grunnlífeyri frá landinu sem flutt var frá samkvæmt ákvæðum 20. gr. Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi þá má ekki greiða viðbótina lengur en fram til þess tíma sem rétti til grunnlífeyris frá landinu sem flutt var frá er lokið samkvæmt 3. málsgr. nefndrar greinar.

6. Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

28. gr.

1. Samningurinn gengur í gildi sama dag og EES-samningurinn gengur í gildi hjá norrænu löndunum með því skilyrði að allir aðilar hafi gert danska utanríkisráðuneytinu viðvart um að þeir hafi samþykkt samninginn.

2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar gengur samningurinn ekki í gildi fyrr en 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlenska landstjórnin og landstjórn Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

3. Danska utanríkisráðuneytið lætur aðra aðila og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar vita um viðtöku tilkynninga þessara og hvenær samningurinn tekur gildi.

29. gr.

1. Einn aðili getur sagt upp samningnum með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til danska utanríkisráðuneytisins sem gerir öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

3. Sé samningnum sagt upp, haldast réttindi sem fengist hafa samkvæmt honum.

30. gr.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi samningur frá 5. mars 1981 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi með síðari breytingum. Á sama tíma fellur úr gildi samningur frá 12. nóvember 1985 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um atvinnuleysisbætur. Ákvæðin um félagslega aðstoð og fyrirframgreiðslu meðlags í samningi frá 5. mars 1981 gilda þó áfram.

31. gr.

Frumtexta samnings þessa skal geyma í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 15. júní 1992 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

AUGLÝSING

um rýmkun Norðurlandasamnings til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár.

Með erindaskiptum á tímabilinu 15. apríl til 20. nóvember 1993 var gildissvið samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 12. september 1989 til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár rýmkað til þess að ná til Álandseyja einnig að því er varðar finnskt útsvar til sveitarfélaga. Rýmkunin gildir frá 19. ágúst 1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.